

GJÖRÐABÆKUR KJÖRSTJÓRNA TIL ALÞINGIS 1874–1903

EFNISYFIRLIT

REYKJAVÍK	2
GULLBRINGU- OG KJÓSARSÝSLA	12
ÁRNESSÝSLA	27
RANGÁRVALLASÝSLA	36
VESTMANNAEYJAR	53
SKAFTAFELLSSÝSLA	69
SUÐUR-MÚLASÝSLA	86
NORÐUR-MÚLASÝSLA	97
ÞINGEYJARSÝSLA	110
EYJAFJARÐARSÝSLA	128
SKAGAFJARÐARSÝSLA	136
HÚNAVATNSSÝSLA	151
STRANDASÝSLA	160
ÍSAFJARÐARSÝSLA	169
BARÐASTRANDARSÝSLA	180
DALASÝSLA	191
SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLA	199
MÝRASÝSLA	212
BORGARFJARÐARSÝSLA	219

Uppskrift fundargerða: Hrafnkell Lárusson og Þórhildur Elísabet Þórsdóttir

Yfirlestur og frágangur: Hrafnkell Lárusson

Reykjavík

Reykjavík 1880

Skjalasafn Alþingis. Ý K2 (1845-1887), 12: N 551–80

Ár 1880 miðvikudaginn hinn 1. september kl. 12 á hádegi var kjörfundur fyrir Reykjavíkurborg settur til þess að kjósa alþingismann fyrir Reykjavík um næsta 6 ára tímabil samkvæmt opnu bréfi 27. febrúar 1880. Kjörskrá yfir alla kjósendur hefur verið samin og framlögð til sýnis í vanalegum auglýsingarstað, svo og kjörfundurinn boðaður með löglegum fyrirvara 15. júlí þ.á. allt samkvæmt lögum 14. september 1877. Formaður kjörstjórnarinnar las upp opið bréf 27. febrúar 1880 og leiddi athygli kjósenda um tilgang kosninganna og hve mikils verðandi þær væru.

Hann tilnefndi síðan þá menn sem höfðu boðið sig fram, nl. yfirkennara Halldór Friðriksson með hverjum mælt höfðu amtmaður B. Thorberg, kaupmaður N. Ziemsen, járnsmiður B. Hjaltesteð og húsmaður G. Þórðarson, samt prentstjóra Einar Þórðarson með hverjum mælti verslunarmaður Þorl. O. Johnson.

Formaðurinn gaf meðmælendum og þeim mönnum, er höfðu boðið sig fram, kost á að taka til máls. Eftir að þeir menn er höfðu gefið kost á sér höfðu tekið til máls og skorað hafði verið á ný á þá sem við voru staddir hvort þeir vildu leggja spurningar fyrir þingmannaefnin og meðmælendur þeirra, og fleiri óskuðu ekki að taka til máls, sagði formaður kjörstjórnarinnar umræðunum slitið og var svo gengið til atkvæða.

Að atkvæðagreiðslunni aflokinni voru að tveim stundum liðnum, kl. 2 e.m. atkvæði talin saman. Af 236 kjósendum höfðu 84 gefið atkvæði. Af þeim hlaut yfirkennari Halldór Friðriksson 80 atkvæði en prentstjóri Einar Þórðarson 4 atkvæði.

Var samkvæmt þessu lýst yfir að yfirkennari Halldór Friðriksson væri kosinn löglega sem alþingismaður í næstu 6 ár og verður honum veitt kjörbréf.

Kjörfundi slitið.

E.Th. Jónassen, Magnús Stephensen, A. Thorsteinsson

Reykjavík 1886

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: Lh. 212–87

Ár 1886, mánudaginn hinn 7. júní kl. 12 á hádegi var kjörfundur fyrir Reykjavíkurkaupstað settur til þess að kjósa þingmann fyrir Reykjavíkurkaupstað til Alþingis um næsta 6 ára tímabil samkvæmt opnu bréfi 2. nóv 1885 í stað hins fyrrverandi alþingismanns yfirkennara Halldórs Friðrikssonar. Kjörskrá yfir alla kjósendur hefur verið samin af bæjarstjórn Reykjavíkur og samkvæmt vottorði bæjarfógeta, dags. 21. maí 1885, lögð fram til sýnis í lögákveðinn tíma. Kjörfundur þessi hefur fyrirfram verið boðaður með lögákveðnum fyrirvara. Formaður kjörstjórnarinnar las upp opið bréf 2. nóv. 1885 og leiddi athygli kjósendanna að tilgangi kosninganna og hve mikils varðandi þær væru.

Hann tilnefndi síðan þá menn, sem höfðu boðið sig fram og voru það: Héraðslæknir Dr.med. J. Jónassen. Með honum mæltu: Lektor H. Hálfánarson, Dr. Björn Olsen, Ólafur Ólafsson, Magnús Vigfússon, K. Ólafsson. Fimleikakennari Ólafur Rosenkranz. Með honum mælti ritstjóri Jón Ólafsson. Yfirkennari Halldór Friðriksson bauð sig sjálfur fram á fundinum og mælti með honum hr. Guðmundur Þórðarson á Hól.

Formaðurinn gaf meðmælendum og þeim mönnum sem höfðu boðið sig fram kost á að taka til máls. Eftir að þingmannaefnin og þeir af meðmælendum þeirra er þess óskuðu höfðu tekið til máls og spurningar nokkrar verið lagðar fyrir þingmannaefnin, sem þeir svöruðu, og þegar enginn frekara óskaði að taka til máls sagði formaðurinn umræðunum lokið og var síðan gengið til atkvæða.

Kl. 2.35; þegar hlé varð á atkvæðagreiðslunni, skoraði formaður á menn í heyranda hljóði að gefa sig fram innan hálftrar stundar ef þeir vildu neyta kosningaréttar síns. Að þessari stundu liðinni, þegar eigi fleiri gáfu sig fram þó á menn væri skorað, var atkvæðagreiðslu sagt slitið; voru þá atkvæði talin saman og höfðu greitt atkvæði samtals 124. Af þeim hlaut Dr.med. héraðslæknir Jónas Jónassen 82 atkvæði, Halldór Kr. Friðriksson yfirkennari 34 atkvæði og fimleikakennari Ólafur Rosenkranz 8 atkvæði. Var samkvæmt þessu lýst yfir að Dr. Jónas Jónassen væri löglega kosinn þingmaður Reykvíkinga fyrir næstu 6 ár frá 1. júlí þ.á. að telja og verður honum veitt kjörbréf.

Jón Jensson settur, L. Sveinbjörnsson, A. Thorsteinsson

Rétt eftirrit staðfestir. Jón Jensson settur

Reykjavík 1892

Dagbækur Alþingis: N. 615–92 [29r–29v]

Ár 1892, 10 dag septembermán. kl. 12 á hádegi var kjörfundur fyrir Reykjavíkur-kaupstað settur á bæjarþingsstofunni til þess að kjósa þingmann fyrir Reykjavíkur-kjördæmi til Alþingis næsta 6 ára tímabil samkvæmt opnu bréfi 26. febrúar 1892. Kjörskrá yfir alla kjósendur sem hefur verið samin af bæjarstjórn Reykjavíkur og legið almenningi til sýnis lögboðinn tíma var lögð fram. Kjörfundur þessi hefur verið boðaður með 4 vikna fyrirvara í blaðinu Ísafold og með uppfestum auglýsingum.

Formaður kjörstjórnarinnar las upp ofangreint opið bréf 26. febrúar þ.á. og leiddi athygli kjósenda að því hver tilgangur kosningarinnar væri og hversu áriðandi hún væri. Tilnefndi hann því næst þingmannsefni er hefði boðið sig fram skriflega við kjörstjórnina og var það yfirkennari Halldór Kr. Friðriksson, mælti Geir kaupmaður Zoëga fram með kosningu hans. Dómkirkjuprestur séra Jóhann Þorkelsson bauð sig sjálfur fram og mæltu Björn Jónsson ritstjóri og Indriði revisor Einarsson með kosningu hans.

Meðmælendum þingmannsefnanna og þingmannsefnunum var gefinn kostur á að taka til máls og sömuleiðis kjósendum að leggja spurningar fyrir þingmannsefnin, og er þeir höfðu talað sem vildu sagði formaður umræðunni lokið. Síðan var gengið til atkvæða þannig að kjósendur voru allir kallaðir fram samkvæmt kjörskránni og eftir að kjörskráin hafði verið lesin upp var tekið á móti atkvæðum þeirra kjósenda er síðar gáfu sig fram. Kl. 1³/₄, er hlé varð á atkvæðagreiðslunni, skoraði formaður kjörstjórnar í heyranda hljóði á kjósendur að gefa sig fram innan hálfrar stundar ef þeir vildu kjósa. Að þeim tíma liðnum, og er fleiri gáfu sig eigi fram til að kjósa, var atkvæðagreiðslunni lokið.

Voru þá talin saman atkvæðin og höfðu 157 kjósendur kosið; hafði yfirkennari Halldór Kr. Friðriksson hlotið 101 atkvæði, en Jóhann dómkirkjuprestur Þorkelsson 56 atkvæði. Samkvæmt þessu lýsti kjörstjórnin því yfir að yfirkennari Halldór Kr. Friðriksson væri löglega kosinn alþingismaður Reykjavíkur kjördæmis næsta 6 ára tíma og útfyllti kjörstjórnin jafnframt og undirskrifaði kjörbréf handa honum.

Var svo kjörfundinum slitið kl. 2¹/₂ e. hádegi.

Halldór Daníelsson, Eiríkur Briem, Jón Jensson

Rétta útskrift staðfestir.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 14. september 1892. Halldór Daníelsson

Reykjavík 1894

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: Lh. 543–94

Ár 1894, 8. dag júnímán. kl. 12 á hád. var kjörfundur fyrir Reykjavíkurkaupstað settur og haldinn í þinghúsi bæjarins af undirritaðri kjörstjórn til að kjósa þingmann fyrir Reykjavíkur kjördæmi til Alþingis næsta 6 ára tímabil samkvæmt opnu bréfi 29. september 1893. Formaður kjörstjórnarinnar las upp hið opna bréf og minnti því næst kjósendur á tilgang og þýðingu kosningarinnar.

Kjörskrá ásamt aukakrá yfir alla kjósendur kjördæmisins, 379 að tölu, samin af bæjarstjórn Reykjavíkur var lögð fram og hefur hún legið kjósendum til sýnis lögboðinn tíma frá 1.–21. apríl 1894. Kjörfundur þessi hefur verið birtur á venjulegan hátt með auglýsingu í blaðinu „Ísafold“ með 4 vikna fyrirvara og með bumbuslætti 1 klukkustundu fyrir kjörfund.

Formaður skýrði frá að 3 þingmannsefni hefðu boðið sig fram fyrir kjördæmið, þeir H.Kr. Friðriksson yfirkennari, Hannes Hafstein landritari og Jón Jensson yfirdómari, og lagði fram skriflegt framboð frá H. Friðrikssyni ásamt yfirlýsingu frá 3 kjósendum um að vilja mæla með kosningu hans, og framboð frá Jóni Jenssyni, að hann gefi kost á sér til þingmennsku. Eru skjöl þessi svolátandi:

Nr. 1.

Hér með læt ég hina heiðruðu kjörstjórn Reykjavíkur vita að ég er fús til að taka á móti alþingiskosningu sem fulltrúi Reykjavíkur hin næstu 6 árin enda hef ég eigi boðið mig fram til alþingiskosninga í nokkru öðru kjördæmi landsins.

Reykjavík 7. dag júnímán. 1894

H.K. Friðriksson

Lagt fram á kjörþingi í Reykjavík 8/6 1894.

Halldór Daníelsson

Nr. 2.

Hér með lýsum vér því yfir, herra kjörstjóri, að vér viljum mæla fram með herra yfirkennara Halldóri Kr. Friðrikssyni til þess að hann verði kosinn á morgun alþingismaður fyrir Reykjavík hin næstu 6 ár.

Magnús Benjamínsson, Jón Magnússon, Sigurður Þórðarson

Til kjörstjóra alþingiskosninga í Reykjavík 1894.

Lagt fram á kjörþingi í Reykjavík 8/6 1894.

Halldór Daníelsson

Nr. 3.

Hér með tilkynni ég yður herra bæjarfógeti, sem oddvita hlutaðeigandi kjörstjórnar, að ég býð mig fram sem þingmannsefni við alþingiskosningu þá fyrir Reykjavíkurbæ, er fram á að fara á morgun, og mun ég verða þar sjálfur viðstaddur ásamt þeim kjósendum, er sérstaklega vilja mæla með mér til kosningarinnar.

Reykjavík 7. júní 1894.

Jón Jensson

Til oddvita kjörstjórnarinnar við alþingiskosninguna í Reykjavík.

Lagt fram á kjörþingi í Reykjavík 8/6 1894.

Halldór Daníelsson

Öll þingmannsefnin voru stödd á kjörfundinum og mæltu með kosningu þeirra þessir kjósendur: með kosningu H. Friðrikssonar mælti Magnús úrsmiður Benjamínsson, með kosningu H. Hafsteins Björn aðjunkt Olsen og með kosningu Jóns Jenssonar Ólafur Rósinkranz kennari. Báru þeir fram meðmæli sín í ofangreindri röð og var þingmannsefnunum sjálfum jafnframt gefinn kostur á að taka til máls og kjósendum sömuleiðis að leggja spurningar fyrir þingmannsefnin og meðmælendur þeirra. Er þeir höfðu tekið til máls sem þess óskuðu var umræðum lokið og gengið til atkvæða og voru kjósendur kallaðir fram eftir kjörskránni; að því búnu var tekið á móti atkvæðum þeirra sem ekki höfðu gefið sig fram þegar kjörskráin var lesin upp; og er hlé varð á atkvæðagreiðslunni setti kjörstjórinn $\frac{1}{4}$ stundar frest til að bíða eftir þeim er þá höfðu eigi kosið og var jafnframt í heyranda hljóði skorað á kjósendur sem ekki höfðu greitt atkvæði að gjöra það.

Atkvæði voru innfærð af kjörstjórum á kjörskrá og atkvæðaskrá og nafn kjósenda og þingmannsefnis þess er þeir kusu lesið upphátt jafnóðum og þeir greiddu atkvæði: Kl. 2.20 mín. var atkvæðagreiðslunni lokið; voru atkvæði talin saman og hafði yfirdómari Jón Jenson fengið 86 atkvæði, Hannes Hafstein 68 atkvæði og Halldór Friðriksson 25 atkvæði. Varð sú atkvæðagreiðsla þannig árangurslaus með því að enginn af þingmannaefnunum hafði fengið meirihluta þeirra atkvæða sem greidd voru. Kjörstjórnin lýsti yfir þessum úrslitum og var síðan gengið til kosningar að nýju og á sama hátt. Var kjörskráin lesin í heyranda hljóði og síðan tekið á móti atkvæðum meðan ekki varð hlé á. Var atkvæðagreiðslunni lokið kl. 3½ eftir að kjörstjórinn hafði sett stuttan frest til að bíða eftir ókomnum kjósendum. Atkvæði voru þá talin saman og urðu úrslit kosningarinnar að: Jón Jenson yfirdómari hlaut 86 atkvæði; Hannes Hafstein landritari hlaut 70 atkvæði; Halldór Friðriksson yfirkennari hlaut 13 atkvæði. Hafði Jón yfirdómari þannig fengið meirihluta allra hinna greiddu atkvæða og lýsti kjörstjórnin því yfir að hann væri löglega kosinn alþingismaður fyrir Reykjavíkur kjördæmi næstu 6 ár. Útfyllti kjörstjórnin og undirskrifaði kjörbréf handa honum.

Var svo kjörfundinum slitið kl. 3¾ e. háð.

Halldór Daníelsson, L.E. Sveinbjörnsson, Eiríkur Briem

Rétt eftirrit staðfestir.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 13. júní 1894. Halldór Daníelsson

Reykjavík 1900

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: [Ómerkt askja – 223]

Ár 1900, miðvikudaginn 12. september kl. 12 á hádegi var kjörfundur haldinn í Iðnaðarmannahúsinu í Reykjavík til þess að kjósa alþingismann fyrir Reykjavíkur kjördæmi næstu 6 ár og var fundinum stjórnað af undirritaðri kjörstjórn. Oddviti kjörstjórnarinnar setti fundinn og las upp konungsbréf 2. mars þ.á. er fyrirskipar kosningar til Alþingis í yfirstandandi mánuði. Hann leiddi því næst athygli kjósendanna að þýðingu og tilgangi kosningarinnar.

Hann skýrði frá, að þeir Jón yfirdómari Jenson og Tryggvi bankastjóri Gunnarsson hefðu tilkynnt kjörstjórninni að þeir byðu sig fram til þingmennsku fyrir Reykjavíkur kjördæmi og að þeir Björn Jónsson ritstjóri, Ólafur Ólafsson

bæjarfulltrúi og Ólafur Rósenkranz kennari tjái sig mæla fram með kosningu hins fyrrnefnda, en þeir Jón bókavörður Jakobsson og Lárus prestur Halldórsson með kosningu hins síðarnefnda. Meðmælendur þingmannaefnanna gengu fram og staðfestu meðmæli sín og var þeim og þingmannaefnunum gefinn kostur á að taka til máls. Einnig var kjósendum gefinn kostur á að leggja spurningar fyrir þingmannaefnin, sem þau svöruðu. Var svo slitið umræðunum.

Oddviti kjörstjórnarinnar gat þess, að kjörfundurinn hefði verið boðaður með löglegum fyrirvara og á venjulegan hátt með uppfestum götueglýsingum og bumbuslætti 1 kl.stundu fyrir kjörfundinn; enn fremur að kjörskrá fyrir kjördæmið hefði verið leiðrétt á lögskipaðan hátt og að kjósendur samkvæmt henni væru 621 að tölu. Því næst byrjaði atkvæðagreiðslan og var lesin upp kjörskráin og tekið á móti atkvæðum kjósenda eftir stafrófsröð og jafnframt lesin upp nöfn kjósenda og hlutaðeigandi þingmannsefnis. Var atkvæðagreiðslunni haldið áfram meðan kjósendur gáfu sig fram viðstöðulaust. En er hlé varð á kosningunni skoraði oddviti kjörstjórnarinnar í heyranda hljóði á þá kjósendur sem ekki höfðu greitt atkvæði að gjöra það og setti jafnframt ½ stundar frest til þess. Að þeim fresti liðnum lýsti oddviti því yfir, kl. 3,20 mín. að atkvæðagreiðslunni væri lokið eftir að kjörstjórnarnir höfðu fært inn atkvæði sín.

Því næst voru atkvæðaskráin og kjörskráin borin saman og talin saman atkvæði og féllu þau þannig að kosningu hlaut Tryggvi bankastjóri Gunnarsson með 212 atkvæði. Yfirdómari Jón Jenson hlaut 180 atkvæði og voru þannig greidd alls 392 atkvæði. Samkvæmt þessum úrslitum lýsti kjörstjórnin því yfir að Tryggvi Gunnarsson bankastjóri væri löglega kosinn þingmaður fyrir Reykjavíkur kjördæmi og útfyllti kjörstjórnin kjörbréf handa honum.

Var svo kjörfundinum slitið kl. 4 e. háð.

Halldór Daníelsson, G. Björnsson, Jón Magnússon

Rétta útskrift staðfestir

Bæjarfógetinn í Reykjavík 13. sept. 1900. Halldór Daníelsson

Reykjavík 1902

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: [Ómerkt askja – 209]

Ár 1902, miðvikudaginn 4. júní á hádegi var kjörþing haldið í Iðnaðarmannahúsinu í Reykjavík til að kjósa alþingismann Reykjavíkur kjördæmis næstu 6 ár. Kjörþinginu stýrði undirskrifuð kjörstjórn, Halldór Daníelsson bæjarfógeti sem oddviti og meðkjörstjórar, kosnir af bæjarstjórninni, Guðmundur Björnsson héraðslæknir og Jón Magnússon landritari. Kjörþingið hefur verið boðað með fullum 4 vikna fyrirvara í blaðinu Ísafold og með uppfestum götuauglýsingum.

Oddviti setti kjörþingið, las upp opið bréf 13. september 1901 um nýjar kosningar til Alþingis og leiddi athygli kjósendanna að tilgangi kosningarinnar og hversu mikils varðandi hún væri. Skýrði hann því næst frá að 2 menn hefðu tilkynnt kjörstjórninni bréflaga að þeir væru fúsir að taka á móti kosningu til alþingismanns fyrir kjördæmið, þeir Jón yfirdómari Jensson, og voru meðmælendur hans Björn Jónsson ritstjóri, Jón Helgason prestaskólakennari, Ólafur Ólafsson bæjarfulltrúi og Ólafur Rósinkranz kennari – og Tryggvi Gunnarsson bankastjóri, og voru meðmælendur hans þeir Lárus Halldórsson fríkirkjuprestur, Þorleifur Bjarnason skólakennari, Sigfús Eymundsson bóksali og Þorsteinn Þorsteinsson skipstjóri. Enn fremur bauð Jón bóksali Ólafsson sig fram til kosningar munnlega á kjörþinginu.

Þingmannaefnin og meðmælendur þeirra voru viðstaddir og stóðu meðmælendur við meðmæli sín; var þeim og þingmannaefnum gefinn kostur á að taka til máls og sömuleiðis kjósendum að leggja spurningar fyrir þingmannaefnin og meðmælendur. – Eftir það sagði oddviti umræðunum slitið.

Þá var lögð fram kjörskrá kjördæmisins 1901–1902, leiðrétt á lögboðinn hátt, og eru kjósendur að tölu 688. Var svo gengið til kosningar og tekið á móti atkvæðum viðstöðulaust til kl. 2.22 mín., þá varð hlé á kosningunni og skoraði oddviti þá hátt og snjallt á kjósendur, sem eigi hefðu greitt atkvæði, að gjöra það og setti um leið ½ stundar frest til þess. Að þeim fresti liðnum og þegar fleiri kjósendur gáfu sig ekki fram færðu kjörstjórnir inn atkvæði sín og sagði oddviti síðan atkvæðagreiðslunni lokið.

Þá var borin saman kjörskráin við atkvæðaskrána og voru greidd alls 408 atkvæði, sem féllu svo að kosningu hlaut Tryggvi bankastjóri Gunnarsson með 224 atkvæðum. Jón Jensson yfirdómari hlaut 179 atkvæði og Jón Ólafsson bóksali 5 atkvæði. Kjörstjórnin lýsti því yfir samkvæmt þessum úrslitum að Tryggvi bankastjóri Gunnarsson væri löglega kjörinn alþingismaður fyrir Reykjavík

kjördæmi næsta kjörtímabil og útfyllti jafnframt og undirskrifaði kjörbréf handa honum er honum var afhent samstundis.

Var svo kjörþinginu slitið.

Halldór Daníelsson, G. Björnsson, Jón Magnússon

Rétta útskrift staðfestir. Halldór Daníelsson

Reykjavík 1903

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: [Ómerkt askja – 209]

Ár 1903, þ. 5. júní var kjörþing Reykjavíkur kjördæmis sett í Iðnaðarmannahúsinu til að kjósa þingmann fyrir kjördæmið næstu 6 ár samkvæmt opnu bréfi 25. september 1902. Kjörþinginu stýrði undirrituð kjörstjórn, Halldór bæjarfógeti Daníelsson og meðkjörstjórar Guðmundur héraðslæknir Björnsson og Hannes Thorsteinsson, cand.jur. Kjörþingið hefur verið boðað á venjulegan hátt með uppfestum götuauglýsingum 4. f.m. Oddviti kjörstjórnarinnar setti kjörþingið á hádegi, las upp hið opna bréf, sem fyrr er getið, og leiddi athygli kjósendanna að því hver væri tilgangur kosningarinnar og hversu mikilsvarðandi hún væri.

Þá skýrði oddviti frá því að 2 þingmannsefni hefðu boðið sig fram til kosningar, þeir Jón Jensson yfirdómari, og mæltu þeir Geir Zoëga adjúnt, Bjarni Jónsson adjúnt og Jón Jónsson sagnfræðingur fram með kosningu hans, og Tryggvi Gunnarsson bankastjóri, og mæltu með kosningu hans þeir Lárus Halldórsson prestur, Þorleifur Bjarnason adjúnt og Þorsteinn Þorsteinsson skipstjóri.

Meðmælendur þingmannaefnanna könnuðust við meðmæli sín. Þeim var gefinn kostur á að taka til máls svo og þingmannaefnunum. Þá var kjósendum gefinn kostur á að leggja spurningar fyrir þingmannaefnin og meðmælendur þeirra. Að því búnu sleit oddviti umræðunum og var gengið til kosninga samkvæmt kjörskránni sem var lögð fram. Eru kjósendur alls 759. Þegar fleiri kjósendur gáfu sig eigi fram til að greiða atkvæði skoraði oddviti hátt og snjallt á þá sem eigi hefðu greitt atkvæði að gjöra það og setti um leið hálfrar stundar frest til þess. Að þeim fresti liðnum var fært inn atkvæði oddvita. Meðkjörstjórar greiddu ekki atkvæði.

Þá var kjörskráin og atkvæðaskráin bornar saman og atkvæði talin saman. Höfðu verið greidd alls 468 atkvæði og féllu þau þannig að Tryggvi Gunnarsson bankastjóri

hlaut 244 atkvæði en Jón Jónsson yfirdómari hlaut 224 atkvæði. Samkvæmt þessum úrslitum lýsti kjörstjórnin því yfir að Tryggvi Gunnarsson bankastjóri væri rétt kjörinn alþingismaður fyrir Reykjavíkur kjördæmi næstu 6 ár.

Var svo kjörþinginu slitið.

Halldór Daníelsson, G. Björnsson, Hannes Thorsteinsson

Rétta útskrift staðfestir. Halldór Daníelsson

Gullbringu- og Kjósarsýsla

Gullbringu- og Kjósarsýsla 1874

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0040 – M/1, 1 [bls. 16–17]

Ár 1874, þann 29. ágúst átti kjörstjórn fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu fund með sér að Görðum á Álftanesi. Í kjörstjórninni voru, auk sýslumanns, prófastur Þórarinn Böðvarsson á Görðum og Dr. Philos. Gr. Thomsen á Bessastöðum, sem af viðkomandi sýslumanni höfðu verið kvaddir í kjörstjórnina og höfðu þessir 2 meðlimir kjörstjórnarinnar áður aflagt hinn lögboðna eið. Listarnir voru síðan skoðaðir. Kjörlistar frá viðkomandi prestum og hreppstjórum voru framlagðir og rannsakaðir af kjörstjórninni og mun skrá samin og send á hvern kirkjustað til þess hún liggja þar hinn lögboðna tíma. Á fundinum kom það til umræðu hvort prenta ætti kjörskrárnar, en af því kjörstjórninni þótti vafasamt að kjörskrárnar yrðu prentaðar í tækan tíma og af því henni þótti kostnaður sá of mikill og ekki nauðsynlegur réði hún af að láta skrifa skrárnar og kom henni saman um að kjörstjórnin annaðist um skrif á skránum. –

Fundi slitið. –

L. Sveinbjörnsson, Þórarinn Böðvarsson, Grímur Thomsen

Ár 1874 hinn 5. október átti kjörstjórn Gullbringu- og Kjósarsýslu til alþingis-kosninga fund með sér í Hafnarfirði. Kjörstjóri gat þess að hann 9. f.m. hefði sent kjörskrá til allra presta með hraðboðum sem áttu að leggjast fram 24 stundum eftir að þær bárust þangað. Það er því efalaust að þær hafa allar verið komnar á sína réttu staði 13. f.m. – Útásetningar á kjörskrá þessa hafa engar borist kjörstjóra, en kjörstjórnin breytti sjálf til hins rétta nokkur rangskrifuð bæjarnöfn í Álftaneshrepp, eins og hún líka af sjálfsdáðum bætti nokkrum mönnum í kjörskránnar að því leyti Álftaneshrepp snertir. Var síðan kjörfundur ákveðinn þriðjudaginn 3. nóv. næstkomandi. Skyldi hann vera í Hafnarfirði í þinghúsi Álftnesinga og byrja á hádegi. Kjörstjórnin kom saman um að nauðsynlegt væri að senda fundarboðin með hraðboðum. – Þá var þess getið að kosningar mundu framfara þannig að

Kjósarhreppsmenn kysu fyrst, þá Kjalnesingar, o.s.frv. suður yfir og síðast Grindvíkingar. Fundi slitið. –

L. Sveinbjörnsson, Þórarinn Böðvarsson, Grímur Thomsen

Ár 1874 hinn 3. nóvember var kjörfundur haldinn að Hafnarfirði fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu af sýslumanni kjörstjóra L.E. Sveinbjörnsson ásamt Dr. Gr. Thomsen og prófasti Þ. Böðvarssyni. Kjörskrár hafa legið frammi í öllum hreppum yfir 6 vikur, og kjörfundur þessi hefur verið boðaður með meira enn 14 daga fyrirvara. Þá var lagt fram bréf frá cand. juris J. Jónssyni hvar í hann býður sig alþingismann og annað bréf frá E. Egilsson í Reykjavík sama efnis.

Þá var gengið til atkvæða. 176 kjósendur gáfu atkvæði, hlaut Dr. Grímur Thomsen 157 atkvæði, en séra Þórarinn Böðvarsson í Görðum 116 atkvæði. Með því þannig hvor um sig hafði meir en helming allra atkvæða voru þeir sagðir réttkjörnir alþingismenn fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu. Séra St. Thorarensen á Kálfatjörn hlaut 43 atkvæði, séra Þorkell á Mosfelli 19, Jón Jónsson ritari 16 og Einar prentari Þórðarson 1 atkvæði. Var þetta upplesið og kjörfundi svo slitið.

L. Sveinbjörnsson, Grímur Thomsen, Þórarinn Böðvarsson

Gullbringu- og Kjósarsýsla 1880

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0040 – M/1, 1 [bls. 18–19]

Ár 1880, hinn 8. sept. átti kjörstjórn Kjósar- og Gullbringusýslu, er verða á fyrir kosningu á 2 alþingismönnum fyrir kjördæmið, fund með sér í Görðum. Oddviti kjörstjórnarinnar er undirskrifaður sýslumaður Kristján Jónsson og sitja í kjörstjórn með honum, kosnir af sýslunefndinni, séra Þórarinn Böðvarsson og séra Jóhann Þorkelsson. Oddviti lagði fram kjörskrá úr hreppunum; hafa engar aðfinningar komið fram við þær og voru þær því teknar gildar sem grundvöllur til kosninganna; kvaðst oddviti skyldu annast um innfærslu skrána í kjörbækurnar. Kjörfund hafði oddviti þegar ákveðið með samráði við séra Þórarinn Böðvarsson, til 17. þ.mán.; á hann að vera í Flensborg (í Hafnarfirði) og byrja kl. 10 f.m. Var séra Jóhann því samþykkur. Fundurinn hefur verið boðaður með venjulegu þingboði í öllum hreppum sýslunnar; var þingboðið dags. 14. f.m. og þá þegar sent út til birtingar.

Kjörstjórnin var ásátt um að kosningunum skuli haga þannig að byrja þessa atkvæðagreiðslu hjá Grindavíkurmönnum, en Kjósarhreppsmenn kjósi síðast. – Fundi slitið.

Kristján Jónsson, Þórarinn Böðvarsson, Jóhann Þorkelsson

Ár 1880 hinn 17. dag septembermán. var kjörfundur fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu settur og haldinn í Hafnarfirði af sýslumanni Kristjáni Jónssyni sem oddvita kjörstjórnarinnar og þeim séra Þórarni sýslunefndarmanni Böðvarssyni og séra Jóhanni Þorkelssyni, er af sýslunefndinni voru kosnir í stjórnina, til þess að kjósa 2 alþingismenn fyrir sýsluna fyrir næsta 6 ára kjörtíma. Kjörfundur þessi hefur verið boðaður með löglegum fyrirvara í öllum hreppum sýslunnar.

Þingmannaefni höfðu boðið sig fram, Ásbjörn Ólafsson sýslunefndarmaður í Njarðvík, munnlega fyrir kjörstjórninni fyrir byrjun fundar, en skriflega höfðu boðið sig fram prófastur séra Þórarinn Böðvarsson í Görðum, prestur séra Þorkell Bjarnason á Mosfelli og Þorlákur bóndi Guðmundsson á Hvammkoti; voru framboð þeirra framlögð og lesin upp fyrir kjósendum. Öll þingmannsefni voru persónulega mætt á fundinn. Sem meðmælandi Ásbjarnar Ólafssonar og Þórarins prófasts Böðvarssonar gaf sig fram dr. Grímur Thomsen á Bessastöðum. Meðmælandi séra Þorkels Bjarnasonar gaf sig fram sýslunefndarmaður Gísli Gíslason og sem meðmælandur Þorláks Guðmundssonar voru mættir bændurnir Kristinn Magnússon og Ólafur Guðmundsson. –

Eftir að Kristján hafði sett fundinn og farið nokkrum orðum um þýðingu kosningarinnar og brýnt fyrir kjósendum að greiða atkvæði eftir bestu samvisku, var fyrst meðmælandum og þá þingmannaefnum gefið orðið eftir rétttri röð og er þeir höfðu talað máli sínu hver í sínu lagi, enn fremur svarað nokkrum spurningum, er 2 kjósendur, dr. Gr. Thomsen og Faktor C. Zimsen, lögðu fyrir þingmannaefnin séra Þorkel og Þorlák Guðmundsson; var gengið til atkvæða.

161 kjósendur voru mættir og greiddu atkvæði. [...] kosningu [...] séra Þórarinn Böðvarsson prófastur í Görðum með 104 atkvæðum og séra Þorkell Bjarnason á Reynivöllum með 98 atkvæðum. Þar eð þeir þannig höfðu hlotið meir en helming atkvæða voru þeir sagðir réttkjörnir alþingismenn fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu

um næsta 6 ára kjörtíma. Þorlákur Guðmundsson hlaut 78 atkvæði og Ásbjörn Ólafsson 43 atkvæði.

Var þetta upplesið og fundi slitið. –

Kristján Jónsson, Þórarinn Böðvarsson, Jóhann Þorkelsson

Gullbringu- og Kjósarsýsla 1886

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0040 – M/1, 1 [19–22]

Ár 1886, hinn 29. aprílmán. átti kjörstjórnin í Kjósar- og Gullbringusýslu, sem á að standa fyrir alþingiskosningum á yfirstandandi vori, fund með sér. Oddviti kjörstjórnarinnar er sýslumaður Kristján Jónsson og sitja í kjörstjórninni með honum prófastur Þórarinn Böðvarsson og verslunarstjóri Gunnl. E. Briem, er sýslunefndin hefur kosið til þessa starfa. – Oddviti lagði fram kjörskrár til alþingiskosninga, er eigi þótti neitt athugavert við og verða því kosningarnar látnar framfara eftir þeim; verða skrárnar innfærðar í kjörbókina. – Kjörstjórnin ákvað að halda kjörfundinn hinn 2. júní næstkomandi; fundurinn skal byrja kl. 10 fyrir hádegi; skal atkvæðagreiðslu haga þannig að Grindvíkingar kjósi fyrst, en Kjósarhreppsmenn síðast. – Fundinn skal auglýsa í öllum hreppum sýslunnar með auglýsingum er sendist hlutaðeigandi hreppstjórum til birtingar og þess utan sé festar upp í verslunarstöðum sýslunnar. Fundarstaður ákveðst skólahúsið í Flensborg. –

Fundi slitið.

Kristján Jónsson, Þórarinn Böðvarsson, G.E. Briem

Ár 1886, hinn 13. maímán. átti kjörstjórnin í Kjósar- og Gullbringusýslu fund með sér, en í kjörstjórnina hafa verið kosnir prófastur Þórarinn Böðvarsson og verslunarstjóri Gunnl. E. Briem. Oddviti getur þess að við rannsókn kjörskrárinnar úr Garðahreppi hafi það komið í ljós að verslunarstjóri Gunnlaugur E. Briem eigi getur neytt atkvæðisréttar við alþingiskosningar þær hér í sýslunni, sem fram eiga að fara 2. næsta mánaðar, með því að hann þá eigi hefur verið heimilisfastur í kjördæminu fullt ár síðastliðið. Með því að þar fyrir þessa sök getur álitist vafasamt, að G.E. Briem megi sitja í kjörstjórn fyrir kjördæmið þetta ár og til þess að koma í veg fyrir það að ef þessa geti risið spurning um lögmati væntanlegrar alþingiskosningar, þá

lýsir G. E. Briem því hér með yfir að hann viki úr kjörstjórninni enda var kjörstjórnin öll á eitt sátt um að þessi ályktun væri eftir atvikum rétt og lögmæt. – Fundi slitið.

Kristján Jónsson, G.E. Briem, Þórarinn Böðvarsson

Ár 1886, hinn 15. maímánaðar átti kjörstjórnin í Kjósar- og Gullbringusýslu fund með sér, í stað Gunnlaugs verslunarstjóra Briem er nú mættur sem kjörstjóri séra Jóhann Þorkelsson á Lágafelli, sem sýslunefndin hefur kosið til að sitja í kjörstjórninni. Séra Jóhann samþykkti ráðstafanir þær er gerðar voru á fundi hinn 29. f.mán. með tilliti til kosninganna og hefur ekkert að athuga í því efni. Oddviti skýrði frá því að hann hefði auglýst kjörfundinn með 15 auglýsingum, dags. 29. f.m. Hafa 2 verið festar upp í Reykjavík, 2 í Hafnarfirði og 1 í Keflavík, en 10 hafa verið sendar hlutaðeigandi hreppstjórum, 1 í hvern hrepp, með fyrirskipun um að þær séu birtar á kirkjufundum og öðrum almennum fundum og þess utan látnar ganga um hreppana eftir boðleið. Kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar voru framlagðar af nýju og fannst ekkert athugavert við þær. –

Fundi slitið.

Kristján Jónsson, Jóhann Þorkelsson, Þórarinn Böðvarsson

Ár 1886, 2. dag júnímán. var kjörfundur fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu settur og haldinn í Hafnarfirði af sýslumanni Kristjáni Jónssyni sem oddvita kjörstjórnarinnar og þeim séra Þórnari sýslunefndarmanni Böðvarssyni og séra Jóhanni Þorkelssyni, er af sýslunefndinni voru kosnir í kjörstjórnina, til þess að kjósa 2 alþingismenn fyrir sýsluna fyrir næsta 6 ára kjörtímabil er teljist frá 1. júlí þ.á. Kjörfundur þessi hefur verið boðaður með löglegum fyrirvara í öllum hreppum sýslunnar.

Þingmannaefni höfðu boðið sig fram skriflega Gísli sýslunefndarmaður Gíslason í Leirvogstungu, Jón skólastjóri Þórarinsson, séra Þorkell Bjarnason á Reynivöllum, próf. séra Þórarinn Böðvarsson í Görðum og Þórður sýslunefndarmaður Guðmundsson á Neðra-Hálsi. Voru framboð þeirra lesin upp fyrir kjósendum. Meðmælendur voru þessir: Gísli Gíslasonar: séra Þorkell Bjarnason (munnl. tilkynnt); Jóns Þórarinssonar: Þ. Thoroddsen læknir, Kristinn Magnússon bóndi í Engey, Jón Breiðfjörð bóndi á Brunnastöðum; séra Þorkels Bjarnasonar: G. Gíslason bóndi í Reykjakoti, Þórður Guðmundsson sýslunefndarmaður á Neðra-Hálsi; Þórðar

Guðmundssonar: séra Þorkell Bjarnason prestur á Reynivöllum; Þórarins próf.

Böðvarssonar: Þ. Egilsson kaupm. Hafnarfirði, Ásbj. Ólafsson sýslun.maður í Njarðvík, Chr. J. Matthíasson sýslunefndarmaður á Hliði.

Eftir að kjörstjórnaroddviti hafði sett fundinn, lesið upp hið konunglega opna bréf 2. nóv. f. ár, og farið nokkrum orðum um tilefni kosninganna og þýðingu þeirra og brýnt fyrir kjósendum að greiða atkvæði eftir bestu samvisku, og sérstakl. tekið fram að kjósendum bæri að svara því með atkvæði sínu, hvort þeir aðhyllist stjórnarskrárfrumvarp síðasta þings eða ekki, var fyrst meðmælendum og þvínæst þingmannaefnum eftir rétttri röð gefinn kostur á að taka til máls og er þeir höfðu lokið máli sínu hver fyrir sig, svo og svarað spurningum er upp voru bornar, og eftir að eitt þingmannaefnið, Gísli sýslunefndarmaður Gíslason hafði lýst yfir að hann tæki framboð sitt aftur, var gengið til atkvæða. 239 kjósendur mættu á fund og greiddu atkvæði; Þórarinn Böðvarsson hlaut 146, Jón Þórarinsson 143 atkvæði, og með því að þeir þannig hlutu meir en helming atkvæða, voru þeir sagðir réttkjörnir alþingismenn. Þórður Guðmundsson fékk 101 atkvæði, séra Þorkell Bjarnason 82 atkvæði.

Var þetta auglýst og fundi slitið.

Kristján Jónsson, Þórarinn Böðvarsson, Jóhann Þorkelsson

Gullbringu- og Kjósarsýsla 1892

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0040 – M/1, 1 [bls. 22–25]

Ár 1892, hinn 15. dag ágústmánaðar átti kjörstjórn í Kjósar- og Gullbringusýslu, sem á að standa fyrir kosningum til alþingis í næstkomandi septembermánuði, fund með sér. Í kjörstjórnina hafa verið kosnir af sýslunefndinni sýslunefndarmaðurinn fyrir Garðahrepp, prófastur Þ. Böðvarsson og verslunarstjóri G.E. Briem í Hafnarfirði. Oddviti kjörstjórnarinnar er sýslumaður Franz Siemsen. Oddvitinn lagði fram kjörskrá til alþingis úr hinum einstöku hreppum, sem allar voru komnar nema kjörskráin úr Miðneshreppi. Var skorað á oddvitann að skipa hreppsnefndinni að senda hana tafarlaust. Við hinar framlögðu kjörskrár er það að athuga að sumar þeirra eru skakkt dagsettar. Þannig er kjörskráin úr Grindavíkurhreppi dagsett 30. júní, skráin úr Rosmhvalaneshreppi 16. maí og skráin úr Njarðvíkurhreppi dags. 20. júlí þ.á. Að öðru leyti var ekkert við kjörskrárnar að athuga. Kjörstjórnin ákvað að

hafa kjörfund í Góðtemplarahúsinu í Hafnarfirði þriðjudaginn 13. n.m. er hefst kl. 11 f. hádegi og fól oddvita í hendur nú þegar að senda fundboða til allra hreppstjóra í sýslunni með þar að lútandi auglýsingar til birtingar fyrir kjósendum.

Frekar eigi fyrir tekið. Fundi slitið.

Franz Siemsen, Þórarinn Böðvarsson, G.E. Briem

Ár 1892, hinn 5. september átti kjörstjórnin í Kjósar- og Gullbringusýslu fund með sér í Hafnarfirði. Oddvitinn skýrði frá að hann hinn 15. f.m. hafði sent hraðboða til allra hreppstjóra í sýslunni með auglýsingar um kjörfundinn og hafði hann þar að auki verið birtur í Ísafold. Ennfremur skýrði hann frá að hann væri búinn að meðtaka kjörskrá úr Miðneshreppi og ennfremur hafði honum verið endursendar kjörskrár úr Grindavíkur-, Rosmhvalanes- og Njarðvíkurhreppum með lagfærðri dagsetningu. Við kjörskrána úr Miðneshreppi var ekkert að athuga. Verða því skrárnar innfærðar í kjörbókina og kosningarnar látnar fram fara eftir þeim og skal atkvæðagreiðslunni þannig hagað að Kjósarhreppur kjósi fyrst, en Grindavíkurhreppur síðast.

Frekar eigi fyrir tekið. Fundi slitið.

Franz Siemsen, Þórarinn Böðvarsson, G. E. Briem

Ár 1892, hinn 13. sept. kl 11 f.h. var kjörfundur fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu settur í Góðtemplarahúsinu í Hafnarfirði og haldinn af sýslumanni Franz Siemsen sem oddvita kjörstjórnarinnar og þeim séra Þórarni sýslunefndarmanni Böðvarssyni og verslunarstjóri Gunnl. E. Briem, er af sýslunefndinni hafa verið kosnir í kjörstjórnina til þess að kjósa 2 alþingismenn fyrir næsta 6 ára kjörtíma, er telst frá 1. sept. þ.á. Kjörfundur þessi hefur verið boðaður með löglegum fyrirvara í öllum hreppum sýslunnar auk með auglýsingu í Ísafold.

Af þingmannaefnum höfðu boðið sig fram skriflega prófastur Þórarinn Böðvarsson og var framboð hans lesið upp fyrir kjósendum. Munnlega buðu sig fram á fundinum Jón skólastjóri Þórarinsson og Þórður héraðslæknir Thoroddsen. Meðmælendur þingmannaefnanna voru þessir: Jóns Þórarinssonar hreppstjóri Jón Breiðfjörð, Þórarins Böðvarssonar Erlendur sýslunefndarmaður Erlendsson og Þórðar Thoroddsen séra Jens Pálsson.

Eftir að oddviti kjörstjórnarinnar hafði sett fundinn, lesið upp hið konunglega opna bréf frá 26. febrúar þ.á. og farið nokkrum orðum um tilefni kosninganna og þýðingu þeirra og brýnt fyrir kjósendum að greiða atkvæði eftir bestu samvisku, var fyrst meðmælendum og því næst þingmannaefnum eftir réttri röð gefinn kostur á að taka til máls og er þeir höfðu lokið máli sínu hver fyrir sig og svo svarað spurningum þeim sem upp voru bornar, var gengið til atkvæða. Atkvæði greiddu 143 kjósendur og hlutu þessir atkvæði: Þórarinn prófastur Böðvarsson 140, Jón skólastjóri Þórarinsson 112 og Þórður héraðslæknir Thoroddsen 34 atkvæði. Eru því þeir prófastur Þórarinn Böðvarsson og Jón Þórarinsson löglega kosnir alþingismenn fyrir þennan kjörtíma fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu.

Var þetta auglýst og kjörfundi því næst slitið.

Franz Siemsen, G.E. Briem, Þórarinn Böðvarsson

Gullbringu- og Kjósarsýsla 1894

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0040 – M/1, 1 [bls. 25–27]

Ár 1894, hinn 30. dag aprílmánaðar kl. 5 e. hádegi átti kjörstjórnin í Kjósar- og Gullbringusýslu, sem á að standa fyrir kosningum til alþingis í næstkomandi júnímánuði, fund með sér í Görðum. Í kjörstjórnina hafa verið kosnir af sýslunefndinni sýslunefndarmaðurinn fyrir Garðahrepp, prófastur Þ. Böðvarsson og verslunarstjóri G.E. Briem í Hafnarfirði. Oddviti kjörstjórnarinnar er sýslumaður Franz Siemsen, og lagði hann fram kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar og fannst ekkert athugunarvert við þær. Kjörstjórnin ákvað að hafa kjörfund í Góðtemplara-húsinu í Hafnarfirði föstudaginn hinn 8. júní næstkom. kl 11 fyrir hádegi og var skorað á oddvita að sjá að fundurinn yrði nægilega birtur í sýslunni.

Frekar eigi fyrirtekið.

Fundi slitið.

Franz Siemsen, G.E. Briem, Þórarinn Böðvarsson

Ár 1894, hinn 8. júní var kjörfundur fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu settur í Hafnarfirði og haldinn af sýslumanni Franz Siemsen og þeim prófasti Þórarni

Böðvarssyni og verslunarstjóra G.E. Briem, er af sýslunefndinni hafa verið kosnir í kjörstjórnina, til þess að kjósa 2 alþingismenn fyrir sýsluna fyrir hin næstu 6 ár, er reiknast frá 1. júlí þ.á. Kjörfundur þessi hefur verið boðaður með löglegum fyrirvara í öllum hreppum sýslunnar, auk með auglýsingu í Ísafold. Af þingmannsefnum buðu sig fram á fundinum prófastur Þ. Böðvarsson á Görðum, Jón Þórarinnsson skólastjóri í Flensborg og trésmiður Magnús Blöndal í Hafnarfirði.

Eftir að oddviti kjörstjórnarinnar hafði sett fundinn, lesið upp hið konungl. bréf dags. 29. sept f.á. og farið nokkrum orðum um tilefni kosninganna og þýðingu þeirra og brýnt fyrir kjósendum að greiða atkvæði eftir bestu samvisku, var þingmannsefnum gefinn kostur á að taka til máls og svara spurningum þeim sem fyrir þá kunnu að vera lagðar og eftir að umræðum þessum var lokið var gengið til atkvæða. Oddvitinn lagði fram kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar, sem áður eftir vottorði hlutaðeigandi hreppsnefnda hafi legið frammi hreppsþúum til sýnis hinn lögboðna tíma.

Tala kjósenda í Kjósar- og Gullbringusýslu til alþingis er eftir hinum framlögðu kjörskrá 556. Kl. 12³/₄ var búið að lesa upp kjörskrárnar og eftir hálftrar klukkustundar bið lýsti oddvitinn yfir því að atkvæðagreiðslunni væri lokið. Atkvæði greiddu 71 kjósandi og hlutu þessir atkvæði: próf Þ. Böðvarsson 71 atkvæði, Jón Þórarinnsson 53 og Magnús Blöndal 18. Eru því þeir prófastur Þórarinn Böðvarsson í Görðum og Jón Þórarinnsson skólastjóri á Flensborg löglega kosnir alþingismenn fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu fyrir næsta 6 ára kjörtíma reikn. frá 1. júlí þ.á. Lýsti oddvitinn því yfir á fundinum um leið og hann afhenti kjörbréfin til hinna kosnu alþingismanna.

Var svo kjörfundi þessum lokið.

Franz Siemsen, G.E. Briem, Þórarinn Böðvarsson

Gullbringu- og Kjósarsýsla 1895 (aukakosning)

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0040 – M/1, 1 [bls. 27–30]

Ár 1895, hinn 14. júní átti kjörstjórnin í Kjósar- og Gullbringusýslu, sem á að standa fyrir kosningum á 1 þingmanni til alþingis fyrir sýsluna fyrir næstu 5 ár, sem framfer á morgun, fund með sér á skrifstofu sýslunnar í Hafnarfirði. Í kjörstjórnina hafa

verið kosnir með kjörstjóra, sýslumanninum í Kjósar- og Gullbringusýslu, verslunarstjóri G.E. Briem og séra Ólafur Stephensen. Kjörstjóri lagði fram kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar fyrir tímabilið frá 1. júlí 1894–30. júní 1895 og fannst við þær að athuga. Hvað kjörskrána úr Kjósarhreppi snertir; á henni fyrirfinnst ekkert vottorð um að hún hafi legið frammi hreppsúum til sýnis og enn fremur athugar kjörstjórnin það að þessar kjörskrár séu of seint dagsettar.

úr Garðahreppi, sem dags. er 19. nóv. f.á.

úr Vatnsleysustrandarhreppi, sem dags. er 10. ág. s.á.

úr Njarðvíkurhreppi, sem dags. er 10. ág. s.á.

úr Miðneshreppi, sem dags. er 14. júní s.á

Jafnvel þótt skrárnar beri með sér að þær hefi legið frammi hinn lögboðna tíma.

Enn fremur skýrði oddviti frá, að hann hafi sent hraðboða út um sýslu til þess að boða kosningu þessa, þar sem tíminn var naumur. Kjörstjórnin ákvað að byrja með kosningu í ~~Kjósarhreppi~~ [yfirstrikað í skjali].

Var fundi þessum slitið.

Franz Siemsen, Ólafur Stephensen, G. E. Briem

Ár 1895, hinn 15. júní kl. 12 á hádegi var kjörfundur fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu settur í þinghúsinu í Hafnarfirði og haldinn af sýslumannni Franz Siemsen og þeim kosnum í kjörstjórn, verslunarstjóra G.E. Briem og séra Ólafi Stephensen til þess að kjósa alþingismann fyrir kjördæmið fyrir næstu 5 ár er reiknast frá þeim tíma sem hinn látni þingmaður átti eftir. Kjörfundur þessi hefur verið boðaður með hraðboða í hinum einstöku hreppum sýslunnar og með auglýsingu í blaðinu Ísafold.

Af þingmannaefnum hafa boðið sig fram: 1) Héraðslæknir Þórður J. Thoroddsen í Keflavík. Hans meðmælendur eru: Guðmundur Einarsson í Nesi, Þorsteinn Gíslason í Melbæ og Ögmundur Sigurðsson á Útskálum. 2) Landritari Hannes Hafstein. Hans meðmælendur eru: Skólastjóri Jón Þórarinnsson í Flensborg, hreppstjóri Jón Breiðfjörð að Brunnastöðum, Þórður Guðmundsson að Neðra-Hálsi og hrn.oddv. Guðjón Erlendsson í Sviðholti. 3) Trésmiður Magnús Blöndal. Hans meðmælendur eru: Jón A. Mathiesen verslunarmaður í Hafnarfirði, Filippus Filippusson tómthúsm. s. st.,

hreppstjóri M. Brynjólfsson á Dysjum. 4) Björn Bjarnarson á Reykjarkoti. Hans meðmælandi er: Guðmundur bóndi Magnússon í Helliskoti.

Oddvitinn lagði fram kjörskrár úr öllum hreppum. Kjörstjóri fór nokkrum orðum um kosningu þessa og þýðingu hennar og brýndi fyrir kjósendum að greiða atkvæði eftir bestu samvisku og þekkingu. Svo var málfrelsi gefið til meðmælenda, þingmannsefna og kjósenda. Eftir allangar umræður var gengið til kosninga og þeim slitið kl. 5½ eftir að kjósendum hafði verið gefið færi á að nota sinn kosningarrétt.

Kjörstjórnin skal geta þess að á fundi þessum hafa fram farið tvennar kosningar. Við þá fyrri hlaut Hannes Hafstein 83 atkvæði, Þórður Thoroddsen 141, Magnús Blöndal 37 og Björn Bjarnarson 38. Varð því að kjósa upp aftur og lýstu þeir Magnús Blöndal og Björn Bjarnarson yfir fyrir kjósendum að þeir tækju framboð sín aftur. Atkvæði í hinni annarri kosningu greiddu 294 kjósendur og hlaut héraðslæknir Þórður Thoroddsen í Keflavík 205 atkvæði en Hannes Hafstein 89. Er því Þórður J. Thoroddsen löglega kosinn alþingismaður fyrir þetta kjördæmi til næstu 5 ára. Lýsti kjörstjóri því yfir um leið og hann afhenti á fundinum hinum kosna kjörbréfið.

Var svo kjörfundi þessum lokið.

Ólafur Stephensen, Franz Siemsen, G.E. Briem

Gullbringu- og Kjósarsýsla 1900

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0040 – M/1, 1 [bls. 31–35]

Ár 1900, þ. 22. sept. kl. 11 var kjörfundur fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu settur og haldinn í Hafnarfirði af sýslumanni Páli Einarssyni sem oddvita kjörstjórnarinnar og þeim Guðmundi sýslunefndarmanni Guðmundssyni í Landakoti og Jóhannesi kennara Sigfússyni í Hafnarfirði, er af sýslunefndinni voru kosnir í kjörstjórn, til þess að kjósa tvo alþingismenn fyrir sýsluna fyrir næsta kjörtímabil. Kjörfundurinn hefur verið birtur með auglýsingu í blaðinu „Ísafold“ í 1. sinn birt 18. f.m. og í tveimur næstu blöðum þar á eftir. Þess utan hefur auglýsingin um fundinn verið send í alla hreppa sýslunnar til birtingar sumpart á kirkjufundum og sumpart á annan hátt.

Þessir höfðu boðið sig fram sem þingmannaefni: Björn kaupmaður Kristjánsson, Reykjavík; Guðmundur bóndi Magnússon, Elliðakoti; séra Jens Pálsson, Görðum;

Jón skólastjóri Þórarinsson, Flensborg; Þórður hreppstjóri Guðmundsson, Neðra-Hálsi; Þórður J. Thoroddsen, héraðslæknir, Keflavík.

Meðmælendur þingmannaefnanna voru þessir: Björns Kristjánssonar: Þórður Jónsson Ráðagerði; Einar Þorgilsson Óseyri; Runólfur Ólafsson Mýrahúsum; Ágúst Jónsson Höskuldarkoti. Allir voru þeir mættir og könnuðust við meðmæli sín. Guðmundar Magnússonar: Björn Bjarnarson í Gröf, er var mættur á fundinn og kannaðist við meðmæli sín. Séra Jens Pálssonar: Þorlákur Guðmundsson Fífuhammi, er einnig var mættur og kannaðist við meðmæli sín. Jóns skólastjóra Þórarinssonar: Ágúst kaupmaður Flygenring og Jón hreppstjóri Breiðfjörð. Báðir mættir á fundinn og könnuðust við meðmælin. Þórðar Guðmundssonar: Björn Þorláksson Varmá; Eggert Finnsson Meðalfelli; Guðm. Einarsson Nesi; Kolbeinn Eyjólfsson Kollafirði. Hinn fyrsti var ekki mættur, en hinir allir og könnuðust þeir við meðmæli sín. Þórðar J. Thoroddsen: Þorsteinn Gíslason Meiðastöðum; Ágúst Jónsson Höskuldarkoti; Þorlákur Guðmundsson Fífuhammi. Allir mættir og könnuðust við meðmæli sín.

Öll þingmannaefnin voru mætt persónulega á fundinum, en höfðu einnig sent kjörstjórninni skriflega tilkynningu um að þeir tækju við kosningu. Séra Jens Pálsson bauð sig þó ekki fram fyrr en á sjálfum fundinum og það munnlega.

Eftir að fundur hafði verið settur las oddviti kjörstjórnarinnar upp opið bréf konungs 2. mars 1900, er fyrirskipar almennar alþingiskosningar, og brýndi hann þar eftir fyrir kjósendunum að vanda kosninguna sem best. Þar eftir var meðmælendum og þingmannaefnum gefinn kostur á að taka til máls og er þeir höfðu gjört það, og eftir að þeir kjósendur er þess óskuðu höfðu lagt spurningar fyrir þingmannaefnin og þau svarað þeim, var gengið til atkvæða eftir að kjörskrár úr öllum hreppunum í löglegu formi höfðu verið lagðar fram.

Við fyrstu kosningar voru greidd alls 225 atkvæði og féllu atkvæðin þannig: Björn kaupmaður Kristjánsson fékk 108 atkv., Þórður J. Thoroddsen 102 atkvæði, Jón Þórarinsson 87 atkvæði, Þórður Guðmundsson 50 atkvæði, séra Jens Pálsson 61 atkvæði og Guðm. Magnússon 42 atkvæði. – Með því að þannig ekkert þingmannsefnið hafði hlotið meira en helming þeirra atkvæða er greidd voru var enginn löglega kosinn þingmaður við 1. kosningu. Lýsti þá kjörstjórn því yfir að aftur yrði kosið óbundnum kosningum, en áður en sú atkvæðagreiðsla byrjaði tóku

Þeir Þórður Guðmundsson á Neðra-Hálsi og Guðmundur Magnússon í Elliðakoti aftur framboð sín og var því aðeins kosið um hin 4 þingmannaefnin.

Var þá gengið til atkvæða á ný og fór sú kosning þannig að alls voru greidd 228 atkvæði, er féllu þannig: héraðslæknir P. J. Thoroddsen fékk 135, kaupmaður Björn Kristjánsson 120 (atkvæði), skólastjóri Jón Þórarinsson 117, og séra Jens Pálsson 84. Með því þannig að þeir héraðslæknir Þórður J. Thoroddsen í Keflavík og kaupmaður Björn Kristjánsson höfðu fengið flest atkvæði og hvor um sig meira en helming af þeim atkvæðum er greidd voru, þá lýsti kjörstjórnin því yfir að þessir tveir menn væru réttkjörnir alþingismenn fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu til næstu sex ára og var það auglýst á fundinum,

Var því næst fundi slitið eftir að hann hafði staðið meira en 9 klukkustundir.

Páll Einarsson, Guðm. Guðmundsson, Jóhannes Sigfússon

Gullbringu- og Kjósarsýsla 1902

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0040 – M/1, 1 [bls. 35–37]

Ár 1902, þ. 7. júní kl. 12 á hádegi var kjörfundur fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu haldinn í Góðtemplarahúsinu í Hafnarfirði til þess að kjósa 2 alþingismenn fyrir sýsluna til næstu 6 ára frá 1. júlí þ.á. – Fundinum stýrði oddviti kjörstjórnarinnar, sýslumaður Páll Einarsson, ásamt þeim Jóhannesi kennara Sigfússyni og Jóni húsmanni Þórðarsyni í Hafnarfirði, er höfðu verið kosnir af sýslunefndinni í kjörstjórnina. Kjörfundurinn hefur verið auglýstur með auglýsingu dags. 16. apríl þ.á., er birt hefur verið í blaðinu „Ísafold“ og auk þess hefur verið send öllum hreppstjórum sýslunnar til birtingar í hreppunum.

Eftir að kjörfundurinn var settur las kjörstjóri upp konungsbréf 13. sept. 1901 um að alþingi skuli leyst upp og annað konungsbréf dags. sama dag um að nýjar kosningar til alþingis skuli fram fara. Brýndi því næst kjörstjóri fyrir kjósendum þýðingu kosninganna, sérstaklega með tilliti til þess að næsta þing hafði stjórnarskrármálið til meðferðar. Þessir höfðu boðið sig fram sem þingmannaefni: Björn kaupmaður Kristjánsson í Reykjavík; Halldór bankagjaldkeri Jónsson, Reykjavík; Jón skólastjóri Þórarinsson, Hafnarfirði; Þórður J. Thoroddsen héraðslæknir, Keflavík.

Öll þessi þingmannaefni voru mætt persónulega á fundinum og fráféllu því að hafa sérstaklega meðmælendur. Var þeim öllum gefinn kostur á að taka til máls á fundinum og kjósendum að leggja spurningum fyrir þau. Eftir að þeim spurningum hafði varið svarað, er fyrir þingmannaefnin voru lögð, var gengið til atkvæða. En áður voru kjörskrár úr öllum hreppunum lagðar fram og hafði kjörstjórn rannsakað þær og ekkert fundið við þær að athuga að formi til nema það eitt, að kjörskráin úr Grindavíkurhreppi var undirskrifuð af oddvita hreppsins einum, en ekki af hreppsnefndinni í heild sinni.

Atkvæðagreiðsla fór þannig í fyrsta sinn að alls greiddu 289 kjósendur atkvæði, er féllu þannig: Björn kaupmaður Kristjánsson fékk 215 atkvæði, Þórður héraðslæknir Thoroddsen fékk 175 atkvæði, Jón skólastjóri Þórarinsson fékk 121 atkvæði, Halldór Jónsson, bankagjaldkeri fékk 67 atkvæði. Með því að hinir tveir fyrst nefndu þannig höfðu hvor um sig fengið meira en helming af atkvæðum þeim er greidd voru lýsti kjörstjórnin því yfir að þeir héraðslæknir Þórður J. Thoroddsen í Keflavík og Björn kaupmaður Kristjánsson í Reykjavík væru réttkjörnir alþingismenn fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir næstu 6 ár frá 1. júlí þ.á. að telja.

Að því búnu var kjörfundinum slitið, eftir að hann hafði staðið meira en 4 klukkutíma.

Páll Einarsson, Jóhannes Sigfússon, Jón Þórðarson

Gullbringu- og Kjósarsýsla 1903

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0040 – M/1, 1 [bls. 38–40]

Ár 1903, laugardaginn þ. 6. júní kl. 12 á hádegi var settur kjörfundur fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu í Góðtemplarahúsinu í Hafnarfirði til þess að kjósa tvo alþingismenn fyrir sýsluna fyrir 6 ár frá 1. júlí sama ár að telja. Fundinum stýrði kjörstjórnin, oddvitinn sýslumaður Páll Einarsson, og kjörstjórnarnir Jóhannes Sigfússon kennari í Hafnarfirði og séra Árni Þorsteinsson á Kálfatjörn, en þeir höfðu verið kosnir í kjörstjórn af sýslunefndinni. Kjörfundurinn hafði verið auglýstur með auglýsingu dags. 18. apríl þ.á. er birt hafði verið í blöðunum „Ísafold“ og „Þjóðólfi“ og auk þess send öllum hreppstjórum sýslunnar til birtingar í hreppunum.

Oddviti kjörstjórarinnar setti kjörfundinn og las upp konungsbréf dags. 25. sept. 1902 um að Alþingi skuli leyst upp og annað konungsbréf dags. sama dag um að nýjar kosningar til Alþingis skuli fram fara. Brýndi því næst kjörstjóri fyrir kjósendum þýðingu kosninganna.

Þessir höfðu gefið kost á sér til þingmennsku fyrir kjördæmið: Ágúst kaupmaður Flygenring í Hafnarfirði, Björn kaupmaður Kristjánsson í Reykjavík, Halldór bankagjaldkeri Jónsson í Reykjavík, Valtýr Guðmundsson háskólakennari í Kaupmannahöfn. Öll þessi þingmannaefni voru mætt persónulega á kjörfundinum og fráféllu að hafa sérstaka meðmælendur. Var öllum þingmannaefnum gefinn kostur á að taka til máls og kjósendum að setja fram fyrirspurnir til þingmannaefnanna.

Eftir að því var lokið var gengið til atkvæða, en áður lagði kjörstjórnin fram kjörskrár úr öllum hreppum kjördæmisins. Hafði kjörstjórnin áður athugað kjörskrárnar og ekkert fundið við form þeirra að athuga annað en það að kjörskráin í Grindavíkurhreppi hafði í annað sinn legið frammi hreppsþúum til sýnis frá 1.–21. júlí, en áður hafði hún verið send oddvita kjörstjórnarinnar, en hann aftur endursent hana hreppsnefndinni til að lagfæra augsjáanlega galla er á henni voru og kjörskrá Bessastaðahrepps hafði legið frammi frá 2.–22. jan 1903 eftir ráðstöfun amtmannsins yfir Suðuramtinu, sökum þess að kjörskrá þessi hafði ekki verið samin á réttum tíma.

Atkvæðagreiðsla féll þannig í fyrsta sinn að alls greiddu 319 kjósendur atkvæði þannig: Björn kaupmaður Kristjánsson fékk 265 atkvæði, Valtýr háskólakennari Guðmundsson fékk 229 atkvæði, Halldór bankagjaldkeri Jónsson fékk 89 atkvæði, Ágúst kaupmaður Flygenring fékk 55 atkvæði. Með því þannig tveir hinir fyrstnefndu af þingmannaefnunum höfðu hvor um sig fengið meira en helming af atkvæðum þeim er greidd voru, þá lýsti kjörstjórnin því yfir að þeir Björn kaupmaður Kristjánsson í Reykjavík og háskólakennari Valtýr Guðmundsson í Kaupmannahöfn væru réttkjörnir alþingismenn fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir næstu sex ár frá 1. júlí 1903 að telja.

Að því búnu var kjörfundinum slitið, eftir að hann hafði varað meira en 3 klukkutíma.

Páll Einarsson, Árni Þorsteinsson, Jóhannes Sigfússon

Árnessýsla

Árnessýsla 1881

Skjalasafn Alþingis, Ý K2 (1845-1887), 12: N 23–81

Ár 1881, laugardaginn þann 18. júní var að Hraungerði settur kjörfundur fyrir Árnessýslu kjördæmi og haldinn af undirskrifaðri kjörstjórn til að velja 2 þingmenn til Alþingis fyrir næstu 6 ár. Kjörskrár hreppanna fyrir 1880 yfir kjósendur og kjörgenga voru fram lagðar í staðfestum eftirritum samkvæmt kosningalögum, dagsettum 14. september 1877, 17. gr. Kjörfundur þessi var boðaður af oddvita með auglýsingu dagsettri 9. apríl 1881, sem send var til allra hreppa og birt af hreppstjórum við næstu kirkjufundi þar á eftir. Þá var upplesið bréf landshöfðingja, dagsett 16. mars þ.á., hvar í hann fyrirskipar nýjar kosningar á 2 alþingismönnum, þar þeir sem kosnir voru hér á þessum stað 6. sept. 1880 höfðu sagt af sér þingmennsku vegna formgalla sem þeir dæmdu á kosningunum.

Þess skal hér getið að séra Jón prófastur á Mosfelli hafði farið til Reykjavíkur 16. þ.m., og ætlaði ekki og gat ekki náð hingað til að vera, samkvæmt skyldu sinni meðlimur kjörstjórnarinnar. Í þessum vandræðum vildi svo vel til að meirihluti sýslunefndarinnar var kominn á kjörstaðinn og skaut oddvita hennar á fundi til að kjósa 1 meðlim í kjörstjórnina fyrir Árnessýslu í stað séra Jóns Jónssonar á Mosfelli og var Guðmundur Thorgrímsen riddari af Dannebrogssorðunni á Eyrarbakka kosinn í einu hljóði til að vera meðlimur kjörstjórnarinnar. Hann var til staðar á fundinum og tók alltsvo sæti í kjörstjórninni.

Candidat Magnús Andrésson hafði til kjörstjórnarinnar boðið sig fram með bréfi 14. júní þ.á. sem kom til oddvita kjörstjórnarinnar í tæka tíð, ásamt bréfi meðmælanda hans Helga Magnússonar í Birtingaholti, dagsettu 16. júní 1881. Ennfremur bauð fyrrum þingmaður Árnessýslu herra Þorlákur Guðmundsson í Hvammkoti sig fram á þinginu (var þar sjálfur til staðar) og séra Stefán Stephensen á Ólafsvöllum var hans meðmælandi.

Þar eð bæði þessi þingmannaefni eru utan sýslu, skoraði Jón Jónsson í Skeiðháholti (einn af kjósendum) á oddvita kjörstjórnarinnar að gefa kost á sér til þingmennsku og veitti oddviti þessari áskorun jákvæði og mælti hann síðan fram með oddvita. Að því búnu var af kjósendum lagðar spurningar fyrir þingmannaefni í réttri röð og

leystu þingmannaefnin úr þeim eftir föngum. Þegar enginn vildi spyrja fremur og þýðing kosninganna var brýnd fyrir kjósendum var gengið til atkvæða og gáfu allir atkvæði.

Að því búnu voru atkvæðin skrifuð upp, lesin saman og féllu þau þannig: Þorlákur Guðmundsson Hvammkoti fékk atkvæði 52, Magnús Andrésson Reykjavík candidat fékk atkvæði 32, Stefán Bjarnarson Eyrarbakka fékk atkvæði 29. Alltsvo eru kosnir alþingismenn fyrir Árnessýslu Þorlákur Guðmundsson Hvammkoti og Magnús Andrésson Reykjavík.

Eftir að atkvæðagreiðslan öll hafði verið lesin upphátt og í heyranda hljóði og allir höfðu gefið atkvæði, sem mætt höfðu, og allt var viðurkennt rétt bókað var fundi slitið eftir 3½ klukkutíma fundardvöl.

St. Bjarnarson, Sæm. Jónsson, Guðmundur Thorgrímsen (hinir kosnu meðlimir kjörstjórnarinnar)

Að þetta sé rétt eftirrit vitnar. St. Bjarnarson

Árnessýsla 1886

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: Lh. 212–87

Ár 1886, miðvikudaginn 9. júní var að Hraungerði settur kjörfundur fyrir Árnessýslu-kjördæmi og haldinn af undirskrifuðum kjörstjóra og kjörstjórnarmönnum til að velja 2 þingmenn til Alþingis fyrir næstu 6 ár. Kjörskrár hreppanna fyrir 1885 yfir kjósendur og kjörgenga voru framlagðar í staðfestum eftirritum, samkvæmt kosningalögum dags. 14. sept. 1877, 17. gr. Kjörfundur þessi var boðaður af oddvita með auglýsingu, dags. 6. maí 1886, sem send var til allra hreppa og birt af hreppstjórum við næstu kirkjufundi þar á eftir. Þá var lesin upp konungleg auglýsing til Íslendinga um að Alþingi sé leyst upp o.fl., dags. 2. nóv. 1885, og einnig opið bréf um nýja kosningar til Alþingis og að því skuli stefnt saman til aukafundar 28. júlí 1886, dags. 2. nóv 1885.

Til umræðu kom að 1 kjörskrá, nl. Ölvshrepps hefði ekki verið lögð fram hreppsúum til sýnis lögákveðinn tíma, en væri að öllu öðru leyti rétt, og lét fundurinn í ljósi þá skoðun sína, að Alþingi myndi fyrirgefa svo lítinn formgalla.

3 þingmannaefni buðu sig fram, nl: séra Jens Pálsson á Þingvelli, Þorlákur Guðmundsson í Hvammkoti og Skúli Þorvarðsson á Berghyl, sem voru allir á kjörfundinum; þessir allir tóku til máls eftir stafrófsröð og lýstu skoðunum sínum á ýmsum málefnum og í tilefni af því lögðu ýmsir af kjósendum spurningar fyrir þá og tóku til máls til þess að upplýsa málefnið og láta skoðanir sínar í ljósi þeim viðvirkjandi.

Þegar umræðunum var lokið, var gengið til atkvæða, þau skrifuð upp, lesin saman og féllu þau þannig: Þorlákur Guðmundsson í Hvammkoti fékk 108 atkvæði, Skúli Þorvarðsson á Berghyl fékk 77 atkvæði, Séra Jens Pálsson á Þingvelli fékk 31 atkvæði. Þess skal getið, að úr Ölveshrepp mættu 13 kjósendur og ekki fleiri. Að því búnu voru kjörbréfin útgefin og afhent viðkomandi alþingsmönnum.

Þá var kjörfundinum lokið.

D.u.s. St. Bjarnarson, Sæm. Jónsson, Ísl. Gíslason

Rétt eftirrit staðfestir.

Skrifstofu Árnassýslu að Gerðiskoti 11. júní 1886. St. Bjarnarson

Árnassýsla 1892

Dagbækur Alþingis: N 615–92 [135r–135v]

Ár 1892, laugardaginn 24. september var að Hraungerði settur kjörfundur fyrir Árnassýslu-kjördæmi og haldinn af undirskrifuðum kjörstjóra og kjörstjórnarmönnum, til að velja 2 alþingismenn fyrir næstu 6 ár. – Kjörskrár hreppanna yfir kjörgenga og kjósendur voru framlagðar í staðfestum eftirritum. – Kjörfundur þessi hafði verið boðaður af oddvita með auglýsingu, dags. 12. f.m., sem send var til allra hreppa í sýslunni og birt við kirkjufundi næstu þar á eftir. Þá var lesið upp opið bréf, dags. 26. febr. þ.á., um að almennar kosningar skuli fara fram í þessum mánuði.

Kjörstjórninni þótti það athugasvert við kjörskrána úr Stokkseyrarhreppi að stétt kjósenda var þar eigi nógu vel tilgreind.

3 þingmannaefni höfðu boðið sig fram, nl. Þorlákur Guðmundsson í Hvammkoti, Tryggvi kaupstjóri Gunnarsson og cand.mag. Bogi Melsteð í Kaupmannahöfn. Hinn fyrstnefndi var sjálfur viðstaddur á fundinum en frá 2 hinum síðarnefndu voru lögð fram skrifleg framboð. –

Eftir að þingmannsefni það er viðstatt var og meðmælendur hinna fjarverandi höfðu tekið til máls og svarað fyrirspurnum frá nokkrum kjósendum var gengið til atkvæða, þau talin upp, lesin saman og féllu þau þannig: Þorlákur Guðmundsson í Hvammkoti fékk 163 atkvæði, Bogi Melsteð kandídat í Kaupmannahöfn fékk 122 atkvæði, Tryggvi Gunnarsson kaupstjóri fékk 52 atkvæði. Að því búnu voru kjörbréfin útgefin og verða send hlutaðeigandi alþingismönnum.

Þá var kjörfundinum lokið.

D.u.s. Sigurður Ólafsson, Sæm. Jónsson, Ísl. Gíslason

Rétt eftirrit staðfestir. Sigurður Ólafsson

Árnessýsla 1894

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: Lh. 543–94

Ár 1894, laugardaginn 9. júní var kjörþing fyrir Árnessýslu-kjördæmi sett að Hraungerði um hádegisbil og haldið af oddvita kjörstjórnarinnar, Sigurði sýslumanni Ólafssyni og meðkjörstjórnarmönnum: Sæmundi prófasti Jónssyni í Hraungerði og Ólafi presti Ólafssyni í Arnarbæli, er báðir voru kosnir í kjörstjórnina af sýslunefndinni, hinn fyrrnefndi úr flokki nefndarinnar en hinn síðarnefndi úr flokki annarra kjósenda. Var þá tekið fyrir: að velja 2 alþingismenn fyrir kjördæmið til næstu 6 ára. Kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar voru framlagðar. – Kjörþing þetta hafði verið boðað af oddvita með auglýsingu, dags. 26. apríl þ.á., sem send var í alla hreppa sýslunnar og birt við kirkjufundi næstu á eftir. Oddviti las upp opið bréf 29. sept. 1893 um að Alþingi sé uppleyst og að nýjar kosningar skuli fram fara frá 1.–10. þ.m.

Kand. Bogi Melsteð í Kaupmannahöfn, sem eigi er mættur á kjörþinginu, hafði boðið sig fram til kosningar með bréfi, dags. 14. apríl síðastliðinn, er hljóðar þannig:

Ég undirritaður lýsi hér með yfir því, að ég býð mig fram til þingmennsku í Árnessýslu fyrir kjörtíma þann, er nú gengur í garð. – Því miður get ég eigi komið á kjörfundinn og átt tal við kjósendur sýslunnar og svarað spurningum þeirra. Ég hef því sent nokkrum meðmælendum mínum skriflega álit mitt um nokkur mál vor, sem nú eru helst á dagskrá, og mun einhver þeirra gera grein fyrir skoðunum mínum á kjörfundi og láta í ljósi ýmsar upplýsingar af minni hendi, sem óskað kann að verða eftir. Ég hef von um, að prestarnir séra Magnús

Helgason og Ólafur Helgason og bændurnir Ágúst bókbindari Helgason í Birtingaholti og Gunnlaugur hreppstjóri Þorsteinsson á Kiðjabergi verði meðmælendur mínir. – Samkvæmt 22. gr. laga um kosningar til Alþingis frá 14. sept. 1877 skal ég geta þess, að ég læt eigi bjóða mig fram til kosningar í nokkru öðru kjördæmi landsins.

Kaupmannahöfn, Marstrandsgötu 26,

14. dag aprílmán. 1894

Virðingarfyllst

Bogi Th. Melsteð

Til kjörstjórnarinnar í Árnessýslu.

Bréf þetta barst oddvita kjörstjórnarinnar í tæka tíð, ásamt yfirlýsingu Magnúsar prests Helgasonar um að hann vildi mæla fram með honum til kosningarinnar og er yfirlýsingin svolátandi:

Með bréf þessu læt ég yður vita, herra sýslumaður, að ég hef lofað herra kand.mag. Boga Melsteð meðmælum mínum við þingkosningar þær, er fram eiga að fara í vor hér í sýslu.

Torfastöðum 1. maí 1894.

Magnús Helgason

Til sýslumanns Árnesinga.

Ennfremur buðu sig fram til kosningar Hannes ritstjóri Þorsteinsson í Reykjavík, Tryggvi bankastjóri Gunnarsson og Þorlákur bóndi Guðmundsson í Fífuhvammi, er allir voru viðstaddir á kjörþinginu. Meðmælendur Hannesar Þorsteinssonar voru þeir Guðmundur læknir Guðmundsson í Laugardælum og Gunnar bóndi Einarsson á Selfossi. Meðmælandi Tryggva Gunnarssonar var Valdimar prestur Briem á Stóranúpi o.fl., en kosningu Þorláks Guðmundssonar studdi Skúli bóndi Þorvarðarson á Berghyl.

Eftir að þingmannaefni þau, er viðstödd voru, og meðmælandi hins fjærverandi höfðu tekið til máls og svarað spurningum frá nokkrum kjósendum var gengið til atkvæða. Að lokinni atkvæðagreiðslunni var atkvæðaskráin borin saman við kjörskrárnar og atkvæði síðan talin saman og féllu þau þannig: Tryggvi bankastjóri Gunnarsson í Reykjavík hlaut 115 atkvæði, Þorlákur bóndi Guðmundsson í

Fífuhvammi hlaut 103 atkvæði, Hannes ritstjóri Þorsteinsson í Reykjavík hlaut 75 atkvæði, Bogi kand. Melsteð í Kaupmannahöfn hlaut 67 atkvæði. Kjörstjórnin lýsti því yfir fyrir þingheiminum að þeir Tryggvi bankastjóri Gunnarsson og Þorlákur bóndi Guðmundsson í Fífuhvammi væru löglega kosnir alþingismenn fyrir kjördæmið. Að því búnu voru kjörbréfin útgefin og afhent hlutaðeigandi alþingismönnum.

Þá var kjörþinginu slitið kl. 7 e.m.

Sigurður Ólafsson, Sæm. Jónsson, Ólafur Ólafsson

Rétt eftirrit staðfestir. Sigurður Ólafsson

Árnessýsla 1900

Dagbækur Alþingis: No 223/ 1/10-’00 [52r-52v]

Ár 1900, laugardaginn 22. september var kjörþing fyrir Árnessýslu kjördæmi sett að Selfossi á hádegi og haldið af oddvita kjörstjórnarinnar, Sigurði sýslumanni Ólafssyni og meðkjörstjórnarmönnum Ólafi presti Ólafssyni í Arnarbæli og Ólafi presti Sæmundssyni í Hraungerði, er báðir voru kosnir í kjörstjórnina af sýslunefndinni, hinn síðarnefndi úr flokki sýslunefndarmanna, en hinn fyrrnefndi úr flokki annarra kjósenda. Var þá tekið fyrir að velja 2 alþingismenn fyrir kjördæmið fyrir næstu 6 ár. Kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar voru fram lagðar. Kjörþing þetta hafði verið boðað af oddvita með auglýsingu, dags. 16. f.m., sem birt var í blaðinu Ísafold og að auki send á alla hreppa sýslunnar og birt við kirkjufundi næstu á eftir. Oddviti las upp opið bréf 2. mars þ.á. um að almennar kosningar til alþingis skuli framfara í septembermánuði þ.á.

Til kosningar buðu sig fram 4 þingmannaefni, er öll voru viðstödd á kjörþinginu: 1) Hannes ritstjóri Þorsteinsson í Reykjavík og voru meðmælendur hans Jakob hreppstjóri Árnason í Auðsholti, Símon bóndi Jónsson á Selfossi o.fl. 2) Magnús prestur Helgason á Torfastöðum og mæltu fram með kosningu hans Brynjólfur hreppstjóri Einarsson á Sóleyjarbakka og Ólafur prestur Helgason á Stóra-Hrauni. 3) Pétur barnakennari Guðmundsson á Eyrarbakka. Meðmælendur hans voru Ásgeir læknir Blöndal, Halldór bóndi Einarsson á Brúsastöðum o.fl. 4) Sigurður búfræðingur Sigurðsson í Reykjavík og studdu kosningu hans þeir Ágúst bóndi Helgason í Birtingaholti og Eggert bóndi Benediktsson í Laugardælum.

Eftir að þingmannaefnin öll og nokkrir af meðmælendum þeirra höfðu tekið til máls var gengið til atkvæða. Að lokinni atkvæðagreiðslu var atkvæðaskráin borin saman við kjörskrárnar og atkvæði síðan talin saman og féllu þau þannig: Hannes ritstjóri Þorsteinsson hlaut 154 atkvæði, Sigurður búfræðingur Sigurðsson hlaut 154 atkvæði, Pétur kennari Guðmundsson hlaut 125 atkvæði, Magnús prestur Helgason hlaut 113 atkvæði. Kjörstjórnin lýsti því yfir fyrir þingheiminum, að þeir Hannes ritstjóri Þorsteinsson og Sigurður búfræðingur Sigurðsson væru löglega kosnir alþingismenn fyrir kjördæmið. Að því búnu voru kjörbréfin útgefin og afhent hlutaðeigandi alþingismönnum.

Þá var kjörþingi slitið kl. 8 e.m.

Sigurður Ólafsson, Ólafur Ólafsson, Ólafur Sæmundsson

Rétt eftirrit staðfestir

Skrifstofu Árnassýslu 24. september 1900. Sigurður Ólafsson

Árnassýsla 1902

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: [Ómerkt askja – 209]

Ár 1902, mánudaginn 2. júní var kjörþing fyrir Árnassýslu kjördæmi sett að Selfossi nálægt hádegi og haldið af oddvita kjörstjórnar, sýslumanni Sigurði Ólafssyni, og meðkjörstjórum: Valdimar prófasti Briem og Magnúsi presti Helgasyni, er báðir voru kosnir í kjörstjórnina af sýslunefndinni, hinn fyrrnefndi úr flokki sýslunefndarmanna, hinn síðarnefndi úr flokki annarra kjósenda. Var þá tekið fyrir að velja 2 alþingismenn fyrir kjördæmið til næstu 6 ára. Kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar voru lagðar fram. Samkvæmt þeim er tala kosningarbærra manna í allri sýslunni = 643. Kjörþing þetta hefur verið boðað af oddvita með auglýsingu dags. 23. apríl þ.á. sem prentuð var í blaðinu „Ísafold“ og var auk þess send í alla hreppa sýslunnar til birtingar við kirkjufundi. Oddviti las upp opið bréf 13. sept. 1901 um að Alþingi, sem nú er, skuli leyst upp og annað opið bréf s.d. um nýjar kosningar til Alþingis.

Til kosningar buðu sig fram 4 þingmannaefni, er öll voru viðstödd á kjörþinginu: 1) Eggert bóndi Benediktsson í Laugardælum. Meðmælendur hans voru: Ágúst bóndi Helgason, Jakob hreppstjóri Árnason, Ólafur prestur Sæmundsson, emerit prestur Stefán Stephensen, Kolbeinn bóndi Eiríksson og Guðmundur hreppstjóri

Þorvarðarson. 2) Hannes ritstjóri Þorsteinsson. Meðmælendur hans voru: Jón organisti Pálsson, Jón bóndi Sveinbjörnsson, Magnús bóndi Jónsson, Símon snikkari Jónsson og Tómas hreppstjóri Guðbrandsson. 3) Ólafur prestur Ólafsson í Arnarbæli. Meðmælendur: Ólafur kaupmaður Árnason, Árni hreppstjóri Pálsson, Gísli bóndi Einarsson, Brynjólfur hreppstjóri Einarsson, Jakob hreppstjóri Árnason og Jón hreppstjóri Jónsson. 4) Pétur kennari Guðmundsson á Eyrarbakka. Kosningu hans studdu: Ásgeir læknir Blöndal, Halldór bóndi Einarsson, Jón bóndi Jónsson og Jón bóndi Sigurðsson.

Eftir að nokkrir af meðmælendum þingmannaefnanna og öll þingmannaefnin höfðu tekið til máls og svarað spurningum frá nokkrum kjósendum var gengið til atkvæða. Að lokinni atkvæðagreiðslu var atkvæðaskráin borin saman við kjörskrárnar og atkvæði síðan talin saman og féllu þau þannig: Hannes ritstjóri Þorsteinsson hlaut 189 atkvæði, Eggert bóndi Benediktsson hlaut 169 atkvæði, Pétur kennari Guðmundsson hlaut 161 atkvæði, Ólafur prestur Ólafsson hlaut 145 atkvæði. Kjörstjórnin lýsti því yfir fyrir þingheiminum að þeir Hannes ritstjóri Þorsteinsson og Eggert bóndi Benediktsson væru löglega kosnir alþingismenn fyrir kjördæmið. Að því búnu voru kjörbréfin útgefin og afhent hinum kosnu alþingismönnum.

Þá var kjörþinginu slitið kl. 7 síðdegis.

Sigurður Ólafsson, Magnús Helgason, Valdimar Briem

Rétt eftirrit staðfestir. Skrifstofu Árnassýslu, 3. júní 1902. Sigurður Ólafsson.

Árnassýsla 1903

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: [Ómerkt askja – 209]

Ár 1903, miðvikudaginn 3. júní var kjörþing fyrir Árnassýslu sett að Selfossi nálægt hádegi og haldið af oddvita kjörstjórnar, sýslumanni Sigurði Ólafssyni, og meðkjörstjórum Ólafi presti Helgasyni og Gunnlaugi hreppstjóra Þorsteinssyni, er báðir voru kosnir í kjörstjórnina af sýslunefndinni, hinn fyrrnefndi úr flokki sýslunefndarmanna, hinn síðarnefndi úr flokki annarra kjósenda. Var þá tekið fyrir að velja 2 alþingismenn fyrir kjördæmið fyrir næstu 6 ár. Kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar voru lagðar fram. Samkvæmt þeim er tala kosningabærra manna í allri sýslunni = 635.

Kjörþing þetta hefur verið boðað af oddvita með auglýsingu, dags. 21. apríl þ.á., sem prentuð var í blaðinu „Þjóðólfi“ og var auk þess send í alla hreppa sýslunnar til birtingar við kirkjufundi. Oddviti las upp opið bréf 25. sept. 1902 um að Alþingi, sem nú er, skuli leyst upp og annað opið bréf s.d. um nýjar kosningar til Alþingis.

Til kosningar buðu sig fram 4 þingmannaefni, er öll voru viðstödd á kjörþinginu: 1) Eggert bóndi Benediktsson í Laugardælum. Meðmælendur hans voru: Ágúst bóndi Helgason, Jakob hreppstjóri Árnason, Kolbeinn bóndi Eiríksson, Ólafur prestur Sæmundsson og Stefán emerit prestur Stephensen. 2) Hannes ritstjóri Þorsteinsson í Reykjavík. Meðmælendur hans: Gísli bóndi Gíslason, Jón hreppstjóri Sveinbjörnsson, Magnús bóndi Jónsson, Símon snikkari Jónsson og Tómas hreppstjóri Guðbrandsson. 3) Ólafur prestur Ólafsson í Arnarbæli. Meðmælendur: Ólafur kaupmaður Árnason, Jakob hreppstjóri Árnason, Brynjólfur hreppstjóri Einarsson og Guðmundur hreppstjóri Þorvarðarson. 4) Pétur kennari Guðmundsson á Eyrarbakka. Meðmælendur: Ásgeir læknir Blöndal, Jón bóndi Sigurðsson, Jón bóndi Jónsson, Guðbrandur bóndi Tómasson, Sigurður bóndi Þorsteinsson, Jón bóndi Einarsson og Halldór bóndi Einarsson.

Eftir að nokkrir af meðmælendum þingmannaefnanna og öll þingmannaefnin höfðu tekið til máls, var gengið til atkvæða. Að lokinni atkvæðagreiðslu var atkvæðaskráin borin saman við kjörskrárnar og atkvæði síðan talin saman og féllu þau þannig: Hannes ritstjóri Þorsteinsson hlaut 209 atkvæði, Ólafur prestur Ólafsson hlaut 179 atkvæði, Eggert bóndi Benediktsson hlaut 172 atkvæði, Pétur kennari Guðmundsson hlaut 154 atkvæði. Kjörstjórnin lýsti yfir því fyrir þingheiminum, að þeir Hannes ritstjóri Þorsteinsson og Ólafur prestur Ólafsson væru löglega kosnir alþingismenn fyrir kjördæmið. Að því búnu voru kjörbréfin útgefin og afhent hinum kosnu alþingismönnum.

Þá var kjörþinginu slitið kl. 9½ síðdegis.

Sigurður Ólafsson, Ólafur Helgason, Gunnlaugur Þorsteinsson

Rétt eftirrit staðfestir. Skrifstofu Árnassýslu, 4. júní 1903. Sigurður Ólafsson.

Rangárvallasýsla

Rangárvallasýsla 1874

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0045 – MA/1, 2

Ár 1874, hinn 30. júlí var kjörstjórnfundur haldinn að Velli í Hvolhreppi af sýslumanni H.E. Johnsson, sem kjörstjóra sýslunnar, með tilkvöddum meðkjörstjórnarmanni prófasti Á. Jónssyni R. af Dbr. og presti Skúla Gíslasyni. Þær af prestum og hreppstjórum sömdu skrár yfir kosningarbæra og kjörgenga til alþingis í sýslunni voru framlagðar nákvæmlega rannsakaðar og leiðréttar að því þurfti og sambornar við aðalskrá þá, sem eftir þeim hafði verið samin; þar ekki þótti nægur tími til að láta prenta kjörskrána, var afraðið að láta skrifa þau afrit af henni sem þyrfti til að vera almenningi til sýnis hjá prestunum.

Var svo fundinum slitið. – Ut supra.

H. Johnsson, Á. Jónsson, Skúli Gíslason

Ár 1874 hinn 28. ágúst var kjörstjórnarfundur haldinn að Velli í Hvolhreppi af kjörstjórninni. Þar [voru] afskrifaðar kjörskrár saman bornar við frumritið og undirskrifaðar og afgreiddar til prestanna í sýslunni til að framleggjast almenningi til sýnis.

Kjörstjórnarfundi svo slitið.

H. Johnsson, Á. Jónsson, Skúli Gíslason

Ár 1874 hinn 1. október var kjörstjórnarfundur haldinn að Velli í Hvolhreppi af kjörstjórninni, voru þá framlagðar aðalskránnar, sem legið hafa hinn lögboðna 14 daga almenningi til sýnis hjá öllum sóknarprestunum í sýslunni og hreppstjóra, þar sem enginn sóknarprestur er, og höfðu þeir ritað á þær vottanir sínar um það; Ein kvörtun var framkomin um að kjósanda væri sleppt og var honum af kjörstjórninni bætt inní allar skránnar; aðrar útásetningar voru ekki framkomnar gegn skránum, eða mótmæli, var því ákveðið að halda kjörfundinn 23. dag sama mánaðar, auglýsingar um það sendar hreppstjórunum til birtingar í hreppunum. Skránnar

sendar aftur prestunum til að vera þar almenningi til sýnis þar til kosningar fram fara og á þær ritað kjörfundar dagur og staður.

Kjörstjórnarfundi svo slitið.

H. Johnsson, Á. Jónsson, Skúli Gíslason.

Ár 1874, hinn 23. október kl. 12 m.d. var að Stórólshvoli í Hvolhreppi haldinn almennur kosningarfundur af kjörstjórn þeirri sem að fram segir, til þess samkvæmt allra hæsta konungsbréfi dags. 20. maí s.á. að kjósa tvo alþingismenn fyrir Rangárvallasýslu fyrir í hönd farandi næsta 6 ára þingtíma. Kosningarfundurinn hafði verið fyrirfram boðaður með bréfi kjörstjórnar dags. 1. október s.á. sem birt hafði verið af hreppstjórum á kirkjufundum í öllum hreppum sýslunnar, svo hafði og auglýsing um fundinn verið almenningi til sýnis verið rituð á kosningarskránnar sem legið hafa hjá öllum sóknarprestunum í sýslunni, í lögskipaðan tíma.

Eftir að fundurinn var settur las kjörstjóri fyrst upp reglugjörð fyrir kjörstjóra í sýslunni dags. 24. mars 1843, þar næst fyrr nefnt allrahæsta konungsbréf um kosninguna; svo tvö bréf frá Dr. Grími Thomsen á Bessastöðum í Gullbringusýslu dags. 9. og 13. septbr. s.á. með hverjum hann býðst til að vera alþingismaður fyrir sýsluna, ef kjósendur vilji; því næst skoraði kjörstjóri á þá mættu kjósendur að koma fram með mótmæli þau, sem þeir kynnu að hafa á mótu kjörskránum eða undirbúningi kosninganna, og þar engum mótmælum var hreyft hvatti kjörstjóri menn til að vanda kosningar sínar, varaði þá við að dreifa atkvæðum vegna tímans og bannaði mönnum að fara af fundi fyrr en kosning væri fullráðin; skoraði hann síðan á menn að ganga til atkvæða eftir sömu röð og viðhöfð væri í atkvæðaskránni.

Fór síðan atkvæðagreiðslan fram eins og atkvæðabækurnar sýna, þær bornar saman og þau greiddu atkvæði talin og féll atkvæðagreiðslan þannig: að af 69 kjósendum, sem atkvæði greiddu, kusu 63 Sighvat hreppstjóra Árnason í Eyvindarholti; 60 Ísleif prest Gíslason í Vestri-Kirkjubæ; 14 Dr. Grím Thomsen á Bessastöðum og 1 hreppstjóra Sigurð Magnússon á Skúmstað. – Voru þannig kosnir til alþingismanna fyrir sýsluna hreppstjóri Sighvatur Árnason í Eyvindarholti með 63 atkvæðum og Ísleifur prestur Gíslason í Vestri-Kirkjubæ með 60 og var þeirri kosningu lýst yfir á kjörfundinum og tóku báðir þeir kosnu sem voru á kjörþinginu við kosningunni. Við atkvæðagreiðsluna var það athugavert að 1 kjósandi mætti til að greiða atkvæði sem

ekki var tilgreindur á kjörskránni, Bjarni bóndi Einarsson á Eystri-Garðsauka, og var hann af kjörstjórninni álitinn kosningarbær og greiddi því atkvæði sitt.

Var svo kjörfundinum slitið.

H. Johnsson, Á. Jónsson, Skúli Gíslason.

Rangárvallasýsla 1880

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0045 – MA/1, 2

Ár 1880, 17. dag septemberm. var kjörþing til alþingiskosninga samkvæmt kgl. opnu bréfi 2. mars s.á. haldið að Stórolfshvoli í Hvolhrepp af kjörstjórn sýslunnar, í hverri sátu sýslumaðurinn í sýslunni og þeir af sýslunefndinni kosnu meðkjörstjórar settur prófastur Skúli Gíslason úr sýslunefndinni og Sveinbjörn prestur Guðmundsson úr flokki kjósenda, til að kjósa alþingismenn fyrir sýsluna fyrir næsta 6 ára kosningartíma. Kjörþingið hafði verið boðað með auglýsingu kjörstjóra dags. 2. ágúst s.á. sem birt hafði verið á kirkjufundum í öllum hreppum sýslunnar með lögboðnum fresti á undan kosningardegnum. Nefnt kgl. opið bréf var upplesið á fundinum. Síðan vakti kjörstjóri athygli kjósenda á nauðsyn kosninganna og að þær tækjust sem best [og] kostur væri á.

Síðan skýrði hann frá þingmannaefnum þeim sem hefðu boðið sig fram og meðmælismönnum þeirra af flokki kjósenda og voru þeir þessir; yfirkennari H.E. Helgesen í Reykjavík, meðmælismenn hans hreppsnefndarmaður Árni Helgason á Brekkum og hreppstjóri Helgi Jónsson í Árbæ. Bóndi Jón Björnsson í Austvaðsholti, meðmælismenn hans Guðmundur prestur Jónsson á Stóruvöllum og bóndi Erlendur Eyjólfsson á Herríðarhóli. Hreppstjóri Sighvatur Árnason í Eyvindarholti, meðmælismenn hans hreppstjóri Sigurður Magnússon á Skúmstöðum og sýslunefndarmaður Ísleifur Magnússon á Kanastöðum. – Ennfremur skoraði kjósandinn Jón bóndi Þórðarson á Eyvindarmúla á hreppsnefndarmann Skúla Þorvarðarson á Fitjarmýri að taka við kosningu og bauðst til að mæla fram með honum til þess og hið sama gjörði hreppstjóri Sighvatur Árnason í Eyvindarholti. Nefndur Skúli kvaðst taka við kosningu ef atkvæði féllu svo. Síðan skoraði kjörstjórinn á meðmælismenn kosningarbeiðenda að kannast við meðmæli sín og gjörðu þeir það allir.

Síðan gaf hann þeim og kosningarbeiðendum kost á að snúa máli sínu til kjósenda og gjörðu þeir það eftir þeirri röð sem kosningarlögin ákveða. H.E. Helgesen var síðan af hreppstjóra Brynjólfi Stefánssyni á Selalæk spurður að skoðun sinni á málum um brúargjörð á Þjórsá og Ölfusá og af Sighvati Árnasyni hreppstjóra á Eyvindarholti um skoðun hans á landamerkjamálinu og lýsti kosningarbeiðandinn álitinu sínu á þessum málum. Jón Björnsson í Austvaðsholti var af Sighvati hreppstjóra Árnasyni á Eyvindarholti spurður um skoðun sína á stjórnarskránni hvort hann álti hún þyrfti breytinga við bráðlega og ef svo væri þá hverra helst og lét kosningarbeiðandi í ljósi að breytingar mundi þurfa án þess að tilgreina í hverju. Sighvatur Árnason var ekki spurður að neins af kjósendum. Skúli Þorvarðarson var af Brynjólfi hreppstjóra Stefánssyni á Selalæk spurður um skoðun sína á landbúnaðarmálinu og voru spurningar og svör óljós.

Þar eð fleiri óskuðu ekki að taka til máls skoraði kjörstjóri á kjósendur að ganga til atkvæða, samkvæmt kjörskránum sem voru framlagðar á þinginu, [og] lýsti því yfir að atkvæðagreiðslan eftir ályktun kjörstjórnarinnar, eins og fyrirfram hefði verið auglýst í kjörfundarboðuninni, skyldi byrjast af kjósendum í Holtamannahreppi og ganga svo eftir venjulegri röð á hreppunum; brýndi hann fyrir mönnum að vanda kosninguna og tók mönnum vara fyrir að fara af kjörþinginu fyrr en sæist hvort kosningin yrði endileg. Engum mótmælum var hreyft gegn kjörskránum né boðun á kjörþinginu né öðru að kosningunum lútandi. Síðan var gengið til atkvæða, þau greidd, kjörskrá og atkvæðaskrá bornar saman, atkvæði talin saman og féllu atkvæði þannig: af 88 kjósendum sem greiddu atkvæði kusu 85 hreppstjóra Sighvat Árnason í Eyvindarholti, 47 Skúla bónda Þorvarðsson á Fitjarmýri, 36 Jón bónda Björnsson í Austvaðsholti og 8 yfirkennara H.E. Helgesen í Reykjavík. Lýsti kjörstjóri því yfir fyrir þingheiminum hvernig atkvæðagreiðslan þannig hefði fallið og að þeir Sighvatur Árnason og Skúli Þorvarðsson væru hinir kosnu þingmenn sýslunnar fyrir kosningartímabilið.

Var svo kjörþinginu slitið.

H.E. Johnson, Skúli Gíslason, Svb. Guðmundsson

Rangárvallasýsla 1886

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0045 – MA/1, 2

Ár 1886, hinn 8. júní var að Stórólshvoli í Hvolhreppi haldið kjörþing Rangár-
vallasýslu til alþingiskosninga samkvæmt konunglegu opnu bréfi útgefnu 2.
nóvember 1885 af kjörstjórn kjördæmisins í hverri sátu sýslumaðurinn í sýslunni
H.E. Johnsson þeir af sýslunefndinni kosnu meðkjörstjórar prófastur Skúli Gíslason
úr sýslunefndinni og prestur Halldór Ó. Þorsteinsson úr flokki kjósendanna til að
kjósa alþingismenn fyrir sýsluna fyrir næst í höndfaranda 6 ára tímabil.
Kjörfundurinn hafði verið boðaður með auglýsingu kjörstjóra frá 17. apr. s.á. birtri á
kirkjufundum í öllum hreppum kjördæmisins með lögboðnum fresti á undan
kosningardegi. Nefnt konungsbréf var upplesið. Því næst vakti formaður
kjörstjórnar athygli kjósenda á þýðingu kosninganna og hve áriðandi væri að vanda
þær sem best.

Síðan skýrði hann frá hverjir hefðu boðið sig til þingmennsku og tilgreindi
meðmælimenn þeirra. Það voru þessir: 1) Jón Jónsson söðlasmiður í Hlíðarendakoti,
meðmælimenn hans bændurnir Sigurður Ólafsson á Butru í Fljótshlíð, Sigurður
Sighvatsson á Þórunúpi og Þorleifur Eyjólfsson á Múlakoti; 2) Sighvatur Árnason
hreppstjóri í Eyvindarholti meðmælimenn hans bændurnir Ísleifur Magnússon á
Kanastöðum og Sigurður Magnússon dannebrogismaður á Skúmstöðum; 3)
Þorvaldur Björnsson verslunarmaður í Núpakoti, meðmælimenn hans bændurnir
Jón Sighvatsson á Efriholtum og Jón Sveinbjörnsson frá Vesturholtum. Því næst
skoraði hann [sýslumaður] á meðmælimenn kosningarbeiðenda að gangast við
meðmælum sínum og gjörðu þeir það allir. Svo gaf hann þeim og þingmanna-
efnunum kost á að snúa máli sínu til kjósenda og gjörðu þeir það í þeirri röð sem
kosningarlögin ákveða. Síðan var kjósendum leyft að beina spurningum til
meðmælimanna og þingmannaefna um almenningsmál.

Eftir að menn höfðu grennslast eftir meiningum þeirra um ýmis mál og þeir svarað
spurningum þeim, sem að þeim voru beindar, skoraði einn af kjósendum Matthías
prestur Jochumsson í Odda á hreppstjóra Þórð Guðmundsson í Hala, sem var á
kjörfundinum, að gefa kost á sér til þingmennsku og bauð sig fram sem
meðmælimann hans, og þegar hann hafði gjört það og lýst því yfir að hann hefði
ekki neinstaðar annars staðar gefið kost á sér, bauðst kjósandinn Ólafur prestur
Ólafsson á Guttormshaga einnig til að vera meðmælimaður hans. Var því
kjósendum einnig gefinn kostur á að grennslast eftir skoðunum þessa
þingmannsefnis og meðmælimanna hans á almenningsmálum og var það gjört. Þar
eð fleiri ekki óskuðu að taka til máls skoraði formaður kjörstjórnarinnar á kjósendur

að ganga til atkvæða samkvæmt kjörskránum sem voru framlagðar og lýsti jafnframt yfir að kjörstjórnin hefði afráðið að atkvæðagreiðslan byrjaði á kjósendum út Holtamannahreppi, eins og gjört hefði verið ráð fyrir í kjörfundarboðuninni og svo hrepp af hreppi eftir venjulegri röð. Hvatti kjósendur enn á ný til að vanda kosningarnar og tók þeim vara fyrir að fara af kjörfundinum fyrr en útséð væri um kosningarnar.

Var svo gengið til atkvæða, þegar útséð þótti um að engum mótmælum yrði hreyft gegn kjörskránum, kjörfundarboðum né öðru aðlútandi kosningunum. Svo voru atkvæði greidd og þegar enginn fleiri gaf sig fram til atkvæðagreiðslu, þrátt fyrir áskorun kjörstjórnarinnar, voru kjörskrárnar bornar saman við atkvæðaskrána atkvæði svo talin saman og höfðu þau fallið þannig: af 108 kjósendum sem atkvæði greiddu kusu 104 Sighvat hreppstjóra Árnason, 44 Þorvald verslunarmann Björnsson, 43 Jón söðlasmið Jónsson og 25 Þórð hreppstjóra Guðmundsson. Hlaut því aðeins hinn fyrstnefndi nægilegan atkvæðafjölda til gildirar kosningar. Eftir að þessu hafði verið lýst yfir fyrir kjósendum, skoraði kjörstjórnin á þá að ganga aftur til atkvæða um annan þingmann og gjörðu þeir það í sömu röð og áður og eftir að engir fleiri gáfu sig fram til kosningarinnar, þrátt fyrir áskorun, voru kjörskrár og atkvæðaskrá saman bornar, atkvæðin talin saman og höfðu þau þá fallið þannig: af 101 atkvæði sem greiddu höfðu verið féllu 61 á Þorvald verslunarmann Björnsson, en 40 á Jón söðlasmið Jónsson. Var svo gjört uppskált hvernig sú kosning hefði fallið og því lýst yfir að Sighvatur Árnason og Þorvaldur Björnsson væru kosnir alþingismenn sýslunnar og kosningarbréf þeirra fengin þeim.

Var svo kjörfundinum slitið.

H.E. Johnsson, Skúli Gíslason, H.Ó. Þorsteinsson

Rangárvallasýsla 1891 (aukakosning)

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0045 – MA/1, 2

Ár 1891, 15. júní var að Stórólshvoli í Hvollhreppi haldið kjörþing Rangárvallasýslu til alþingiskosninga, samkvæmt amtsbréfi 3. apríl síðastl., af kjörstjórn kjördæmisins í hverri sátu sýslumaðurinn í sýslunni Páll Briem og þeir af sýslunefndinni kosnu meðkjörstjórar, Jón hreppstjóri Árnason úr sýslunefndinni og Halldór prestur Þorsteinsson úr flokki kjósendanna, til að kjósa alþingismann í stað Þorvaldar

Bjarnarsonar sem sagt hafði af sér þingmennsku fyrir það sem eftir er af yfirstandandi 6 ára kjörtíma. Kjörfundurinn hafði verið boðaður með auglýsingu kjörstjóra frá 27. apríl s.á., birtri á kirkjufundum í öllum hreppum kjördæmisins með lögboðnum fresti á undan kosningardegi. Nefnt amtsbréf var upplesið. Því næst vakti formaður kjörstjórnar athygli kjósenda á þýðingu kosninganna og hve áriðandi væri að vanda þær sem best.

Síðan skýrði hann frá hverjir hefðu boðið sig til þingmennsku og tilgreindi meðmælistmenn þeirra. Það voru þessir: 1) Jón Jónsson söðlasmiður í Hlíðarendakoti, meðmælistmenn hans bændurnir Jón Ólafsson á Sámsstöðum og Sigurður Sighvatsson á Þórunúpi; 2) Ólafur prestur Ólafsson í Guttormshaga, meðmælistmenn hans Eyjólfur bóndi Guðmundsson í Hvammi og séra Skúli Skúlason í Odda; 3) Þórður hreppstjóri Guðmundsson í Hala, meðmælistmenn hans Sighvatur hreppstjóri Árnason í Eyvindarholti og bændurnir Þorvaldur Bjarnarson á Þorvaldseyri, Þorsteinn Thorarensen á Móeiðarhvoli og Grímur Skúlason á Kirkjubæ. Því næst skoraði hann á meðmælistmenn kosningarbeiðenda að gangast við meðmælum sínum og gjörðu þeir það allir. Svo gaf hann þeim og þingmannaefnunum kost á að snúa máli sínu til kjósenda og gjörðu þeir það í þeirri röð sem kosningalögin ákveða. Síðan var kjósendum leyft að beina spurningum til meðmælistmanna og þingmannaefna um almenningsmál.

Eftir að menn höfðu grennslast eftir meiningum þeirra um ýmis mál og þeir svarað spurningunum þeim sem að þeim voru beindar og með því að ekki fleiri óskuðu að taka til máls, skoraði formaður kjörstjórnarinnar á kjósendur að ganga til atkvæða, samkvæmt kjörskránum, sem voru framlagðar og lýsti jafnframt yfir, að kjörstjórnin hefði afráðið að atkvæðagreiðslan byrjaði á kjósendum úr Holtamannahreppi og svo hrepp af hreppi eftir venjulegri röð. Hvatti kjósendur enn á ný til að vanda kosningarnar og tók þeim vara fyrir að fara af kjörfundinum, fyrr en útséð væri um kosningarnar. Var svo gengið til atkvæða þegar útséð þótti um að engum mótmælum yrði hreyft gegn kjörskránum, kjörfundarboðun né öðru aðlútandi kosningunum.

Svo voru atkvæði greidd og þegar engir fleiri gáfu sig fram til atkvæðagreiðslu, þrátt fyrir áskorun kjörstjórnarinnar, voru kjörskrárnar bornar saman við atkvæðaskrána, atkvæði svo talin saman og höfðu þau fallið þannig að af 118 kjósendum höfðu 9 greitt atkvæði með Jóni Jónssyni söðlasmiði, 53 með séra Ólafi Ólafssyni og 56 með

Þórði hreppstjóra Guðmundssyni. Eftir að þessu hafði verið lýst yfir skoraði kjörstjórnin á kjósendur að ganga aftur til atkvæða, og gjörðu þeir það í sömu röð og áður og eftir að engir fleiri gáfu sig fram til kosningarinnar, þrátt fyrir áskorun, voru kjörskrár og atkvæðaskrá saman bornar, atkvæðin talin saman og höfðu þau þá fallið þannig að af 112 kjósendum höfðu 58 kosið séra Ólaf Ólafsson í Guttormshaga og 54 hreppstjóra Þórð Guðmundsson í Hala. Lýsti kjörstjóri svo yfir, hvernig kosningin hefði fallið og að séra Ólafur Ólafsson væri kosinn alþingismaður sýslunnar.

Var svo kjörfundinum slitið.

Páll Briem, Jón Árnason, H.Ó. Þorsteinsson

Rangárvallasýsla 1892

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0045 – MA/1, 2

Ár 1892, hinn 30. septembermánaðar var að Stórólshvoli í Hvolhreppi haldið kjörþing Rangárvallasýslu til alþingiskosninga samkvæmt konungsbréfi 26. febrúarmán. 1892 af kjörstjórn kjördæmisins í hverri sátu sýslumaðurinn í sýslunni Páll Briem og þeir af sýslunefndinni kosnu meðkjörstjórar, Eyjólfur oddviti Guðmundsson úr sýslunefndinni og Skúli prestur Skúlason úr flokki kjósendanna, til að kjósa alþingismenn fyrir sýsluna fyrir næstkomanda 6 ára tímabil. Kjörfundurinn hafði verið boðaður með auglýsingu kjörstjóra frá 29. f.m. birtri á kirkjufundum og á annan hátt í öllum hreppum kjördæmisins með lögboðnum fresti á undan kosningardegi. Nefnt konungsbréf var upp lesið. Því næst vakti formaður kjörstjórnarinnar athygli kjósenda á þýðingu kosninganna og hve áriðandi væri að vanda þær sem best.

Síðan skýrði hann frá hverjir hefðu boðið sig til þingmennsku og tilgreindi meðmælistmenn þeirra. Þessir buðu sig fram: 1) Ólafur prestur Ólafsson í Guttormshaga, meðmælendur hans: Kjartan prófastur Einarsson í Holti, sýslunefndarmaður Sighvatur Árnason í Eyvindarholti, Tómas bóndi Böðvarsson á Reyðarvatni, Jón Loftsson, sýslunefndarmaður á Vestri-Geldingalæk, Ólafur hreppstjóri Jónsson í Austvaðsholti, Jón bóndi Jörundsson í Flagveltum, Runólfur hreppstjóri Halldórsson á Rauðalæk og Sigurður bóndi Guðmundsson í Vtleifsholtshelli. 2) Sighvatur Árnason sýslunefndarmaður og fyrrverandi

alþingismaður í Eyvindarholti, meðmælendur hans: Kjartan prófastur Einarsson í Holti og séra Ólafur Ólafsson í Guttormshaga. 3) Þórður hreppstjóri Guðmundsson í Hala, meðmælendur hans: Þorsteinn Thorarensen proprietor á Móeiðarhvoli, Arnþór bóndi Einarsson í Teigi, Kjartan hreppstjóri Ólafsson í Þúfu og Helgi bóndi Árnason á Grímsstöðum. Því næst skoraði kjörstjóri á meðmælendur kosningarbeiðenda að gangast við meðmælum sínum og gjörðu þeir það allir. Síðan gaf kjörstjóri þeim og þingmannaefnum kost á að snúa máli sínu til kjósenda og gjörðu þeir það í þeirri röð sem kosningarlögin ákveða.

Síðan var kjósendum leyft að beina spurningum til meðmælistanna og þingmannaefna um almenningsmál, en með því enginn tók til máls skoraði formaður kjörstjórnarinnar á kjósendur að ganga til atkvæða samkvæmt kjörskránum sem voru fram lagðar og lýsti jafnframt yfir að kjörstjórnin hefði afraðið að atkvæðagreiðslan byrjaði á kjósendum úr Holtamannahreppi og svo hrepp af hreppi eftir venjulegri röð. Hvatti kjósendur á ný til að vanda kosningarnar og tók þeim vara fyrir að fara af kjörfundinum fyrr en útséð væri um kosningarnar. Var svo gengið til atkvæða þegar útséð þótti um að engum mótmælum yrði hreyft gegn kjörskránum, kjörfundarboðun né öðru aðlútandi kosningunum.

Síðan voru atkvæði greidd og þegar enginn gaf sig fram frekar til atkvæðagreiðslu, þrátt fyrir áskorun kjörstjórnarinnar, voru kjörskrárnar bornar saman við atkvæðaskrána, atkvæði svo talin saman og höfðu þau fallið þannig að af 230 kjósendum höfðu 124 greitt atkvæði með Ólafi presti Ólafssyni í Guttormshaga, 165 með Sighvati Árnasyni hreppstjóra í Eyvindarholti, og 171 með Þórði Guðmundssyni hreppstjóra í Hala. Lýsti kjörstjórnin svo yfir hvernig kosningar hefðu fallið og að Sighvatur Árnason og Þórður Guðmundsson væru kosnir alþingismenn sýslunnar.

Var svo kjörfundinum slitið.

Páll Briem, Skúli Skúlason, Eyjólfur Guðmundsson

Rangárvallasýsla 1894

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0045 – MA/1, 2

Ár 1894, hinn 5. júnímánaðar kl. 12 á hádegi var að Stórólfsþvoli í Hvolhreppi sett kjörþing Rangárvallasýslu til alþingiskosninga samkvæmt konungsbréfi 29. september 1893 af kjörstjórn kjördæmisins í hverri sátu sýslumaðurinn í sýslunni Páll Briem og þeir af sýslunefndinni kosnu meðkjörstjórar, Eyjólfur oddviti Guðmundsson úr sýslunefndinni og Skúli prestur Skúlason úr flokki kjósendanna, til að kjósa alþingismenn fyrir sýsluna fyrir næstkomanda 6 ára tímabil. Kjörfundurinn hafði verið boðaður með auglýsingu kjörstjóra frá 2. aprílmán. þ.á. birtri á kirkjufundum og á annan hátt í öllum hreppum kjördæmisins með lögboðnum hætti á undan kosningardegi. Nefnt konungsbréf var upp lesið. Því næst vakti formaður kjörstjórnarinnar athygli kjósendanna á þýðingu kosninganna og hve áriðandi væri að vanda þær sem best.

Síðan skýrði hann frá hverjir hefðu boðið sig fram og voru það Sighvatur hreppstjóri Árnason í Eyvindarholti og Þórður hreppstjóri Guðmundsson í Hala, báðir viðstaddir á fundinum. Því næst gaf kjörstjóri þingmannaefnunarinnar kost á að láta skoðarnir sínar í ljós og kjósendum kost á að leggja fyrir þau spurningar. Þingmannaefnin tóku til máls og létu í ljós skoðun sína á landsmálum og kjósendur lögðu spurningar fyrir þingmannaefnin, sem þau svöruðu. Að því búnu skoraði formaður kjörstjórnarinnar á kjósendur að ganga til atkvæða samkvæmt kjörskránum, sem voru framlagðar og höfðu legið löglega frammi, og lýsti jafnframt yfir því að kjörstjórnin hefði afráðið að atkvæðagreiðslan byrjaði á kjósendum úr Áshreppi og svo hrepp af hreppi eftir venjulegri röð. Kjörstjóri hvatti kjósendur enn af nýju til að vanda kosningarnar sem best og tók þeim vara fyrir að að fara af fundinum fyrr en útséð væru um kosningarnar. Var svo gengið til atkvæða þegar útséð þótti um að nokkrum mótmælum yrði hreyft gegn kjörskránum, kjörfundarboðinu eða öðru aðlútandi kosningunum.

Síðan voru atkvæði greidd og þegar enginn gaf sig fram frekar til atkvæðagreiðslu, þrátt fyrir veittan frest og áskorun kjörstjórnarinnar, voru kjörskrárnar bornar saman við atkvæðaskrána, atkvæði svo talin saman og höfðu þau fallið þannig: að af 481 kjósenda í allri sýslunni voru mættir 72, sem greiddu allir atkvæði með Sighvati hreppstjóra Árnasyni í Eyvindarholti og sömuleiðis með Þórði hreppstjóra Guðmundssyni í Hala. Lýsti kjörstjórnin svo yfir því hvernig kosningar hefðu fallið og að Sighvatur Árnason og Þórður Guðmundsson væru kosnir alþingismenn sýslunnar. Frá því að kjörfundurinn hófst og þangað til atkvæðagreiðslu var lokið

liðu 2½ klukkutími. Kjörstjórnin gaf út kjörbréf handa hinum nýkosnu alþingismönnum.

Kjörbókin upplestin og samþykkt og kjörfundi slitið kl. 2¾.

Páll Briem, Skúli Skúlason, Eyjólfur Guðmundsson

Rangárvallasýsla 1899 (aukakosning)

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0045 – MA/1, 2

Ár 1899, hinn 17. júnímánaðar kl. 12 og 30 mín var að Stórólshvoli í Hvolhreppi sett kjörþing Rangárvallasýslu til alþingiskosningar samkvæmt bréfi landshöfðingja dags. 23. aprílmán. þ.á. af kjörstjórn kjördæmisins, í hverri sátu sýslumaðurinn í sýslunni Magnús Torfason og þeir af sýslunefndinni kosnu meðkjörstjórar, séra Skúli Skúlason úr sýslunefndinni og Ólafur prestur Finnsson í Kálfholti úr flokki kjósendanna, til þess að kjósa alþingismann fyrir sýsluna í stað dannebrogsmanns Sighvatar Árnasonar sem með bréfi dags. 14. apríl þ.á. hefur afsalað sér þingmennsku. Kjörfundurinn hafði verið boðaður með auglýsingu kjörstjóra frá 26. apríl birtri á kirkjufundum og á annan hátt í öllum hreppum sýslunnar með lögboðnum fresti á undan kosningardegi. Nefnt landshöfðingjabréf var upplesið. Því næst vakti formaður kjörstjórnarinnar athygli kjósendanna á þýðingu kosninganna og hve áriðandi væri að vanda þær sem best.

Síðan skýrði hann frá hverjir hefðu boðið sig fram og voru það Magnús sýslumaður Torfason í Árbæ [og] séra Eggert Pálsson á Breiðabólstað. Síðan bárust kjörstjórninni áskoranir úr Fljótshlíðar- og Eyjafjallahreppum til Sighvatar dbrm. Árnasonar um að takast á hendur þingmennsku af nýju og gaf hann sig þá samstundis fram til þingmennsku. Að því búnu lýsti séra Eggert Pálsson yfir því að hann tæki framboð sitt aftur. Þingmannaefnin voru viðstödd á fundinum. – Því næst gaf kjörstjóri þingmannaefnunum kost á að láta skoðanir sínar í ljós og kjósendum kost á að leggja fyrir þau spurningar. Þingmannaefnin tóku til máls og létu uppi skoðun sína á landsmálum, einnig tóku til máls ýmsir meðmælendur beggja þingmannaefnanna. Síðan voru spurningar lagðar fyrir þingmannaefnin og svöruðu þau þeim.

Að því búnu skoraði formaður kjörstjórnarinnar á kjósendur að ganga til atkvæða samkvæmt kjörskránum, sem voru framlagðar og höfðu legið löglega frammi, og lýsti jafnframt yfir því að kjörstjórnin hefði afráðið, að atkvæðagreiðslan byrjaði á kjósendum Ásahrepps og svo hrepp af hreppi eftir venjulegri röð. Kjörstjóri hvatti menn enn af nýju til að vanda kosningarnar sem best og tók þeim vara fyrir að fara af kjörfundi fyrr en útséð væri um kosningarnar. Var svo gengið til atkvæða þegar útséð þótti um að nokkrum mótmælum yrði hreyft gegn kjörskránum, kjörfundarboðinu eða öðru aðlútandi kosningunum.

Síðan voru atkvæði greidd og þegar enginn gaf sig fram til frekari atkvæðagreiðslu þrátt fyrir veittan frest og áskorun kjörstjórnarinnar voru kjörskrárnar bornar saman við atkvæðaskrána atkvæði svo talin saman og höfðu þau fallið þannig af að 325 atkvæðum sem greidd voru hlaut Sighv. Árnason dbrm. 194 atkvæði en Magnús sýslumaður Torfason 131. Lýsti kjörstjórnin svo yfir því hvernig atkvæði hefðu fallið og að Sighvatur Árnason væri kjörinn þingmaður fyrir kjördæmið. Frá því kjörfundurinn hófst og þangað til atkvæðagreiðslunni var lokið liðu 4 klukkutímar. Kjörstjórnin gaf út kjörbréf handa hinum nýkosna alþingismanni. Kjörbókin var síðan upplestin og samþykkt og fundi slitið kl. 6.

Magnús Torfason, Ólafur Finnsson, Skúli Skúlason

Rangárvallasýsla 1900

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0045 – MA/1, 2

Ár 1900, hinn 29. septembermán. kl. 12 á hádegi var að Stórólshvoli í Hvolhreppi sett kjörþing Rangárvallasýslu til alþingiskosninga samkvæmt konungsbréfi 2. mars þ.á. af kjörstjórn kjördæmisins, í hverri sátu sýslumaðurinn í sýslunni Magnús Torfason og þeir af sýslunefndinni kosnu meðkjörstjórar, Skúli prestur Skúlason í Odda úr sýslunefndinni og Kjartan prófastur Einarsson í Holti úr flokki kjósenda, til að kjósa alþingismenn fyrir sýsluna fyrir næstkomanda 6 ára tímabil. Kjörfundurinn hafði verið boðaður með auglýsingu kjörstjóra frá 15. ágúst þ.á. birtri á kirkjufundum og á annan hátt í öllum hreppum kjördæmisins með lögboðnum fresti á undan kosningardegi. Nefnt konungsbréf var upp lesið. Því næst vakti formaður kjörstjórnarinnar athygli kjósendanna á þýðingu kosningarinnar og hve áriðandi væri að vanda þær sem best.

Síðan skýrði hann frá, hverjir hefðu boðið sig fram og voru það Tómas hreppstjóri Sigurðsson á Barkarstöðum, séra Eggert prestur Pálsson á Breiðabólstað, Þórður hreppstjóri Guðmundsson í Hala og Magnús sýslumaður Torfason á Árbæ, og voru þeir allir viðstaddir á fundinum. Meðmælendur Tómasar Sigurðssonar voru bændurnir Einar Ólafsson í Stóru-Mörk, Úlfar Jónsson í Fljótsdal og Jónas Árnason á Reynifelli; Meðmælendur séra Eggerts Pálssonar voru bændurnir Sigurður Halldórsson í Skarðshlíð, Sighvatur Árnason í Eyvindarholti, Jón Sigurðsson í Syðstu-Mörk, Arnþór Einarsson í Teigi, Jón Sveinbjarnarson á Skála, Bergsteinn Ólafsson á Árgilstöðum, Steinn Guðmundsson á Minna-Hofi og Jón Halldórsson á Strönd. Meðmælendur Magnúsar sýslumanns Torfasonar voru séra Ófeigur Vigfússon í Guttormshaga, Sigurður Guðmundsson í Helli, Eyjólfur Guðmundsson í Hvammi, Gunnar Andrésson í Kvíhóli og Einar Árnason í Miðey. Meðmælendur Þórðar Guðmundssonar voru Jón Sveinbjarnarson á Skála, Guðlaugur Nikulásson í Hallgeirsey og Vigfús Bergsteinsson á Brúnum. Því næst skoraði kjörstjóri á meðmælendur að kannast við meðmæli sín og gerðu þeir það allir. Að því búnu var þingmannaefnunum og meðmælendum þeirra gefinn kostur á að snúa máli sínu til kjósenda og gerði þeir það í þeirri röð sem kosningarlögin ákveða. Síðan var kjósendum leyft að beina spurningum til þingmannaefna og meðmælismanna þeirra um almenningsmál. Var ein slík spurning lögð fyrir og henni svarað.

Að því búnu skoraði kjörstjóri á kjósendur að ganga til atkvæða, samkvæmt kjörskránum sem voru framlagðar og höfðu legið löglega frammi, og lýsti jafnframt yfir því að kjörstjórnin hefði afráðið að atkvæðagreiðslan byrjaði á Ásahreppi og svo hrepp af hreppi eftir venjulegri röð. Kjörstjóri hvatti menn enn af nýju til að vanda kosningarnar sem best og tók þeim vara fyrir að fara af kjörfundi fyrr en útséð væri um kosningarnar. Var svo gengið til atkvæða þegar útséð þótti að nokkrum mótmælum yrði hreyft gegn kjörskránum, kjörfundarboðinu eða öðru aðlútandi kosningunum.

Síðan voru atkvæði greidd og þegar enginn gaf sig fram til frekari atkvæðagreiðslu þrátt fyrir veittan frest og áskorun kjörstjórnarinnar, voru kjörskrárnar bornar saman við atkvæðaskrána, atkvæði svo talin saman og höfðu þau fallið þannig: að af 648 atkvæðum sem greidd voru, hlaut Þórður Guðmundsson 200 atkvæði, Magnús Sýslumaður Torfason 179 atkvæði; næst þeim fengu séra Eggert Pálsson 158 atkvæði og Tómas hreppstjóri Sigurðsson 111 atkvæði. Lýsti kjörstjórnin yfir því hvernig atkvæði hefðu fallið og að Þórður Guðmundsson og Magnús Torfason væru kosnir

þingmenn fyrir kjördæmið. Frá því kjörfundurinn byrjaði og þar til atkvæðagreiðslu var lokið liðu 5½ klukkustund. Kjörstjórnin gaf út kjörbréf handa hinum nýkosnu alþingismönnum. Kjörbókin var síðan upplestin og samþykkt og fundi slitið kl. 7¼ e.m.

Magnús Torfason, Kjartan Einarsson, Skúli Skúlason

Rangárvallasýsla 1902

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0045 – MA/1, 2

Ár 1902, hinn 2. júnímánaðar kl. 12 á hádegi var að Stórólshvoli í Hvolhreppi sett kjörþing í Rangárvallasýslu til alþingiskosninga samkvæmt konungsbréfum 13. september 1901 af kjörstjórn kjördæmisins í hverri sátu sýslumaðurinn í sýslunni Magnús Torfason og þeir af sýslunefndinni kosnu meðkjörstjórar, Kjartan prófastur Einarsson í Holti og Jes Anders prestur Gíslason í Eyvindarhólum úr flokki kjósenda, til að kjósa alþingismenn fyrir sýsluna fyrir næstkomandi 6 ára tímabil. Kjörfundurinn hafði verið boðaður með auglýsingu kjörstjóra frá 14. mars þ.á. birtri á kirkjufundum og á annan hátt í öllum hreppum kjördæmisins með lögboðnum fresti á undan kosningardegi. Nefnd konungsbréf voru upp lesin. Því næst vakti formaður kjörstjórnarinnar athygli kjósenda á þýðingu kosninganna og hve áriðandi væri að vanda þær sem best.

Síðan skýrði hann frá hverjir hefðu boðið sig fram og voru það Sighvatur dbrm. Árnason í Reykjavík, Eggert prestur Pálsson á Breiðabólstað, Þórður hreppstjóri Guðmundsson í Hala og Magnús sýslumaður Torfason í Árbæ og voru þeir allir viðstaddir á fundinum. Meðmælendur séra Eggerts Pálssonar voru Tómas hreppstjóri Sigurðsson á Barkarstöðum, Einar Jónsson á Geldingalæk og Jón Sveinbjörnsson á Ásólfskála. Meðmælendur Sighvatar Árnasonar voru: Jón Sveinbjörnsson á Ásólfskála og Vigfús Bergsteinsson á Brúnum. Meðmælendur Þórðar Guðmundssonar voru séra Ólafur Finnsson í Kálfholti, Eyjólfur Guðmundsson í Hvammi, séra Skúli Skúlason í Odda, Einar Árnason í Miðey og Páll Stefánsson í Ási. Meðmælendur Magnúsar sýslumanns Torfasonar voru: Sigurður Guðmundsson í Helli, Ólafur Ólafsson í Lindarbæ, Eyjólfur Guðmundsson í Hvammi, Ófeigur prestur Vigfússon, Jónas Árnason á Reynifelli, Magnús prestur Þorsteinsson á Bergþórshvoli og Einar Árnason í Miðey. Því næst skoraði kjörstjóri á

meðmælendur að kannast við meðmæli sín og gerðu þeir það allir. Að því búnu var þingmannaefnunum og meðmælendum þeirra gefinn kostur á að snúa máli sínu til kjósenda og gerðu þeir það í þeirri röð sem kosningarlögin ákveða. Síðan var kjósendum leyft að beina spurningum til þingmannaefna og meðmælistanna þeirra um almenningsmál. Var ein slík spurning lögð fyrir og henni svarað.

Að því búnu skoraði kjörstjóri á kjósendur að ganga til atkvæða, samkvæmt kjörskránum sem voru framlagðar og höfðu legið löglega frammi, og lýsti jafnframt yfir því að kjörstjórnin hefði ákveðið að atkvæðagreiðsla byrjaði á Ásahreppi og svo hrepp af hreppi eftir venjulegri röð. Var svo gengið til atkvæða þegar útséð þótti um að nokkrum mótmælum yrði hreyft gegn kjörskránum, kjörfundarboðinu eða öðru aðlútandi kosningunni.

Síðan voru atkvæði greidd og þegar enginn gaf sig fram til frekari atkvæðagreiðslu þrátt fyrir veittan frest og áskorun kjörstjórnarinnar, voru kjörskrárnar bornar saman við atkvæðaskrána, atkvæði svo talin saman og höfðu þau fallið þannig: að af 770 atkvæðum sem greidd voru hlaut séra Eggert Pálsson á Breiðabólstað 226 atkvæði, Sighvatur dbrm. Árnason í Reykjavík 213 atkvæði; næst þeim fengu sýslumaður Magnús Torfason 168 atkvæði og hreppstjóri Þórður Guðmundsson 163 atkvæði. Lýsti kjörstjóri yfir því hvernig atkvæði hefðu fallið og að séra Eggert Pálsson og Sighvatur dbrm. Árnason væru kosnir þingmenn fyrir kjördæmið. Frá því kjörfundurinn byrjaði og þangað til atkvæðagreiðslu var lokið liðu $6\frac{3}{4}$ klukkustundar. Kjörstjórnin gaf út kjörbréf handa hinum nýkosnu alþingismönnum. Kjörbókin var síðan upplesin og samþykkt og fundi slitið kl. $9\frac{1}{2}$ e.m.

Magnús Torfason, Kjartan Einarsson, Jes A. Gíslason

[Á spássíu er ritað:] Send Landshöfðingja

Rangárvallasýsla 1903

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0045 – MA/1, 2

Ár 1903, hinn 2. júnímánaðar kl. 12 á hádegi var að Stórólshvoli í Hvolhreppi sett kjörþing Rangárvallasýslu til alþingiskosninga samkvæmt konungsbréfi 25. sept. 1902 af kjörstjórn kjördæmisins, í hverri sátu sýslumaðurinn í sýslunni Magnús Torfason og þeir af sýslunefndinni kosnu meðkjörstjórar, Kjartan prófastur

Einarsson í Holti og Ólafur Finnsson prestur í Kálfholti úr flokki kjósenda, til að kjósa alþingismenn fyrir sýsluna fyrir næstkomandi 6 ára tímabil. Kjörfundurinn hafði verið boðaður með auglýsingu kjörstjóra frá 19. mars þ.á., birtri á kirkjufundum og á annan hátt í öllum hreppum kjördæmisins með lögboðnum fresti á undan kosningardegi. Nefnt konungsbréf var upplesið. Því næst vakti formaður kjörstjórnarinnar athygli kjósendanna á þýðingu kosninganna og hve áriðandi væri að vanda þær sem best.

Síðan skýrði hann frá hverjir hefðu boðið sig fram og var það landshöfðingi Magnús Stephensen. Aðrir buðu sig fram á fundinum og voru það þessir: séra Eggert Pálsson á Breiðabólstað, sýslumaður Magnús Torfason í Árbæ, Þórður Guðmundsson bóndi í Hala og Tómas Sigurðsson bóndi á Barkarstöðum og voru þeir allir viðstaddir á fundinum. Meðmælendur séra Eggerts Pálssonar voru Einar Jónsson á Geldingalæk, Jón Sveinbjarnarson á Ásólfskála og Vigfús Bergsteinsson á Brúnum. Meðmælendur Magnúsar sýslumanns Torfasonar voru: Eyjólfur Guðmundsson á Hvammi, Jónas Árnason á Reynifelli, séra Richard Torfason í Guttormshaga, Sigurður Guðmundsson í Helli og séra Skúli Skúlason í Odda. Meðmælendur landshöfðingja Magnúsar Stephensen voru: Einar Jónsson á Geldingalæk og Jón Sveinbjarnarson á Ásólfskála. Meðmælendur Tómasar Sigurðssonar á Barkarstöðum voru: Jónas Árnason á Reynifelli og Úlfar Jónsson í Fljótsdal. Meðmælendur Þórðar Guðmundssonar í Hala voru: Einar Árnason í Miðey, Eyjólfur Guðmundsson í Hvammi og séra Skúli Skúlason í Odda. Því næst var meðmælendum og þingmannaefnum gefinn kostur á að snúa máli sínu til kjósenda. Síðan var kjósendum leyft að beina spurningum til þingmannaefna og meðmælenda þeirra um almenningsmál og var þeim öllum stuttlega svarað.

Að því búnu skoraði kjörstjóri á kjósendur að ganga til atkvæða samkvæmt kjörskránum, sem voru framlagðar og höfðu legið löglega frammi, og lýsti jafnframt yfir því að kjörstjórnin hefði ákveðið að atkvæðagreiðsla byrjaði á Ásahreppi og svo hrepp af hreppi eftir venjulegri röð. Var svo gengið til atkvæða þegar útséð þótti um að nokkrum mótmælum yrði hreyft gegn kjörskránum, kjörfundarboðinu eða öðru aðlútandi kosningunum.

Síðan voru atkvæði greidd og þegar enginn gaf sig fram til frekari atkvæðagreiðslu, þrátt fyrir veittan frest og áskorun kjörstjórnarinnar, voru kjörskrárnar bornar saman við atkvæðaskrána, atkvæði svo talin saman og höfðu

Þau fallið þannig: að af 820 atkvæðum, sem greidd voru, hlaut séra Eggert Pálsson á Breiðabólstað 240 atkvæði, Magnús Stephensen landshöfðingi 228 atkvæði, næst þeim fengu Magnús Torfason sýslumaður í Árbæ 184 atkvæði, Þórður hreppstjóri Guðmundsson 124 atkvæði og Tómas hreppstjóri Sigurðsson á Barkarstöðum 44 atkvæði. Lýsti kjörstjóri yfir því hvernig atkvæði hefðu fallið og að séra Eggert Pálsson og Magnús Stephensen landshöfðingi væru kosnir þingmenn fyrir kjördæmið. Frá því kjörfundur byrjaði og þangað til atkvæðagreiðslu var lokið liðu 9 kl.stundir. Kjörstjórnin gaf út kjörbréf handa hinum nýkosnu þingmönnum.

Fundi slitið kl. 9 e.m.

Kjörstjórnin í Rangárvallasýslu 2/6 03

Magnús Torfason, Kjartan Einarsson, Ólafur Finnsson

Vestmannaeyjar

Vestmannaeyjar, 1874

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0042 – M/1, 4 [bls. 8–9]

Ár 1874, þriðjudaginn hinn 20. dag októbermánuðar um hádegi var í þinghúsi sýslunnar sett og haldið opinbert kjörþing af settum sýslumanni Vestmannaeyja héraðslækni Þorsteini Jónssyni sem kjörstjóra og 2 útnefndum aðstoðarmönnum, sóknarpresti séra Br. Jónssyni á Ofanleiti og hreppstjóra Þorsteini Jónssyni í Nýjabæ, til þess að láta fyrirtaka á þingi þessu kosningu á alþingismanni fyrir Vestmannaeyjar um hin næstu 6 ár. Kjörskráin hefur verið auglýst og legið hinn lögboðna tíma á skrifstofu sýslunnar til sýnis, án þess nokkur í þann tíma hafi hreyft nokkrum mótmælum gegn henni, og kjörþing þetta hefur verið auglýst með 14 daga fresti á vanalegan hátt.

Af utanhéraðsmönnum hefur málflutningsmaður Jón Guðmundsson í Reykjavík boðið sig fram til að taka á móti kosningu fyrir kjördæmi þetta, og sannað kjörgengi sitt fyrir kjörstjórninni, og hefur kjósendum á undan kjörþingi verið birt tilboð hans. Voru síðan atkvæði greidd eftir kjörskránni og hlaut landsyferréttarmálaflutningsmaður Jón Guðmundsson 22 atkvæði af 24, hin 2 fékk Þorsteinn hreppstjóri Jónsson í Nýjabæ. Kjörstjórnin tilkynnti síðan hver úrslit atkvæðagreiðslan hefði fengið, að því búnu sleit hún kjörþinginu með þeirri ósk að hinn algóði guð vildi blessa og faræla ríkistjórn vors allra mildasta konungs Kristjáns hins 9. og efla hagsæld og velgengni vorrar ástkæru fósturjarðar og styðja og styrkja þingmenn vora í þeirra ábyrgðarmiklu köllum.

Ut supra

Þorsteinn Jónsson settur, Br. Jónsson, Þ. Jónsson

Kjörstjórn Vestmannaeyja

Vestmannaeyjar, 1875 (aukakosning)

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0042 – M/1, 4 [bls. 9–10]

Ár 1875, laugardaginn hinn 26. dag júnímánaðar um hádegi var í þinghúsi sýslunnar haldið opinbert kjörþing af sýslumanni Vestmannaeyja M.M.L. Aagaard sem kjörstjóra og 2 útnefndum aðstoðarmönnum, sóknarpresti séra Br. Jónssyni á Ofanleiti og héraðslækni Þ. Jónssyni til þess að láta fyrirtaka á þingi þessu kosningu á alþingismanni fyrir Vestmannaeyjar í stað hins dána Jóns Guðmundssonar, sem var kosinn hér hinn 20. október f.á. Kjörskráin frá í haust hefur verið endurskoðuð og verið auglýst og legið til sýnis hálfan mánuð á skrifstofu sýslunnar, án þess að nokkur í þann tíma hafi hreyft nokkrum mótmælum gegn henni, og kjörþing þetta hefur verið auglýst með 14 daga fresti á vanalegan hátt.

Af utanhéraðsmönnum hefur skrifstofuforingi landshöfðingjadæmisins Jón Jónsson í Reykjavík boðið sig fram til að taka á móti kosningu fyrir kjördæmi þetta og sannað kjörgengi sitt fyrir kjörstjórninni, og hefur kjósendum á undan kjörþingi verið birt tilboð hans. Voru síðan atkvæði greidd eftir kjörskránni og hlaut hreppstjóri Þorsteinn Jónsson á Nýjabæ hér á eyju 8 atkvæði af 12, ~~hinn~~ 3 fékk skrifstofuforingi landshöfðingjadæmisins Jón Jónsson og 1 hlaut meðhjálpari Árni Einarsson á Vilborgarstöðum hér á eyju. Kjörstjórnin tilkynnti síðan hver úrslit atkvæðagreiðslan hefði fengið. Að því búnu sleit hún kjörþinginu með þeirri ósk að hinn algóði guð vildi blessa og farsæla ríkisstjórn vors allra mildasta konungs Kristjáns hins 9. og efla hagsæld og velgengni vorrar ástkæru fósturjarðar og styðja og styrkja þingmenn vora í þeirrar ábyrgðarmiklu köllun.

Ut supra

M. Aagaard, Br. Jónsson, Þorsteinn Jónsson

Kjörstjórn Vestmannaeyja

Vestmannaeyjar, 1880

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0042 – M/1, 4 [bls. 11–13]

Ár 1880, mánudaginn hinn 27. dag septembermánaðar um fyrir miðdaginn kl. 10 var í þinghúsi sýslunnar sett og haldið opinbert kjörþing af sýslumanni Vestmannaeyjasýslu M.M.L. Aagaard sem oddvita kjörstjórnarinnar ásamt hinum kosnu kjörstjórnarmönnum, sóknarpresti Br. Jónssyni og héraðslækni Þorsteini Jónssyni, til þess að láta fyrirtaka kosningu á alþingismanni fyrir

Vestmannaeyjasýslu um næstkomandi 6 ár og hefur kjörþingið verið auglýst við kirkju með rúmra 4 vikna fresti. Oddvitinn upplas opið bréf dags. 2. mars 1880 um að almennar kosningar til alþingis skuli fram fara og leiddi hann því næst athygli kjósendanna að því hver tilgangurinn væri með kosninguna og hve mikils varðandi hún væri.

Þar eftir tilkynnti hann kjósendunum að 2 þingmannaefni hefðu boðið sig fram, nefnilega Þorsteinn hreppstjóri Jónsson í Nýjabæ hér á eyju, sem hefur meðmælingu tveggja kjósenda hér í kjördæminu nefnil. kaupmanns Gísla Engilbertssonar í Juliusaab og verslunarþjóns Engilberts Engilbertssonar í Jómsborg, og hefur hann enn fremur tilkynnt kjörstjórninni að hann eigi hafi látið bjóða sig fram til kosningar í nokkru öðru kjördæmi, og Brynjólfur prestur Jónsson í Reynisþingum, en með því þessi síðari hvorki hefur meðmælingu frá nokkrum kjósenda hér í kjördæminu né heldur hefur lýst yfir því að hann eigi hafi látið bjóða sig fram til kosningar í nokkru öðru kjördæmi, sem eigi hafi þá þegar hafnað framboði hans, getur tilboð hans eigi orðið tekið til greina. Hlutaðeigandi bréf voru framlögð. Skoraði oddviti þvínæst á þá kjósendur sem hafa mælt með Þorsteini Jónssyni að ganga fram og kannast við meðmælingu sína, sem þeir þá gerðu. Því næst lýsti oddviti yfir því að ef þingmannaefnið eða meðmælingarmenn hans óskuðu að taka til máls þá væri það leyfilegt og notaði aðeins þingmannaefnið sér það.

Þar sem annars enginn af kjósendunum óskaði að taka til máls var eftir áskorun oddvitans byrjað á atkvæðagreiðslu og var tekið á móti atkvæðum þangað til engir fleiri kjósendur gáfu sig fram, skoraði síðan oddviti á þá kjósendur sem eigi höfðu gefið sig fram og greitt atkvæði að gjöra það fyrr en kl. 12½. Með því að þessum fresti liðnum enginn kjósandi gaf sig fram færði kjörstjórnin atkvæði sín inn og ritaði nöfn sín bæði undir kjörskrána og atkvæðaskrána. Því næst voru kjörskrárnar og atkvæðaskráin bornar saman og atkvæðin saman talin og var niðurstaðan að Þorsteinn hreppstjóri Jónsson var kosinn með 30 atkvæðum og lýsti oddviti þar eftir yfir því fyrir þingheiminum. Atkvæðaskrárnar voru lagðar við kjörbókina og kjörþinginu því næst slitið.

M. Aagaard, Br. Jónsson, Þorsteinn Jónsson

Vestmannaeyjar, 1886

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0042 – M/1, 4 [bls. 13–14]

Ár 1886, fimmtudaginn hinn 10. dag júnímánaðar um eftirmiðdaginn kl. 2 var í þinghúsi sýslunnar sett og haldið opinbert kjörþing af sýslumanni Vestmannaeyja-sýslu M.M.L. Aagaard sem oddvita kjörstjórnarinnar ásamt hinum kosnu kjörstjórnarmönnum, sóknarpresti St. Thordersen og héraðslækni Þorsteini Jónssyni, til þess að láta fyrirtaka kosningu á alþingismanni fyrir Vestmannaeyja-sýslu um næstkomandi 6 ár og hefur kjörþingið verið auglýst á löglegan hátt með rúmra 4 vikna fresti. Oddvitin upplás opið bréf dags. 2. nóvbr. f.á. um nýjar kosningar til alþingis og að því skuli saman stefnt til auka fundar 28. júlí þ.á. og leiddi hann því næst athygli kjósendanna að því hver tilgangurinn væri með kosninguna og hve mikils varðandi hún væri og þar eftir tilkynnti hann kjósendunum að aðeins eitt þingmannsefni hefði boðið sig fram, nefnilega Þorsteinn hreppstjóri Jónsson í Nýjabæ hér á eyju, sem hefur meðmælingu tveggja kjósenda hér í kjördæminu nefnil. kaupmanns Gísla Engilbertssonar og organista Sigfúsar Árnasonar og hefur hann enn fremur tilkynnt kjörstjórninni að hann eigi hafi látið bjóða sig fram til kosningar í nokkru öðru kjördæmi. Bréf Þorsteins Jónssonar, hvar í hann býður sig fram til kosningar, ásamt meðmælingu hans var upplesið. Skoraði oddviti þvínæst á þá kjósendur sem hafa mælt með Þorsteini Jónssyni að ganga fram og kannast við meðmælingu sína, sem þeir þá gerði. Því næst lýsti oddviti yfir því að ef þingmannsefnið eða meðmælingarmenn hans óskuðu að taka til máls þá væri það leyfilegt. Enginn af téðum mönnum tók til máls.

Þar sem heldur enginn af kjósendunum óskaði að taka til máls var eftir áskorunum oddvitans byrjað á atkvæðagreiðslu og var tekið á móti atkvæðunum þangað til engir fleiri kjósendur gáfu sig fram. Skoraði síðan oddviti á þá kjósendur sem eigi höfðu gefið sig fram og greitt atkvæði að gjöra það fyrren kl. 4¼. Með því að þessum fresti liðnum enginn kjósandi gaf sig fram færði kjörstjórnin atkvæði sín inn í og ritaði nöfn sín bæði undir kjörskrána og atkvæðaskrána. Því næst voru kjörskrárnar og atkvæðaskrárnar bornar saman og atkvæðin samantalin og var niðurstaðan að Þorsteinn hreppstjóri Jónsson var kosinn með 24 atkvæðum og lýsti oddviti þar eftir yfir því fyrir þingheiminum. Atkvæðaskrárnar voru lagðar við kjörbókina og kjörþinginu því næst slitið.

M. Aagaard, Stefán Thordersen, Þorsteinn Jónsson

Vestmannaeyjar, 1887 (aukakosning)

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0042 – M/1, 4 [bls. 15–17]

Ár 1887, mánudaginn hinn 9. dag maímánaðar um hádegi var í þinghúsi sýslunnar sett og haldið opinbert kjörþing af sýslumanni Vestmannaeyjasýslu M.M.L. Aagaard sem oddvita kjörstjórnarinnar ásamt hinum kosnu kjörstjórnarmönnum, sóknarpresti St. Thordersen og verslunarstjóra Helga Jónssyni, til þess að láta fyrirtaka aukakosningu á alþingismanni fyrir Vestmannaeyjasýslu í stað Þorsteins sál. Jónssonar fyrir það sem eftir er af yfirstandandi kjörtíma og hefur kjörþingið verið auglýst við kirkju með rúmra 4 vikna fresti.

Oddvitinn upplás bréf Suðuramtsins dags. 3. dsbr. f.á. sem tilkynnir honum fyrirskipun landshöfðingjans í bréfi 30. nóvbr. f.á. um að láta framfara aukakosningu á alþingismanni fyrir Vestmannaeyjasýslu fyrir það sem eftir stendur af kjörtímanum, sem nú stendur yfir, og leiddi hann því næst athygli kjósendanna að því hver tilgangurinn væri með kosninguna og hve mikils varðandi hún væri.

Þar eftir tilkynnti oddvitinn kjósendunum að tveir menn hér í kjördæminu hefðu boðið sig fram til kosningar, nefnl. héraðslæknir Þorsteinn Jónsson sem hefur meðmælingu tveggja kjósenda hér í kjördæminu, kaupmanns Gísla Engilbertssonar og Engilberts bónda Engilbertssonar, og Sigfús bóndi Árnason sem hefur meðmælingar eins kjósenda, tómtúsmanns Hannesar Jónssonar, og hafa bæði þingmannaefnin tilkynnt kjörstjórninni að þeir eigi hafi látið bjóða sig fram til kosningar í nokkru öðru kjördæmi. Ennfremur skýrði oddvitinn frá að hann hefði mótttekið skriflegt tilboð frá cand. jur. Guðlaugi Guðmundssyni í Reykjavík um að taka á móti kosningu til alþingis hér, en þar sem hann engan meðmælenda hefur af kjósendum hér getur tilboð hans eigi orðið tekið til greina. Framboð þingmannaefnanna með meðmælingum þeirra voru upplesin og skoraði oddviti síðan á þá kjósendur sem hafa mælt með þingmannaefnunum að ganga fram og standa við meðmælingu sína, sem þeir þá allir gerðu. Því næst lýsti oddvitinn yfir því af ef þingmannaefnin eða meðmælingarmann þeirra vildu taka til máls þá hefðu þeir kost á því.

Eftir nokkrar umræður milli téðra manna og þar sem annars enginn af kjósendunum vildi taka til máls var eftir áskorun oddvita byrjað á atkvæðagreiðslu og var tekið á

móti atkvæðum þangað til engir fleiri kjósendur gáfu sig fram. Skoraði oddviti síðan á þá kjósendur, sem eigi höfðu gefið sig fram og greitt atkvæði að gjöra það fyrr en kl. 2¼. Með því að þessum fresti liðnum engir fleiri kjósendur gáfu sig fram færði kjörstjórnin sín atkvæði inn og ritaði nöfn sín undir kjörskrárnar og atkvæðaskrárnar. Því næst voru kjörskrárnar og atkvæðaskrárnar bornar saman og atkvæðin samantalin og var niðurstaðan að héraðslæknir Þorsteinn Jónsson var kosinn með 28 atkvæðum af 35 og lýsti oddvitinn þar eftir yfir því fyrir þingheiminum. Atkvæðaskrárnar voru lagðar við kjörbókina og kjörþinginu því næst slitið.

M. Aagaard, Stefán Thordersen, Helgi Jónsson

Vestmannaeyjar, 1890 (aukakosning)

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0042 – M/1, 4 [bls. 17–19]

Ár 1890, mánudaginn hinn 22. dag septembermån. kl. 11¼ um fyrirmiðdaginn var í þinghúsi sýslunnar sett og haldið opinbert kjörþing af sýslumanni Vestmannaeyjasýslu M.M.L. Aagaard sem oddvita kjörstjórnarinnar ásamt hinum kosnu kjörstjórnarmönnum, sýslunefndarmanni Gísla Egilbertssyni og Sigfúsi Árnasyni, til þess að láta fyrirtaka aukakosningu á alþingismanni fyrir Vestmannaeyjasýslu í stað héraðslæknis Þorsteins Jónssonar, fyrir þann tíma sem eftir er af yfirstandandi kjörtíma, og hefur kjörþingið verið auglýst við kirkju með rúmra 4 vikna fresti.

Oddvitinn upplás bréf Suðuramtsins 26. júní þ.á. sem tilkynnir honum fyrirskipun landshöfðingja auglýsing 16. s.m. um að láta fram fara aukakosningu á alþingismanni fyrir Vestmannaeyjasýslu fyrir þann tíma sem eftir stendur af yfirstandandi kjörtíma. Leiddi hann því næst athygli kjósendanna að því hver tilgangurinn væri með kosninguna og hve mikils varðandi hún væri.

Þar eftir tilkynnti oddvitinn þingheiminum að aðeins einn maður hefði boðið sig fram til kosningar, nefnl. endurskoðandi cand. politices Indriði Einarsson í Reykjavík sem hefur meðmælingu tveggja kjósenda hér í kjördæminu, héraðslæknis Þorsteins Jónssonar og verslunarmanns Eiríks Hjálmarssonar, og hefur þingmannsefnið tilkynnt kjörstjórninni að hann eigi hafi látið bjóða sig fram til kosningar í nokkru öðru kjördæmi. Framboð þingmannaefnisins með meðmælingum hans voru upplestin, en þingmannsefnið sjálft var ekki mætt. Skoraði oddviti síðan á þá kjósendur sem hafa mælt með Indriða Einarssyni að ganga fram og standa við

meðmælingu sína, sem þeir þá gerðu. Því næst lýsti oddvitinn yfir því að ef meðmælendur þingmannaefnisins vildu taka til máls þá hefðu þeir kost á því og eftir að þeir báðir höfðu gert þetta, og þar sem annars enginn af kjósendunum vildi taka til máls, var eftir áskorun oddvita byrjað á atkvæðagreiðslu og var tekið á móti atkvæðum þangað til engir fleiri kjósendur gáfu sig fram. Skoraði oddviti síðan á þá kjósendur sem eigi höfðu gefið sig fram og greitt atkvæði að gjöra þetta fyrr en kl. 1¼. Með því að þessum fresti liðnum engir fleiri kjósendur gáfu sig fram færði kjörstjórnin atkvæði sín inn og ritaði nöfn sín undir kjörskrárnar og atkvæðaskrárnar. Því næst voru kjörskrárnar og atkvæðaskrárnar bornar saman og atkvæðin saman talin og var niðurstaðan að alls 27 kjósendur höfðu mætt og greitt atkvæði með þingmannsefninu og lýsti oddvitinn þá yfir því fyrir þingheiminum að endurskoðandi cand. politices Indriði Einarsson væri kosinn alþingismaður með 27 atkvæðum. Atkvæðaskrárnar voru lagðar við kjörbókina og kjörþingi því næst slitið.

M. Aagaard, G. Engilbertsson, S. Árnason

Vestmannaeyjar, 1892

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0042 – M/1, 4 [bls. 19–21]

Ár 1892, þriðjudaginn 13. sept. kl. 12 á hádegi var kjörþing Vestmannaeyjasýslu sett í þinghúsi sýslunnar, samkvæmt auglýsingu útgefni 2. ágúst s.á. og lesinni á kirkjufundi við Landakirkju 7. s.m., – en auglýsingin hafði þar að auki verið fest upp í einni sölubúðinni í Vestmannaeyjum og hangið þar meir en mánuð, og haldið af sýslumanni Jóni Magnússyni sem oddvita kjörstjórnar Vestmannaeyjasýslu ásamt hinum kosnu kjörstjórnnum, sýslunefndarmanni séra Oddg. Guðmundsen og héraðslækni Þorsteini Jónssyni, til þess að kjósa alþingismann fyrir Vestmannaeyjasýslu um næsta 6 ára tímabil. Oddviti kjörstjórnarinnar las upp opið bréf um að almennar kosningar til alþingis skuli fram fara, dagsett 26. febr. s.á., og leiddi hann því næst athygli kjósanda að því hver tilgangurinn sé með kosninguna og hve mikils varðandi hún sé.

Því næst lýsti oddviti því að tvö þingmannaefni hefðu boðið sig fram, verslunarmaður Sigfús Árnason á Löndum í Vestmannaeyjum og Sigurður skipstjóri Sigurfinnsson í Boston í Vestmannaeyjum. Tveir af kjósendum mæltu með hinum fyrrnefnda: Hannes hafnsögumaður Jónsson í Miðhúsum og Guðmundur bóndi

Pórarinsson í Vesturhúsum, en með Sigurði skipstjóra Sigurfinnssyni mæltu þeir Gísli verslunarstjóri Engilbertsson í Juliusaab og Jón hreppstjóri Jónsson í Dölum. Voru hin skriflegu meðmæli kjósendanna lesin upp og gengu meðmælendurnir síðan fram og könnuðust við meðmæli sín. Oddviti gat þess að bæði þingmannaefnin hefðu lýst yfir því að þeir byði sig hvergi annarsstaðar fram né hafi boðið til kosningar í neinu öðru kjördæmi. Enn lýsti oddviti því að meðmælendurnir og svo þingmannaefnin gætu, ef þeir óskuðu, tekið til máls og aðrir kjósendur, að kjörstjórn undantekinni, borið upp spurningar fyrir meðmælendur og þingmannaefnin.

Eftir nokkrar umræður, frá hálfu meðmælenda og þingmannaefnanna, var gengið til atkvæða þangað til engir fleiri kjósendur gáfu sig fram. Var þá kl. 1^{10min} e.h. Skoraði þá oddviti á alla þá er eigi hefðu gefið sig fram til atkvæðagreiðslu að gera það fyrir kl. 2 e.h. Með því að engir gáfu sig fram eftir þann frest liðinn færði kjörstjórnin inn atkvæði sín og ritaði nöfn sín undir kjörskrána og atkvæðaskrána. Var svo kjörskráin og atkvæðaskráin borin saman og atkvæðin lögð saman. Kom það þá í kjós að 30 atkvæði höfðu verið greidd samtals og að Sigfús verslunarmaður Árnason í Vestmannaeyjum hafði hlotið 19 atkvæði, en Sigurður skipstjóri Sigurfinnsson í Vestmannaeyjum 11 atkvæði. Atkvæðaskráin og kjörskráin var lögð við kjörbókina. Að lokum lýsti oddviti kjörstjórnar yfir því fyrir þingheimi að Sigfús Árnason verslunarmaður í Vestmannaeyjum væri þannig kosinn alþingismaður fyrir Vestmannaeyjasýslu kjördæmi um næstu 6 ár.

Var svo kjörþingi slitið.

Jón Magnússon, Þorsteinn Jónsson, Oddg. Guðmundsen

Athugasemd: Þess hefur gleymst að geta í framanritaðri skýrslu, um kosning þá til alþingis sem fram fór í Vestmannaeyjum 13. sept. 1892, að kjörskráin fyrir Vestmannaeyjar fyrir árið frá 1. júlí 1892–1. júlí 1893 var framlögð og lá löglega frammi.

Kjörstjórnin: Jón Magnússon, Þorsteinn Jónsson

Vestmannaeyjar, 1894

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0042 – M/1, 4 [bls. 21–26]

Ár 1894, föstudaginn 1. júní kl. 12 á hádegi var kjörþing Vestmannaeyjasýslu sett í þinghúsi sýslunnar og haldið af sýslumanni Jóni Magnússyni sem oddvita kjörstjórnarinnar ásamt hinum kosnu kjörstjórum, sýslunefndarmanni séra Oddgeir Guðmundsen, og verslunarstjóra Gísla Engilbertssyni, til þess að kjósa þann mann er úr kjördæmi Vestmannaeyjasýslu á að fara til alþingis, er kosningar eru ákveðnar til með konunglegu opnu bréfi 29. septbr. 1893.

Oddviti kjörstjórnarinnar lagði fram: A) Auglýsingu dagsetta 29. apríl 1894 og upplesna við Landakirkju í Vestmannaeyjum eftir messu s.d., um að alþingiskosning hér ætti fram að fara í dag; B) kgl. opið bréf um að alþingi sem nú er skuli leyst upp, dags. 29. septbr. 1893; C) kgl. opið bréf um nýjar kosningar til alþingis, dags. s.d.; D) a ad D. skrá leiðrétta kjörskrá ásamt viðaukaskrá yfir þá sem hafa kosningarrétt til alþingis í Vestmannaeyjasýslu frá 1. júlí 1893 til 30. júní 1894; E) yfirlýsing frá Sigfúsi bónda Árnasyni á Löndum í Vestmannaeyjum, dags. 30 f.m., um það að hann sé fús til að taka á móti kosning til alþingis fyrir Vestmannaeyjasýslu kjördæmi; F) yfirlýsing, dags. 29. f.m., frá Guðmundi bónda Þórarinssyni í Vesturhúsum og Sigurði bónda Sveinssyni í Nýborg í Vestmannaeyjum yfir því að þeir vilji mæla með nýnefndum Sigfúsi Árnasyni til þeirrar kosningar sem til stendur; G) yfirlýsing frá Sigurði bónda Sigurfinnssyni í Dalbæ í Vestmannaeyjum, dags. 31. f.m., yfir því að hann sé fús til að taka á móti kosning til alþingis fyrir nefnt kjördæmi; H) yfirlýsing dags. 31. f.m. frá Guðjóni sýslunefndarmanni Jónssyni í Sjólyst í Vestmannaeyjum og Jóni hreppstjóra Jónssyni í Dölum yfir því að þeir vilji mæla með nefndum Sigurði Sigurfinnssyni til þeirrar kosningar sem til stendur; I) yfirlýsing dags. 1. mars þ.á. frá dr. Valtý Guðmundssyni kennara við háskólann í Kaupmannahöfn um að hann sé fús til að taka á móti kosningu til alþingis fyrir nefnt kjördæmi og; J) yfirlýsing dags. 31. f.m. frá Jóhanni verslunarstjóra Bjarnesen og Þorsteini héraðslækni Jónssyni á Landlyst í Vestmannaeyjum yfir því að þeir vilji mæla með téðum dr. Valtý Guðmundssyni til þeirrar kosningar er til stendur.

Voru skjöl þessi auðkennd eftir framanritaðri röð með bókstöfunum A, B, C, D (og a ad D), E, F, G, H, I og J. Skjölin ltræ A, B, C, E, F, G, H, I og J voru lesin upp á kjörfundinum og eru skjölin A, E, F, G, H, I og J þannig # # # Reit kjörstjórnin á skjölin vottorð sín um framlagninguna svo og um upplestur eftir því sem að framan er sagt. Oddviti gat þess að auk þess sem þessi kjörfundur hafi verið auglýstur við kirkjufund, eins og áður er sagt, hafi verið fest upp auglýsing um fundinn í aðalsölubúðinni hér og í auglýsingakassa á þinghúsinu. Oddviti kjörstjórnarinnar

leiddi því næst athygli kjósendanna að því, hver tilgangurinn sé með kosninguna og hve mikilsvarðandi hún sé.

Hann nefndi síðan nöfn þeirra þriggja þingmannaefna, Sigfúsar Árnasonar, Sigurðar Sigurfinnssonar og dr. Valtýs Guðmundssonar, og svo nöfn þeirra kjósenda Guðmundar Þórarinssonar, Sigurðar Sveinssonar, Guðjóns Jónssonar, Jóns Jónssonar, Þorsteins Jónssonar og Jóhanns Bjarnesens, sem mæltu fram með kosningu nefndra þriggja þingmannaefna. Skoraði oddviti kjörstjórnarinnar á nýnefnda kjósendur, sem allir voru á kjörfundinum, að ganga fram og kannast við meðmælingar sínar og gengu þeir allir fram, könnuðust við hinar upplesnu skriflegu meðmælingar sínar og lýstu yfir því að þeir stæðu við þær. Oddviti lýsti því að meðmælendurnir og svo þingmannaefnin gætu, ef þeir óskuðu, tekið til máls og síðan væri öðrum kjósendum heimilt að bera upp spurningar fyrir meðmælendur og þingmannaefnin. Þingmannsefnið dr. Valtýr Guðmundsson var ekki á kjörfundinum, en hin tvö þingmannaefnin, Sigfús Árnason og Sigurður Sigurfinnsson, mættu báðir á fundinn.

Eftir nokkrar umræður af hálfu meðmælenda og þingmannaefna þeirra, er á kjörfundi voru, skoraði oddviti kjörstjórnarinnar á kjósendur að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt einum af þeim þingmannaefnum sem boðnir höfðu verið fram, síðan var tekið á móti atkvæðum þangað til engir fleiri kjósendur gáfu sig fram til að greiða atkvæði. Þá var kl. 2 e.h. Skoraði þá oddviti hátt og snjallt á þá kjósendur sem eigi höfðu greitt atkvæði að gefa sig fram innan fjórðungs klukkustundar. Þegar sá frestur var liðinn og engir fleiri kjósendur gáfu sig fram færði kjörstjórnin inn atkvæðin sín og undirskrifaði kjörskrána og atkvæðaskrána. Var svo kjörskráin og atkvæðaskráin bornar saman og kom það þá í ljós að Sigfús Árnason hafði fengið 12 atkvæði, Sigurður Sigurfinnsson 11 atkvæði og dr. Valtýr Guðmundsson 12 atkvæði. Var því enginn þeirra rétt kjörinn alþingismaður. Svo var gengið til óbundinna kosninga í öðru sinni og féllu kosningar alveg á sömu leið eins og við hina fyrstu kosningu.

Kom þá til umræðu að efamál gæti verið um það hvort Lárus hreppstjóri Jónsson á Búastöðum gæti greitt atkvæði á þessum fundi, þar sem hann eigi stæði á hinni leiðréttu kjörskrá, sem hafi verið samin vorið 1893 af hreppsnefndinni hér, heldur hafði hann alveg í ógáti hreppsnefndarinnar fallið úr við samning skrárinnar, þótt enginn efi gæti verið á því að hann hefði átt að hafa kosningarrétt, eins og hann hefði

haft um mörg undanfarin ár. Oddviti hreppsnefndarinnar lýsti yfir því að gefnu tilefni að hreppsnefndin hefði með viðaukaskrá (a ad ltra D), sem var látin vera til sýnis almenningi í vor, viljað bæta úr gáleysi sínu og þar talið Lárus Jónsson hafa atkvæðisrétt. Var það tekið fram að 13.gr. kosningarlaganna væri eigi til fyrirstöðu atkvæðisrétti Lárusar Jónssonar, þar sem með viðaukaskránni eigi væri talað um breyting á kjörskránni heldur viðbót við hana. Kjörstjórnin úrskurðaði að Lárus hreppstjóri Jónsson skyldi hafa atkvæðisrétt við þessar kosningar, með tveimur atkvæðum gegn einu, oddvitans, sem eigi vildi taka hina framlögðu viðaukaskrá a ad ltra D til greina, þar sem eigi lægi fyrir neinn dómur um það spursmál er hér væri um að ræða.

Var síðan gengið til bundinna kosninga milli þeirra tveggja þingmannaefnanna Sigfúsar Árnasonar og Dr. Valtýs Guðmundssonar og féllu atkvæðin þannig að Sigfús Árnason fékk 16 atkvæði en dr. Valtýr Guðmundsson 19 atkvæði. Voru svo atkvæðaskránar og kjörskrárnar lagðar við kjörbókina. Að lokum lýsti oddviti kjörstjórnarinnar yfir því að kosning hefði hlotið dr. Valtýr Guðmundsson með 19 atkvæðum til alþingissetu fyrir Vestmannaeyjakjördæmi um næsta kjörtímabil.

Var svo kjörþingi slitið.

Jón Magnússon, Oddg. Guðmundsen, G. Engilbertsson

Vestmannaeyjar, 1900

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0042 – M/1, 4 [bls. 26–29]

Ár 1900, laugardaginn 15. septembermánaðar kl. 12 á hádegi var kjörþing Vestmannaeyjasýslu sett í þinghúsi sýslunnar og haldið af sýslumanni Magnúsi Jónssyni sem oddvita kjörstjórnarinnar ásamt hinum kosnu kjörstjórum, sýslunefndarmanni séra Oddgeir Guðmundsen og kennara Eiríki Hjálmarssyni, til þess að kjósa þann mann er úr kjördæmi Vestmannaeyjasýslu á að fara til alþingis, sem kosningar ákveðnar til með konunglega opnu bréfi 2. mars 1900.

Oddviti kjörstjórnarinnar lagði fram: A) Auglýsing dagsetta 4. ágúst 1900 og upplesna við Landakirkju í Vestmannaeyjum eftir messu 5. s.m. um að kosningar til alþingis ættu fram að fara í dag. B) Kgl. opið bréf um að almennar kosningar til alþingis skuli fram fara. C) Yfirlýsing dags. 20. júní þ.á. frá háskólakennara Dr. phil.

Valtý Guðmundssyni í Kaupmannahöfn um að hann sé fús til að taka á móti kosningu til alþingis fyrir Vestmannaeyjasýslukjördæmi. D) Yfirlýsing dags. í gær frá Þorsteini héraðslækni Jónssyni í Landlyst og fyrrv. verslunarstjóra Gísla Engilbertssyni í Juliushaab í Vestmannaeyjum yfir því að þeir vilji mæla með nýnefndum Dr. Valtý Guðmundssyni til þeirrar kosningar sem til stendur. E) Skrá yfir þá sem kosningarrétt hafa til alþingis í Vestmannaeyjum frá 1. júlí 1900 til 30. júní 1901 með árituðu vottorði um að hún hafi legið frammi og verið uppfest almenningi til sýnis í lögboðinn tíma.

Voru skjöl þessi auðkennd eftir framanritaðri röð með bókstöfunum A, B, C, D og E. Skjölín A, B, C, D voru lesin upp á fundinum og eru skjölín A, C, og D þannig # # # Kjörstjórnin gaf skjölunum áteiknum um framlagninguna svo og eins upplestur.

– Oddviti lætur þess getið að auk þess sem kjörfundur hafi verið auglýstur, birtur við kirkjufund, eins og áður er tekið fram, hafi auglýsing um fundinn verið uppfest í auglýsingakassa þinghússins og auglýsingakassa hreppsins. Oddviti kjörstjórnarinnar vakti því næst athygli kjósenda að tilganginum með kosninguna og hve mikilsvarðandi hún sé.

Þingmannsefnið Dr. Valtýr Guðmundsson var eigi til staðar á kjörfundinum; oddviti kjörstjórnarinnar skoraði á meðmælendur þingmannsefnisins, þá héraðslækni Þorstein Jónsson og fyrrv. verslunarstjóra Gísla Engilbertsson, að ganga fram og kannast við meðmælingu sína; gengu þeir fram, könnuðust við hina skriflegu meðmælingu, er oddviti hafði meðtekið fyrir háð. í gær, og kváðust þeir standa við hana. Oddviti kjörstjórnarinnar lýsti því yfir að meðmælendur hefðu rétt til að taka til máls á fundinum áður kosningar færu fram og einnig yfir því að öðrum kjósendum væri heimilt að leggja spurningar fyrir meðmælendur.

Eftir að meðmælendur höfðu báðir tekið til máls og enginn af kjósendum kom fram með fyrirspurnir til meðmælenda þingmannsefnis, skoraði oddviti kjörstjórnarinnar á kjósendur að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt þingmannsefninu, Dr. phil. Valtýr Guðmundsson, sem þeim eina er boðið hafði sig fram til alþingis fyrir kjördæmið fyrir í höndfarandi kjörtímabil. – Var síðan tekið á móti atkvæðum þangað til enginn gaf sig fram; var þá kl. 1¹⁰ mín. Skoraði þá oddviti á alla þá er eigi höfðu gefið sig fram að gjöra það fyrir kl. 2 e.h. Með því að enginn gaf sig fram eftir þann tíma færði kjörstjórnin inn atkvæði sín á kjörskrána og atkvæðaskrána og undirskrifaði kjörskrána og atkvæðaskrána. Voru þá kjörskráin og atkvæðaskráin

bornar saman og kom það þá í ljós að atkvæði höfðu greitt alls 41 kjósandi. Að lokum lýsti oddviti kjörstjórnarinnar því yfir að kosningu hefði hlotið háskólakennari Dr. phil. Valtýr Guðmundsson í Kaupmannahöfn með 41 atkvæði til alþingissetu fyrir Vestmannaeyjasýslu kjördæmi um næsta 6 ára kjörtímabil.

Var svo kjörþingi slitið.

Magnús Jónsson, Oddg. Guðmundsen, Eiríkur Hjálmarsson

Vestmannaeyjar, 1902

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0042 – M/1, 4 [bls. 30–34]

Ár 1902, mánudaginn 2. júnímánaðar var um kl. 12 á háð. kjörþing Vestmannaeyjasýslu sett í þinghúsi sýslunnar og haldið af sýslumanni Magnús Jónssyni sem oddvita kjörstjórnarinnar ásamt hinum kosnu kjörstjórum, sýslunefndarmanni séra Oddg. Guðmundsen og bókhaldara Árna Filippussyni, til þess að kjósa þann mann er úr kjördæmi Vestmannaeyjasýslu á að fara til alþingis, sem kosningar eru ákveðnar til með konunglega opnu bréfi 13. september 1901.

Oddviti kjörstjórnarinnar lagði fram: A) Auglýsingu dags. 27. apríl þ.á. og upplesna við Landakirkju í Vestmannaeyjum eftir messu s.d. um að kosning til alþingis ætti fram að fara í dag. B) kgl. opið bréf um að alþingi, sem nú er, skuli leyst upp, dags. 13. september 1901. C) kgl. opið bréf um nýjar kosningar til alþingis dags. s.d. D) Skrá leiðréttar kjörskrá yfir þá sem kosningarétt hafa til alþingis í Vestmannaeyjum frá 1. júlí 1901 til 30. júní 1902, með rituðu vottorði hreppsnefndar um að hún hafi legið frammi og verið uppfest almenningi til sýnis í lögboðinn tíma. E) yfirlýsing frá landshöfðingjaritara Jóni Magnússyni í Reykjavík, dags. 14. f.m., um að hann sé fús til að taka á móti kosningu til alþingis fyrir Vestmannaeyjasýslu kjördæmi. F) yfirlýsing, dags. í gær, frá Sigurði Sigurfinnssyni, Gísla Stefánssyni, Sigfúsi Árnasyni, Gísla Lárussyni, J. Jónssyni og Guðmundi Þórarinssyni, um að þeir vilji mæla með nefndum Jóni Magnússyni til þeirrar kosningar sem til stendur. G) yfirlýsing frá háskólakennara Dr. phil. Valtý Guðmundssyni, dags. 30. f.m., um að hann sé fús til þess að taka á móti kosningu sem alþingismaður fyrir nefnt kjördæmi, með áritaðri yfirlýsing, dags. s.d. frá Þorsteini héraðslækni Jónssyni og G. Engilbertssyni yfir því að þeir vilji mæla með nýnefndum dr. Valtý Guðmundssyni til þeirrar kosningar er til stendur.

Voru skjöl þessi auðkennd eftir framanritaðri röð með bókstöfunum A, B, C, D, E, F og G. – Skjölin A, B, C, E, F og G voru lesin upp á kjörfundinum og eru skjölin A, E, F og G þannig hljóðandi # # #. Kjörstjórnin gaf skjölunum áteiknun um framlagninguna svo og um upplestur. – Oddviti lætur þess getið að auk þess sem kjörfundur hafi verið birtur kirkjufundi, eins og áður er tekið fram, hafi auglýsing um fundinn verið uppfest í auglýsingakassa þinghússins. Oddviti kjörstjórnarinnar vakti því næst athygli kjósenda að tilganginum með kosninguna og hve mikilsvarðandi hún sé.

Hann nefndi síðan nöfn þeirra 2^a þingmannaefna, landshöfðingjaritara Jóns Magnússonar og dr. Valtýs Guðmundsson, hið fyrrnefnda þingmannsefni var eigi mætt á fundinum en hinn síðarnefndi, dr. Valtýr Guðmundsson, er mættur á kjörfundinn. – Oddviti kjörstjórnarinnar skoraði á meðmælendur þingmannaefna, þá Sigurð Sigurfinnsson, Gísla Stefánsson, Sigfús Árnason, Gísla Lárusson, J. Jónsson, Guðmund Þórarinnsson, Gísla Engilbertsson og Þorstein héraðslækni, að ganga fram og kannast við hina skriflegu meðmælingu, er oddviti hafði meðtekið í lögákveðinn tíma; gengu þeir allir fram og könnuðust við meðmælinguna. Oddviti kjörstjórnarinnar lýsti því yfir að þingmannsefnið og meðmælendur hefðu rétt til að taka til máls á fundinum, áður en kosningar færu fram, og einnig að öðrum kjósendum væri heimilt að leggja spurningar fyrir þingmannsefnið og meðmælendur.

Eftir nokkrar umræður, af hálfu meðmælenda beggja þingmannaefna og hins mætta þingmannsefnis, skoraði oddviti kjörstjórnarinnar á kjósendur að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt öðru af þeim þingmannaefnum sem boðnir höfðu verið fram; síðan var tekið á móti atkvæðum þangað til engir fleiri kjósendur gáfu sig fram til að greiða atkvæði, þá var kl. 2½ e.h. Skoraði þá oddviti hátt og snjallt á þá kjósendur sem eigi höfðu greitt atkvæði að gefa sig fram innan fjórðungs klukku stundar. –

Kom þá Sigurður Jónsson þurrabúðarmaður frá Löndum fram með þá kröfu að honum yrði gefinn kostur á að kjósa, þótt hann eigi væri á hinni framlögðu og leiðréttu kjörskrá, þar hann vorið og haustið 1901 hefði greitt svo hátt útsvar, eða 12 kr. og 30 auru alls, og þannig fullnægði skilyrðum um kosningarétt. Kjörstjórnin úrskurðaði að með því að útsvar fyrir greint tímabili eigi hefði getað haft neina þýðingu við samning þeirrar kjörskrár, sem hér er um að ræða og nú er kosið eftir,

og fyrimæli 9. og 13. gr. kosningarlaganna væru því til fyrirstöðu að greindur þurrabúðarmaður hefði nú kosningarrétt, að krafa hans héraðlútandi yrði ekki tekin til greina.

Með því að enginn kjósandi gaf sig fram innan þess frests sem áður var gefinn, færði kjörstjórnin inn atkvæði sín á kjörskrána og atkvæðaskrána og undirskrifaði kjörskrána og atkvæðaskrána. Voru þá kjörskráin og atkvæðaskráin bornar saman og kom það þá í ljós að landshöfðingjaskrifari Jón Magnússon hafði fengið 28 atkvæði en háskólakennari dr. Valtýr Guðmundsson 23 atkvæði. Að lokum lýsti oddviti kjörstjórnarinnar því yfir að kosningu hefði hlotið landshöfðingjaskrifari Jón Magnússon með 28 atkvæðum til alþingissetu fyrir Vestmannaeyjasýslu kjördæmi um næsta 6 ára kjörtímabil.

Var svo kjörþingi slitið.

Magnús Jónsson, Árni Filippusson, Oddg. Guðmundsen

Vestmannaeyjar, 1903

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0042 – M/1, 4 [bls. 34–37]

Ár 1903, miðvikudaginn 3. júnímánaðar var um kl. 12 á háð. kjörþing Vestmannaeyjasýslu sett í þinghúsi sýslunnar og haldið af sýslumanni Magnúsi Jónssyni sem oddvita kjörstjórnarinnar ásamt hinum kosnu kjörstjórum, sýslunefndarmanni séra Oddg. Guðmundsen og bókhaldara Árna Filippussyni, til þess að kjósa þann mann er úr kjördæmi Vestmannaeyjasýslu á að fara til alþingis, sem kosningar eru ákveðnar til með konunglegu opnu bréfi 25. september 1903.

Oddviti kjörstjórnarinnar lagði fram: A) Auglýsingu dags. 2. maí þ.á. og upplesna við Landakirkju í Vestmannaneyjum 3. s.m. um að kosning til alþingis ætti fram að fara í dag. B) Konungl. opið bréf um að alþingi, sem nú er, skuli leyst upp, dags. 25. september f.á. C) Kgl. opið bréf um nýjar kosningar til alþingis, dags. s.d. D) Skrá (leiðréttá kjörskrá) yfir þá sem kosningarétt hafa til alþingis í Vestmannaeyjum frá 1. júlí 1902 til 30. júní 1903, með árituðu vottorði hreppsnefndar um að hún hafi legið frammi og verið uppfest almenningi til sýnis í lögboðinn tíma. E) Yfirlýsing frá landshöfðingjaritara Jóni Magnússyni í Reykjavík, dags. 1. þ.m., um að hann sé fús til þess að taka á móti kosningu til alþingis fyrir Vestmannaeyjasýslu. F) Yfirlýsing

dags. Í gær frá 5 kjósendum hér um að þeir vilji mæla með téðum Jóni Magnússyni til þeirrar kosningar sem til stendur.

Voru skjöl þessi auðkennd eftir framanritaðri röð með bókstöfunum A, B, C, D, E, og F. – Skjöl A, B, C, E og F voru upplestin á fundinum og eru skjöl A, E og F þannig # # #. Kjörstjórnin gaf skjölunum áteiknun um framlagninguna svo og um upplestur. – Oddviti lætur þess getið að auk þess sem kjörfundur hafi verið birtur við kirkjufund, eins og áður er tekið fram, hafi auglýsing um fundinn verið uppfest í auglýsingakassa þinghússins. Oddviti kjörstjórnarinnar vakti því næst athygli kjósendanna að tilganginum með kosninguna og hve mikilsvarðandi hún sé.

Þingmannsefnið Jón landritari Magnússon var eigi viðstaddur á fundinum. Oddviti skoraði á meðmælendur þingmannsefnisins, þá Sigurð hreppstjóra Sigurfinnsson, Jón hreppstjóra Jónsson, Sigfús bónda Árnason, Gísli bónda Lárusson og Guðmund bónda Þórarinsson, að ganga fram og kannast við meðmælingu sína, er oddviti hafði meðtekið fyrir náttmál í gær; gengu þeir fram, könnuðust við þessa meðmæling sína og kváðust standa við hana. Oddviti kjörstjórnarinnar lýsti því yfir að meðmælendur þingmannsefnisins hefðu rétt til að taka til máls á fundinum og að aðrir kjósendur hefðu rétt til þess að leggja spurningar fyrir meðmælendur þingmannsefnisins. Með því að enginn meðmælenda óskaði að taka til máls og enginn annar kjósenda lagði spurningar fyrir meðmælendur skoraði oddviti á kjósendur að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt þingmannsefninu Jón landshöfðingjaritara Magnússyni sem þeim eina, sem boðið hefði sig fram til alþingis fyrir kjördæmið, fyrir í höndfarandi kjörtímabil.

Var síðan tekið á móti atkvæðum þangað til enginn gaf sig fram. Var þá kl. 1⁶ mín e. háð. Skoraði þá oddviti á alla þá er eigi hefðu gefið sig fram að gjöra það fyrir kl. 2 e. háð. Með því að enginn gaf sig fram fyrir þann tíma færði kjörstjórnin inn atkvæði sín á kjörskrána og atkvæðaskrána og undirskrifaði hvorttveggja. Voru þá kjörskráin og atkvæðaskráin bornar saman og kom það þá í ljós að atkvæði höfðu greitt alls 34 kjósendur af 56 kjósendum sem á kjörskrá voru. Að lokum lýsti oddviti kjörstjórnarinnar því yfir að kosningu hefði hlotið Jón landshöfðingjaritari Magnússon í Reykjavík með með 34 atkvæðum til alþingissetu fyrir Vestmannaeyjasýslu kjördæmi um næsta 6 ára tímabil.

Var svo kjörþingi slitið.

Magnús Jónsson, Oddg. Guðmundsen, Árni Filippusson

Skaftafellssýsla

Skaftafellssýsla 1874

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0050 – MA/2, 3

Vestri kjörhluti Skaftafellssýslu

Ár 1874, miðvikudaginn 1. apríl áttu undirskrifaðir kjörstjórar í vestri kjörhluta Skaftafellssýslu fund með sér að Kirkjubæjarklaustri til þess samkvæmt tilskipun 8. mars 1843, 18. grein, að yfirfæra og leiðrétta hinar innkomnu kjörskrár sem og til að semja aðalkjörskrá fyrir téðan kjörhluta. Hinir til kvöddu kjörstjórar Páll prestur Pálsson á Prestsbakka og fyrrum hreppstjóri Bjarni Bjarnason á Hörgsdal hafa áður unnið embættiseið. Voru svo kjörskrár presta og hreppstjóra nákvæmlega yfirfarnar og leiðréttar að því leyti við þurfti og að því búnu, samin hin lögboðna aðalkjörskrá, sem send verður með til birtingar við fyrsta hentugleika.

Að lyktum var það ákveðið að kjörstjórar ættu kjörfund með sér föstudaginn 7. maí þ.á. n.l. gefinn til þess að leggja úrskurð á athugasemdir þær og umkvartanir er gjörðar kynnu að verða við kjörskrárnar og ákveða téðan fundardag er birtur með uppáskrift á kjörskrárnar og hlutaðeigendur jafnframt umkallaðir til að mæta á fundinum samkvæmt tilsk. 8. mars 1843, gr. 22.

Fundi slitið

Á. Gíslason, Páll Pálsson, B. Bjarnason

Ár 1874, föstudaginn 7. maí áttu hinir sömu kjörstjórar fund með sér að Kirkjubæjarklaustri samkvæmt tilskipun 8. mars 1843, 22. gr., til þess að leggja úrskurð á athugasemdir við kjörskrárnar og umkvartanir er gjörðar kynnu að verða.

Kjörskrárnar voru framlagðar og ber uppáskrift á þær það með sér að þær hafi verið löglega birtar og legið til eftirsjónar hinn lögskipaða tíma. Þar eð engar umkvartanir eða athugasemdir hafa verið gjörðar við kjörskrárnar verða þær aftur senda til þess að þær enn geti legið til eftirsjónar samkvæmt tilskipun 8. mars 1843, 23. gr.

Fundi slitið

Á. Gíslason, Páll Pálsson, B. Bjarnason

Eystri kjörhluti Skaftafellssýslu

Ár 1874, laugardaginn 16. maí áttu undirskrifaðir kjörstjórar í eystri kjörhluta Skaftafellssýslu fund með sér að Árnanesi til þess samkvæmt tilskipun 8. mars 1843, 18. gr., að yfirfara og leiðrétta hinar innkomnu kjörskrár sem og til að semja aðalkjörskrá fyrir téðan kjörhluta. Hinir tilkvöddu kjörstjórar, prófastur Bergur Jónsson í Bjarnanesi og hreppstjóri Stefán Eiríksson í Árnanesi, hafa áður unnið embættiseið. Voru kjörskrár presta og hreppstjóra nákvæmalega yfirfarnar og leiðréttar að því leyti þurfa þótti og að því búnu samin hin lögboðna aðalkjörskrá fyrir kjörhlutann, sem send verður í allar sóknir kjörhlutans svo fljótt sem kostur er á til birtingar og yfirsjónar.

Að lyktum var það ákveðið að kjörstjórar kjörhlutans, prófastur Bergur Jónsson á Bjarnanesi og hreppstjórar Bjarnarneshrepps Stefán Eiríksson á Árnanesi og Jón Jónsson á Hólum, ættu fund með sér að Bjarnanesi 13. júní þ.á. um dagmálabil til þess að leggja úrskurð á umkvartanir þær og athugasemdir sem gjörðar kynnu að verða viðvíkjandi kjörskránum og verður þetta birt með uppáskrift á þær.

Kjörfundi slitið.

Á. Gíslason, B. Jónsson, St. Eiríksson

Eystri kjörhluti Skaftafellssýslu

Ár 1874, laugardaginn þann 13. júní var eftir ósk hlutaðeigandi sýslumanns og uppá tilvonandi samþykki amtmannsins í Suðurumdæminu kjörfundur settur að Bjarnanesi af prófasti B. Jónssyni sem kjörstjórnarforseta ásamt meðkjörstjórum hreppstjórum, St. Eiríkssyni í Árnanesi og Jóni Jónssyni á Hólum, til þess að leggja úrskurð á athugasemdir þær er kynni að verða gjörðar við kjörskrárnar, sem legið hafa til sýnis hinn lögskipaða tíma samkvæmt tilskipun 8. mars 1843, gr. 22. Þar eð á nefndum fundi voru engin mótmæli framkomin gegn kjörskránum og ekkert þurft hér um framar að ræða var fundi þessum slitið.

B. Jónsson, St. Eiríksson, J. Jónsson

Vestri kjörhluti Skaftafellssýslu

Ár 1874, laugardaginn 26. september var að Leiðvallar þingstað kjörþing sett og haldið fyrir vestur kjörhluta Skaftafellssýslu af hlutaðeigandi kjörstjórum: sýslumanni Árna Gíslasyni, presti Páli Pálssyni á Prestsbakka og fyrrum hreppstjóra Bjarna Bjarnasyni á Hörgsdal, samkvæmt þar um gjörðum auglýsingum dags. 30. júní þ.á. til kosningar 2 alþingismanna fyrir Skaftafellssýslu. Voru framlagðar kjörskrár fyrir téðan kjörhluta frá 1. apríl þ.á. sem báru það með sér að þær höfðu verið birtar á lögboðinn hátt og að þær höfðu legið við hlutaðeigandi sóknarkirkjur eins lengi eins og tilskipun 8. mars 1843 ákveður.

Var því næst framlagt skriflegt tilboð Dannebrogsmanns Stefáns Eiríkssonar á Árnanesi, dagsett 24. f.m., til að gjörast alþingismaður fyrir Skaftafellssýslu og var það vottað af kjörstjórnarforseta að hann væri kjörgengur. Tilboð þetta var upplesið svólátandi: #

Brýndi formaður kjörstjórnarinnar því fyrir þeim er mættir voru á kjörþinginu hve áriðandi það væri að leggja alla alúð á að vanda kosningarnar og að þær tækjust sem best og las upp reglur þær er koningsbréf frá 24. mars 1843 ákveður. Ennfremur birti formaður að kosningar framfæru eftir boðleið vestur eftir og að byrjað yrði á Kleifahreppi, en endað á Dyrhólahreppi.

Eftir að kjörskrárnar voru upplesnar fram fóru kosningar, eins og kjörbækurnar með sér bera, og hlaut: Páll prestur Pálsson á Prestsbakka 15 atkvæði, Ólafur bóndi Pálsson á Höfðabrekku 7 atkvæði, Ingimundur hreppstjóri Eiríksson á Oddum 7 atkvæði, Jón umboðsmaður Jónsson á Vík 3 atkvæði.

Var gjörðabókin upplesin þingheimi og ákveðið að kjörfundur yrði haldinn að Kirkjubæjarklaustri 17. október þ.á. um dagmálabil til að bera saman og samantelja atkvæði úr báðum kjörhlutum Skaftafellssýslu. – Kjörþinginu sagt slitið.

Á. Gíslason, Páll Pálsson, B. Bjarnason

Ár 1874, þann 16. október var kjörfundur settur að Holtum af undirskrifuðum prófasti Bergi Jónssyni, samkvæmt ákvörðun amtsins í bréfi frá 19. júním. sem upplesið og framlagt var Nr. 1, ásamt tveim með undirskrifuðum meðkjörstjórum til

Þess að kjósa 2 alþingismenn fyrir Skaftafellssýslu hvað eystri kjörhluta hennar snertir. Hér næst var uppleið skjal Nr. 2 frá séra Páli Pálssyni á Prestsbakka í hverju hann frambyður sig til að vera annan alþingismann Skaftafellssýslu. Einnig voru framlagðar kjörskrár fyrir téðan kjörhluta sem bera það með sér að með þær hafi verið höndlað samkvæmt tilskipun 8. mars 1843. Enn fremur skal þess getið að kjörfundur þessi hefur verið birtur hlutaðeigendum með lögboðnum fresti. Brýndi kjörstjórnin fyrir þingheimi hve áriðandi það væri að leggja allan áhuga á það að kosningar tækjust sem best og áminnti kjósendur um að vanda kosningarnar.

Að þessu búnu greiddu þeir sem fund þennan sóttu atkvæði sín og hlutu þessir samkvæmt meðfylgjandi kjörbókum: Stefán Eiríksson hreppstjóri í Árnanesi 13 atkvæði, séra Páll Pálsson á Prestsbakka 11 atkvæði og séra Bergur Jónsson í Bjarnanesi 4 atkvæði.

Að lyktum var því birt hlutaðeigendum að kjörfundur yrði haldinn að Kirkjubæjar-klaustri til samanburðar atkvæðum fyrir báða kjörhluta Skaftafellssýslu 17. þ.m. um dagmálabil, yrðu kjörbækurnar þá komnar héðan úr kjörhlutanum svo snemma, en annars svo fljótt sem unnt væri eftir komu þeirra.

Kjörfundinum síðan sagt slitið.

B. Jónsson, St. Eiríksson, J. Jónsson

Eystri og vestri kjörhluti Skaftafellssýslu

Árið 1874, hinn 21. október áttu undirskrifaðir kjörstjórar fund með sér að Kirkjubæjarkl. til samanburðar atkvæðum úr báðum hlutum kjördæmis Skaftafellssýslu, og hefur fundur þessi verið, að því leyti unnt var, birtur í nefndum kjörhlutum; en vegna þess að kjörbækurnar úr eystri kjörhlutanum ekki voru komnar hinn 17. þ.m., sem ráð mátti þó gjöra fyrir, var fundinum frestað þangað til í dag, er kjörbækur ekki komnar fyrr að austan en 19. þ.m.

Við samburð atkvæðanna fannst það að prestur Páll Pálsson á Prestsbakka hafði í báðum kjörhlutum kjördæmisins hlotið 26 atkvæði og Dannebrogsmáður Stefán Eiríksson í Árnanesi 13 atkvæði en engir aðrir yfir 7 atkvæði. Eru því nefndir menn rétt kjörnir alþingismenn fyrir Skaftafellssýslu sem birt verður svo fljótt sem kostur

er á. Að endingu er þess að geta að enginn af kjörstjórum eystri kjörhlutans mættu og báru fyrir vegalengd og annir sínar.

Var fundi slitið eftir að hið bókaða var upplesið.

Á. Gíslason, Páll Pálsson, B. Bjarnason

Skaftafellssýsla 1875 (aukakosning í eystra kjördæmi)

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0050 – MA/2, 3

Ár 1875, fimmtudaginn 27. maí var að Holtapingsstað kjörþing sett og haldið fyrir eystra kjördæmi Skaftafellssýslu, en hinn kjörni þingmaður dannebrogismaður Stefán Eiríksson í Árnanesi hafði afsalað sér kosningu er framfór f.á., af hlutað-eigandi kjörstjórum sýslunnar Árna Gíslasyni hreppstjóra, dannebrogsmanni Stefáni Eiríkssyni í Árnanesi og prófasti Bergi Jónssyni í Bjarnanesi samkvæmt þar um gjörðum auglýsingum frá 13. þ.m. sem birtar hafa verið í öllu kjördæminu sumpart með sérstaklegum sumpart með manntals þingboðunum til þess að kjósa alþingismann fyrir áminnst kjördæmi.

Voru framlagðar kjörskrár fyrir kjördæmið frá 16. maí f.á. er báru það með sér að þær hefðu legið við hlutaðeigandi kirkjur hinn lögboðna tíma. Brýndi formaður kjörstjórnarinnar það fyrir þeim er mættir voru á kjörþinginu hve áriðandi það væri að leggja alla alúð á að vanda kosninguna og að hún tækist sem best og las upp reglur þær er kosningsbréf frá 24. mars. 1843 ákveða. Enn fremur birti formaðurinn að kosningar framfæru eftir boðleið vestur eftir og að byrjað yrði á Bæjarhreppi en endað á Hofshreppi.

Eftir að kjörskrárnar voru upplestar framfór kosningin eins kjörbækurnar með sér bera og hlaut: dannebrogismaður Stefán Eiríksson hreppstjóri í Árnanesi atkvæði að tölu 31 og prófastur séra Bergur Jónsson í Bjarnanesi 1 atkvæði

Kjörþinginu sagt slitið.

Á. Gíslason, B. Jónsson, St. Eiríksson

Vestur-Skaftafellssýsla 1880

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0050 – MA/2, 3

Ár 1880, laugardaginn hinn 18. september. var að þingstað Leiðvallahrepps, Leiðvelli í Vestur-Skaftafellssýslu, settur og haldinn kjörfundur fyrir Vestur-Skaftafellssýslu af settum sýslumanni Ólafi Pálssyni á Höfðabrekku, samkvæmt bréfi amtsins dags. 2. þ.m., með hinum kosnu kjörstjórum, sýslunefndarmanni Ingim. Eiríkssyni Rofabæ og séra Hannesi Stephensen á Mýrum.

1. Var þá fyrst lesið upp skikkunarbréf hins setta sýslumanns dags. 2. sept. þ.á.
2. Lesið opið bréf um kosningar til alþingis 2. mars 1880.
3. Lögð fram 2 bréf um framboð séra Hannesar Stephensen til alþingismanns og tveggja manna er mæltu með honum, Hjartar bónda Bjarnasonar á Herjúlfsstöðum og Stefáns Einarssonar í Hraungerði.
4. Var skorað á oddvita kjörstjórnarinnar að taka kosningu og játti hann því.
5. Framlagðar kjörskrár fyrir kjördæmið.
6. Var síðan gengið til kosninga og hlutu atkvæði samkvæmt kjörskránum: Ólafur umboðsmaður Pálsson á Höfðabrekku 55 og séra Hannes Stephensen á Mýrum 12, – þannig er umboðsmaður Ólafur Pálsson á Höfðabrekku réttkjörinn þingmaður með 55 atkvæðum af 67 er greidd voru.

Kjörstjórnin beið 2½ stund eftir því að menn gæfu sig fram til að kjósa og er enginn gaf sig fram var fundi slitið. – ut supra.

Í umboði sýslumanns, Ólafur Pálsson

Hannes Stephensen, Ingim. Eiríksson.

Austur-Skaftafellssýsla 1880

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0050 – MA/2, 3

Ár 1880, hinn 30 sept. var kjörfundur settur og haldinn að Holtum í Austur-Skaftafellssýslu af prófasti Jóni Jónssyni að Bjarnanesi í umboði hins setta sýslumanns, Ólafs Pálssonar að Höfðabrekku, ásamt meðkjörstjórum, Stefáni hreppstjóra Eiríkssyni í Árnanesi og Guðmundi Eiríkssyni í Hoffelli. Voru lagðar fram allar kjörskrárnar úr hinum 5 hreppum sýslunnar.

Séra Páll Pálsson á Stafafelli hreyfði því fyrir fundinn að kjörstjórnin væri á sínu álitu eigi löglega samansett, þar sem sýslumaður hefði sett annan af kjörstjórunum í sinn stað en aftur annan í hans stað og myndi þetta koma í bága við 19. grein laga 14.

sept. 1877. Séra Sveinn Eiríksson hreyfði því að fundarboðunin hefði ekki allstaðar í kjördæminu verið birt fullum 4 vikum á undan fundardegi og að kjörskránni úr Borgarhafnarhreppi myndi vera ábótavant, en ekki sannaðist að hún hefði eigi legið fram á lögskipaðan hátt. 3 menn gerðu kost á sér sem þingmannaefni, nli hreppstjóri Stefán Eiríksson í Árnanesi, prófastur Jón Jónsson í Bjarnanesi og Sigurður bóndi Ingimundarson á Tvískerjum. Fóru svo kosningar að Sigurður hlaut 2 atkvæði, séra Jón 16 atkvæði og Stefán Eiríksson 31 atkvæði. Alls voru greidd 49 atkvæði á fundinum.

Holtum 30. sept. 1880.

Jón Jónsson, St. Eiríksson, G. Eiríksson

Að endurritið sé rétt vottast og fylgir frumritið gjörðabókinni.

Skrifstofa Skaftafellssýslanna Kirkjubæjarklaustur 26. október 1880.

A.L.E. Fischer sýslumaður

Austur-Skaftafellssýsla 1885 (aukakosning)

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0050 – MA/2, 3

Ár 1885, laugadaginn 16. maím. var kjörþing sett og haldið að Borgarhöfn í Borgarhafnarhreppi af formanni kjörstjórnar sýslumanni Sigurði Ólafssyni og meðkjörstjórum, Sveini presti Eiríkssyni á Sandfelli og Eiríki bónda Guðmundssyni á Meðalfelli, til þess að kjósa alþingismann fyrir kjördæmi Austur-Skaftafellssýslu í stað Stefáns heitins Eiríkssonar og fyrir þingtíma þann, er hann átti eftir. Kjörþingið var fyrirfram auglýst um alla hreppi sýslunnar með 5 auglýsingum, dags. 28. febrúar þ.á. Kjörskrár fyrir alla hreppi kjördæmisins voru framlagðar, auglýsing landsh. dags. 24. nóv. f.á. er skipar fyrir um kosninguna var upplesin.

Kjörstjórnin leiddi athygli kjósenda að tilganginum með kosningunni og brýndi fyrir þeim að vanda hana sem best. Þessir buðu sig fram til kosningar: 1) Eymundur Jónsson, bóndi á Dilksnesi; 2) Eyjólfur Runólfsson, hreppstjóri á Reynivöllum; 3) Jón Jónsson, prófastur í Bjarnanesi; 4) Sigurður Ingimundsson, hreppstjóri á Fagurhólsmýri.

Eftir að þingmannaefni og nokkrir af kjósendum höfðu tekið til máls, var skorað á menn að ganga til kosninga og ákveðið að kjósendur úr Bæjarhreppi skyldu byrja og síðan haldið vestur eftir og endað á Hofshreppi. – Kosningin féll þannig að: Jón prófastur Jónsson í Bjarnanesi hlaut 35 atkvæði; Sigurður hreppstjóri Ingimundsson Fagrahólmýri 10 atkvæði; Eymundur bóndi Jónsson í Dilksnesi 4 atkvæði; Eyjólfur hreppstjóri Runólfsson á Reynivöllum 2 atkvæði. Atkvæði greidd samt. 51.

Borgarhöfn, 16. maímán. 1885

Sigurður Ólafsson, Sv. Eiríksson, Eiríkur Guðmundsson

Austur-Skaftafellssýsla 1886

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0050 – MA/2, 3

Ár 1886, þriðjudaginn 1. júním. var kjörþing sett og haldið að Borgarhöfn í Borgarhafnarhreppi af formanni kjörstjórnar, sýslumanni Sigurði Ólafssyni, og meðkjörstjórum, Jóhanni presti Benediktssyni á Kálfafellsstað og Ara bónda Hálf dánarsyni á Fagurhólmýri, til þess að kjósa alþingismann fyrir kjördæmi Austur-Skaftafellssýslu fyrir næstu 6 ár. Opið bréf 2. nóvember 1885, er skipar fyrir um kosninguna, var upplesið. Kjörskrár fyrir alla hreppa sýslunnar voru framlagðar. Kjörstjóri leiddi athygli kjósenda að tilganginum með kosningunni og brýndi fyrir þeim að vanda hana sem best. Þessir menn buðu sig fram til kosningar: 1) Eyjólfur hreppstjóri Runólfsson á Reynivöllum; 2) Sveinn prestur Eiríksson á Sandfelli; 3) Sigurður hreppstjóri Ingimundsson á Fagrahólmýri; 4) Jón prófastur Jónsson í Bjarnanesi.

Eftir að öll þingmannaefnin höfðu nokkrum sinnum tekið til máls, var skorað á menn að ganga til kosninga og ákveðið að kjósendur úr Bæjarhreppi skyldu byrja, síðan haldið vestur eftir og endað á Hofshreppi. Atkvæðagreiðslan féll þannig, að: Jón prófastur Jónsson hlaut 33 atkvæði; Sveinn prestur Eiríksson hlaut 24 atkvæði; Sigurður hreppstjóri Ingimundsson hlaut 19 atkvæði; Eyjólfur hreppstjóri Runólfsson hlaut 8 atkvæði. Þar eð enginn af þingmannaefnunum hlutu meira en helming allra atkvæða, var kosið að nýju óbundnum kosningum og fór þá atkvæðagreiðsla alveg á sömu leið.

Var síðan kosið í þriðja sinn bundnum kosningum milli þeirra 2 þingmannaefna er flest atkvæði hlutu við 2 fyrstu kosningarnar. Féllu þá atkvæði þannig að: Sveinn prestur Eiríksson hlaut 49 atkvæði, Jón prófastur Jónsson hlaut 33 atkvæði. Við fyrri kosningarnar voru þannig greidd 84 atkvæði, en 82 við hina síðustu.

Borgarhöfn, 1. júním. 1886.

Sigurður Ólafsson, J.K. Benediktsson, Ari Hálfðanarson

Vestur-Skaftafellssýsla 1886

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0050 – MA/2, 3

Ár 1886, fimmtudaginn 10. júním var kjörþing sett og haldið að Leiðvelli af formanni kjörstjórnar sýslumanni Sigurði Ólafssyni og meðkjörstjórum, Ingimundi Eiríkssyni og Sæmundi Jónssyni, til þess að kjósa alþingismann fyrir kjördæmi Vestur-Skaftafellssýslu fyrir næstu 6 ár. Opið bréf 2. nóv 1885, er skipar fyrir um kosninguna, var uppleið. Kjörskrár fyrir alla hreppa sýslunnar voru fram lagðar. Kjörstjóri leiddi athygli kjósenda að tilganginum með kosningunni og brýndi fyrir þeim að vanda hana sem best. Sem þingmannaefni gáfu kost á sér Ólafur umboðsmaður Pálsson á Höfðabrekku og Jón bóndi Einarsson á Hemru.

Eftir að bæði þingmannaefnin og nokkrir af kjósendum höfðu tekið til máls var gengið til kosninga og ákveðið að kjósendur úr Kleifahreppi skyldu kjósa fyrst og síðan haldið vestur eftir og endað á Dyrhólahreppi. – Atkvæðagreiðsla féll þannig að: Ólafur umboðsm. Pálsson hlaut 42 atkvæði, Jón bóndi Einarsson hlaut 35 atkvæði. Á kjörþinginu voru þannig greidd samtals 77 atkvæði.

Leiðvelli, 10. júním. 1886.

Sigurður Ólafsson, Ingim. Eiríksson, Sæm. Jónsson

Vestur-Skaftafellssýsla 1892

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0050 – MA/2, 3

Ár 1892, laugardag 3. september kl. 10 f.h. var að Leiðvelli í Leiðvallarhreppi kjörþing sett og haldið af hinum reglulega kjörstjóra sýslumanni Guðlaugi

Guðmundssyni og meðkjörstjórum kosnum af sýslunefndinni, Ingimundi hreppstjóra Eiríkssyni og Runólfi hreppstjóra Jónssyni, til þess að kjósa alþingis-
mann fyrir kjördæmi Vestur-Skaftafellssýslu til næstu 6 ára. Opið bréf 26. febr. 1892,
er skipar fyrir um kosninguna, var uppleið. Kjörskrár fyrir alla hreppa sýslunnar
voru fram lagðar. Kjörstjóri leiddi athygli kjósenda að tilganginum með kosningunni
og brýndi fyrir mönnum að vanda hana sem best.

Sem þingmannaefni gáfu kost á sér: Jón Einarsson bóndi á Hemru, Ólafur Pálsson,
umboðsmaður á Höfðabrekku og sýslumaður Guðl. Guðmundsson. Eftir að bæði
þingmannaefnin og nokkrir kjósendur höfðu tekið til máls var gengið til kosninga og
ákveðið að byrja skyldi á Kleifahreppi og halda svo vestur eftir og enda á Dyrhóla-
hreppi. Atkvæðagreiðslan féll þannig að á fundinum voru greidd samtals 50 atkv.:
Hlaut sýslumaður Guðl. Guðmundsson 41 atkvæði; Jón bóndi Einarsson 8 atkvæði;
Ólafur Pálsson 1 atkvæði. Alls 50 atkvæði.

Kjörþingi slitið kl. 1¼ e.h.

Leiðvelli, 3. september 1892.

Guðl. Guðmundsson, Ingim. Eiríksson, Runólfur Jónsson

Austur-Skaftafellssýsla 1892

Dagbækur Alþingis: N 615–92 [112r–112v]

Guðlaugur Guðmundsson sýslumaður í Skaftafellssýslu kunngjörir: Ár 1892,
föstudag 30. september var kjörþing sett að Flatey í Mýrahreppi og haldið af
héraðslækni Þorgrími Þórðarsyni í umboði formanns kjörstjórnarinnar, sýslumanns
Guðl. Guðmundssonar, ásamt hinum kosnu meðkjörstjórum, séra Ólafi Magnússyni
á Sandfelli og hreppstjóra Þorleifi Jónssyni á Hólum, til þess að kjósa alþingismann
til næstu 6 ára fyrir kjördæmi Austur-Skaftafellssýslu. Kjörþingið hefur verið boðað
með löglegum fyrirvara í öllum hreppum sýslunnar með auglýsingum, dags. 30. júlí
þ.á. – Opið bréf 26. febr. 1892, er skipar fyrir um kosningarnar, var lesið upp í
heyrenda hljóði. – Kjörskrár fyrir alla hreppa í kjördæminu voru framlagðar.
Kjörstjóri lagði fram umboðsskjal sýslumanns, dags. 30. júlí þ.á., og las það upp
svohljóðandi:

Guðlaugur Guðmundsson sýslumaður í Skaftafellssýslu kunngjörir:

Að ég hefi veitt, eins og ég einnig með skjali þessu veiti herra héraðslækni Þorgrími Þórðarsyni á Borgum í Nesjum, umboð mitt til þess í mínu nafni og á mína ábyrgð að gegna starfi kjörstjóra á kjörþingi að Flatey í Mýrahreppi þann 30. september þ.á., þar sem kosinn skal alþingismaður til næstu 6 ára fyrir kjördæmi Austur-Skaftafellssýslu.

Skal allt það, er nefndur umboðsmaður minn í þessu efni fyrir mína hönd eða í mínu nafni gjörir hafa sömu lagalegu þýðingu og gildi, eins og ég hefði það sjálfur gjört.

Þessu til staðfestu er undirskrift mín og innsigli sýslunnar.

Skrifstofu Skaftafellssýslu

Kirkjubæjarklaustri 30. júlí 1892. Guðl. Guðmundsson (L.S.)

Kjörstjóri leiddi athygli kjósenda að tilganginum með kosningunni og brýndi fyrir mönnum að vanda hana sem best. Sem þingmannaefni gáfu kost á sér: Jón Jónsson prófastur að Stafafelli. Eftir að þingmannsefnið og nokkrir af kjósendum höfðu tekið til máls, var gengið til kosninga var ákveðið að byrja á kjósendum í Bæjarhreppi og halda síðan vestur eftir og enda á kjósendum í Hofshreppi. – Atkvæðagreiðslan féll þannig að Jón Jónsson prófastur að Stafafelli fékk 66 atkvæði. Á kjörþinginu voru þannig greidd 66 atkvæði og hlaut Jón Jónsson prófastur að Stafafelli öll atkvæðin og er því kjörinn þingmaður fyrir kjördæmið.

Eftir að kjörþingið hafði staðið þrjár stundir og kjörstjórnin hafði beðið hálfa stund, án þess nokkrir fleiri gæfu sig fram til að kjósa, var kosningargjörðinni lokið.

Kjörþingi slitið kl. 3½ e.h.

Þorgrímur Þórðarson F.m., Ólafur Magnússon, Þorleifur Jónsson

Gjörð þessari til staðfestu er nafn mitt og innsigli Skaftafellssýslu.

Guðlaugur Guðmundsson

Austur-Skaftafellssýsla 1894

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0050 – MA/2, 3

Ár 1894, föstudag 1. júní var kjörþing sett og haldið að Flatey á Mýrum af hinum reglulega kjörstjóra, sýslumanni Guðl. Guðmundssyni, og hinum kosnu meðkjör-

stjórum, sóknarpresti séra Ólafi Magnússyni og hreppstjóra Þorleifi Jónssyni á Hólum, til þess að kjósa alþingismann til næstu 6 ára fyrir kjördæmi Austur-Skaftafellssýslu. Opið bréf 29. sept. 1893, er skipar fyrir um þessar kosningar, var upplesið. Kjörskrár fyrir alla hreppa sýslunnar voru framlagðar, og voru kjörskrárnar í öllum verulegum atriðum löglega samdar að forminu til. Kjörstjóri leiddi athygli kjósenda að tilganginum með kosningunni og brýndi fyrir mönnum að vanda hana vel. Sem þingmannsefni gaf kost á sér á fundinum: Prófastur Jón Jónsson á Stafafelli

Eftir að þingmannsefnið hafði tekið til máls og nokkrir af kjósedum höfðu lagt fyrir þingmannsefnið nokkrar fyrirspurnir og flutt ræður nokkrar um almenn mál var til kosninga gengið og var ákveðið að byrja á Bæjarhreppi og halda vestur eftir. – Atkvæðagreiðslan féll þannig að á kjörþinginu voru greidd samtals 41 atkvæði og hlaut prófastur Jón Jónsson öll hin greiddu atkvæði og var þannig kosinn alþingismaður fyrir kjördæmið með 41 samhljóða atkvæðum. Úrslitum kosningarinnar var í heyranda hljóði lýst. Kjörbréf var afhent hinum kosna þingmanni.

Kjörþinginu, er staðið hafði 2½ tíma, var því næst slitið. –

Guðl. Guðmundsson, Þorleifur Jónsson, Ólafur Magnússon

Vestur-Skaftafellssýsla 1894

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0050 – MA/2, 3

Ár 1894, laugardag 9. júní var kjörþing sett og haldið að Leiðvelli af hinum reglulega kjörstjóra sýslumanni Guðl. Guðmundssyni og hinum kosnu meðkjörstjórum, séra Gísla Jónssyni Langholti og séra Bjarna Einarssyni Mýrum, til þess að kjósa alþingismann til næstu 6 ára fyrir kjördæmi Vestur-Skaftafellssýslu. Opið bréf 29. sept. 1893, er skipar fyrir um þessar kosningar, var upplesið. Kjörskrár fyrir alla hreppa sýslunnar voru framlagðar og voru kjörskrárnar samdar í löglegu formi. Kjörstjóri leiddi athygli kjósenda að tilganginum með kosningunni og brýndi fyrir mönnum að vanda hana vel. Sem þingmannaefni gáfu kost á sér Jón Einarsson bóndi á Hemru og sýslumaður Guðl. Guðmundsson, Kirkjubæjarklaustri. Sigurður bóndi Sigurfinnsson úr Vestmannaeyjum hafði sent skriflegt framboð en lýsti því sjálfur yfir í byrjun kjörþingsins að hann tæki framboð sitt aftur og var því eigi boðinn fram til kosningar.

Eftir að þingmannaefnin og nokkrir kjósendur höfðu tekið til máls um almenn mál, var gengið til kosninga og var ákveðið að byrja á Hörglandshrepp og halda vestur eftir. – Atkvæðagreiðslan féll þannig að á þinginu voru greidd samtals 51 atkvæði. Að áliðinni atkvæðagreiðslu lýsti Jón Jónsson í Hemru því yfir að hann tæki aftur framboð sitt en hafði hann þá hlotið 8 atkvæði. Sýslumaður Guðl. Guðmundsson hlaut 43 atkvæði og var þannig kosinn alþingismaður fyrir kjördæmið. Úrslitum kosningarinnar var í heyranda hljóði lýst. Kjörbréf var útgefið og afhent hinum nýkosna þingmanni.

Kjörþinginu, er staðið hafði í rúmar tvær stundir, var því næst slitið.

Guðl. Guðmundsson, Gísli Jónsson, Bjarni Einarsson

Vestur-Skaftafellssýsla 1900

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0050 – MA/2, 3

Ár 1900, laugardag 1. september kl. 12 á háð. var kjörþing fyrir Vestur-Skaftafellssýslu sett að Leiðvelli og haldið af hinum reglulega kjörstjóra sýslumanni Guðl. Guðmundssyni og hinum kosnu meðkjörstjórum, séra Magnúsi Bjarnasyni og Gunnari Ólafssyni. Var þar fyrirtekið að kjósa alþingismann fyrir Vestur-Skaftafellssýslu til næstu 6 ára. Opið bréf 2. mars 1900, er skipar fyrir um þessa kosningu, var upplesið. Kjörskrár löglega samdar fyrir alla hreppa sýslunnar voru framlagðar. Kjörstjóri leiddi athygli kjósendanna að tilganginum með kosningunni og brýndi fyrir mönnum að vanda hana vel. Sem þingmannsefni gáfu kost á sér: Sýslumaður Guðlaugur Guðmundsson, Dr. Jón Þorkelsson (yngri) Reykjavík.

Eftir að þingmannaefnin og nokkrir kjósendur höfðu tekið til máls um almenn mál var gengið til kosningar og var ákveðið að byrja á Hörglandshreppi og halda vestur eftir. Atkvæðagreiðslan féll þannig að á þinginu voru greidd 60 atkvæði og hlaut sýslumaður Guðl. Guðmundsson 52 atkvæði og Dr. Jón Þorkelsson 8 atkvæði. Sýslumaður Guðl. Guðmundsson var þannig kosinn þingmaður fyrir kjördæmið. Úrslitum kosningarinnar var í heyranda hljóði lýst. Kjörbréf var útgefið og afhent hinum nýkosna þingmanni.

Kjörþinginu, er staðið hafði í 4 stundir, var því næst slitið.

Guðl. Guðmundsson, Gunnar Ólafsson, Magnús Bjarnason

Austur-Skaftafellssýsla 1900

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0050 – MA/2, 3

Ár 1900, laugardag 22. sept. kl. 12 á hád. var kjörþing fyrir Austur-Skaftafellssýslu sett að Flatey á Mýrum og í forföllum hins reglulega kjörstjóra, sýslumanns Guðl. Guðmundssonar, haldið af hreppstjóra Ara Hálfðanarsyni, eftir umboði sýslumannsins, ásamt meðkjörstjórum kosnum af sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu, héraðslækni Þorgrími Þórðarsyni og hreppstjóra Þorleifi Jónssyni. Kjörstjóri lagði fram og las upp umboð sitt dags. 17. þ.m. svo hljóðandi: # #

Var þá lesið upp opið bréf 2. mars 1900 er skipar fyrir um kosningu alþingismanns fyrir kjördæmið. Kjörskrár fyrir alla hreppa sýslunnar í löglegu formi voru framlagðir. Kjörþingið hefur verið auglýst um alla hreppa kjördæmisins með lögboðnum fyrirvara. Kjörstjóri leiddi athygli kjósenda að tilganginum með kosningunni og brýndi fyrir mönnum að vanda hana sem best.

Sem þingmannaefni gáfu kost á sér: Séra Jón prófastur Jónsson á Stafafelli og séra Ólafur Ólafsson prestur að Arnarbæli eftir skriflegu framboði 13. sept. þ.á. Sem meðmælendur hans gáfu sig fram á kjörþinginu séra Ólafur Magnússon á Sandfelli og Eyjólfur hreppstjóri Runólfsson á Reynivöllum. – Eftir að hið viðstadda þingmannsefni hafði tekið til máls las séra Ólafur Magnússon upp „ávarp til kjósenda í Austur-Skaftafellssýslu“ frá séra Ólafi Ólafssyni í Arnarbæli og talaði nokkur orð sem meðmæli með honum.

Eftir að nokkrar umræður höfðu svo farið fram var gengið til kosninga og var ákveðið af byrja á Bæjarhreppi en enda á Hofshreppi. Þórarinn Sigurðsson í Stóru­lág hreyfði mótmælum gegn kjörskrá Bæjarh­repps, taldi þar nokkra setta á kjörskrá er ekki ættu þar að standa. Á kjörþinginu voru greidd 76 atkvæði. Við kosninguna hlaut séra Jón prófastur Jónsson á Stafafelli 29 atkvæði en séra Ólafur Ólafsson í Arnarbæli 47 atkvæði og var þannig kosinn alþingismaður fyrir kjördæmið til næstu 6 ára. Úrslitum kosningarinnar var í heyranda hljóði lýst og kjörbréf útgefið til handa hinum nýkosna þingmanni.

Kjörþinginu, er staðið hafði í 3¼ stundir, var því næst slitið.

Ari Hálfðanarson (settur), Þorleifur Jónsson, Þorgr. Þórðarson

Vestur-Skaftafellssýsla 1902

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0050 – MA/2, 3

Ár 1902, mánudag 2. júní kl. 12 á hádegi var kjörþing fyrir Vestur-Skaftafellssýslu sett að Leiðvelli og haldið af hinum reglulega kjörstjóra sýslumanni Guðlaugi Guðmundssyni og meðkjörstjórum kosnum af sýslunefndinni, sóknarpresti séra Magnúsi Bjarnasyni og verslunarbókhaldara Ólafi Arnbjarnarsyni. Var þar fyrir tekið að kjósa alþingismann fyrir kjördæmi Vestur-Skaftafellssýslu til næstu 6 ára. – Opið bréf 13. sept. 1901, er skipar fyrir um þessa kosningu, var upplesið. Kjörskrár í löglegu formi fyrir alla hreppa sýslunnar voru framlagðar. – Kjörþingið hefur verið auglýst um allt kjördæmið með lögboðnum fyrirvara. – Kjörstjóri leiddi athygli kjósendanna að tilganginum með kosningunni og brýndi fyrir mönnum að vanda hana sem best. Sem þingmannsefni fyrir kjördæmið gaf kost á sér: Sýslumaður Guðl. Guðmundsson, Kirkjubæjarkl.

Eftir að þingmannsefnið og nokkrir af kjósendum höfðu tekið til máls um almenn mál var gengið til kosningar og ákveðið að byrja á Hörglandshreppi og halda vestur eftir. Atkvæðagreiðslan féll þannig að á þinginu voru greidd 58 atkvæði og hlaut sýslumaður Guðl. Guðmundsson öll hin greiddu atkvæði. Hann var þannig kosinn þingmaður fyrir kördæmið með 58 samhljóða atkvæðum. – Úrslitum kosningarinnar var í heyranda hljóði lýst. Kjörbréf var útgefið og afhent hinum nýkosna þingmanni. Kjörþinginu, er staðið hafði 3½ tíma, var því næst slitið.

Guðl. Guðmundsson, Magnús Bjarnason, Ólafur Arnbjarnarson

Austur-Skaftafellssýsla 1902

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0050 – MA/2, 3

Ár 1902, þriðjudag 10. júní var kjörþing fyrir Austur-Skaftafellssýslu sett að Flatey á Mýrum kl. 12 á hádegi og haldið af hinum reglulega kjörstjóra, sýslumanni Guðl. Guðmundssyni, að tilkvöddum meðkjörstjórum kosnum af sýslunefndinni, sóknarpresti séra Ólafi Magnússyni á Sandfelli og söðlasmið Guðmundi Sigurðssyni á Höfn. – Var þar fyrirtekið að kjósa alþingismann fyrir Austur-Skaftafellssýslu til

næstu 6 ára. – Opið bréf 13. sept. 1901, er skipar fyrir um þessa kosningu, var upplesið. Kjörskrár í löglegu formi fyrir alla hreppa sýslunnar voru framlagðar. Kjörþingið hefur verið auglýst um allt kjördæmið með lögboðnum fyrirvara. Kjörstjóri leiddi athygli kjósendanna að tilganginum með kosningunni og brýndi fyrir mönnum að vanda hana sem best. Sem þingmannsefni fyrir kjördæmið gáfu kost á sér: prófastur Jón Jónsson á Stafafelli, héraðslæknir Þorgrímur Þórðarson Borgum

Eftir að þingmannsefnin og nokkrir af kjósendum höfðu tekið til máls um opinber almenn málefni var gengið til kosningar og var ákveðið að byrja á Bæjarhreppi og halda vestur eftir. Atkvæðagreiðslan féll þannig að á kjörþinginu voru greidd 87 atkvæði samtals og hlaut prófastur Jón Jónsson á Stafafelli 35 atkvæði, en héraðslæknir Þorgrímur Þórðarson hlaut 52 atkvæði. Var héraðslæknir Þorgrímur Þórðarson, Borgum þannig kosinn alþingismaður fyrir kjördæmið með 52 atkvæðum af 87 atkvæðum er greidd voru alls. – Úrslitum kosningarinnar var í heyranda hljóði lýst. Kjörbréf var útgefið og afhent hinum nýkosna þingmanni. Kjörþinginu, en staðið hafði í 4 stundir, var því næst slitið.

Guðl. Guðmundsson, Ólafur Magnússon, Guðmundur Sigurðsson

Vestur-Skaftafellssýsla 1903

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0050 – MA/2, 3

Ár 1903, þriðjudag 2. júní var kjörþing fyrir Vestur-Skaftafellssýslu sett að Leiðvelli kl. 12 á hádegi og haldið af hinum reglulega kjörstjóra sýslumanni Guðlaugi Guðmundssyni að tilkvöddum meðkjörstjórum kosnum af sýslunefndinni, sóknarpresti séra Magnúsi Bjarnasyni, Prestsbakka og bókhaldara Ólafi Arinbjarnarsyni, Vík. Var þar fyrirtekið að kjósa alþingismann fyrir Vestur-Skaftafellssýslu til næstu 6 ára. Opið bréf 25. september 1902, er skipar fyrir um þessa kosningu, var upplesið. Kjörskrár í löglegu formi fyrir alla hreppa sýslunnar voru framlagðar. Kjörþingið hefur verið auglýst um alla hreppa kjördæmisins með lögboðnum fyrirvara. Kjörstjóri leiddi athygli kjósenda að tilganginum með kosningunni og brýndi fyrir mönnum að vanda hana sem best.

Sem þingmannsefni fyrir kjördæmið gaf kost á sér: Guðlaugur Guðmundsson, sýslumaður. Eftir að þingmannsefni og nokkrir kjósendur höfðu tekið til máls um

opinber almenn málefni var gengið til kosningar og var ákveðið að byrja á Hörglandshreppi og halda vestur eftir. Atkvæðagreiðsla féll þannig að á kjörþinginu voru greidd samtals 36 atkvæði og hlaut sýslumaður Guðl. Guðmundsson öll hin greiddu atkvæði. – Var sýslumaður Guðl. Guðmundsson þannig kosinn alþingismaður fyrir kjördæmið með 36 samhljóða atkvæðum. Úrslitum kosningarinnar var í heyranda hljóði lýst. – Kjörbréf var útgefið og afhent hinum nýkosna þingmanni. Kjörþinginu, er staðið hafði 2¼ stundir, var því næst slitið. Guðl. Guðmundsson, Magnús Bjarnason, Ólafur Arinbjarnarson.

Austur-Skaftafellssýsla 1903

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: [Ómerkt askja – 209]

Ár 1903, laugardaginn 6. júní var kjörþing fyrir Austur-Skaftafellssýslu, sett að Flatey á Mýrum kl. 12 á hádegi og haldið af hreppstjóra Ara Hálfðanarsyni, í umboði hins reglulega kjörstjóra sýslumanns Guðlaugs Guðmundssonar, að tilkvöddum meðkjörstjórum kosnum af sýslunefndinni, söðlasmið Guðmundi Sigurðssyni og héraðslækni Þorgrími Þórðarsyni. Var þar fyrir tekið að kjósa alþingismann fyrir Austur-Skaftafellssýslu til næstu 6 ára. Kjörstjóri las upp umboðsskjal sitt, dagsett 21. f.m., er fylgir kosningargjörðinni. Opið bréf dagsett 25. september 1902, er skipar fyrir um þessa kosningu, var upplesið. Kjörskrár í löglegu formi fyrir alla hreppa sýslunnar voru framlagaðar. Kjörþingið hefur verið auglýst um allt kjördæmið með lögboðnum fyrirvara. Kjörstjóri leiddi athygli kjósendanna að tilganginum með kosningunni og brýndi fyrir mönnum að vanda hana sem best.

Sem þingmannsefni gáfu kost á sér Þorgrímur héraðslæknir Þórðarson og Þorleifur hreppstjóri Jónsson. Atkvæðagreiðslan féll þannig að Þorleifur hreppstjóri Jónsson hlaut 39 atkvæði og héraðslæknir Þorgrímur Þórðarson 58 atkvæði. Þorgrímur læknir Þórðarson var þannig kosinn alþingismaður fyrir kjördæmið, með 58 atkvæðum af 97 atkvæðum sem greidd voru samtals. Úrslitum kosningarinnar var í heyranda hljóði lýst. Kjörbréf var útgefið og afhent hinum nýkosna þingmanni. Kjörþingi er staðið hafði í fullar 3 stundir slitið.

Flatey, 6. júní 1903.

Ari Hálfðanarson (í umboði sýslumanns), Guðmundur Sigurðsson, Þorgrímur Þórðarson

Suður-Múlasýsla

Suður-Múlasýsla 1874

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0049 – MC/2, 2

Ár 1874, þann 28. september var sýslumaður í Suðurmúlasýslu Jón Johnsen til staðar í Þingmúla til þess að stýra kosningu á 2 alþingismönnum til alþingis, sem koma á saman að sumri komanda. – Með bréfum dags. 11. nóv. 1873 var öllum prestum í kjördæminu falið á hendur að semja með aðstoð hreppstjóra hinar lögbundnu skýrslur yfir þá sem kosningarrétt hafa og kjörgengir eru í sóknum þeirra, hafa skýrslur þeirra verið sendar sýslumanni og eftirrit af þeim verið til sýnis hjá hverjum sóknarpresti frá 14. maí þ.á. og þar til rétt fyrir þetta kjörþing og hreppstjórum upplagt með bréfi dags. 16. apríl þ.á. að auglýsa mönnum þetta og eru kjörskrárnar nú framlagðar.

Kjörfundur þessi var auglýstur öllum hreppstjórum með bréfi dags. 2. þ.m. og mælt er fyrir að þeir skyldu vera búnir að auglýsa þetta innan 14. þ.m. Kjörstjóri kvaddi til aðstoðar sér Jónas prest Hallgrímsson í Hólmum og fyrrum hreppstjóri Hans Beck á Sómastöðum og sitja báðir í krafti þess eiðs sem þeir hafa svarið, hinn sem prestur og hinn síðar er hann varð hreppstjóri – að vinna eftir bestu sannfæringu og hlutdrægnislaust að því verki, sem þeim þannig hefur verið falið á hendur.

Engin athugasemd hafði innkomið við kjörskrárnar á tilteknum tíma, nema sú að Ármann bóndi Vilhjálmsson á Barðsnesi í vor borgaði sveitarskuld sína, var hann því tekinn uppí kjörskrána sem kjörgengur og hafandi kosningarrétt. Voru menn því næst spurðir hvort þeir hefðu nokkra athugasemd að gera viðvíkjandi því hverjir hefðu verið teknir uppá kjörlistann og gaf enginn sig fram.

Þá kjörstjóri hafði framlagt erindisbréf sitt og með fáum orðum brýnt fyrir kjósendum hve mikilsvarðandi kosningin væri var gengið til atkvæða eftir kirkjusóknum og fóru fram kosningar eins og kjörbækurnar sýna.

Kjörstjóri las upp bréf frá málaflutningsmanni Páli Melsteð í Reykjavík, dags. 3. ág. þ.á., hvar í hann lýsir yfir að hann muni takast á hendur að vera alþingismaður fyrir Suður-Múlasýslu, ef atkvæði falla þannig. – Sigurður prófastur Gunnarsson á

Hallormsstað lýsti yfir að við fundinn vegna Tryggva Gunnarssonar á Oddeyri, að hann gæfi Suður-Múlasýslumönnum kost á sér fyrir alþingismann.

Á kjörfundi voru mættir 27 menn alls, sem atkvæði greiddu. – Að lokinni kosningu voru kjörbækurnar upplesnar og atkvæði talin og hafði Tryggvi Gunnarsson hlotið 23 atkvæði og Einar hreppstjóri Gíslason á Höskuldsstöðum hlaut 15 atkvæði, þar næst hlaut Páll Melsteð 8 atkv., Haraldur Briem 5 atkv., séra Sigurður Gunnarsson 2 og Jón Pétursson á Berunesi 1 atkvæði. – Var þá uppkveðið að Tryggvi Gunnarsson á Oddeyri og Einar Gíslason á Höskuldsstöðum væru kosnir alþingismenn fyrir Suður-Múlasýslu og mun kjörstjórnin tilkynna þeim þetta bréflega sem fyrst.

Kjörþinginu lokið.

Jón Johnsen, Hans J. Beck, Jónas Hallgrímsson

Suður-Múlasýsla 1879 (aukakosning)

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0049 – MC/2, 2

Ár 1879, þriðjudaginn 10. júní var sýslumaður Suður-Múlasýslu til staðar í Þingmúla til þess að stýra kosningu á alþingismanni fyrir þessa sýslu á yfirstandandi ári, í stað Einars Gíslasonar sem í vetur sagði af sér þingmennsku. – Með bréfum dags. um nýárið var öllum prestum kjördæmisins falið með aðstoð oddvita hreppsnefnda að semja kjörskrár. Þessar skrár hafa nú legið til sýnis hinn lögákveðna tíma og hefur ekki verið gerð athugasemd við neina þeirra; kjörfund þennan hafa hreppstjórar auglýst á löglegan hátt með lögboðnum fresti.

Kjörstjóri hafði sér til aðstoðar sömu kjörstjóra og var árið 1874, nl. séra Jónas Hallgrímsson á Hólmum og Hans hreppstjóra Beck. Kjörstjóri framlagði erindisbréf sitt og benti mönnum á hve mikilsvarðandi kosning þessi væri, var svo gengið til atkvæða og féllu þau eins og kjörbækur sýna. Skrifleg framboð höfðu komið frá séra Eiríki Briem í Steinnesi og séra Magnúsi Jónssyni á Skorrastað, en framboð hins fyrra var aftur tekið; – munnlega gáfu kost á sér á fundinum Haraldur Briem hreppstjóri á Rannveigarstöðum og Jón Pétursson sýslunefndarmaður á Berunesi.

Alls voru greidd á fundinum 57 atkvæði, þar af hlaut Jón Pétursson á Berunesi 30, Haraldur Briem 26 og séra Magnús Jónsson í Skorrastað 1; kjörbækurnar voru lesnar upp og ekki fundið neitt athugasvert við þær; var svo lýst yfir að Jón Pétursson á

Berunesi væri kosinn alþingismaður fyrir þessa sýslu árið 1879 og mun kjörstjórnin auglýsa honum þetta sem fyrst.

Kjörþinginu lokið.

Jón Johnsen, Hans J. Beck, Jónas P. Hallgrímsson

Suður-Múlasýsla 1880

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0049 – MC/2, 2

Ár 1880, mánudag 13. september var kjörfundur til alþingismanna fyrir næstu 6 ár fyrir Suður-Múlasýslu kjördæmi haldinn í Þingmúla samkvæmt auglýsingu í „Skuld“ sem kom út 14. f.m. og bréfum til allra hreppstjóra sýslunnar dags. 21. júlí þ.á.; sum af bréfum þessum komust reyndar ekki til skila í réttan tíma fyrir póstslys, en bæði var það, að kjörfundur þessi var auglýstur með nægum fyrirvara í Skuld og svo voru ný auglýsingabréf send út til hreppstjóranna um mánaðarmótin síðastliðin.

Í kjörstjórn er auk sýslumanns kosnir af sýslunefnd Suður-Múlasýslu þeir sýslunefndarmaður Hans hreppstjóri Beck á Sómastöðum og Jónas prestur Hallgrímsson á Hólmum. Fundurinn var settur kl. 1. e.m.

Kjörstjóri las upp opið bréf dags. 2. mars 1880 og leiddi athygli kjósenda að því hve áriðandi þessi athöfn sé sem í hönd fer og lagði fram kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar, sem ekkert virðist athugavert við.

Þar næst framlagði kjörstjórn bréf frá þeim Jóni ritstjóra Ólafssyni á Eskifirði og Arnfinni hreppstjóra á Arnhólsstöðum hvar í þeir mæla fram með Tryggva kaupstjóra Gunnarssyni á Akureyri sem þingmannsefni fyrir Suður-Múlasýslu og fylgdi því bréfi skriflegt framboð Tryggva hvar í hann auglýsir að hann gefi hvergi annars staðar kost á sér en hér í Suður-Múlasýslu. Önnur skrifleg framboð hafa ekki til þessa borist kjörstjóra. Þeir Jón ritstjóri Ólafsson og Arnfinnur Jónsson könnuðust við þessa meðmælingu sína með Tryggva.

Þar næst lýsti sýslumaður J. Johnsen yfir því að hann gæfi kost á sér sem þingmanni Suður-Múlasýslu og hvergi annarsstaðar. Jón ritstjóri Ólafsson lýsti yfir því að hann gæfi kost á sér sem þingmanni fyrir Suður-Múlasýslu. Jón Pétursson bóndi á Berunesi gaf einnig kost á sér sem þingmanni fyrir Suður-Múlasýslu.

Einn af kjósendum bað bókað að hann óskaði kjörfundi þessum slegið á frest af því að auglýsingabréf kjörstjóra til sumra hreppstjóra í sýslunni ekki kom í tækan tíma og kjörfundur því ekki almenningi kunnugur en kjörstjórnin úrskurðaði ekki að fresta kjörfundinum af þeirri ástæðu að henni þótti nægilega auglýstur í Skuld kjörfundur þessi og eru 4 vikur síðan það blað kom út. Jón Pétursson á Berunesi óskaði bókað að hann tæki aftur framboð sitt vegna þess að hann áleti það vafasamt hvort kosning sú sem framfer í dag sé lögleg og þannig að Alþingi muni staðfesta kjörbréf þeirra manna sem kosnir eru hér í dag.

Var svo gengið til atkvæðagreiðslu og féllu við hana atkvæði þannig að Tryggvi Gunnarsson var kosinn með 37 atkvæðum og Jón ritstjóri Ólafsson með 27 atkvæðum. Á fundinum voru alls greidd 43 atkvæði.

Fundi slitið kl. 3 og 30 mínútur eftir miðjan dag.

Jón Johnsen, Hans J. Beck, Jónas P. Hallgrímsson

Suður-Múlasýsla 1886

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0049 – MC/2, 2

Ár 1886, þriðjudag 8. júní var kjörfundur til alþingismanna fyrir næstu 6 ár fyrir Suður-Múlasýslu kjördæmi haldinn að Þingmúla samkvæmt auglýsingum sem sendar höfðu verið og birtar löngu fyrirfram í öllum hreppum kjördæmisins. Í kjörstjórn er auk sýslumanns kosnir af sýslunefnd Suður-Múlasýslu þeir: Þorsteinn prestur Þórarinsson í Berufirði og Guttormur búfræðingur Vigfússon á Eiðum. Fundurinn var settur kl. 12. á hádegi.

Kjörstjóri las upp opið bréf dags. 2. nóv. 1885 og kgl. auglýsing frá s.d. og leiddi athygli kjósenda að því hve áriðandi þessi athöfn sé sem í hönd fer og lagði fram kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar, sem ekkert virðist athugavert við. Þar næst framlagði kjörstjórn bréf frá þeim séra Lárusi Halldórsson á Eskifirði og Hans J. Beck á Sómastöðum hvar í þeir mæla fram með bæjarfulltrúa Jóni Ólafssyni í Reykjavík sem þingmannsefni fyrir Suður-Múlasýslu og fylgdi því bréfi skriflegt framboð Jóns, hvar í hann auglýsir að hann gefi hvergi annarsstaðar kost á sér en hér í Suður-Múlasýslu. Önnur skrifleg framboð hafa ekki borist til kjörstjóra. Þeir séra Lárus og Hans Beck könnuðust við þessa meðmælingu sína með Jóni Ólafssyni. Séra Lárus

Halldórsson á Eskifirði og séra Sigurður Gunnarsson á Valþjófsstað gáfu einnig kost á sér fyrir þingmenn fyrir Suður-Múlasýslu og voru þeir báðir á kjörfundinum.

Var svo gengið til atkvæðagreiðslu og féllu við hana atkvæði þannig að Jón Ólafsson bæjarfulltrúi í Reykjavík var kosinn með 134 atkvæðum og Lárus prestur

Halldórsson á Eskifirði með 101 atkvæði. Á fundinum voru alls greidd 140 atkvæði.

Fundi slitið kl. 4 e.m.

P. Þórarinsson, Jón Johnsen, Guttormur Vigfússon

Suður-Múlasýsla 1890 (aukakosning)

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0049 – MC/2, 2

Ár 1890, laugardag 14. júní var í Þingmúla haldinn kjörfundur til þess samkvæmt augl. frá Landshöfðingja, dags. 15. mars 1890 birtri í Stj. tíð. B 1890 106, að kjósa alþingismann fyrir Suður-Múlasýslu í stað Jóns Ólafssonar sem hefur afsalað sér þingmennsku; kjörfundur þessi var auglýstur með bréfum til allra hreppstjóra sýslunnar dags. 1. maí; þessi bréf voru þegar sama dag send út um sýsluna með sýslunefndarmönnum og hreppstjórum uppálagt að auglýsa þetta tafarlaust. Auk sýslumanns voru af sýslunefnd Suður-Múlasýslu kosnir bændurnir Sigurður Einarsson á Hafursá og Guttormur Vigfússon á Strönd í kjörstjórn. Fundurinn var settur kl. 1½ e. hádegi.

Kjörstjóri las upp augl. Landshöfðingja dags. 15. mars 1890 og leiddi athygli kjósenda að því hve áriðandi þessi athöfn væri sem í hönd fer og lagði fram kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar, gildandi frá 1. júlí 1889 til 30. júní 1890. Sem þingmannsefni buðu sig fram fyrir kjörfund prestarnir Jón Jónsson í Bjarnanesi, Páll Pálsson í Þingmúla og Sigurður Gunnarsson á Valþjófsstað og eru þeir allir viðstaddir á fundi þessum.

Var svo gengið til kosninga og féllu atkvæði þannig að séra Sigurður Gunnarsson fékk 34 atkv., séra Páll Pálsson fékk 27 atkv. og séra Jón Jónsson fékk 10 atkv., voru þannig alls greidd á fundinum 71 atkvæði, hafði þannig enginn þingmannaefna fengið helming atkvæða, hlaut því ný kosning að fara fram. Við aðra kosningu féllu atkvæði í sömu leið, þannig að séra Sigurður fékk 34 atkv., séra Páll 28 og séra Jón 9 atkv., varð því að ganga til bundinna kosninga og féllu atkvæði þannig að séra

Sigurður fékk 38 atkv. en séra Páll 29 atkv., er því séra Sigurður Gunnarsson kosinn alþingismaður Suður-Múlasýslu árið 1891.

Sigurður Þorsteinsson á Berunesi mótmælti þá að hann ekki hefði kosningarrétt, en þar sem hann ekki er talinn í hlutaðeigandi kjörskrá þá gat kjörstjórnin ekki tekið kröfu eða mótmæli hans til greina, fékk hann því ekki að greiða atkvæði.

Fundi slitið kl. 6 e.m.

Jón Johnsen, Sigurður Einarsson, Guttormur Vigfússon

Suður-Múlasýsla 1892

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0049 – MC/2, 2

Ár 1892, miðvikudaginn 14. september var í Þingmúla haldinn kjörfundur til þess samkvæmt opnu bréfi dags. 26. febr. 1892 að kjósa 2 alþingismenn fyrir Suður-Múlasýslu fyrir í hönd farandi kjörtímabil. – Kjörfundur þessi hefur verið auglýstur í blaðinu „Austri“ og með bréfum til hreppstjóra sýslunnar, sem voru send út með póstinum í júlí þ.á. Auk sýslumanns voru í kjörstjórninni kosnir af sýslunefnd Suður-Múlasýslu á vofundi 1892 bændurnir Sigurður Einarsson á Hafursá og Guttormur Vigfússon á Strönd. Fundurinn var settur kl. 2 e.h.

Kjörstjóri las upp opið bréf dags. 26. febr. 1892 og benti mönnum á alvöru kosninganna. Fram hafa boðið sig fyrir fund Jónas Símonsson á Svínaskála, séra Lárus Halldórsson á Kollaleiru, séra Sigurður Gunnarsson á Valþjófstað, Ari Brynjólfsson á Þverhamri og Guttormur Vigfússon á Strönd og eru þeir staddir hér á kjörfundinum sjálfir; – með séra Sigurði mæla Jón Bergsson á Egilsstöðum og Páll Benediktsson á Gilsá. Höfðu nú þingmannaefnin tölur og aðrir fram settu spurningar.

Var svo gengið til kosninga og féllu atkvæði þannig: að séra Sigurður Gunnarsson fékk við 1. kosningu 62 atkvæði af 74 sem alls voru greidd á kjörfundinum; enginn hinna fékk helming atkvæða; var því gengið til kosninga í 2. sinn og var þá að velja um Jónas Símonsson, Lárus Halldórsson, Ara Brynjólfsson og Guttorm Vigfússon, hlaut þá Guttormur Vigfússon 38 atkvæði, Ari Brynjólfsson 3 atkv. og Lárus Halldórsson 27 atkvæði; alls voru við 2. kosningu greidd 68 atkvæði; er þannig við 2. kosningu kosinn Guttormur Vigfússon búfræðingur og bóndi á Strönd.

Alþingismenn fyrir Suður-Múlasýslu eru þannig kosnir séra Sigurður Gunnarsson á Valþjófsstað og Guttormur Vigfússon búfræðingur á Strönd.

Fundi slitið 7 e.m.

Jón Johnsen, Guttormur Vigfússon, Sigurður Einarsson

Suður-Múlasýsla 1894

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0049 – MC/2, 2

Ár 1894, laugardaginn 9. júní var í Þingmúla haldinn kjörfundur til þess, samkvæmt opnu bréfi dagsettu 29. september 1893, að kjósa 2 alþingismenn fyrir Suðurmúla kjördæmi fyrir í hönd farandi kjörtímabil. Kjörfundur þessi hefur verið boðaður fyrirfram með bréfum til hreppstjóra kjördæmisins, sem voru send úr með póstum í vetur sem leið. Auk sýslumanns voru í kjörstjórninni kosnir af sýslunefnd Suður-Múlasýslu á vorkundi 11. apríl, bændurnir Sigurður Einarsson á Hafursá og Jónas Eiríksson á Eiðum. Fundurinn var settur kl. 2 e.h.

Kjörstjóri las upp opið bréf dags. 29. september 1893 og benti mönnum á þýðingu kosninganna. Einnig voru lesin upp bréf dagsett 29. sept. 1893 um að alþingi sem nú er skuli leyst upp og 15. des 1893 um að alþingi sé stefnt til aukafundar 1. ágúst 1894 og konungleg auglýsing til Íslendinga viðvíkjandi ávarpi frá neðri deild alþingis dags. sama dag.

Fram hafa boðið sig fyrir fund séra Sigurður Gunnarsson á Valþjófsstað, Ari Brynjólfsson á Þverhamri og Guttormur Vigfússon í Geitagerði og séra Lárus Halldórsson Kollaleiru, en Ari Brynjólfsson tók framboð sitt aftur áður en kosningar byrjuðu. Séra Lárus Halldórsson gat þess að Guttormur Vigfússon mundi ekki hafa kjörgengi hér, hann væri nú aðeins húsmaður á Geitagerði, en kjörstjórnin áleit að það gerði ekkert til þar sem kjörskrá Vallahrepps teldi hann sem bónda á Strönd og þar hefur hann verið þar til í fardögum árið 1894. Það heyrir undir verkahring alþingis að úrskurða það.

Séra Jón Guðmundsson á Skorastað bað bókað í nafni þeirra kjósenda sem skrifa undir kæru bréf, sem á að senda til alþingis, út af því að farið hafi verið eftir kjörskrá úr Norðfirði 1892–1893 í staðinn fyrir 1893–1894 og að einum manni hafi verið bætt inn í kjörskrána sem ekki stóð á henni á kjörfundinum og öðrum 2 mönnum neitað

um upptöku á kjörskrá, sem eins stóð á fyrir, sem að hans áliti höfðu fullkominn kosningarrétt að lögum.

Kjörstjórnin lýsir því yfir að kjörskrá Norðfjarðarhrepps gildandi fyrir 1892–1893, sem fylgir hér með ásamt öðrum kjörskrá og eg sem oddviti hef líklega tekið í ógáti og var framlögð hér í dag, en það var aðgætaði að engir voru á þeirri kjörskrá mættir í dag sem vafi gat verið á nema Pálmi Pálmason á Nesi, en þar eð 2 Norðfirðingar voru hér mættir í dag til kosninga nl. Sveinn Sigfússon og séra Jón Guðmundsson kærandi, sögðu að Pálmi stæði á kjörskránni 1893–1894 sem átti að brúka hér í dag, þá kom kjörstjórnin sér saman um að leyfa Pálma að hafa kosningarrétt og bætt honum við á kjörskrá. Hvað snertir þessa 2 Reyðfirðinga, en bætti seinna við þeim þriðja, Helga Ásmundssyni, sem prestur Jón Guðmundsson ber fyrir brjóstinu, þá er aðgætaði að kjörskrá Reyðarfjarðarhrepps, sem fram var lögð í dag og er sú núgildandi, og standa ekki á henni Jens Olsen og Eiríkur Vigfússon og Helgi Ásmundsson. Áleit því kjörstjórnin sér ekki heimilt að leyfa þessum mönnum kosningarrétt.

Útfall kosninganna varð þannig: að kosnir voru séra Sigurður Gunnarsson með 84 atkvæðum og Guttormur Vigfússon með 51 atkvæði, en séra Lárus Halldórsson fékk aðeins 43 atkvæði. Atkvæði voru greidd alls á fundinum 89.

Fundi slitið.

Jón Johnsen, Jónas Eiríksson, Sigurður Einarsson

Suður-Múlasýsla 1900

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0049 – MC/2, 2

Ár 1900, mánudaginn 10. september var að Þingmúla haldinn kjörfundur til þess, samkvæmt opnu bréfi dagsettu 2. mars þ.á., að kjósa 2 þingmenn fyrir Suður-Múla kjördæmi, fyrir í hönd farandi kjörtímabil. Kjörfundur þessi hefur verið boðaður fyrir fram með opnum bréfum til hreppstjóra kjördæmisins, sem send voru út snemma í ágústmánuði síðastliðnum. Auk sýslumanns voru í kjörstjórn séra Jón Guðmundsson á Nesi og Sigurður bóndi Einarsson á Mjóanesi, báðir kosnir af sýslunefnd Suður-Múlasýslu 19.–21. apríl síðastliðinn. Fundurinn var settur kl. 12 á hádegi.

Kjörstjóri las upp í heyranda hljóði konungsbréf frá 2. mars, sem fyrirskipaði nýjar alþingiskosningar í yfirstandandi septembermánuði og brýndi fyrir kjósendum með nokkrum orðum hve þýðingarmiklar kosningarnar væru og hve einkar áriðandi það væri að vanda kosningarnar sem best. Fram voru lagðar kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar, gildandi frá 1. júlí 1900 til 30. júní 1901.

Sem þingmannsefni buðu sig fram fyrir kjörfund, Axel V. Tulinius á Eskifirði, Ari Brynjólfsson á Þverhamri, Guttormur Vigfússon í Geitagerði, séra Magnús Bl. Jónsson í Vallanesi og Sveinn Ólafsson í Bakkagerði og voru þeir allir mættir á fundinum. Var þá gengið til kosninga og féllu kosningar þannig: Axel V. Tulinius fékk 97 atkv., Guttormur Vigfússon í Geitagerði 88 atkv., Ari Brynjólfsson 73 atkv., Magnús Bl. Jónsson 73 atkv. og Sveinn Ólafsson 7 atkv. voru því kosnir alþingismenn Axel V. Tulinius og Guttormur Vigfússon. Atkvæði voru greidd alls á fundinum 169 atkv.

Fundi slitið kl. 7 e.h.

A.V. Tulinius, Jón Guðmundsson, Sigurður Einarsson

Suður-Múlasýsla 1902

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0049 – MC/2, 2

Ár 1902, mánudaginn 9. júní var á Búðareyri haldinn kjörfundur til þess, samkvæmt opnu bréfi dagsettu 13. sept. f.á., að kjósa 2 þingmenn fyrir Suður-Múlasýslu fyrir næstu 6 ár. Kjörfundur þessi hefur verið boðaður fyrirfram með opnum bréfum til hreppstjóra kjördæmisins, sem send voru út síðast í aprílmánuði s.l. Auk sýslumanns voru í kjörstjórn séra Jón Guðmundsson á Nesi og Sigurður bóndi Einarsson í Mjóanesi, báðir kosnir af sýslunefnd Suður-Múlasýslu 22.–24. apríl s.l. Fundurinn var settur kl. 12 á hádegi.

Kjörstjóri las upp í heyrandi hljóði 2 konungsbréf frá 13. sept. f.á. sem fyrirskipuðu nýjar alþingiskosningar í yfirstandandi júní mánuði og brýndi fyrir kjósendum, með nokkrum orðum, hve þýðingarmiklar kosningar væru og hve einkar áriðandi það væri að vanda kosningarnar sem best. Fram voru lagðar kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar, gildandi frá 1. júlí 1901 til 30. júní 1902.

Sem þingmannaefni buðu sig fram fyrir kjörfund A.V. Tulinius á Eskifirði, Ari Brynjólfsson á Þverhamri, Guttormur Vigfússon í Geitagerði og Jón Guðmundsson á Nesi og voru þeir allir mættir á fundinum.

Var þá gengið til kosninga og féllu kosningar þannig: Guttormur Vigfússon 157 atkv., Ari Brynjólfsson 153 atkv., A. V. Tulinius 63 atkv. og Jón Guðmundsson 49 atkv. Kosnir eru því Guttormur Vigfússon og Ari Brynjólfsson. Alls greidd atkvæði á fundinum 211.

Fundi slitið kl. 7 e.h.

A.V. Tulinius, Jón Guðmundsson, Sigurður Einarsson

Suður-Múlasýsla 1903

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0049 – MC/2, 2

Ár 1903, miðvikudaginn 3. júní var að Búðareyri við Reyðarfjörð haldinn kjörfundur til þess, samkvæmt opnu bréfi dags. 25. sept 1902, að kjósa 2 þingmenn fyrir í hönd farandi tímabil. Kjörfundur þessi hefur verið boðaður fyrir fram með opnum bréfum til hreppstjóra kjördæmis, sem send voru út fyrst í aprílmánuði síðastliðnum. Auk sýslumanns voru í kjörstjórn séra Jón Guðmundsson á Nesi og Sigurður Einarsson bóndi á Mjóanesi, báðir kosnir af sýslunefnd Suður-Múlasýslu 26. mars–2. apríl s.l.

Kjörfundurinn var settur kl. 12 á.h. Kjörstjóri las upp konungsbréf, sem fyrirskipaði nýjar kosningar í yfirstandandi júním., og brýndi fyrir kjósendum hve þýðingarmiklar kosningarnar væru og hve einkar áriðandi væri að vanda þær sem best. Fram voru lagðar kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar gildandi frá 1. júlí 1902–30. júní 1903. Sem þingmannsefni buðu sig fram fyrir kjörfund Axel V. Tulinius á Eskifirði, Ari Brynjólfsson á Þverhamri, Guðmundur Ásbjarnarson á Eskifirði, Guttormur Vigfússon í Geitagerði, séra Jón Guðmundsson á Nesi, séra Magnús Bl. Jónsson á Vallanesi og Ólafur Thorlacius á Búlandsnesi og voru þeir allir mættir á fundinum.

Var þá gengið til kosninga og féllu þær þannig eftir að ein kosning varð árangurslaus, þannig að enginn fékk helming atkvæða: og Ari Brynjólfsson, séra Jón Guðmundsson og Magn. Bl. Jónsson höfðu dregið sig til baka, að Ólafur Thorlacius fékk 128 atkv., Guttormur Vigfússon 120 atkv., Axel V. Tulinius 119 atkv. og

Guðmundur Ásbjarnarson 85 atkv. og voru þannig kosnir alþingismenn Ól.
Thorlacius, og Guttormur Vigfússon. Atkvæði voru greidd alls á fundinum 225.

Fundi slitið kl. 1 eftir miðnætti.

A. V. Tulinius, Jón Guðmundsson, Sigurður Einarsson

Norður-Múlasýsla

Norður-Múlasýsla 1874 (1875)

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0044 – MA/1, 3 [opna 1–2]

Ár 1875, þ. 16. febr. voru sýslumaður P. Böving, séra Guðjón Hálfðánarson frá Dvergasteini og hreppstjóri Sigurður Jónsson, bóndi í Firði, tilstaðar á skrifstofu sýslunnar til þess að rannsaka skýrslur hlutaðeigandi sveitarstjóra yfir þá menn sem hér í sýslunni hafa kosningarétt og kjörgengi til alþingis og þar eftir semja aðallista yfir menn þessa – og fannst nefndinni þá ástæða til að sleppa eftirfylgjandi mönnum úr skýrslum sveitarstjóranna:

Þar eð ráð er gert fyrir að kosning alþingismanna muni fara fram fyrst í næstkom. maí eða seinast í aprílmán. þá eru menn þeir, sem í fyrra vor (1874) fluttu búferlum hingað þá ekki búnir að vera fullt ár í kjördæminu og verður því að draga úr listanum:

1. fyrir Tunguhrepp, Jón Arngrímsson í Rangá og Björn Pálsson í Blöndugerði, er á seinstl. voru fluttu hingað úr Suður-Múlasýslu.
2. fyrir Jökuldalinn, Jón Magnússon á Skeggjastöðum innkominn í fyrra vor frá Suður-Múlasýslu.
3. fyrir Skeggjastaðahrepp, Einar Jónsson í Djúpalæk fluttan hingað í sýslu frá Þingeyjarsýslu – ásamt Guðm. bónda Benjamínssyni á Gæsagili, sem gerður er ómyndugur af amtinu og enn fremur verður að draga úr listanum
4. fyrir Fellahrepp Pál Vigfússon á Ási, cand.philos., er samkvæmt listanum fyrst þ. 12. maí næstkom. verður fullra 25 ára enda er hann í honum líka tilgreindur sem ráðsmaður og þannig öðrum háður.

Að svo búnu var fundinum slitið og ákveðið að fundarmenn kæmu saman hér á skrifstofunni þ. 23. þ.m. kl. 10½ f.m. til þess í sameiningu að afgreiða alla aðallistana.

P. Böving, Guðjón Hálfðánarson, Sigurður Jónsson

Ár 1875 þ. 25. febr. var aftur kjörfundur haldinn á skrifstofu sýslunnar af sýslumanni P. Böving og meðkjörstjórum, séra G. Hálfðánarsyni á Dvergasteini og hreppstjóra Sigurði Jónssyni í Firði, og var þá Flóvent Halldórsson, fyrrum bóndi á Brimnesi,

dreginn af listanum fyrir Seyðisfjarðarhrepp, því maður þessi geldur ekki svo mikið til sveitar, að hann getur átt kosningarétt. Að því búnu voru kjörlistarnir samdir og undirskrifaðir og fundinum slitið.

P. Böving, Guðj. Hálfðánarson, Sigurður Jónsson

Ár 1875, þ. 27. apríl var sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu P. Böving tilstaðar að Fossvöllum til þess að stýra kosningum til alþingis, þess sem á að haldast nú í sumar, og hefur kjörfundur þessi verið auglýstur í allri sýslunni með umburðarbréfum frá 23. febr. þ.á. og sama dag voru kjörskrárnar sendar öllum prestum til þess að liggja hjá þeim til eftirsjónar hinn lögboðna tíma. Kjörstjórinn hefur kvatt sér til aðstoðar séra Guðjón Hálfðánarson á Dvergasteini og hreppstjóra Sigurð Jónsson í Firði og hafa báðir þessi menn áður unnið embættiseið. – Engin mótmæli voru framkomin gegn kjörskránni. – Kjörstjórinn gat þess að 2 utanhéraðsmenn, umboðsmaður E. Gunnarsson og J. Jósefsson í Kaupmannahöfn hefðu lýst því yfir að þeir vildu taka á móti kosningu hér í sýslunni og boðið sig fram til að vera alþingismenn og upplás bréf þessara manna og eftir að hann í fáum orðum hafði brýnt fyrir kjósendum, sem mætt höfðu, hve mikilsvarðandi kosningin væri byrjaði kjörstjórnin að greiða atkvæði og var gengið til kosninga.

Það séra G. Hálfðánarson gaf E. umboðsmanni Gunnarssyni atkvæði, og það engin sönnun var framkomin fyrir kjörstjórninni fyrir að hann væri kjörgengur, var málefni þetta upptekið til úrskurðar og féllu atkvæðin þá þannig: Að umboðsmaður Eggert Gunnarsson muni hafa kjörgengi til Alþingis, eins og við undirskrifaðir höfum látið í ljósi með kosningu okkar á honum, byggjum við á stjórnarskránni frá 5. jan 1874 17.d. samanb. við 18. næst á eftir, þar eð við ætlum að hann megi telja meðal þeirra embættismanna sem skipaðir eru af yfirvaldi því er konungur hefur veitt heimild til þess.

Guðj. Hálfðánarson, Sigurður Jónsson

Ég undirskrifaður álit það gagnstætt fyrirskipuninni í tilsk. 6. janúar 1857 [grein] 6 að kjörstjórnin taki atkvæði þau gild, sem verði greidd Eggerti umboðsmanni Gunnarssyni því engin sönnun er framkomin fyrir að hann sé kjörgengur enda get ég ekki álitnið að svo sé því:

1) Herra E. Gunnarsson er ekki talinn kjörgengur til amtsráðsins í skrá þeirri, er amtið með seinasta pósti (í janúar) sendi mér (í öllu falli hef ég ekki getað fundið hann þar í), og því mun hann að líkindum ekki vera það og þá er hann ekki heldur kjörgengur til alþingis, vide tilsk. 4. maí 1872 [grein] 45.

2) Því næst er hann að mínu áliti ekki í þeirri stöðu að hann þess vegna hafi kosningarétt, því hann er sýslunnar maður og ekki embættismaður, og ákvörðunin í stjórnarskránni 5. janúar 1874 [grein] 17 L^{tra}d getur ekki heimfærst á hann einkum þegar tillit er tekið til orðsins „Embedsmand“ í danska textanum. – Ég mótmæli því kosningu Eggerts umboðsmanns Gunnarssonar.

P. Böving

Úrskurðir þessir voru upplesnir og var því næst haldið áfram að greiða atkvæði. – Við kosninguna féllu atkvæðin þannig að Páll umboðsmaður Ólafsson á Hallfreðarstöðum fékk 45 atkvæði, Eggert umboðsmaður Gunnarsson 41 atkvæði, Björn bóndi Pétursson á Hallfreðarstöðum 16 atkvæði, prófastur H. Jónsson á Hofi og Andrés bóndi Kjerúlf á Melum hvor um sig 8 atkvæði og Hallur bóndi Einarsson á Litla-Steinsvaði og Sæbjörn bóndi Egilsson á Hrafnkelsstöðum hvor 1 atkvæði; 60 kjósendur höfðu mætt og greitt atkvæði. – Að aflokinni kosningunni lýsti kjörstjórnin því yfir að Páll umboðsmaður Ólafsson á Hallfreðarstöðum og Eggert umboðsmaður Gunnarsson, er höfðu fengið hvor um sig meira en helming þeirra atkvæða sem greidd höfðu verið, væru réttkjörnir alþingismenn. – Áður en atkvæðin voru talin saman höfðu kjörbækurnar að nýju verið upplesnar og reynst að öllu leyti samhljóða. – Upplesið.

Kosningunni slitið.

P. Böving, Guðm. Hálfðánarson, Sigurður Jónsson

Norður-Múlasýsla 1877 (aukakosning)

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0044 – MA/1, 3 [opna 2–4]

Ár 1877, þ. 5. febr. voru Sigurður hreppstjóri Jónsson í Firði og verslunarstjóri Sig. Jónsson á Vestdalseyri ásamt sýslumanni P. Böving til staðar á skrifstofu sýslunnar til þess að gagnskoða lista þá yfir kjósendur og kjörgenga til alþingis, sem komið hafa frá hlutaðeigandi hreppstjórum. – Sigurður hreppstjóri Jónsson hefur áður

unnið embættiseið, en herra faktor Sig. Jónsson afhenti kjörstjóranum eiðstaf undirskrifaðan af sér, um að hann af ýtrasta megni skyldi gegna skyldum sínum sem meðkjörstjóri.

Það er gjört ráð fyrir að kjörfundur verði haldinn seint í apríl eða fyrst í maí næstkomandi og fannst nefndinni ástæða til að gera eftirfylgjandi athugasemdir við kjörlista hreppstjóranna: 1) úr listanum frá Hjaltastaðarhrepp var sleppt: a) Finni Björnssyni á Víðastöðum, sem er húsamður en ekki bóndi og geldur einungis 10 fiska til sveitar. b) Stefáni Guðmundssyni á Ketilsstöðum, sem er dauður. Þar á móti bætti nefndin við: Ármann Egilsson í Rauðholti, bóndi, sem ekki stóð á listanum; 2) úr listanum frá Borgarfjarðarhreppi var sleppt Stefáni bóndi Björnssyni á Bakka, sem stendur í sveitarskuld; 3) úr listanum frá Seyðisfjarðarhreppi var sleppt: Árna bóndi Sigurðssyni á Skálanesi, sem stendur í sveitarskuld, en við bætt Sigurði bóndi Stefánsson á Hánefsstöðum, þar eð mál hans nú er útkljáð; 4) úr listanum frá Tunguhreppi var sleppt: Eiríki bónda Magnússyni á Brekkuseli, sem stendur í sveitarskuld; 5) úr listanum frá Skeggjastaðahreppi var sleppt: Guðm. bónda Benjamínssyni frá Gæsagili, sem gerður er ómyndugur; 6) við listann frá Jökulsárhlíð fannst það athugasvert, að Hlíðarhúsum var gleymt, en þar eð nefndin ekki veit uppá vísit hver sé bóndinn þar gat hún ekki bætt úr þessu.

Kjörskrár verða nú samdar og ákvað nefndin seinna að halda fund þegar allar þessar skrár eru orðnar búnar til þess að bera þær saman við kjörskrár hreppstjóranna og verður þá um leið kjördagurinn tiltekinn. – Upplesið.

Fundinum slitið

P. Böving, Sigurður Jónsson, Sigurður Jónsson

Ár 1877 þ. 13. febr var aftur kjörfundur haldinn að Vestdalseyri af sýslumanni P. Böving og hinum tilteknu meðkjörstjórum, faktori Sig. Jónssyni á Vestdalseyri og hreppstjóra Sig. Jónssyni í Firði. Allar kjörskrárnar voru þá samdar og bornar saman við kjörlista hreppstjóranna, og voru þar réttar, og að því búnu voru þær undirskrifaðar af kjörstjórninni og var ákveðið að halda kjörfundinn þ. 24. apríl næstkomandi á Fossvöllum.

P. Böving, Sigurður Jónsson, Sigurður Jónsson

Ár 1877, þ. 8 maí var sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu P. Böving til staðar að Fossvöllum til þess að stýra kosningum til alþingis þess sem nú á að haldast í sumar, því alþingismaður Páll Ólafsson á Hallfreðarstöðum hefur sagt af sér þingmennsku. – Kjörfundur þessi hefur þ. 12. apríl verið auglýstur um alla sýsluna og hafa kjörskrárnar legið til eftirsjónar hinn lögboðna tíma og enda talsvert lengur. – Þar eð kjörstjórar þeir, er sýslumaður áður hefur kvatt sér til aðstoðar, vegna óveðurs og vondrar færðar ekki gátu mætt hér í dag, hefur sýslumaðurinn nú kvatt sér til aðstoðar í dag séra Björn Þorláksson á Hjaltastað og séra Stefán Halldórsson á Dvergasteini. Kjörstjórinn gat þess eftir að fundurinn var settur, að 3 utanhéraðsmenn, séra Arnljótur Ólafsson á Bægisá, séra Eiríkur Briem á Steinnesi, og landritari Jón Jónsson í Reykjavík hefðu lýst því yfir að þeir vildu taka á móti kosningu hér í sýslunni og upplás bréf þessara manna.

Þar eð séra Björn Þorláksson og séra Stefán Halldórsson á fundinum lýstu yfir því álitinu sínu, að séra Bergur Jónsson á Ási og læknir Þorv. Kjerúlf á Ormarstöðum ranglega séu tilgreindir á kjörskránni, þar eð þeir einungis hafa verið hér í umdæminu, séra Bergur 11. mánuði og Þorv. Kjerúlf rúmlega 1 misseri, var það með atkvæðum meðkjörstjóra ákveðið að menn þessir ekki hefðu kosningarétt.

Sýslumaður P. Böving álitur þar á móti að menn þessir hafi dvalið hér árlangt því þeir hafi haft eldstó hér í sýslunni og vinnufólk síðan Krossmessu vorið 1876 þó að þeir reyndar sjálfir seinna persónulega séu komnir hingað og að þeir að álitu hans hafi kosningarétt.

Kjörstjórnin bætti við á listanum Arnfinni bónda Þorleifssyni á Hlíðarhúsum, er ekki stóð á kjörlistanum, því hreppstjórinn í Hlíðinni hafði gleymt að setja hann á lista sinn; kjörstjórnin lætur þess getið að hún nú hafi sett ofanefndan Arnfinn á kjörskrána af þeirra ástæðu að kjörskráin í Kirkjubæjarsókn að sögn sveitarmanna ekki hefði verið auglýst á fundi þó að hún hafi legið fjarskalengi á Kirkjubæ.

Því næst var gengið til kosningar og atkvæði féllu þannig að séra Arnljótur Ólafsson á Bægisá hlaut 44 atkvæði, en séra Eiríkur Briem á Steinnesi 26 atkvæði og greiddu alls 70 kjósendur atkvæði. – Að aflokinni kosningu lýsti kjörstjórnin því yfir að séra Arnljótur Ólafsson væri réttkjörinn alþingismaður þar eð hann hefði fengið meira en helming þeirra atkvæða sem greidd höfðu verið. – Áður en atkvæðin voru talin saman voru kjörbækurnar upplesnar og reyndust vera samhljóða. – Upplesið Kjörfundinum slitið.

P. Böving, Björn Þorláksson, Stefán Halldórsson

Norður-Múlasýsla 1880 (1881)

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0044 – MA/1, 3 [opna 4]

Ár 1881, þriðjudaginn hinn 24. maí var kjörþing haldið að Fossvöllum, að undangengnum löglega birtum auglýsingum með 4 vikna fyrirvara, til þess að kjósa tvo alþingismenn fyrir kjördæmi Norður-Múlasýslu fyrir hið nýbyrjaða 6 ára kjörtímabil. Var þá fyrst upplesið konunglegt opið bréf dags. 2. marsm. f.á. um að almennar kosningar til alþingis skuli fram fara og síðan nefnd þingmannaefni þau, er boðið höfðu sig fram til þingseti og voru þeir þessir: Benedikt sýslumaður Sveinsson, Páll bóndi Vigfússon cand.phil og Þorvarður læknir Kjerúlf er allir voru viðstaddir. Eftir að þingmannaefnunum hafði verið gefinn kostur á að láta í ljós skoðanir sínar og almenna stefnu í stjórnarmálum var til atkvæða gengið og féllu þau þannig: Þorvarður læknir Kjerúlf hlaut 71 atkvæði, Benedikt sýslumaður Sveinsson 66 atkvæði, Páll Vigfússon hlaut 53 atkvæði, alls voru greidd 96 atkvæði.

Að aflokinni kosningu lýsti því kjörstjórnin því yfir að þeir Þorvarður læknir Kjerúlf og Benedikt sýslumaður Sveinsson væru réttkjörnir alþingismenn, þar eð þeir höfðu hlotið flest atkvæði. Áður en atkvæðin voru talin saman voru kjörskrárnar bornar saman við atkvæðalistann og reyndust samhljóða.

Upplesið, kjörþingi slitið.

Einar Thorlacius, Björn Þorláksson, Páll Ólafsson

Norður-Múlasýsla 1886

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0044 – MA/1, 3 [opna 4–5]

Ár 1886, þriðjudaginn 8. júní var kjörþing sett og haldið að Fossvöllum, að undangengnum löglega birtum auglýsingum með 4 vikna fyrirvara, af sýslumanni Einari Thorlacius og meðkjörstjórum, Stefáni presti Péturssyni og Jónasi sýslunefndarmanni Eiríkssyni, til þess að kjósa 2 alþingismenn fyrir kjördæmi Norður-Múlasýslu fyrir 6 ára kjörtíma þann er í hönd fer. Var þá fyrst lesið upp konunglegt opið bréf til Íslendinga, dags. 2. nóv. f.á., um að alþingi sé leyst upp og

fl. og opið bréf, dags s.d., um nýjar kosningar til alþingis og að því skuli stefnt saman til aukafundar 28. júlí 1886.

Síðan voru nefnd þingmannaefni þau er boðið sig höfðu fram og voru þeir þessir: Jón Jónsson bóndi í Húsey og Þorvarður læknir Kjerúlf í Ormarsstöðum og eftir áskorun frá kjósendum í Fljótsdal, Fellum og Loðmundarfirði Einar Thorlacius sýslumaður og voru þeir allir viðstaddir.

Eftir að þingmannaefnum hafði verið gefinn kostur á að láta í ljós skoðanir sínar á þeim málum er mönnum þótti mest um varða og kjörskrár höfðu verið framlagðar var til atkvæða gengið og féllu þær þannig: Einar sýslumaður Thorlacius fékk 82 atkvæði, Þorvarður Kjerulf læknir hlaut 65 atkvæði og Jón Jónsson í Húsey hlaut 51 atkvæði, alls voru greidd af 98 kjósendum atkvæði með 2 þingmannaefnum en 2 kjósenda, Þorvarður Kjerulf og Jón Jónsson í Húsey greiddu aðeins atkvæði með Einari sýslumanni en eigi öðrum. Einn kjósenda ætlaði aðeins að gefa einum þeirra sem í kjöri voru atkvæði sitt, sem sé Jóni Jónssyni í Húsey, en kjörstjórnin áleit að þeir kjósendur, sem vildu nota kosningarétt sinn, yrðu að gefa tveimur þingmannaefnum atkvæði sitt samkvæmt ákvæðum laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis 22. gr. 3. lið, sbr. 33. gr. 1. lið og gaf þessi kjósandi því sýslumanni Einar Thorlacius hitt atkvæði sitt.

Að aflokinni kosningu lýsti kjörstjórnin því yfir að þeir Einar sýslumaður Thorlacius og Þorvarður Kjerúlf læknir væru réttkjörnir þingmenn fyrir kjördæmi Norður-Múlasýslu fyrir 6 ára kjörtíma þann er í hönd fer. Kjörskrárnar voru bornar saman við atkvæðalistann og reyndust samhljóða. Upplesið. Kjörþingi slitið.

Einar Thorlacius, Stefán Pétursson, Jónas Eiríksson.

Norður-Múlasýsla 1889 (aukakosning)

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0044 – MA/1, 3 [opna 5–6]

Ár 1889, mánudaginn 20. maí var kjörþing sett og haldið að Fossvöllum, að undangengnum löglega birtum auglýsingum, af sýslumanni Einari Thorlacius og meðkjörstjórum sýslunefndarmanni Jóni Eiríkssyni og skólastjóra Jónasi Eiríkssyni til þess að kjósa alþingismann fyrir kjördæmið fyrir það sem eftir er af kjörtímanum í stað sýslumanns Einars Thorlacius, sem hefur afsalað sér þingmennsku.

Var þá fyrst lagt fram bréf landshöfðingja frá 31. ágúst f.á., er býður að kosning þessi fari fram. Síðan voru nefnd þingmannaefni þau er boðið höfðu sig fram og voru þeir þessir: Jón Jónsson bóndi á Sleðbrjót og séra Sigurður Gunnarsson prófastur á Valþjófsstað, sem báðir eru innan kjördæmis og viðstaddir og Sigurður Jónsson bóndi í Ystafelli í Þingeyjarsýslu, en þar eð hann hvorki mætti sjálfur á kjörþinginu né heldur nokkur af kjósendum gaf sig fram sem meðmælandi hans varð hann ekki boðinn fram. Eftir að þingmannaefnum hafði verið gefinn kostur á að lýsa skoðunum sínum á þingmálum og kjörskrár höfðu verið lagðar fram var til atkvæða gengið. Á fundinum gáfu þeir menn sig fram er álitu að þeir hefðu atkvæðisrétt, en ekki standa á kjörskrá, með því að þeir fyrst fóru að búa nú í vor og álitur kjörstjórnin ekki geti komið til tals að þeir megi greiða atkvæði, þar eð þeir ekki fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru, á því tímabili sem kjörskrárnar gildi fyrir, og eru ekki teknir upp á aukakjörskrá, sömuleiðis er og tveimur öðrum sleppt af sömu ástæðum. Aftur á móti áleit kjörstjórnin rétt að séra Magnús Bjarnason á Hjaltastað hefði atkvæðisrétt, bæði af því að hann hefur haft eldstó frá 3. maí f.á. og er þess utan embættismaður.

Féllu síðan atkvæði þannig: Jón Jónsson bóndi í Sleðbrjót hlaut 96 atkvæði, en séra Sigurður Gunnarsson 80 atkvæði; alls voru greidd 176 atkvæði. Lýsti kjörstjórnin því yfir að Jón Jónsson á Sleðbrjót væri réttkjörinn alþingismaður fyrir kjördæmið fyrir það sem eftir er af kjörtímanum, þar eð hann hefur hlotið meira en helming allra þeirra atkvæða er greidd hafa verið. Kjörskrárnar voru bornar saman við atkvæðaskrána og reyndist samhljóða.

Upplesið. Kjörþingi slitið.

Einar Thorlacius, Jón Eiríksson, Jónas Eiríksson

Norður-Múlasýsla 1892

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0044 – MA/1, 3 [opna 6]

Ár 1892, laugardaginn 17. september var kjörþing fyrir Norður-Múlasýslu sett á Fossvöllum, að undangengnum löglega birtum auglýsingum, af sýslumanni Einari Thorlacius með meðkjörstjórum, Jóni sýslunefndarmanni Eiríkssoni og Einari presti Jónssyni, til þess að kjósa tvo alþingismenn fyrir kjördæmi Norður-Múlasýslu fyrir 6

ára kjörtíma þann er í hönd fer. Var þar þá fyrst birt konunglegt opið bréf, dags. 26. febr. þ.á., um að almennar kosningar til alþingis skuli fara fram í sept.br þ.á.

Síðan voru nefnd þingmannaefni þau er boðið höfðu sig fram til þingmennsku og voru þeir þessir: fyrrv. alþingismaður Jón Jónsson bóndi á Sleðbrjót og Einar prestur Jónsson í Kirkjubæ. Sigurður kaupmaður Jónsson á Vestdalseyri, er boðið hafði sig fram einnig, tók aftur framboð sitt áður en til atkvæða var gengið. Eftir að þingmannaefnum hafði verið gefinn kostur á að lýsa skoðunum sínum á ýmsum þingmálum var til atkvæða gengið og féllu atkvæði þannig að séra Einar Jónsson hlaut 68 atkvæði, en Jón Jónsson 65; af kjósendum voru 6 er ekki neyttu kosningaréttar. Að afloknum kosningum lýsti kjörstjórnin því yfir að þeir Einar prestur Jónsson og Jón Jónsson væru réttkjörnir þingmenn fyrir kjördæmi Norður-Múlasýslu. Kjörskrárnar voru bornar saman við atkvæðalistann og reyndust samhljóða.

Upplesið. Kjörþingi slitið.

Einar Thorlacius, Jón Eiríksson, Einar Jónsson.

Norður-Múlasýsla 1894

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0044 – MA/1, 3 [opna 7]

Ár 1894, hinn 8. júní kl 1 e.m. var kjörþing til alþingiskosninga haldið að Fossvöllum fyrir Norður-Múlasýslu, að undangengnum löglega birtum auglýsingum, af sýslumanni Einari Thorlacius með meðkjörstjórum, Guðm. Jónssyni sýslunefndarmanni í Húsey og Jóni Eiríkssyni hreppstjóra á Hrafnabjörgum, til þess að kjósa tvo alþingismenn fyrir Norður-Múlasýslu fyrir næsta 6 ára kjörtímabil. Oddviti kjörstjórnar las fyrst upp opið bréf konungs, dags. 29. septbr. 1893, um að alþingi sé leyst upp, síðan las oddviti upp konunglegt opið bréf, dags. s.d., um að nýjar kosningar til alþingis skuli fara fram frá 1.–10. júní þessa árs.

Síðan skoraði oddviti á hina mættu kjósendur að gefa kost á sér til þingmennsku. Buðu sig þá fram fyrrverandi alþingismenn sýslunnar, Einar Jónsson prestur á Kirkjubæ og Jón Jónsson bóndi í Bakkagerði. Þingmannaefnum var gefinn kostur á að lýsa skoðunum sínum á helstu landsmálum og leystu þeir úr því að sínu leyti, án þess að væri fundið eða þeim mótmælum væri hreyft, er vera þyrfti. Var síðan

gengið til atkvæða og hlutu þingmannaefnin atkvæði allra þeirra kosningabærra manna er á fundi voru, en þeir voru 48 tals.

Að aflokinni atkvæðagreiðslu lýsti kjörstjórnin því yfir að þeir sem í kjöri voru, Einar prestur Jónsson í Kirkjubæ og Jón bóndi Jónsson í Bakkagerði, væru réttkjörnir þingmenn fyrir Norður-Múlasýslu. Kjörskrárnar voru bornar saman við atkvæðalistann og reyndist samhljóða. – Síðan afhenti kjörstjórnin hinum kosnu alþingismönnum kjörbréf þeirra með undirskrifuðum nöfnum sínum.

Upplesið. Kjörþingi slitið kl. 5 e.m.

Einar Thorlacius, Guðm. Jónsson, Jón Eiríksson

Skoðuð 21. júlí 1900. Páll Briem

Norður-Múlasýsla 1900

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0044 – MA/1, 3 [opna 7–8]

Ár 1900, mánudaginn 10. september kl. 12 á hádegi var kjörþing til alþingiskosninga fyrir Norður-Múlasýslu sett á Fossvöllum og haldið af formanni kjörstjórnarinnar sýslumanni og bæjarfógeta Jóh. Jóhannessyni með kjörstjórunum, Jóni sýslunefndarmanni Jónssyni á Sleðbrjót og séra Einari Þórðarsyni í Hofteigi, til þess að kjósa tvo alþingismenn fyrir Norður-Múlasýslu fyrir næsta 6 ára kjörtímabil. Kjörfundur þessi hefur verið boðaður á lögmetan hátt í kjördæminu. Oddviti kjörstjórnarinnar las upp opið bréf konungs, dags. 2. mars þ.á., um að almennar kosningar skuli fram fara í septembermánuði þ.á.

Síðan skoraði oddviti kjörstjórnarinnar á kjósendur að gefa kost á sér til þingmennsku. Buðu sig þá fram þessir menn: 1) Einar prófastur Jónsson í Kirkjubæ; 2) Einar prestur Þórðarson í Hofteigi; 3) Jóhannes sýslumaður og bæjarfógeti Jóhannesson á Seyðisfirði; 4) Jón héraðslæknir Jónsson á Vopnafirði.

Þingmannaefnin lýsti yfir skoðunum sínum á helstu málum svo töluðu og aðrir er þeir óskuðu og báru upp spurningar fyrir frambjóðendurnar er þeir svöruðu. Þá er engir fleiri óskuðu að taka til máls var gengið til atkvæða. Á fundinum voru mættir 225 kjósendur, þeir er atkvæði greiddu og féllu atkvæðin þannig að Einar prófastur Jónsson fékk 129 atkvæði, Jóhannes sýslumaður 115, séra Einar Þórðarson 109 en Jón héraðslæknir Jónsson 97 atkvæði.

Lýsti kjörstjórnin því yfir að lokinni atkvæðagreiðslu að þeir Einar prófastur Jónsson í Kirkjubæ og Jóhannes sýslumaður og bæjarfógeti Jóhannesson á Seyðisfirði væru réttkjörnir alþingismenn fyrir Norður-Múlasýslu til næstu 6 ára. Kjörskrárnar voru áður bornar saman við kjörbókina og reyndust þær samhljóða henni. Síðan afhenti kjörstjórnin hinum kosnu alþingismönnum kjörbréf þeirra með undirskrifuðum nöfnum sínum.

Kjörstjórnin lagði fram „Aukaskrá yfir þá menn í Vopnafjarðarhreppi, sem kosningarétt hafa til alþingis 1. júlí 1900 til sama tíma 1901“ undirskrifaða af oddvita Vopnafjarðarrhepps 3. þ.m. og var henni gefin áteiknun umfram lýsinguna. Skrá þessi hafði borist oddvita kjörstjórnarinnar í gærkvöldi. Með því að skrá þessi eigi er samin fyrri en 3. þ.m. og eigi kom oddvita í hendur fyrri en í gær – og þar sést eigi að kært hafi verið yfir kjörskrá þeirri, sem hreppsnefnd Vopnafjarðarhepps samdi lögum samkvæmt í mars þ.á. og sendi sýslumanni í lögákveðinn tíma – enda ber skrá þessi það með sér að þeir sem upp í hana eru teknir eru menn sem farið hafa að búa eftir að kjörskráin átti að vera samin og send – þá úrskurðaði kjörstjórnin í einu hljóði að aukaskrá þessi gæti ekki orðið tekin til greina eða þeim sem upp á hana eru teknir, leyft að greiða atkvæði við þessar kosningar. Grímur verslunarstjóri Laxdal á Vopnafirði mótmælti þessum úrskurði kjörstjórnarinnar og kvaðst álíta það gagnstætt lögum að mönnum þeim, er í skrá þessari standa, hefði verið synjað um að greiða atkvæði.

Kjörþingi er slitið klukkan 8 e.h. sama dag.

Jóh. Jóhannesson, Jón Jónsson, Einar Þórðarson

Norður-Múlasýsla 1902

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0044 – MA/1, 3 [opna 8–9]

Ár 1902, laugardaginn 7. júní kl. 11 f.h. var kjörþing til alþingiskosninga fyrir Norður-Múlasýslu sett á Fossvöllum og haldið af formanni kjörstjórnarinnar sýslumanni og bæjarfógeta Jóh. Jóhannessyni með kjörstjórunum, séra Einari Þórðarsyni í Hofteigi og Einari sýslunefndarmanni Sölvasyni í Bakkagerði, til þess að kjósa tvo alþingismenn fyrir Norður-Múlasýslu fyrir næsta 6 ára kjörtímabil. Kjörfundur þessi hefur verið boðaður á lögsmætan hátt í kjördæminu. Oddviti

kjörstjórnarinnar las upp opið bréf konungs, dags. 13. sept. f.á., um að almennar kosningar skuli fram fara á tímabilinu 2.–11. þ.m.

Síðan skoraði oddviti kjörstjórnarinnar á kjósendur að gefa kost á sér til þingmennsku. Buðu sig þá fram þessir menn. 1) Einar prófastur Jónsson í Kirkjubæ; 2) Einar prestur Þórðarson í Hofteigi; 3) Jóhannes sýslumaður og bæjarfógeti Jóhannesson á Seyðisfirði; 4) Jón hreppstjóri Jónsson á Vopnafirði; 5) Ólafur verslunarstjóri Davíðsson á Vopnafirði.

Þingmannaefnin lýstu yfir skoðunum sínum á helstu málum er væntanlega koma fyrir á aukáþinginu í sumar; svo töluðu og formælendur þeirra og þeir sem þess óskuðu báru spurningar upp fyrir frambjóðendurna, er þeir svöruðu. Þegar engir fleiri óskuðu að taka til máls var gengið til atkvæða. Á fundinum mættu 276 kjósendur þeir er atkvæði greiddu og fór kosningin þannig að: Ólafur Davíðsson fékk 148 atkvæði, Jón hreppstjóri Jónsson fékk 125 atkvæði, Jóhannes sýslumaður Jóhannesson fékk 121 atkvæði, Séra Einar Þórðarson fékk 95 atkvæði og Einar prófastur Jónsson fékk 63 atkvæði.

Þar sem aðeins einn frambjóðendanna hafði fengið meira en helming atkvæða þeirra, sem greidd voru, var kosið óbundnum kosningum um einn þingmann, en áður en til atkvæðagreiðslu var gengið lýstu þeir séra Einar Þórarson og Einar prófastur Jónsson yfir því að þeir tækju aftur framboð sitt. Var síðan gengið til atkvæða um þá tvo af frambjóðendum sem eftir voru og hlaut Jón hreppstjóri 140 atkvæði en Jóhannes sýslumaður 134 atkvæði af þeim 274 atkvæðum sem greidd voru við þá kosningu.

Lýsti kjörstjórnin því yfir að lokinni atkvæðagreiðslu að þeir Ólafur verslunarstjóri Davíðsson á Vopnafirði og Jón hreppstjóri Jónsson sama staðar væru réttkjörnir alþingismenn fyrir Norður-Múlasýslu til næstu 6 ára. Kjörskrárnar voru áðar bornar saman við kjörbókina og reyndust þær samhljóða henni. Síðan afhenti kjörstjórnin hinum kosnu alþingismönnum kjörbréf þeirra með undirrituðum nöfnum sínum.

Kjörþinginu slitið kl. 11 e.h. s. dag.

Jóh. Jóhannesson, Einar Þórðarson, Einar Sölvason.

Norður-Múlasýsla 1903

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0044 – MA/1, 3 [opna 9–10]

Ár 1903, laugardaginn 6. júní kl. 12 á hádegi var kjörþing til alþingiskosninga fyrir Norður-Múlasýslu sett á Fossvöllum og haldið af formanni kjörstjórnarinnar, sýslumanni og bæjarfógeta Jóhannesi Jóhannessyni, með kjörstjórunum Einari sýslunefndarmanni Sölvasyni í Bakkagerði og Jóni hreppstjóra Eiríkssyni á Hrafnabjörgum, til þess að kjósa tvo alþingismenn fyrir Norður-Múlasýslu fyrir næsta 6 ára kjörtímabil. Kjörfundur þessi hefur verið boðaður á lögmetan hátt í kjördæminu. Oddviti kjörstjórnarinnar las upp opið bréf konungs dags. 25. sept. 1902 um að almennar kosninga skuli fara fram á tímabilinu frá 2.–6. þ.m.

Síðan skoraði oddviti kjörstjórnarinnar á kjósendur að gefa kost á sér til þingmennsku. Buðu sig þá fram þessir menn: 1) Einar prófastur Jónsson í Kirkjubæ; 2) Einar prestur Þórðarson í Hofteigi; 3) Jóhannes sýslumaður og bæjarfógeti Jóhannesson á Seyðisfirði; 4) Jón héraðslæknir Jónsson á Vopnafirði.

Frambjóðendurnir lýsti yfir skoðunum sínum á helstu þingmálum, svo töluðu og tveir formælendur Jóns héraðslæknis Jónssonar og þeir er þess óskuðu báru fram spurningar fyrir frambjóðendurna, er þeir svöruðu. Umræðunum var slitið kl. 4 e.h. og var þá gengið til atkvæða. Á fundinum voru mættir 222 menn þeir er atkvæðisrétt höfðu og atkvæði greiddu og fór kosningin þannig að: Jóhannes Jóhannesson fékk 182 atkvæði; Séra Einar Þórðarson fékk 112 atkvæði; Séra Einar Jónsson fékk 107 atkvæði; Jón læknir Jónsson fékk 43 atkvæði.

Lýsti kjörstjórnin þá yfir að lokinni atkvæðagreiðslu að þeir Jóhannes sýslumaður og bæjarfógeti Jóhannesson á Seyðisfirði og séra Einar Þórðarson í Hofteigi væru réttkjörnir alþingismenn fyrir Norður-Múlasýslu til næstu 6 ára. Kjörskrárnar voru áður bornar saman við kjörbókina og reyndust þær samhljóða henni. Síðan afhenti kjörstjórnin hinum kosnu alþingismönnum kjörbréf þeirra með undirskrifuðum nöfnum sínum.

Kjörþinginu slitið kl. 7 e.h. sama dag.

Jóh. Jóhannesson, Einar Sölvason, Jón Eiríksson.

Þingeyjarsýsla

Þingeyjarsýsla 1874

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0041 – MB/5, 5

Ár 1874, hinn 26. dag septembermánaðar var kjörþing Þingeyjarsýslu sett og haldið að Húsavík til þess, samkvæmt stjórnarskrá 5. janúar 1874 samanborinni við tilskipanir 8. mars 1843 og 6. janúar 1857, að kjósa 2 menn til alþingissetu á næstu þremur þingum árin 1875, 1877 og 1879 af kjörforseta Birni Skapta Jósefssyni með löglega útnefndum kjörstjórum, prófasti Benedikt Kristjánssyni á Múla og verslunarstjóra Þórði Guðjohnsen á Húsavík.

Kosningarstjórnari las upp og framlagði skikkun sína til þess að gegna sýslumannsstörfum í Þingeyjarsýslu dags. 21. júlí þ.á., það auðkennt Ltr. A. hljóðar þannig # Brýndi síðan kosningarstjórnari samkvæmt fyrirmælum laganna fyrir fundarmönnum mikilvægi kosningarinnar og las því næst upp hér að lútandi greinar í hinni nýju stjórnarskrá og gat þess að samkvæmt henni skyldi sýslan kjósa í sameiningu 2 alþingismenn. Þá var upplesið og framlagt bréf Norður og Austur amtsins dags. 18. júní þ.á.; það auðkennt Ltr. B. hljóðar þannig # Því næst lagði kjörstjórnarinn fram amtsbréf, dags. 10. ágúst þ.á., um að kosning alþingismanna í þetta skipti skuli framfara á Húsavík; það upplesið og auðkennt Ltr. C hljóðar þannig #

Kjörskrá til alþingiskosningar hefur samkvæmt fyrirmælum tilskipun 8. mars 1843, 20. gr. verið send öllum sóknarprestum sýslunnar í tæka tíð og hefur síðan engum mótmælum verið hreyft í tilliti kosningarréttar og kjörgengis. Kosningarstjórnari skoraði á fundarmenn að koma fram með mótmæli sín gegn kjörskránni ef nokkur væru og gaf enginn sig fram í því tilliti. Var síðan sérhver kjósandi kallaður fram til atkvæða uppsögu samkvæmt 29. grein tilskipunar 8. mars 1843. Eftir að kjörskráin var gegnumfarin og greidd atkvæði af þeim mættu var gefinn frestur um hálfu stund til þess að þeir kjósendur, er á staðnum væru, gæfist að nýju tækifæri til að neyta kosningarréttar síns.

Voru því næst kjörbækurnar samanbornar og upplesnar og með því engar athugasemdir komu fram frá kjósenda hálfu voru atkvæðin talin saman og hafði prófastur Benedikt Kristjánsson að Múla 28 atkvæði, Dbr. Jón Sigurðsson á

Gautlöndum 27 atkv. – Auk þessara manna fékk Jakob bóndi Hálfðánarson á Grímsstöðum 2 atkvæði og Gísli Jóhannes Ásmundsson hreppstjóri á Þverá 1 atkvæði. Eftir því eru prófastur séra Benedikt Kristjánsson á Múla og Dbrm. Jón Sigurðsson á Gautlöndum rétt kjörnir alþingismenn fyrir Þingeyjarsýslu.

Upplesið játað rétt bókað. Kjörþingi slitið.

B.Sk. Jósefsson settur, B. Kristjánsson, Þ. Guðjohnsen

Suður-Þingeyjarsýsla 1880

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0041 – MB/5, 5

Ár 1880, hinn 14. september var kjörþing Suður-Þingeyjarsýslu sett og haldið að Ljósavatni til þess að kjósa alþingismann fyrir nefnt kjördæmi. Kjörþingið skipaði sem oddviti sýslumaður Benedikt Sveinsson ásamt með kjörstjórnarmönnum, Benedikt prófasti Kristjánssyni í Múla og Benedikt prófasti Kristjánssyni á Grenjaðarstað. Oddviti kjörstjórnarinnar las upp opið bréf um að almennar kosningar til alþingis skuli fram fara, dags. 2. mars þ.á., og leiddu því næst athygli manna að því hve mikilvæg fyrir land og lýð þessi athöfn væri.

Þá benti kjörstjóri á að enginn hefði enn gefið sig fram við hann sem þingmannsefni og skoraði á þá að gefa sig nú þegar fram sem taka vildu kosningu og varð enginn annar til þess en Dbrm. Jón Sigurðsson á Gautlöndum. Þá leiddi oddviti athygli kjósenda að því að þeim væri heimilt að leggja fram spurningar fyrir þingmannsefnið viðvíkjandi skoðun hans á bæði einstökum og almennum þingmálefnum. – Þingmannsefnið lýsti því yfir að hann væri fús til að svara slíkum spurningum en skírskotaði að öðru leyti til þingtíðindanna. Þareð enginn á fundinum tók til máls lagði oddviti fram hinar lögskipuðu kjörskrár og var því næst gengið til kosningar samkvæmt þeim og kosningarlögnum.

Því næst voru kjörskrár og atkvæðaskrá bornar saman og atkvæði talin saman og féll kosning þannig Jón Dbrm. Sigurðsson á Gautlöndum var kosinn alþingismaður með 95 atkvæðum af 101. Sex fundarmenn vildu ekki greiða atkvæði. Síðan lýsti oddviti yfir því að dbrm. Jón Sigurðsson á Gautlöndum væri valinn alþingismaður fyrir kjördæmi þetta.

Upplesið. Játað rétt bókað. Fundi slitið.

Norður-Pingeyjarsýsla 1880

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0041 – MB/5, 5

Ár 1880, hinn 17. september var kjörþing Norður-Pingeyjarsýslu sett og haldið að Skinnastað til þess að kjósa alþingismann fyrir nefnt kjördæmi. Kjörþingið skipaði sem oddviti sýslumaður Benedikt Sveinsson ásamt meðkjörstjórnarmönnum, Geir sýslunefndarmanni Gunnarssyni á Raufarhöfn og Guðmundi hreppstjóra Kristjánssyni á Lóni. Oddviti kjörstjórnarinnar las upp opið bréf um að almennar kosningar til alþingis skuli fram fara, dags. 2. mars þ.á., og leiddu því næst athygli manna að því hve mikilvæg fyrir land og lýð þessi athöfn væri.

Þá skýrði oddviti frá að til hans hefði komið framboð til að vera þingmaður frá prófasti Benedikt Kristjánssyni að Múla og hefðu tveir meðmælendur sent honum framboðið, en oddviti gat þess að þessi meðmæling væri aðeins nauðsynlegt þegar þingmaðurinn væri ekki til staðar, en nú væri þingmannsefnið hér sjálfur staddur. Þá gaf sig fram sem þingmannsefni Guðmundur hreppstjóri Jónsson í Skoruvík, en fleiri gáfu ei kost á sér.

Þá leiddi oddviti athygli þingmannaefnanna og kjósendanna að því að þeim væri heimilt að taka til máls um þingmálefni til að skýra vilja kjósenda og skoðun þingmannaefnanna á þeim. Eftir nokkrar umræður og spurningar, sem sér í lagi lutu að því: að breyting yrði gerð á stjórnarskrá landsins, svosem um ábyrgð ráðgjafans og konungkjörna þingmenn, að kirkjan yrði sem mest mætti verða gjörð sjálfstæð og að lagaskóli yrði stofnaður í landinu, skoraði oddviti kjörstjórnarinnar á kjósendur að ganga til kosninga samkvæmt kosningarlögum og kjörskránum, sem hann lagði fram á þinginu til afnota.

Var því næst gengið til atkvæða, atkvæðaskrá og kjörskrá samanbornar og atkvæði talin saman. Féll kosning þannig: að séra Benedikt Kristjánsson í Múla hlaut 34 atkvæði af þeim 59 atkvæðum sem greidd voru. 2 vildu eigi greiða atkvæði. Guðmundur hreppstjóri Jónsson hlaut 25 atkvæði. Lýsti oddviti því yfir að séra Benedikt Kristjánsson í Múla væri valinn alþingismaður fyrir þetta kjördæmi.

Upplesið. Játað rétt bókað. Fundi slitið.

Norður-Pingeyjarsýsla 1886

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0041 – MB/5, 5

Ár 1886, hinn 1. júní var kjörþing fyrir Norður-Pingeyjarsýslu sett og haldið að Skinnastöðum til þess að kjósa alþingismann fyrir nefnt kjördæmi. Kjörþingið skipaði sem oddviti sýslumaður Benedikt Sveinsson ásamt með kjörstjórnarmönnum, Árna sýslunefndarmanni Árnasyni í Höskuldarnesi og Árna hreppstjóra Kristjánssyni á Lóni. Oddviti kjörstjórnarinnar lagði fram og las upp konungl. augl., dags. 2. nóv. 1885, og opið bréf dags. s.d. Ennfremur lagði hann fram leiðréttar kjörskrár fyrir alla fimm hreppa kjördæmisins fyrir árið 1885.

Oddviti kjörstjórnarinnar vakti síðan athygli manna á því, hve mikilvægt það væri fyrir land og lýð sem nú ætti fram að fara nefnilega kosningar til alþingis, er það væri alveg undir þeim komið hvernig löggjafarþing þjóðarinnar leysti starfa sinn af hendi. Þá gat oddviti þess að boðið hefðu sig fram sem þingmannsefni Jón bóndi Jónsson frá Arnarvatni og prestur séra Þorleifur Jónsson á Skinnastöðum. Voru þeir báðir til staðar á kjörþinginu.

Þá leiddi oddviti athygli þingmannaefnanna og kjósendanna að því að þeim væri heimilt að taka til máls um þingmálefni til að skýra vilja kjósenda og þingmannaefna á þeim. Eftir nokkrar umræður og spurningar sem sérílagi lutu að því að þingið eindregið framfylgdi stjórnarskrá þeirri óbreyttri, sem samin var og samþykkt á alþingi 1885, að ábúðar og lausafjárskattar væru úr lögum numdir og eins útflutningsgjald af fiski og lýsi og skattur af atvinnu, en í þeirra stað væri lagðir á hentugir tollar á ónauðsynlega vöru og á verslun og fiskiveiðar og ennfremur að innleidd yrði hraðritun á alþingi sem fyrst að unt er, skoraði oddviti kjörstjórnar á kjósendur að ganga til kosninga samkvæmt kosningarlögum og hinum framlögðu kjörskrá.

Var því næst gengið til atkvæða, atkvæðaskrá og kjörskrár saman bornar og atkvæðin talin saman. Féll kosningin þannig að Jón Jónsson fékk 36 atkvæði af þeim 58 sem greidd voru. Einn vildi eigi greiða atkvæði. Séra Þorleifur Jónsson hlaut 22 atkvæði. Lýsti oddviti því yfir að Jón Jónsson bóndi á Arnarvatni væri valinn alþingismaður fyrir þetta kjördæmi.

Upplesið; játað réttbókað. Kjörþinginu slitið.

B. Sveinsson, Á. Árnason, Á. Kristjánsson

Suður-Þingeyjarsýsla 1886

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0041 – MB/5, 5

Ár 1886, hinn 10. júní var kjörþing fyrir Suður-Þingeyjarsýslu sett og haldið að Ljósavatni til þess að kjósa alþingismann fyrir nefnt kjördæmi. Kjörþingið skipaði sem oddviti Benedikt sýslumaður Sveinsson ásamt kjörstjórnarmönnum, sýslunefndarmanni Einari Ásmundssyni í Nesi og Benedikt hreppstjóra Jónssyni á Auðnum. Oddviti las upp konungslega auglýsingu, dagsetta 2. nóember 1885, og opið bréf dagsett sama dag. Ennfremur lagði hann fram leiðréttar kjörskrár fyrir alla hreppa sýslunnar fyrir árið 1885. Oddviti kjörstjórnarinnar leiddi athygli þingmanna að því hve þýðingarmikið það væri fyrir land og lýð að kosningar til alþingis heppnuðust yfir höfuð að tala vel, en sérstaklega tók hann fram hve þýðingarmiklar kosningar til alþingis nú væri.

Þá gat oddviti þess að til sín hefði eigi komið framboð til þingmennsku frá öðrum en Benedikt prófasti Kristjánssyni í Múla, kvað hann honum heimilt að taka til máls og eins kjósendum að leggja fyrir hann spurningar; og eftir að þingmannsefnið hafði lýst skoðunum sínum á þingmálum í ræðu er hann hélt var gengið til kosningar eftir kosningarlögum og kjörskránum, atkvæðaskrá og kjörskrár bornar saman og atkvæði talin og hlaut Benedikt prófastur Kristjánsson í Múla 89 samhljóða atkvæði. Lýsti oddviti yfir því í heyranda hljóði að séra Benedikt Kristjánsson í Múla væri rétt kjörinn alþingismaður fyrir Suður-Þingeyjarsýslu um næsta 6 ára kjörtímabil.

Kjörþinginu slitið.

B. Sveinsson, Einar Ásmundsson, Benedikt Jónsson

Suður-Þingeyjarsýsla 1892

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0041 – MB/5, 5

Ár 1892, hinn 5. september var kjörþing fyrir Suður-Þingeyjarsýslu sett og haldið að Ljósavatni til þess að kjósa alþingismann fyrir nefnt kjördæmi. Kjörþingið skipaði

sem oddviti Benedikt sýslumaður Sveinsson ásamt kjörstjórnarmönnum, Benedikt presti Kristjánssyni á Grenjaðarstað og Benedikt sýslunefndarmanni Jónssyni á Auðnum. Kjörþing þetta hafði verið boðað í öllum hreppum kjördæmisins með meira en mánaðar fyrirvara. Oddviti las upp konunglega auglýsingu frá 26. febrúar 1892 og opið bréf dagsett sama dag. Ennfremur lagði hann fram leiðréttar kjörskrár fyrir alla hreppa sýslunnar fyrir árið 1892.

Oddviti kjörstjórnarinnar brýndi fyrir kjósendum hina miklu þýðingu kosninganna til alþingis bæði yfir höfuð að tala og sérstaklega þeirra kosninga sem nú fara fram. Svo lýsti og oddviti yfir því að til sín hefði einungis komið framboð til þingmennsku frá einum manni: Dbrm. Einari Ásmundssyni í Nesi og kvað honum heimilt að taka til máls. Þingmannsefnið lýsti skoðunum sínum á nokkrum helstu þjóðmálum og eftir það lögðu nokkrir kjósendur fyrir hann allmargar spurningar er hann svaraði.

Var síðan gengið til kosninga samkvæmt kosningarlögum og kjörskránum, atkvæðaskrá og kjörskrár bornar saman og atkvæði talin og hlaut Dbrm. Einar Ásmundsson í Nesi 91 samhljóða atkvæði. Lýsti oddviti kjörstjórnarinnar yfir því í heyranda hljóði að Dbrm. Einar Ásmundsson í Nesi væri rétt kjörinn þingmaður fyrir Suður-Þingeyjarsýslu kjördæmi fyrir næsta kjörtímabil 1892 til 1898.

Kjörþinginu slitið.

B. Sveinsson, B. Kristjánsson, Benedikt Jónsson

Norður-Þingeyjarsýsla 1892

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0041 – MB/5, 5

Ár 1892, hinn 10. september var kjörþing fyrir Norður-Þingeyjarsýslu sett og haldið að Skinnastöðum til þess að kjósa alþingismann fyrir nefnt kjördæmi. Kjörþingið skipaði sem oddviti Benedikt sýslumaður Sveinsson ásamt kjörstjórnarmönnum, Þorleifi presti Jónssyni á Skinnastöðum og sýslunefndarmanni Árna Kristjánssyni á Lóni. Kjörþing þetta hafði verið boðað í öllum hreppum kjördæmisins með meira en mánaðar fyrirvara. Oddviti las upp konunglega auglýsingu frá 26. febrúar 1892 og opið bréf dags. sama dag. Ennfremur lagði hann fram leiðréttar kjörskrár fyrir alla hreppa kjördæmisins fyrir árið 1892.

Oddviti kjörstjórnarinnar brýndi fyrir kjósendum hina miklu þýðingu kosninganna til alþingis bæði yfir höfuð að tala og sérstaklega þeirra kosninga sem nú fara í hönd. Síðan lýsti oddviti yfir því að til sín hefði komið framboð til þingmennsku frá Jóni bónda Jónssyni í Múla og sömuleiðis því að hann sjálfur byði sig fram til þingmennsku, eftir áskorun allmargra helstu manna í kjördæminu. Þingmannaefnin lýstu síðan skoðunum sínum á nokkrum helstu þjóðmálum og að því búnu lögðu kjósendur fyrir þau nokkrar spurningar er þau svöruðu.

Var því næst gengið til kosninga samkvæmt kosningarlögum og kjörskránum, atkvæðaskrá og kjörskrá bornar saman og atkvæði talin og féll kosningin þannig að sýslumaður Benedikt Sveinsson á Héðinshöfða hlaut 28 atkvæði og Jón bóndi Jónsson í Múla 13 atkvæði af þeim 41 atkvæði sem greidd voru. Lýsti oddviti kjörstjórnarinnar yfir því í heyranda hljóði að sýslumaður Benedikt Sveinsson á Héðinshöfða væri rétt kjörinn þingmaður fyrir Norður-Þingeyjarsýslu kjördæmi fyrir næsta kjörtímabil 1892 til 1898.

Kjörþinginu slitið.

B. Sveinsson, Árni Kristjánsson, Þorleifur Jónsson

Suður-Þingeyjarsýsla 1894

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0041 – MB/5, 5

Ár 1894, hinn 4. júnímánaðar var kjörþing fyrir Suður-Þingeyjarsýslu sett og haldið að Ljósavatni til þess að kjósa alþingismann fyrir nefnt kjördæmi. Kjörþingið skipaði sem oddviti settur sýslumaður Einar Benediktsson, samkvæmt amtsbréfi 28. f.m., ásamt kjörstjórnarmönnum, Benedikt Jónssyni á Auðnum úr sýslunefndinni og Jóni hreppstjóra Sigurgeirssyni á Hvarfi, sem oddviti kvaddi til að sitja í kjörstjórninni í stað séra Jóns Þorsteinssonar á Halldórsstöðum er sýslunefndin hafði útnefnt, en sem lá sjúkur og gat því eigi mætt á kjörþingið. Kjörþingið hafði verið boðað á löglegan hátt í öllum hreppum kjördæmisins. – Oddviti las upp opið bréf dagsett 29. september 1893 um uppleysingu alþingis og sömuleiðis opið bréf dagsett sama dag um nýjar kosningar til alþingis. Lagði enn fremur fram hinar leiðréttu kjörskrár fyrir 1893.

Oddviti skýrði kjörstjórninni frá og framlagði áskorun frá nokkrum kjósendum í Húsavíkurhreppi um frestun kjörfundarins sakir almennrar umgangsveiki (influenza) sem hefur hindrað allan þorra kjósenda í ýmsum hreppum sýslunnar frá að sækja kjörþingið. Að athuguðum öllum ástæðum fann kjörstjórnin ekki næga ástæðu til að verða við þessari áskorun, sérstaklega með tilliti til þess að sá frestur sökum einskorðun kosningartímans virtist ekki geta orðið nægilega langur til þess að veikin yrði um garð gengin, né heldur líkur til að stuttur frestur gerði fleirum kjósendum mögulegt að sækja kjörþingið en nú eru mættir.

Oddviti kjörstjórnarinnar brýndi fyrir kjósendum þýðingu og tilgang kosningarinnar og hve mikilsvarðandi hún væri og sérstaklega þeirrar kosningar sem nú fer fram. Því næst lýsti oddviti yfir því að til sín hefði komið skriflegt framboð til þingmennsku frá Pétri bónda Jónssyni á Gautlöndum og að ekkert annað framboð lægi fyrir. Kvað oddviti þingmannsefninu sem var til staðar á kjörþinginu heimilt að taka til máls. Þingmannsefnið lýsti skoðunum sínum á ýmsum þjóðmálum og þingmálum; svo lögðu og kjósendur fyrir hann nokkrar spurningar sem hann svaraði.

Var síðan gengið til kosninga samkvæmt kjörskránum og að því loknu settur frestur um fjórðung stundar, en öll kosningargerðin hafði þá staðið yfir í þrjár klukkustundir. Að liðnum frestinum var tekið á móti atkvæðum af þeim kjósendum sem gáfu sig fram. Voru síðan bornar saman atkvæðaskrá og kjörskrár og atkvæði talin og hlaut kosningu Pétur Jónsson bóndi á Gautlöndum með eitt hundrað og ellefu atkvæðum, en átján kjósendur vildu ekki greiða atkvæði. Lýsti oddviti kjörstjórnarinnar yfir því að Pétur bóndi Jónsson á Gautlöndum væri kjörinn alþingismaður fyrir Suður-Þingeyjarsýslu kjördæmi fyrir næsta kjörtímabil.

Kjörþinginu slitið.

Einar Benediktsson (settur), Benedikt Jónsson, Jón Sigurgeirsson

Norður-Þingeyjarsýsla 1894

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0041 – MB/5, 5

Ár 1894, hinn 8. dag júnímánaðar var kjörfundur fyrir Norður-Þingeyjarsýslu settur og haldinn að Skinnastöðum til þess að kjósa alþingismann fyrir nefnt kjördæmi.

Kjörþingið skipaði oddviti settur sýslumaður Einar Benediktsson á Héðnishöfða, samkvæmt amtsbréfi 28. f.m., ásamt kjörstjórnarmönnum, séra Þorleifi Jónssyni á Skinnastöðum úr kjósendaflokki og Árna hreppstjóra Kristjánsyni á Lóni úr sýslunefndinni. Kjörþingið hafði verið boðað á löglegan hátt í öllum hreppum kjördæmisins. Oddviti las upp opið bréf dagsett 29. september 1893 um uppleysingu alþingis og sömuleiðis opið bréf dagsett sama dag um nýjar kosningar til alþingis. Lagði ennfremur fram hinar leiðréttu kjörskrár fyrir 1893.

Oddviti kjörstjórnarinnar brýndi fyrir kjósendum þýðingu og tilgang kosningarinnar og hve mikilsvarðandi hún væri og sérstaklega þeirrar kosningar sem nú fer fram. Um leið tók hann fram í ræðu sinni að þrátt fyrir það þó umfangsveiki „Influenza“ hafði hindrað allan fjölda kjósenda frá að mæta á fundi þessum, jafn fjölmennt eins og áður hefur verið, getur kjörstjórnin ekki fundið ástæðu til að fresta þessum fundi, sbr. opið bréf um nýja kosningu, þegar tekið er tillit til þess hve vafasamt eða jafnvel ólíklegt er að sá frestur, sem eftir öllum atvikum er hægt að veita, geti náð þeim tilgangi að almenningur mæti á kjörfundinum og er einnig sérstaklega tekið tillit til þess að þeir fáu sem nú þó eru mættir mundu ef til vill kinoka sér við að sækja fundinn aftur úr fjarlægum héruðum, auk þess sem fyrirmælum laganna um boðunarfrest þá að sjálfsögðu ekki yrði fylgt.

Því næst lýsti oddviti því yfir að til sín hefði komið skriflegt framboð frá sýslumanni Benedikt Sveinssyni á Héðinshöfða með skriflegri yfirlýsingu frá hreppsnefndar-oddvita Indriða Ísakssonar á Keldunesi um að vera meðmælandi hans, innkomið fyrir náttmál í gær, til þess að verða þingmaður fyrir Norður-Þingeyjarsýslu. Auk þess hefur séra Þorleifur Jónsson á Skinnastöðum lýst því yfir eftir að fundurinn var settur og oddviti hafði opnað fundinn, með ræðu samkvæmt kosningarlögnum, að hann byði sig fram til þingmennsku og að hann hefði skýrt oddvita munnlega frá þessu áður en fundurinn var settur.

Oddviti brýndi síðan fyrir þingmannsefninu, meðmælanda og fundarmönnum á hvern hátt þeir hefðu rétt til að taka þátt í umræðum, með því að leggja spurningar fyrir eða láta skoðun sína í ljósi. Meðmælandi sýslumanns B. Sveinssonar var til staðar á fundinum og stóð við meðmælingu sína. Þingmannsefnið séra Þorleifur Jónsson lýsti yfir því að hann fyndi ekki ástæðu til að svo stöddu að skýra skoðanir sínar á opinberum málum. Meðmælandi sýslumanns B. Sveinssonar lýsti yfir því, að almenningi væri kunnugt um hverjar skoðanir hið fjarverandi þingmannsefni hefði á

opinberum málum landsins og að hann væri fús á að svara þeim spurningum öllum, sem kjósendur vildu leggja fyrir hann í þá átt. Voru svo spurningar lagðar fyrir þingmannsefnin og þeim svarað.

Síðan var gengið til kosninga samkvæmt kjörskránum og að því loknu settur frestur um klukkutíma en kosningargjörðin hafði þá staðið um 1¼ kl.tíma áður en fresturinn var settur. Voru síðan kjörskrár og atkvæðaskrár bornar saman eftir að fresturinn var liðinn og þeir kjósendur höfðu greitt atkvæði er gáfu sig fram og atkvæði talin. Lýsti síðan oddviti yfir að sýslumaður Benedikt Sveinsson væri kjörinn alþingismaður fyrir Norður-Þingeyjarsýslu kjördæmi á kjörtímabili því sem í hönd fer með 12 atkvæðum gegn 5 sem séra Þorleifur Jónsson á Skinnastöðum hlaut. Allir sem mættir voru á fundinum greiddu atkvæði.

Kjörþinginu slitið.

Einar Benediktsson settur, Árni Kristjánsson, Þorleifur Jónsson

Einn kjörstjórinn séra Þorleifur Jónsson á Skinnastöðum bað bókað, að hann gæti ekki verið samþykkur því álit er meiri hluti kjörstjórnarinnar hér að framan hefði látið í ljósi um það að ekki væri rétt að fresta kjörfundinum.

Þorleifur Jónsson

Skoðuð 13. júlí 1900. Páll Briem

Suður-Þingeyjarsýsla 1900

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0041 – MB/5, 5

Ár 1900, mánudaginn hinn 10. september var kjörþing fyrir Suður-Þingeyjarsýslu sett og haldið að Ljósavatni til þess að kjósa alþingismann fyrir nefnt kjördæmi til næstu 6 ára. Kjörþingið skipaði sem oddviti sýslumaður Steingrímur Jónsson ásamt kjörstjórnarmönnum, Sigurði Jónssyni í Ystafelli úr flokki sýslunefndar og Birni Jóhannessyni á Ljósavatni úr flokki kjósenda. Kjörþing þetta hafði verið boðað á löglegan hátt í öllum hreppum kjördæmisins. Oddviti las upp konunglegt opið bréf, dagsett 2. mars 1900, sem fyrirskipar almennar kosningar samkvæmt því sem fyrir er mælt í kosningarlögum. Enn fremur lagði oddviti fram hinar leiðréttu kjörskrár, frá 1. júlí 1900 til 30. júní 1901.

Oddviti brýndi fyrir kjósendum hina miklu þýðingu kosninganna til alþingis, eigi að eins yfir höfuð að ræða heldur og sérstaklega nú á yfir standandi tíma. Þá lýsti oddviti yfir því að til sín hefði aðeins komið framboð til þingmennsku fyrir þetta kjördæmi frá einum manni: fyrrverandi þingmanni kjördæmisins Pétri Jónssyni bónda á Gautlöndum, sem viðstaddur var á þinginu. Jafnframt skoraði oddviti á kjósendur að lýsa því nú þegar yfir ef einhver þeirra byði sig fram til þingmennsku, en enginn frambjóðandi gaf sig í ljós. Því næst leyfði oddviti frambjóðandanum að taka til máls og gaf kjósendum jafnframt kost á að leggja spurningar fyrir þingmannsefnið. Tók þá þingmannsefnið til máls og lýsti skoðunum sínum á helstu landsmálum. Að því búnu lögðu kjósendur nokkrar spurningar fyrir frambjóðandann um ýmisleg atriði og svaraði hann þeim.

Þá var gengið til kosninga samkvæmt hinum fram lögðu kjörskrá hreppanna. Þegar kosningin hafði staðið rúman klukkutíma var veittur frestur í klukkutíma til þess að kjósendur gætu enn gefið sig fram. Að þeim tíma liðnum voru kjörskrárnar og atkvæðaskrá borin saman og atkvæði talin og hlaut kosningu Pétur Jónsson bóndi á Gautlöndum með 69 atkvæðum. Tveir kjósendur er mættu á fundinum greiddu ekki atkvæði. Lýsti oddviti kjörstjórnarinnar yfir því að Pétur bóndi Jónsson á Gautlöndum væri kjörinn alþingismaður fyrir Suður-Þingeyjarsýslu kjördæmi fyrir næsta 6 ára kjörtímabil.

Kjörþinginu slitið.

Steingrímur Jónsson, Sigurður Jónsson, Björn Jóhannsson

Norður-Þingeyjarsýsla 1900

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0041 – MB/5, 5

Ár 1900, mánudaginn hinn 24. september var kjörþing fyrir Norður-Þingeyjarsýslu sett og haldið að Svalbarði til þess að kjósa alþingismann fyrir nefnt kjördæmi til næstu 6 ára. Kjörþingið skipaði sem oddviti sýslumaður Steingrímur Jónsson ásamt kjörstjórnarmönnum, Árna Kristjánssyni á Lóni úr flokki sýslunefndar og séra Þorleifi Jónssyni á Skinnastöðum úr flokki kjósenda. Kjörþing þetta hafði verið boðað á löglegan hátt í öllum hreppum sýslunnar. Oddviti las upp konunglegt opið bréf frá öðrum mars 1900 sem fyrirskipar almennar kosningar samkvæmt því sem

fyrir er mælt í kosningarlögum. Ennfremur lagði oddviti fram hinar leiðréttu kjörskrár frá 1. júlí 1900 til 30. júní 1901.

Oddviti brýndi fyrir kjósendum hina miklu þýðingu kosninganna til alþingis eigi aðeins aðeins yfir höfuð að ræða heldur og sérstaklega nú á yfirstandandi tíma. Því næst lýsti oddviti því yfir að komið hafðu til sín skrifleg framboð frá tveim mönnum: séra Arnljóti Ólafssyni á Sauðanesi ásamt skriflegri yfirlýsingu þriggja manna: Snæbirni Arnljótssyni á Þórshöfn, Jóhanni Gunnlaugssyni sama staðar og Friðrik Guðmundssyni á sama stað, um að vera meðmælendur hans, og könnuðust þeir við þessi meðmæli sín, og séra Árna Jónssyni á Skútustöðum. Ennfremur gat hann þess að Sigurður bóndi Jónssyni í Ystafelli hefði munnlega boðið sig fram og lýsti Sigurður því þegar yfir á kjörþinginu að það væri rétt hermt og að hann héldi áfram framboði sínu. Björn bóndi Sigurðsson í Ærlækjarseli lýsti því yfir að hann mælti með Sigurði Jónssyni í Ystafelli.

Því næst leyfði oddviti frambjóðendum, er allir voru viðstaddir á kjörþinginu, og meðmælendum þeirra að taka til máls og gaf kjósendum jafnframt kost á að leggja spurningar fyrir þingmannaefnin. Tóku þá þingmannaefnin til máls og lýstu skoðunum sínum á helstu landsmálum. Að því búnu voru af kjósendum lagðar nokkrar spurningar fyrir þingmannaefnin og þeim svarað.

Þá var gengið til kosninga samkvæmt hinum framlögðu kjörskrár hreppanna. Þegar kosningin hafði staðið 1 klukkutíma og 10 mínútur var veittur frestur í 50 mínútur til þess að kjósendur gætu enn gefið sig fram. Voru síðan kjörskrár og atkvæðaskrá bornar saman eftir að fresturinn var liðinn og þeir kjósendur höfðu greitt atkvæði er gáfu sig fram og atkvæði talin. Lýsti síðan oddviti því yfir að séra Arnljótur Ólafsson á Sauðanesi væri kjörinn alþingismaður fyrir Norður-Þingeyjarsýslu kjördæmi næsta kjörtímabil með 45 atkvæðum. Séra Árni Jónsson á Skútustöðum fékk 27 atkvæði og Sigurður Jónsson í Ystafelli 7 atkvæði. Einn kjósandi greiddi ekki atkvæði.

Kjörþinginu slitið.

Steingrímur Jónsson, Árni Kristjánsson, Þorleifur Jónsson

Suður-Þingeyjarsýsla 1902

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0041 – MB/5, 5

Árið 1902, þriðjudaginn hinn 3. júní var kjörþing fyrir Suður-Þingeyjarsýslu sett og haldið á Ljósavatni til þess að kjósa alþingismann fyrir nefnt kjördæmi til næstu 6 ára, frá 1. júlí þ.á. að telja. Kjörþingið skipaði sem oddviti sýslumaður Steingrímur Jónsson ásamt kjörstjórnarmönnum, Sigurði bónda Jónssyni í Ystafelli úr flokki sýslunefndar og Sigurði hreppstjóra Sigurðssyni á Halldórsstöðum úr flokki kjósenda. Kjörþing þetta hafði verið boðað á löglegan hátt í öllum hreppum kjördæmisins.

Oddviti las upp konunglegt opið bréf, dagsett 13. sept. 1901, sem fyrir skipar almennar kosningar á tímabilinu frá 2. til 11. júní 1902, að báðum dögum með töldum; en sem að öðru leyti fari fram eftir því sem fyrir er mælt í kosningarlögnum. Ennfremur lagði oddviti fram leiðréttar kjörskrár frá 1. júlí 1901 til 30. júní 1902 fyrir alla hreppa kjördæmisins. Oddviti brýndi fyrir kjósendum hina miklu þýðingu kosninganna til alþingis og sérstaklega nú í þetta skipti, þar sem hér væri nú yfir standandi þýðingarmikil tímamót í fleiru en einu tilliti.

Þar næst lýsti oddviti yfir því að til sín væri aðeins komið framboð til þingmennsku frá einum manni: fyrrverandi þingmanni kjördæmisins, Pétur bónda Jónssyni á Gautlöndum, sem sjálfur var við staddur á fundinum. Þessu jafnframt skoraði oddviti á kjósendur að lýsa því yfir nú þegar ef einhver þeirra, byði sig fram til þingmennsku fyrir kjördæmið. Gaf sig þá fram Páll bóndi Jóakimsson í Árbót og lýsti yfir því að hann byði sig fram til þingmennsku fyrir kjördæmið. Þá lýsti Árne prófastur Jónsson á Skútustöðum yfir því að hann væri meðmælandi Péturs bónda Jónssonar á Gautlöndum.

Þá leyfði oddviti frambjóðendum að taka til máls ásamt meðmælanda; og kjósendum jafnframt þar á eftir að bera upp spurningar fyrir þingmannaefnin. Tóku þá þingmannaefnin til máls og lýstu skoðunum sínum á ýmsum helstu þjóðmálum, sömuleiðis tók fyrr nefndur meðmælandi til máls. Þar á eftir lögðu kjósendur nokkrar spurningar fyrir þingmannaefnin og var þeim fyrirspurnum svarað.

Þá var gengið til kosninga samkvæmt hinum framlögðu kjörskrár hreppanna. Þegar kosning hafði staðið yfir í 1½ klukkutíma var frestur veittur um ½ klst. til þess að kjósendur gætu enn gefið sig fram. Því næst voru kjörskrárnar og atkvæðaskráin borin saman eftir að fresturinn var liðinn og atkvæðin þau talin er fram höfðu komið. Lýsti þá oddviti kjörstjórnarinnar yfir því að umboðsmaður Pétur Jónsson bóndi Gautlöndum væri kjörinn alþingismaður fyrir Suður-Þingeyjarsýslukjördæmi

fyrir greint kjörtímabil með 139 atkvæðum. Hinn frambjóðandinn: Páll Jóakimsson fékk ekkert atkvæði. Einn viðstaddur kjósandi greiddi ekki atkvæði.

Upplesið, játað rétt bókað. Kjörþinginu slitið.

Steingrímur Jónsson, Sigurður Jónsson, Sig. Sigurðsson

Norður-Þingeyjarsýsla 1902

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0041 – MB/5, 5

Árið 1902, miðvikudaginn hinn 11. júní var kjörþing fyrir Norður-Þingeyjarsýslu sett og haldið að Skinnastöðum til þess að kjósa alþingismann fyrir nefnt kjördæmi til næstu 6 ára, frá 1. júlí þ.á. að telja. Kjörþingið skipaði sem oddviti sýslumaður Steingrímur Jónsson ásamt kjörstjórnarmönnum, Árna hreppstjóra Kristjánsyni á Lóni úr flokki sýslunefndar og Birni bónda Sigurðssyni í Ærlækjarseli úr flokki kjósenda. Kjörþing þetta hefur verið boðað á löglegan hátt í öllum hreppum kjördæmisins.

Oddviti las upp konunglegt opið bréf, dags. 13. sept. 1901, sem fyrirskipar almennar kosningar á tímabilinu frá 2.–11. júní 1902, að báðum dögum meðtöldum, en sem að öðru leyti fari fram eftir því sem fyrir er mælt í kosningarlögunum. Ennfremur lagði oddviti fram leiðréttar kjörskrár frá 1. júlí 1901 til 30. júní 1902 fyrir alla hreppa kjördæmisins. Oddviti brýndi fyrir kjósendum hina miklu þýðingu kosninganna til alþingis og sérstaklega í þetta sinn, þar sem hér væru nú yfirstandandi þýðingarmikil tímamót í fleiru en einu tilliti.

Þar næst lýsti oddviti yfir því að til sín væri komin skrifleg framboð til þingmennsku frá þeim prófasti séra Árna Jónssyni á Skútustöðum og Friðrik borgara Guðmundssyni á Þórshöfn og voru þeir báðir viðstaddir á kjörþinginu. Ennfremur lagði oddviti fram skrifleg meðmæli með þingmannaefnunum frá þessum mönnum: B.Þ. Víkingi á Víkingavatni og Þórði Flóventssyni frá Krossdal, með séra Árna Jónssyni og hreppstjóra Hirti Þorkelssyni á Ytra-Álandi með Friðrik Guðmundssyni, og könnuðust þeir allir við meðmæli sín. Þá skoraði oddviti á kjósendur að lýsa því yfir nú þegar ef nokkrir fleiri vildu gefa sig fram sem meðmælendur þingmannaefnanna og lýstu þá þeir Björn hreppstjóri Jónsson á Sandfellshaga og Árni bóndi Davíðsson á Gunnarsstöðum því yfir að þeir væru meðmælendur séra Árna Jónssonar á

Skútustöðum. Ennfremur skoraði oddviti á kjósendur að skýra frá ef einhverjir þeirra aðrir byði sig fram til þingmennsku fyrir kjördæmið en enginn gaf sig fram til þess.

Þá leyfði oddviti frambjóðendum að taka til máls ásamt meðmælendum þeirra og kjósendum jafnframt, þar á eftir, að bera upp spurningar fyrir þingmannaefnin. Tóku þá þingmannaefnin til máls og lýstu skoðunum sínum á ýmsum helstu landsmálum, einnig tóku 3 af meðmælendum frambjóðendanna til máls. Þar á eftir lögðu kjósendur nokkrar spurningar fyrir þingmannaefnin og var þeim fyrirspurnum svarað.

Þá var gengið til kosninga samkvæmt hinum framlögðu kjöskrár hreppana. Þegar kosning hafði staðið yfir 50 mínútur var veittur frestur 1 kl. tíma og 10 mínútur til þess að kjósendur gætu gefið sig fram. Því næst voru kjörskrárnar og atkvæðaskráin borin saman eftir að fresturinn var liðinn og atkvæði þau talin er fram höfðu komið. Lýsti þá oddviti kjörstjórnarinnar yfir því að Árni prófastur Jónsson á Skútutöðum væri kjörinn alþingismaður fyrir Norður-Þingeyjarsýslu með 56 atkvæðum fyrrgreint kjörtímabil. Hinn frambjóðandinn Friðrik borgari Guðmundsson á Þórshöfn fékk 9 atkvæði.

Upplesið; játað rétt bókað. Kjörþinginu slitið.

Steingrímur Jónsson, Árni Kristjánsson, Björn Sigurðsson

Suður-Þingeyjarsýsla 1903

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0041 – MB/5, 5

Ár 1903, þriðjudaginn hinn 2. júní var kjörþing fyrir Suður-Þingeyjarsýslu sett og haldið að Ljósavatni til þess að kjósa alþingismann fyrir nefnt kjördæmi til næstu 6 ára frá 1. júlí þ.á. að telja. Kjörþingið skipaði sem oddviti sýslumaður Steingrímur Jónsson ásamt kjörstjórnarmönnum: Sigurði bónda Jónssyni í Ystafelli úr flokki sýslunefndar og Sigurði hreppstjóra Sigurðssyni á Halldórsstöðum úr flokki kjósenda. Kjörþing þetta hafði verið boðað á löglegan hátt í öllum hreppum sýslunnar. Oddviti las upp konunglegt opið bréf, dagsett 25. sept 1902, sem fyrirskipar nýjar kosningar til alþingis á tímabilinu frá 2.–6. júní 1903, að báðum dögum meðtöldum en sem að öðru leyti fari fram eftir því sem fyrir er mælt

kosningarlögnum. Enn fremur lagði oddviti fram leiðréttar kjörskrár frá 1. júlí 1902 til 20. júní 1903 fyrir alla hreppa kjördæmisins. Þá brýndi oddviti fyrir kjósendum hina miklu þýðingu kosninganna til alþingis og þá sérstaklega í þetta skipti, þar sem nú, væntanlega, færi í hönd nýtt tímabil í stjórnarhari og verksviði alþingis.

Þar næst lýsti oddviti yfir því að til sín væri komið framboð til þingmennsku frá tveimur mönnum: fyrrverandi þingmanni kjördæmisins Pétri bónda Jónssyni umboðsmanni á Gautlöndum og Páli bónda Jóakimssyni í Árbót, sem báðir voru við staddir á þinginu. Skoraði oddviti jafnframt á kjósendur að láta þegar í ljós ef fleiri byðu sig fram til þingmennsku og gáfu eigi fleiri sig fram. Þá lýstu þeir yfir því: Benedikt Kristjánsson prófastur á Grenjaðarstað og Sigurður bóndi Jónsson í Ystafelli að þeir væru meðmælendur Péturs Jónssonar á Gautlöndum en það jafnframt tekið fram að einungis hinn fyrrnefndi meðmælandi mætti taka til máls, þar sem hinn síðar nefndi væri í kjörstjórninni og mætti því að eins bera fram spurningar fyrir þingmannaefnin.

Þá leyfði oddviti frambjóðendum að taka til máls ásamt meðmælandanum Benedikt prófasti Kristjánssyni og kjósendum jafnframt þar á eftir að bera upp spurningar fyrir þingmannaefnin. Tóku þá þingmannaefnin til máls og lýstu skoðunum sínum á helstu almennum málum. Því næst tók meðmælandinn Benedikt prófastur Kristjánsson til máls og þar á eftir lögðu kjósendur fyrir frambjóðendur allmargar spurningar og var þeim svarað af hálfu frambjóðendanna.

Þá var gengið til kosninga samkvæmt hinum framlögðu kjörskrár hreppanna. Þegar kosning hafði staðið yfir 1 kl. og 5 mínútur var veittur frestur í 55 mínútur til þess að kjósendur gætu gefið sig fram. Næst því voru kjörskrárnar og atkvæðaskrárnar bornar saman, eftir að fresturinn var liðinn og atkvæði þau talin er fram höfðu komið. Lýsti þá oddviti kjörstjórnarinnar yfir því að umboðsmaður Pétur Jónsson á Gautlöndum væri kjörinn alþingismaður fyrir Suður-Þingeyjarsýslu-kjördæmi fyrir fyrrgreint kjörtímabil með 82 atkvæðum. Hinn frambjóðandinn: Páll Jóakimsson fékk ekkert atkvæði. – Einn kjósandi greiddi ekki atkvæði.

Upplesið, játað rétt bókað. Þinginu slitið.

Steingrímur Jónsson, Sigurður Jónsson, Sig. Sigurðsson

Norður-Pingeyjarsýsla 1903

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0041 – MB/5, 5

Árið 1903, laugardaginn hinn 6. júní var kjörþing fyrir Norður-Pingeyjarsýslu sett og haldið að Skinnastað til þess að kjósa þingmann fyrir nefnt kjördæmi til næstu 6 ára, frá 1. júlí þ.á. að telja. Kjörþingið skipaði sem oddviti sýslumaður Steingrímur Jónsson ásamt kjörstjórnarmönnum, Árna hreppstjóra Kristjánssyni á Lóni úr flokki sýslunefndar og Birni bónda Sigurðarsyni í Ærlækjarseli úr flokki kjósenda. Kjörþing þetta hafði verið boðað á löglegan hátt í öllum hreppum sýslunnar.

Oddviti las upp konunglegt opið bréf, dags. 25. sept. f.á., sem fyrirskipar nýjar kosningar til alþingis á tímabilinu frá 2.–6. júní 1903, að báðum dögum meðtöldum, en sem að öðru leyti fari fram eftir því sem fyrir er mælt í kosningarlögum. Ennfremur lagði oddviti fram leiðréttar kjörskrár frá 1. júlí 1902 til 30. júní 1903 fyrir alla hreppa sýslunnar. Þá brýndi oddviti fyrir kjósendum hina miklu þýðingu kosninganna til alþingis og þá sérstaklega í þetta skipti þar sem nú, væntanlega, færi í hönd nýtt tímabil í stjórnarfari og verksviði alþingis.

Þar næst lýsti oddviti yfir því að til sín væri komið framboð til þingmennsku frá einum manni: séra Árna prófasti Jónssyni á Skútustöðum og var hann viðstaddur á kjörþinginu. Skoraði oddviti jafnframt á kjósendur að láta þegar í ljós ef fleiri byðu sig fram til þingmennsku og gáfu eigi fleiri sig fram. Þá lýstu þeir yfir því: Þórður bóndi Flóventsson í Svartáarkoti og Árni hreppstjóri Kristjánsson á Lóni að þeir væri meðmælendur séra Árna Jónssonar á Skútustöðum, en það var jafnframt tekið fram, að einungis hinn fyrrnefndi meðmælandi mætti taka til máls, þar sem hinn síðarnefndi væri í kjörstjórninni og mætti því aðeins bera fram spurningar fyrir þingmannsefnið.

Þá leyfði oddviti frambjóðandanum að taka til máls ásamt meðmælandanum Þórði bónda Flóventssyni í Svartáarkoti og kjósendum jafnframt þar á eftir að bera upp spurningar fyrir þingmannsefnið. Tók þá þingmannsefnið til máls og lýsti skoðunum sínum á helstu almennum landsmálum. Þá lýsti meðmælandinn Þórður Flóventsson því yfir að hann finndi ekki til ástæðu til að taka til máls; þar eftir lögðu kjósendur spurningarnar fyrir frambjóðandann og svaraði hann þeim.

Þá var gengið til atkvæða, samkvæmt hinum framlögðu kjörskrár hreppanna. Þegar kosning hafði staðið 40 mínútur var veittur frestur í 1 klukkutíma og 20 mín til þess

að kjósendur gætu gefið sig fram. Næst því voru kjörskrárnar og atkvæðaskrárnar bornar saman eftir að fresturinn var liðinn og atkvæði þau talin er fram höfðu komið. Lýsti þá oddviti kjörstjórnarinnar yfir því að prófastur séra Árni Jónsson á Skútustöðum væri kjörinn alþingismaður fyrir Norður-Þingeyjarsýslu kjördæmi fyrir áður greint kjörtímabil með 40 atkvæðum. Einn kjósandi greiddi ekki atkvæði.

Upplesið. Játað rétt bókað. Kjörþinginu slitið

Steingrímur Jónsson, Árni Kristjánsson, Björn Sigurðsson

Eyjafjarðarsýsla

Eyjafjarðarsýsla 1874

Héraðsskjalasafnið á Akureyri (HA): S-8, 3

Ár 1874, þann 25^{ta} september var á Akureyri settur kjörfundur af sýslumanni S. Thorarensen og hinum tilkvöddu kjörstjórnarmönnum, cand. J. Halldórssyni og Jóni Jónssyni á Munkaþverá, til þess samkvæmt stjórnarskrá, af 5ta janúar þ.á., að kjósa 2 menn til Alþingis. Kjörstjóri brýndi fyrir kjósendum hve áriðandi væri að kosningar tækjust vel. Nöfn kjósenda voru því næst upphrópuð samkvæmt kjörskránni og kosningarnar ritaðar á 2 bækur samkvæmt lögnum. – Voru þá gefin 52 atkvæði og hlaut einungis Einar Ásmundsson í Nesi kosningu með 39 atkvæðum. Var þá gengið til nýrra kosninga meðal þeirra sem þarnæst fengu flest atkvæði nl. factor Snorra Pálssonar á Siglufirði er hafði fengið 20 atkvæði og séra Arnljótar Ólafssonar og Páls Jóhannssonar í Fornhaga er báðir fengu 16 atkvæði og var af þeim kjörinn þingmaður Snorri Factor Pálsson með 28 atkvæðum. –

Var svo kjörfundi slitið.

S. Thorarensen, J. Halldórsson, J. Jónsson

Eyjafjarðarsýsla 1880

Héraðsskjalasafnið á Akureyri (HA): S-8, 3

Ár 1880, þann 10^{da} september var kjörfundur Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar settur á Akureyri af hinni reglulegu kjörstjórn sýslumanni S. Thorarensen og próföstum séra Davíð Guðmundssyni og Daníel Halldórssyni. Sýslumaðurinn las upp hið konunglega opna bréf, dags. 2. mars 1880, með hverju alþingiskosningar eru ákveðnar og minntist því næst á mikilvægi kosninganna.

Gat hann þar næst að til kosningar hefðu í þetta skipti boðið sig fram séra Arnljótur Ólafsson á Bægisá og Einar Ásmundsson í Nesi og að með báðum þessum mönnum mæltu kaupstjóri Tryggvi Gunnarsson og séra Árni Jóhannsson í Glæsibæ. Þessir menn kannast sem viðstaddir á kjörfundinum við meðmæli sín. Hinir framboðnu þingmannaefni eru tilstaðar á kjörfundinum og skýra frá aðalstefnu sinni í ýmsum

málum og svara upp á nokkrar spurningar sem einstaka kjósendur benda að þeim. – Kjörskrárnar voru framlagðar og viðhafðar á kjörfundinum. Var síðan skorað á kjósendur að ganga til kosningar og voru kosnir séra Arnljótur Ólafsson á Bægisá og Einar Ásmundsson í Nesi með 80 atkvæðum hvor um sig. –

Var svo kjörþinginu slitið.

S. Thorarensen, Davíð Guðmundsson, Daníel Halldórsson

Eyjafjarðarsýsla 1886

Héraðsskjalasafnið á Akureyri (HA): S-8, 3

Ár 1886, þann 5. dag júnímánaðar var kjörfundur Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar settur á Akureyri af hinni reglulegu kjörstjórn, sýslumanni S. Thorarensen og prófasti séra Davíð Guðmundssyni og bóksala herra Friðbirni Steinssyni, eftir að kjörfundur þessi hafði boðaður verið með lögskipuðum fyrirvara. Sýslumaðurinn las upp hið konunglega opna bréf, dagsett 2. nóvember fyrra ár, sem skipar fyrir um nýjar kosningar til alþingis til aukþings á þessu sumri og reglulegrar þingsetu þrjú þing þar á eftir. Því næst minntist hann á mikilvægi kosninganna.

Þá gat hann þess að til þingmennsku hefðu boðið sig fram þessir fjórir menn: Ásgeir Bjarnarson bóndi á Stóru-Brekku, Benedikt sýslumaður Sveinsson, Jón A. Hjaltalín skólastjóri, Jón umboðsmaður Sigurðsson á Gautlöndum. Þessi þingmannaefni voru sjálfir til staðar og skýrðu frá aðalstefnu sinni sérstaklega í stjórnarmáli Íslands og svo í fleiri öðrum málum; og svöruðu nokkrum spurningum er fyrir þá voru settar þar að lútandi af kjósendum.

Kjörskrárnar voru framlagðar úr öllum hreppunum og viðhafðar á kjörfundinum. Var síðan skorað á kjósendur að ganga til kosninga og voru kosnir af 229 kjósendum við fyrstu atkvæðagreiðslu Jón Sigurðsson á Gautlöndum með 193 atkvæðum og Benedikt sýslumaður Sveinsson með 190. Skólastjóri Jón Hjaltalín fékk 47 og Ásgeir bóndi á Stóru-Brekku 21 atkvæði. Var kosningin auglýst þingheimi og var kjörfundinum því næst slitið.

S. Thorarensen, Davíð Guðmundsson, Frb. Steinsson

Eyjafjarðarsýsla 1890 (aukakosning)

Héraðsskjalasafnið á Akureyri (HA): S-8, 3

Ár 1890, 19. dag júnímánaðar var kjörfundur Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar settur á Akureyri af hinni reglulegu kjörstjórn sýslumanni S. Thorarensen, prófasti séra Davíð Guðmundssyni og borgara Frb. Steinssyni. Sýslumaðurinn las upp auglýsingu landshöfðingja, dags. 15. mars þ.á., sem skipar fyrir um kosningu annars þingmannsins fyrir kjördæmið fyrir þann tíma sem eftir er af yfirstandandi kjörtíma í stað Jóns sál. Sigurðssonar frá Gautlöndum og minntist á mikilvægi kosningarinnar.

Þá gat hann þess að til þingmennsku hefðu boðið sig fram tveir menn Einar umboðsmaður Ásmundsson á Nesi og Skúli sýslumaður Thoroddsen á Ísafirði. Þessi þingmannaefni voru sjálfir til staðar og skýrðu frá aðalstefnu sinni einkum stjórnarmáli Íslands. Kjörskrárnar voru framlagðar úr öllum hreppunum og viðhafðar á kjörfundinum. Var síðan skorað á kjósendur að ganga til kosninga og fékk Skúli sýslumaður Thoroddsen 206 atkvæði og Einar umboðsmaður Ásmundsson 45 atkvæði við fyrstu atkvæðagreiðslu. Var kosningin auglýst þingheimi og svo kjörþinginu slitið.

S. Thorarensen, Davíð Guðmundsson, Frb. Steinsson

Eyjafjarðarsýsla 1892

Héraðsskjalasafnið á Akureyri (HA): S-8, 3

Ár 1892, 24. dag septembermánaðar var kjörfundur Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar-kaupstaðar settur og haldinn á Akureyri af hinni reglulegu kjörstjórn, sýslumanni Klemens Jónssyni, prófasti séra Davíð Guðmundssyni og borgara Friðbirni Steinssyni. Sýslumaðurinn las upp opið bréf frá 26. febrúar þ.á. um almennar kosningar til Alþingis, er fram skuli fara í ár, til næstu 6 ára og brýndi oddviti kjörstjórnarinnar fyrir fundinum hversu þýðingarmiklar kosningarnar væru.

Hann lýsti því yfir að sig hefðu boðið fram til kosninga: Friðbjörn Steinsson, Jón Jónsson frá Múla, Jónas prestur Jónasson, Klemens sýslumaður Jónsson, séra Magnús Jónsson í Laufási, þessir allir í gærðag; ennfremur nú á fundi Árni borgari Pétursson á Oddeyri. Þá lagði oddviti fram kjörskrár allra hreppa, er hann kvað í

lagi vera; ennfremur komu yfirlýsingar um að kjörfundurinn væri nægilega og löglega boðaður.

Því næst skoraði oddviti á þingmannaefni, er byðu sig fram, að taka til máls eftir stafrófsröð. Þeir sem buðu sig fram til kosningar voru allir til staðar á kjörfundinum. Að ræðuhöldum loknum skoraði oddviti kjörstjórnarinnar á kjósendur að ganga til kosninga eftir kjörskránum. Atkvæði féllu svo að Klemens sýslum. Jónsson fékk 189 atkvæði; Jón Jónsson á Múla fékk 150 atkvæði; Friðbjörn Steinsson fékk 45 atkvæði; Árni Pétursson fékk 4 atkvæði; séra Magnús Jónsson fékk 4 atkvæði; séra Jónas Jónasson fékk 2 atkvæði.

Við fyrstu kosningu. Og voru þannig kosnir Klemens sýslum. Jónsson og Jón Jónsson bóndi á Múla. Á fundi mættu [sam]tals 197. Kosningarúrslitin voru auglýst þingheimi og svo var kjörfundinum slitið.

Kl. Jónsson, Davíð Guðmundsson, Frb. Steinsson

Eyjafjarðarsýsla 1894

Héraðsskjalasafnið á Akureyri (HA): S-8, 3

Ár 1894, þann 4. dag júnímán. kl. 11 f.h. var kjörfundur Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar settur og haldinn á Akureyri af hinni reglulegu kjörstjórn: sýslumanni og bæjarfógeta Kl. Jónssyni, prófasti Davíð Guðmundssyni og umboðsmanni St. Stephensen í sjúkdómsforföllum sýslunefndarmanns Gunnars Einarssonar. Til kjörfundarins hefur verið boðað með auglýsingu í 8. tölubl. Stefnis, sem út kom þann [?] apríl og með auglýsingu, sem send var til allra hreppstjóra í sýslunni með bréfi 7. apríl þ.á., til birtingar við kirkjufundi. Oddviti las upp opið bréf, dags. 29. september f.á., um að alþingi sé leyst upp og opið bréf, dags. sama dag, sem skipar fyrir að nýjar kosningar til alþingis fyrir næstkomandi 6 ár skuli fara fram og brýndi hann því næst fyrir fundinum hversu þýðingarmiklar kosningarnar væru.

Hann skýrði því næst frá því að sig hefðu boðið fram til kosninga Jón bóndi Jónsson í Múla og Klemens sýslumaður Jónsson og væri meðmælandi þeirra Friðrik kaupmaður Kristjánsson. Yfirlýsingar þeirra voru upplesnar og eru svohljóðandi: # Friðrik var viðstaddur á fundinum og kannaðist við meðmæli sín.

Þá lagði oddviti fram kjörskrár allra hreppa og var ekkert að athuga við þær. Því næst skoraði oddviti á þingmannaefni er buðu sig fram að taka til máls eftir stafrófsröð. Að ræðuhöldum loknum skoraði oddviti kjörstjórnarinnar á kjósendur að ganga til kosninga eftir kjörskránum. Atkvæði féllu svo að Klemens sýslumaður Jónsson fékk 51 atkvæði, Jón Jónsson á Múla fékk 51 atkvæði.

Við fyrstu kosningu og voru þannig kosnir Klemens sýslumaður og bæjarfógeti Jónsson og Jón Jónsson bóndi í Múla. Á fundi mættu alls 51 kjósendi af 496. Kosningaúrslitin voru auglýst þingheimi, kjörbréf undirskrifuð og afhent hinum kosnu þingmönnum og þinginu slitið kl. 1½.

Klemens Jónsson, Stefán Stephensen, Davíð Guðmundsson.

Eyjafjarðarsýsla 1900

Héraðsskjalasafnið á Akureyri (HA): S-8, 3

Ár 1900, þann 7. september kl. 11. f.h. var kjörfundur Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar-kaupstaðar settur og haldinn á Akureyri af hinni reglulegu kjörstjórn sýslunnar, sýslumanni og bæjarfógeta Klemensi Jónssyni, Stefáni umboðsmanni Stephensen og Stefáni kennara Stefánssyni. Til kjörfundarins hefur verið boðað með auglýsingu í tveim tölubl. „Stefnis“ sem útkomu þ. 17/7 og 28/7 og með þingboði til allra hreppstjóra 7. júlí og hefur tilkynning komið frá þeim öllum að fundurinn hafi verið boðaður á löglegan hátt í hverjum hreppi sýslunnar.

Oddviti kjörstjórnarinnar setti kjörþingið og las upp opið bréf, dags. 2. mars 1900, sem skipaði fyrir að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram í þessum mánuði fyrir næsta 6 ára kjörtímabil. Því næst brýndi hann fyrir kjósendum hve þýðingarmiklar kosningarnar væru og skýrði svo frá að þessir menn hefðu gefið kost á sér til þingmennsku fyrir kjördæmið: Friðrik kaupmaður Kristjánsson, Jón A. Hjaltalín skólastjóri, Klemens sýslumaður Jónsson, Sigurður Jónasson bóndi á Bakka, Stefán bóndi Bergsson á Þverá og Stefán bóndi Stefánsson í Fagraskógi, las oddviti upp framboð þessara manna með meðmælendum og spurði um hvort þeir könnuðust við meðmæli sín og játtu þeir því.

Því næst tóku þingmannaefnin til máls eftir stafrófsröð. Að því búnu spurði oddviti hvort meðmælendur óskuðu að taka til máls og gáfu sig engir fram. Þá spurði

oddviti hvort nokkrir kjósendur vildu koma fram með fyrirspurnir til þingmannaefnanna. Eftir að nokkrar fyrirspurnir höfðu komið fram og þeim hafði verið stuttlega svarað af þingmannaefnunum skoraði oddviti kjörstjórnarinnar á kjósendur að ganga til kosninga eftir kjörskránum, sem allar lágu fyrir kjörþinginu. Atkvæði féllu svo að: Sýslumaður Kl. Jónsson fékk 225 atkvæði; Stefán Stefánsson Fagraskógi 148 atkvæði; Jón A. Hjaltalín skólastjóri 107 atkvæði; Friðrik Kristjánsson 48 atkvæði; Stefán Bergsson 35 atkvæði; Sigurður Jónasson 17 atkvæði.

Við fyrstu kosningu og voru þannig kosnir Kl. sýslum. Jónsson og Stefán bóndi Stefánsson Fagraskógi. Á fundi mættu alls 290 kjósendur af 517. Kosningarúrslitin voru auglýst þingheimi, kjörbréf undirskrifuð og afhent hinum kjörnu þingmönnum og þinginu slitið kl. 7½ e. hádegi.

Kl. Jónsson, Stefán Stephensen, Stefán Stefánsson

Eyjafjarðarsýsla 1902

Héraðsskjalasafnið á Akureyri (HA): S-8, 3

Ár 1902, 4. júní kl. 11 f. hád. var kjörfundur fyrir Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar-kaupstað settur og haldinn á Akureyri af kjörstjórn sýslunnar, oddvita Klemens Jónssyni sýslumanni, bóksala Friðbirni Steinssyni og séra Bjarna Þorsteinssyni á Siglufirði. Til kjörfundarins hefur verið boðað með auglýsingu dags. 4. apríl, sem send var öllum hreppstjórum í sýslunni og lagði oddviti fram bréf frá þeim öllum um að fundurinn hefði verið boðaður fullum 4 vikum á undan kjördegi, við kirkjufundi eða á annan almennan hátt og samskonar vottorð frá bæjar-fógetanum á Akureyri. Auk þess hefur kjörþingið verið boðað í 14. og 15. tölubl. af „Stefni“ og í 29. 32. og 33. tölubl. af „Norðurlandi.“

Oddviti kjörstjórnarinnar setti kjörþingis og las upp opið bréf, 13. sept. f.á., sem skipar fyrir að almennar kosningar skuli fram fara frá 2.–11. júní þ.á. fyrir næsta 6 ára kjörtímabil. Því næst brýndi hann fyrir kjósendum hve þýðingarmiklar kosningarnar væru, sérstaklega í þetta sinn, og skýrði síðan frá því að þessir menn hefðu gefið kost á sér til þingsetu fyrir kjördæmið: Klemens sýslumaður Jónsson og Stefán bóndi Stefánsson í Fagraskógi, las oddviti upp framboð þessara manna með meðmælendum og spurði um hvort þeir könnuðust við meðmæli sín og játtu þeir því. Því næst kom fram á fundinum áskorun frá nokkrum kjósendum til Ágústs

Þorsteinssonar verslunarmanns á Siglufirði um að bjóða sig fram til þingmennsku við þessar kosningar og var hann mættur og tók á móti þeirri áskorun.

Þá spurði oddviti hvort nokkur af meðmælendum þingmannaefnanna óskaði að taka til máls og gaf sig enginn fram. Þá tóku þingmannaefnin til máls hver eftir annan og lýstu skoðunum sínum á helstu áhugamálum þjóðarinnar. Því næst spurði oddviti hvort nokkur af viðstöddum kjósendum óskaði að leggja spurningar fyrir þingmannaefnin.

Eftir að nokkrar fyrirspurnir höfðu komið fram og þingmannaefnin höfðu stuttlega svarað þeim, hver fyrir sig, skoraði oddviti á kjósendur að ganga til kosninga eftir kjörskránum sem allar lágu fyrir kjörþinginu. Atkvæði féllu þannig við fyrstu atkvæðagreiðslu: Sýslumaður Kl. Jónsson fékk 262 atkvæði; Stefán bóndi Stefánsson fékk 236 atkvæði; Ágúst Þorsteinsson fékk 26 atkvæði og voru þannig kosnir þeir Klemens Jónsson sýslumaður og Stefán bóndi Stefánsson. Alls greiddu atkvæði 262 menn af 533 sem atkvæðisrétt höfðu. Kosningarúrslitin voru tilkynnt þingheimi, kjörbréfin undirskrifuð og afhent hinum kosnu þingmönnum og kjörþinginu slitið kl. 4½ e.h.

Kl. Jónsson, Frb. Steinsson, B. Þorsteinsson

Eyjafjarðarsýsla 1903

Héraðsskjalasafnið á Akureyri (HA): S-8, 3

Ár 1903, þann 6. júní kl. 11 f.h. var kjörfundur fyrir Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar-kaupstað settur og haldinn í Akureyri af kjörstjórn sýslunnar, oddvita Klemens Jónssyni sýslumanni, Benedikt hreppstjóra Einarssyni á Hálsi og Friðrik kaupmanni Kristjánssyni á Akureyri. Til kjörfundarins hefur verið boðað með auglýsingu, dagsettri 6. apríl s.l., sem send var öllum hreppstjórum í sýslunni og lagði oddviti fram bréf frá þeim öllum um að fundurinn hefði verið boðaður með fullum fjögurra vikna fyrirvara, á þann hátt sem venja er til að auglýsa slíkt, og samskonar vottorð frá bæjarfógetanum á Akureyri, og auk þess hefur kjörþingið verið boðað í 32. tölubl. „Norðurlands“ þ.á. og 15. og 17. tölubl. „Stefnis“ þ.á.

Oddviti kjörstjórnarinnar setti kjörþingið og las upp opið bréf, 25. september f.á., sem skipar fyrir að almennar kosningar skuli fram fara frá 2. til 6. júní þ.á. fyrir

næsta 6 ára kjörtímabil. Því næst brýndi hann fyrir kjósendum hve þýðingarmiklar kosningarnar væru, sérstaklega í þetta sinn, og skýrði síðan frá því að þessir menn hefðu gefið kost á sér til þingsetu fyrir kjördæmið: magister Guðmundur Finnbogason, sýslumaður Hannes Hafstein á Ísafirði, sýslumaður Klemens Jónsson á Akureyri, og Stefán bóndi Stefánsson í Fagraskógi, las oddviti síðan upp framboð þessara manna og voru meðmælendur þeirra þessir: Guðmundar Finnbogasonar: læknir G. Hannesson; Hannesar Hafsteins: ritstj. B. Jónsson, Sigurgeir bóndi Daníelsson Núpuvelli, Guðmundur hreppst. Guðmundsson Þúfnavöllum; Klemens Jónssonar: Friðbjörn bóksali Steinsson Akureyri, Eggert bóndi Davíðsson Krossanesi, Gísli oddviti Jónsson Hvarfi; Stefáns Stefánssonar: Jóhannes bóndi Davíðsson í Hrísey, Oddur skipstj. Sigurðsson Hrísey, Jón bóndi Antonsson Arnarnesi, Jósep járnsm. Jóhannesson á Akureyri, Sigurður bóndi Jóhannsson á Selá, Einar bóndi Jóhannsson í Haga.

Oddviti grennsaðist síðan eftir hvort meðmælendurnir væru staddir á kjörþinginu og hvort þeir stæðu við tilmæli sín; reyndist það svo um þá alla að undanskildum Guðmundi lækni Hannessyni sem ekki var staddur á kjörfundinum. Þeim meðmælendum sem viðstaddir voru var gefinn kostur á að taka til máls, en enginn þeirra óskaði eftir því. Þar næst tóku þingmannaefnin til máls og lýstu skoðunum sínum á helstu þjóðmálum. Undir þeim umræðum lýsti magister Guðmundur Finnbogason því yfir að hann tæki aftur framboð sitt.

Að loknum ræðuhöldum var kjósendum gefinn kostur á að koma fram með fyrirspurnir til þingmannaefnanna, sem þau svo svöruðu, hver fyrir sig. Þar næst var gengið til kosninga eftir kjörskránum sem allar lágu fyrir kjörþinginu. Við fyrstu atkvæðagreiðslu féllu atkvæði þannig: Sýslumaður H. Hafstein fékk 213 atkvæði; Sýslumaður Kl. Jónsson fékk 363 atkvæði; Stefán bóndi Stefánsson fékk 192 atkvæði og voru þannig kosnir þeir sýslumaður Klemens Jónsson og sýslumaður Hannes Hafstein. Alls greiddu atkvæði 384 kjósendur af 551 sem á kjörskrám standa. Kosningaúrslitin voru tilkynnt þingheimi, kjörbréfin undirskrifuð og afhent hinum kosnu þingmönnum og kjörþinginu slitið kl. 9½ e.m.

Kl. Jónsson, Fr. Kristjánsson, B. Einarsson.

Skagafjarðarsýsla

Skagafjarðarsýsla 1874

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0046 – MA1/1, 1

Ár 1874, 7. dag októbermánaðar var kjörfundur haldinn á Reynistað af sýslumanni Eggert Briem, kjörstjóra í Skagafjarðarsýslu, og prófasti séra Jóni Hallssyni og fyrrum hreppstjóra, sáttamanni Agli Gottskáلكssyni, sem eru kjörnir af sýslumanni honum til aðstoðar við tilbúning kjörskráarinnar og til þess að taka þátt í kjörstjórninni yfir höfuð. Fundur þessi er stofnaður til þess, samkvæmt stjórnarskrá 5. janúar 1874, sambr. tilskipun 8. mars 1843 og 6. janúar 1857, að kjósa 2 fulltrúa til alþingis og er það í bréfi, dagsettu 18. ágúst þ.á., samþykkt af amtinu að kjörþingið megi í þetta sinn halda á Reynistað og er það auglýst með bréfi kjörstjóra 14. f.m. og eins fundardagurinn. Kjörskráin, sem er dagsett 28. júlí, var fram lögð og hefur hún verið til sýnis um lögboðið tímabil hjá öllum prestum í sýslunni og þar sem prestlaust er hjá kirkjubændum. Engar athugasemdir hafa fram komið gegn henni nema hvað Stefán bóndi Sölvason, er reisti bú í vor á Dúki, hefur krafist að mega njóta kosningaréttar og þar eð hann hefur í því tilliti þá lögboðnu hæfilegleika er það samþykkt af kjörstjórninni.

Kjörstjórinn brýndi fyrir fundarmönnum hve áriðandi væri að vanda vel þessa athöfn, sem nú er fyrir hendi, og láta hvorki vináttu né óvild ráða kosningu sinni. Var þá lagt fram og auglýst skírteini frá settum sýslumanni Skafta Jósefssyni að hann lofar að takast kosningu á hendur í þessu kjördæmi. Aftur á móti skoraðist umboðsmaður Ólafur Sigurðsson á Ási, að gefnu tilefni, undan því að taka á móti kosningu.

Var svo gengið til kosninga og kjósendur kallaðir fram í röð eftir kjörskránni, en kjörstjórar kusu öndverðlega. Prófastur séra Jón Hallsson reit í aðra kjörbókina nöfn kjósenda og út frá nafni hvers kjósanda nöfn þeirra 2 manna er hann kaus til fulltrúa, en í hina kjörbókina lét sáttamaður Egill Gottskáلكsson rita nöfn þeirra er kosnir voru, hvers um sig, efst á blaði og við nafn hvers þeirra nöfn allra er sá hinn sami var kosinn af, voru bækurnar bornar saman í heyranda hljóði, bæði jafnótt og að kosningunni aflokinni og stóð allt heima. Eftir kjörskránni hafa 398 menn kosningarétt, en af þeim kusu aðeins 39 og hlutu þessir menn atkvæði: Sáttamaður Einar B. Guðmundsson í Hraunum 31; Verslunarstjóri Jón Blöndal í Grafarósi 20;

Hreppstjóri Friðrik S. Stefánsson á Vallholti 13; Óðalsbóndi Jón Árnason á Víðimýri 8; Hreppstjóri Jóhann P. Pétursson á Brúnastöðum 3; Settur sýslumaður Skafti Jósefsson 1; Umboðsmaður Ólafur Sigurðsson í Ási 1; Sveinn bóndi Guðmundsson á Sölvanesi 1 = 78. Atkvæða tala þessi var auglýst þingheiminum og því yfirlýst að herra E.B. Guðmundsson og herra J. Blöndal væru kjörnir alþingismenn og fulltrúar Skagafjarðarsýslu.

Er svo kjörfundinum lokið.

E. Briem, J. Hallsson, E. Gottskálksson

Skagafjarðarsýsla 1878 (aukakosning)

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0046 – MA1/1, 1

Ár 1878, hinn 19. dag septembermánaðar á Reynistað var kjörfundur haldinn af sýslumanni E. Briem, sem kjörstjóra í Skagafjarðarsýslu, með hinum kjörnu aðstoðarmönnum, sáttamanni Agli Gottskálkssyni og umboðsmanni Ólafi Sigurðssyni og er hinn síðarnefndi nú útnefndur í kjörstjórnina í stað prófests séra Jóns Hallssonar er hefur tilkynnt sjúkdómsforföll sín í dag.

Eftir að alþingismaður J.A. Blöndal var dáinn 3. júní þ.á. og hinn annar fulltrúi Skagafirðinga E.B. Guðmundsson hafði með bréfi 22. s.m. óskað lausnar frá þingmannsstöðunni, fór kjörstjórinn, með aðstoð prófests J. Hallssonar og sáttamanns E. Gottskálkssonar, að undirbúa kjörskrár og tilkynnti það bréflega 29. s.m. bæði landshöfðingja og hlutaðeigandi amtmanni.

Hinn 11. dag júlímánaðar voru hinar leiðréttu kjörskrár undirskrifaðar af kjörstjórninni og sendar til allra presta í sýslunni til sýnis almenningi og þá undir eins auglýst að kjörfundur þessi yrði haldinn hér á Reynistað, er antið hefur samþykkt sem kjörfundarstað, 19. dag septembermánaðar til að kjósa 2 fulltrúa til alþingis. Kjörstjóri lagði fram bréf amtmannsins yfir Norðausturamtinu 19. f.m., er eftir fyrirmælum landshöfðingja leggur það fyrir, að kosnir verði 2 alþingismenn fyrir Skagafjarðarsýslu fyrir það sem eftir er af kjörtímanum samkvæmt reglum þeim er stjórnarskrá 5. janúar 1874 í ákvörðunum um stundarsakir inniheldur.

Því næst lagði kjörstjóri fram og las upp yfirlýsingu frá nokkrum utanhéraðs mönnum um að þeir vilji taka kosningu sem fulltrúar Skagafjarðarsýslu til næsta

alþingis, nefnilega: 1) prófasti Eiríki Briem í Steinnesi; 2) landshöfðingjaritari Jóni Jónssyni í Reykjavík; 3) bónda Árna Jónssyni á Þverá í Hallárdal.

Kjörskrárnar hafa legið til sýnis lögboðið tímabil hjá öllum prestum í sýslunni. Engar athugasemdir hafa fram komið gegn þeim nema hvað Jóhann bóndi Ingjaldsson á Bakka, er reisti þar bú í vor, hefur óskað að mega njóta kosningarréttar og þar eð hann í því tilliti hefur þá lögboðnu hæfilegleika var það samþykkt af kjörstjórninni.

Kjörstjóri brýndi fyrir fundarmönnum hve áriðandi væri að vanda vel þessa athöfn. Voru þá nokkrar ræður haldnar af ýmsum um almennings málefni. Eftir það var gengið til atkvæða og kjósendur kallaðir fram í röð eftir kjörskránni; kaus hver kjósandi 2 menn og voru nöfn þeirra rituð út frá nafni hans í hlutaðeigandi kjörbók, en nöfn þeirra er kosnir voru rituð í hina kjörbókina og við nafn hvers eins nöfn allra sem hann var kosinn af. Voru bækurnar síðan bornar saman í heyranda hljóði.

Eftir kosninguna reyndist það að 42 menn höfðu kosið en þessir menn hlutu atkvæði: hreppstjóri Friðrik Sigurdór Stefánsson, Vallholti 29 atkv.; landshöfðingjaritari Jón Jónsson, Reykjavík 27 atkv.; prestur Ólafur Bjarnarson, Ríp 9 atkv.; prófastur Eiríkur Briem, Steinnesi 8 atkv.; hreppstjóri Sigfús Pétursson, Hellulandi 7 atkv.; bóndi Árni Jónsson, Þverá í Hallárdal 4 atkv. = 84 atkv. Að því búnu lýsti kjörstjórnin því yfir að landshöfðingjaritari Jón Jónsson og hreppstjóri Friðrik Stefánsson væru réttkjörnir alþingismenn fyrir Skagafjarðarsýslu.

Er svo kjörfundinum lokið.

E. Briem, Ólafur Sigurðsson, E. Gottskáلكsson.

Skagafjarðarsýsla 1880

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0046 – MA1/1, 1

Ár 1880, þriðjudaginn 7. dag september mánaðar að Garði í Hegranesi var samkvæmt opnu bréfi, 2. mars þ.á., alþingis kjörfundur haldinn af sýslumanni E. Briem sem oddvita kjörstjórnarinnar í Skagafjarðarsýslu með hinum kjörnu aðstoðarmönnum sýslunefndarmanni, Agli Gottskáلكssyni á Skarðsá og umboðsmanni Ólafi Sigurðssyni á Ási, sem nú er útnefndur í kjörstjórnina í stað prófasts Jóns Hallssonar er hefur tilkynnt sjúkdómsforföll sín í dag.

Eftir að oddviti kjörstjórnarinnar hafði fyrir júnímánaðar lok meðtekið samrit af kjörskrá allra hreppa í sýslunni, er eftir hans undirlagi voru leiðréttar í næstliðnum marsmánuði og síðan lágu almenningi til sýnis um lögboðinn tíma, tilkynnti hann það amtmanni og fékk samþykki hans til þess að kjörþing þetta yrði haldið hér á hinum forna þingstað Hegranessþings og hefur með auglýsingum, dagsettum 31. júlímán. þ.á., er birtar hafa verið með lögskipuðum fyrirvara á kirkjufundum í öllum sóknum sýslunnar, gjört almenningi kunnugt, að kjörfundur þessi verði haldinn hér í dag, til að kjósa til 6 ára 2 alþingisfulltrúa fyrir þetta kjördæmi.

Um leið og oddviti kjörstjórnarinnar setti kjörþingið las hann upp hið konunglega opna bréf 2. mars 1880, um að almennar kosningar til alþingis skuli fram fara samkvæmt kosningalögum 14. september 1877, og brýndi fyrir þingheimi tilgang kosningarinnar og hve áriðandi þessi athöfn sé. Síðan nefndi hann þingmannaefni sem hafa boðið sig fram og svo kjósendur þá er mæla fram með kosningu þeirra, en þeir eru þessir:

1. hreppstjóri Friðrik Stefánsson í Vallholti. Meðmælendur: bóndi Pétur Pálmason á Álfgeirsvöllum og 7 aðrir kjósendur.
2. landritari Jón Jónsson í Reykjavík. Meðmælandi: bóndi Sveinn Guðmundsson í Sölvanesi.
3. hreppstjóri Sigfús Pétursson á Hellulandi. Meðmælandi: bóndi Halldór Stefánsson á Víðimýri.
4. ritstjóri Skafti Jósefsson á Akureyri. Meðmælendur: bóndi Jóhannes Þorfinnsson á Reykjum og 15 aðrir kjósendur.

Jafnframt voru lagðar fram og lesnar upp skriflegar yfirlýsingar frá 3 hinum síðastnefndu þingmannaefnum um að þeir vilji taka kosningu sem alþingismenn Skagafjarðarsýslu, svo og skírteini frá meðmælendum 2 hinna fyrstnefndu og hins síðastnefnda þingmannsefnis og eftir áskorun kjörstjóra könnuðust meðmælendur hvers þingmannsefnis við meðmælingu sína. Að því búnu voru ræður haldnar af þingmannaefnum í lögskipaðri röð og jafnhliða var meðmælendum þeirra gefinn kostur á að taka til máls. Í þeim umræðum las einn af meðmælendum ritstjóra Skafta Jósefssonar, séra Ólafur Björnsson á Ríp, upp skrifleg meðmæli með honum frá 2 alþingismönnum séra Arnljóti Ólafssyni og Tryggva Gunnarssyni.

Þá er umræðum var lokið skoraði oddviti á kjósendur að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt 2 af þingmannaefnum þeim sem hafa gefið kost á sér. Áður

en atkvæðagreiðsla var byrjuð, ákvað kjörstjórnin, að hrepparnir kysu í þeirri röð að Holtshreppur væri fyrstur en Rípurhreppur síðastur.

Eftir það var gengið til atkvæða og kjósendur kallaðir fram eftir kjörskránum. Kaus hver kjósandi 2 menn og voru nöfn þeirra af umboðsmanni Ólafi Sigurðssyni rituð út frá nafni hans í hlutaðeigandi kjörskrá. Hinn kjörstjórnarmaðurinn Egill Gottskálksson lét rita í sérstaka kjörbók nöfn kjósenda neðan undir nöfnum þeirra þingmannaefna sem atkvæði hlutu. Síðan voru kjörskrárnar bornar saman við atkvæðaskrána og atkvæði talin saman. Kom það þá fram að alls höfðu 108 kjósendur greitt atkvæði og féllu þau þannig: hreppstjóri Friðrik Stefánsson í Vallholti hlaut 78 atkvæði; landritari Jón Jónsson í Reykjavík hlaut 59 atkvæði; ritstjóri Skafti Jósefsson á Akureyri hlaut 53 atkvæði; hreppstjóri Sigfús Pétursson á Hellulandi hlaut 26 atkvæði = 216 atkvæði.

Oddviti kjörstjórnarinnar lýsti því yfir fyrir þingheiminum hvernig kosningin hefur farið og að þeir hreppstjóri Friðrik Stefánsson á Vallholti og landritari Jón Jónsson í Reykjavík séu réttkjörnir alþingismenn fyrir Skagafjarðarsýslu.

Er svo kjörfundinum lokið.

E. Briem, Ólafur Sigurðsson, E. Gottskálksson.

Skagafjarðarsýsla 1883 (aukakosning)

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0046 – MA1/1, 1

Ár 1883, þriðjudaginn 1. dag maímánaðar á Sauðárkrók var samkvæmt auglýsingu landshöfðingja 10. janúar þ.á. alþingiskjörfundur haldinn af sýslumanni E. Briem sem oddvita kjörstjórnarinnar í Skagafjarðarsýslu með hinum kjörnu aðstoðarmönnum, sýslunefndarmanni Agli Gottskálkssyni og prófasti Jóni Hallssyni. Eftir að oddviti kjörstjórnarinnar hafði fengið tilkynningu um andlát annars þingmanns Skagfirðinga Jóns landritara Jónssonar og fyrirskipun um kosningu á alþingismanni fyrir þessa sýslu um þingtíma þann er hann átti eftir, útvegaði hann samþykki amtmanns til þess að kjörþing þetta yrði haldið hér á Sauðárkrók og hefur með auglýsingu, dags. 5. mars þ.á., er birt hefur verið í öllum hreppum sýslunnar með lögskipuðum fyrirvara gjört almenningi kunnugt að kjörþing þetta verði haldið hér í dag.

Um leið og oddviti kjörstjórnarinnar setti kjörþingið las hann upp auglýsingu landshöfðingja um þessa þingmanns kosning, og brýndi fyrir þingheimi tilgang kosningarinnar og hve áriðandi þessi athöfn sé. Síðan nefndi hann það þingmanns-efni er hefur boðið sig fram, en það er aðeins verslunarstjóri Gunnlaugur Briem í Reykjavík og af kjósendum hefur Einar prestur Jónsson í Felli mælt fram með kosningu hans. Jafnframt var lögð fram og lesin upp skrifleg yfirlýsing þingmanns-efnisins um að hann vilji taka kosningu. Að því búnu voru ræður haldnar af þingmannsefninu og meðmælanda hans.

Síðan skoraði oddviti á kjósendur að ganga til kosninga. Áður en atkvæðagreiðsla var byrjuð ákvað kjörstjórnin að hrepparnir kysu í þeirri röð að Holtshreppur kysi fyrst og Rípurhreppur síðast. Eftir það var gengið til atkvæða og kjósendur kallaðir fram eftir kjörskránum. Út frá nafni hvers kjósanda í kjörskránum var ritað nafn þess er atkvæði hlaut. Í öðru lagi voru í sérstaka atkvæðaskrá rituð nöfn kjósenda neðan undir nafni þingmannsefnisins. Því næst voru kjörskrárnar bornar saman við atkvæðaskrána og atkvæði talin saman. Kom það þá fram að alls höfðu 121 kjósandi greitt atkvæði og hlaut þau öll verslunarstjóri Gunnlaugur Eggertsson Briem í Reykjavík. Lýsti kjörstjórnin því yfir fyrir þingheiminum að Gunnlaugur Briem sé réttkjörinn alþingismaður fyrir Skagafjarðarsýslu.

Er svo kjörfundinum lokið.

E. Briem, J. Hallsson, E. Gottskálksson

Mér sýnd 28/8 84. Havsteen

Skagafjarðarsýsla 1886

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0046 – MA1/1, 1

Ár 1886, miðvikudaginn 9. dag júnímánaðar á Sauðárkrók var samkvæmt opnu bréfi, 2. nóvember f.á., alþingiskjörfundur haldinn af sýslumanni Jóhannesi Ólafssyni sem oddvita kjörstjórnarinnar í Skagafjarðarsýslu með hinum kjörnu aðstoðarmönnum, sýslunefndarmanni Agli Gottskálkssyni á Skarðsá og bónda Ólafi Briem á Frostastöðum. Eftir að oddviti kjörstjórnarinnar hafði meðtekið í tæka tíð samrit af kjörskrá allra hreppa í sýslunni, bæði fyrir f.á. og núverandi, og sem eftir hans undirlagi hafa verið leiðréttar og legið almenningi til sýnis um lögákveðinn

tíma, tilkynnti hann það amtmanni og fékk samþykki hans til þess að kjörþing þetta mætti halda hér á Sauðárkróki. Með auglýsingum frá 9. apríl þ.á., er birtar hafa verið með lögskipuðum fyrirvara á kirkjufundum í öllum sóknum sýslunnar, hefur almenningi verið gjört það kunnugt, að kjörfundur þessi verði haldinn hér í dag til að kjósa til 6 ára 2 alþingisfulltrúa fyrir þetta kjördæmi.

Um leið og oddviti kjörstjórnarinnar setti kjörþingið las hann upp hið konunglega opna bréf, frá 2. nóvbr. f.á., um að nýjar kosningar til alþingis skuli fram fara samkvæmt kosningalögunum 14. septbr. 1877 og brýndi fyrir þingheimi tilgang kosningalaganna og hve áriðandi þessi athöfn sé. Síðan nefndi hann þau þingmannaefni sem hafa boðið sig fram og svo kjósendur þá er mæla fram með kosningu þeirra, en þeir eru þessir:

1. Friðrik hreppstjóri og alþingism. Stefánsson á Skálá. Meðmælandi: Einar Guðmundsson á Hraunum og fl.
2. Magnús sýslunefndarmaður Jónsson á Fjalli. Meðmælandi Þorbergur Jónsson á Vík og fl.
3. Ólafur stúdent Briem á Frostastöðum. Meðmælandi: Einar Guðmundsson á Hraunum og fl.

Jafnframt voru lagðar fram og lesnar upp skriflegar yfirlýsingar þingmannaefnanna um að þeir vilji taka kosningu sem alþingismenn Skagafjarðarsýslu. Kjósendur könnuðust við meðmæli sín. Að því búnu voru ræður haldnar af þingmannaefnum í lögskipaðri röð og jafnhliða var meðmælendum þeirra gefinn kostur á að taka til máls og kjósendum.

Þá er umræðunum var lokið skoraði oddviti á kjósendur að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt 2 af þingmannaefnum þeim sem gefið hafa kost á sér. Áður en atkvæðagreiðsla var byrjuð ákvað kjörstjórnin að hrepparnir kysu í þeirri röð að Holtshreppur væri fyrstur en Rípur síðastur. Eftir það var gengið til atkvæða og kjósendur kallaðir fram eftir kjörskrá þeim er leiðréttar voru í mars f.á. með nægilegu tilliti til kjörskrána f.þ.á. Kaus hver kjósandi 2 menn og voru nöfn þeirra af sáttamanni Agli Gottskáلكssyni á Skarðsá rituð út frá nafni hans á hlutaðeigandi kjörskrá. Hinn kjörstjórnarmaðurinn Ólafur stúdent Briem á Frostastöðum ritaði í sérstaka kjörbók nöfn kjósenda neðan undir nöfnum þeirra þingmannaefna sem atkvæði hlutu. Síðan voru kjörskrárnar bornar saman við atkvæðaskrána og atkvæði talin saman. Kom það þá fram að alls höfðu 116 kjósendur greitt atkvæði, og féllu

þau þannig: hreppstjóri Friðrik Stefánsson, Skálá hlaut 77; sýslun.maður Magnús Jónsson, Fjalli hlaut 45; stúdent Ólafur Briem, Frostastöðum hlaut 110 = 232 atkv.

Oddviti kjörstjórnarinnar lýsti þá yfir fyrir þingheiminum hvernig kosningin hefur farið og að þeir hreppstjóri Friðrik Stefánsson á Skálá og stúdent Ólafur Briem á Frostastöðum séu rétt kjörnir alþingismenn fyrir Skagafjarðarsýslu.

Er svo kjörfundinum lokið.

Jóhannes Ólafsson, E. Gottskálksson, Ólafur Briem.

Skagafjarðarsýsla 1892

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0046 – MA1/1, 1

Ár 1892, laugardaginn 10. septembermánaðar kl. 12 á hádegi á Sauðárkróki var samkvæmt opnu bréfi, 26. febrm. þ.á., alþingiskjörfundur haldinn af sýslumanni Jóhannesi Ólafssyni sem oddvita kjörstjórnarinnar í Skagafjarðarsýslu með hinum kjörnu aðstoðarmönnum, umboðsmanni Ólafi Briem á Álfgeirsvöllum og óðalsbónda Þorvaldi Arasyni á Flugumýri. Eftir að oddviti kjörstjórnarinnar hafði meðtekið í tæka tíð samrit af kjörskrá allra hreppa í sýslunni fyrir þetta ár og sem að hans undirlagi hafa verið leiðréttar og legið almenningi til sýnis um lögákveðinn tíma, tilkynnti hann það amtmanni og fékk samþykki hans til þess 28. mars næstl. að kjörþing þetta mætti halda hér á Sauðárkróki. Með auglýsingum frá 6. f.m., er birtar hafa verið með lögskipuðum fyrirvara á kirkjufundum í öllum sóknum sýslunnar, hefur almenningi verið gjört það kunnugt að kjörfundur þessi verði haldinn hér í dag til að kjósa til 6 ára 2 alþingisfulltrúa fyrir þetta kjördæmi.

Um leið og oddviti kjörstjórnarinnar setti kjörþingið las hann upp hið konunglega opna bréf, frá 26. febrm. þ.á., um að nýjar kosningar til alþingis skuli fram fara, samkvæmt kosningarlögnum frá 14. septbrm. 1877, og brýndi fyrir þingheimi tilgang kosningalaganna og hve áriðandi þessi athöfn sé. Síðan nefndi hann þau þingmannaefni er boðið hafa sig fram og svo kjósendur þá er mæla fram með kosningu þeirra, en þeir eru þessir: 1) Friðrik sýslunefndarmaður Stefánsson á Skálá. Meðmælandi: Einar B. Guðmundsson á Hraunum og fl.; 2) Jón candidat Jakobsson á Víðimýri. Meðmælandi: Jónas sýslunefndarm. Jónsson í Hróarsdal og fl.; 3) Jósef hreppstjóri Björnsson í Ásgeirsbrekk. Meðmælandi: Ásgrímur bóndi Pétursson á

Svínavöllum og fl.; 4) Ólafur umboðsmaður Briem á Álfgveirsvöllum. Meðmælandi: Einar B. Guðmundsson á Hraunum og fl.

Jafnframt voru lagðar fram og lesnar upp skriflegar yfirlýsingar þingmannaefnanna um að þeir vilji taka kosningu sem alþingismenn Skagafjarðarsýslu. Kjósendur könnuðust við meðmæli sín. Að því búnu voru ræður haldnar af þingmannaefnum í lögskipaðri röð og jafnhliða var meðmælendum þeirra gefinn kostur á að taka til máls og kjósendum.

Þá er umræðunum var lokið skoraði oddviti á kjósendur að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt 2 af þingmannaefnum þeim sem gefið hafa kost á sér. Áður en atkvæðagreiðsla var byrjuð ákvað kjörstjórnin að hrepparnir kysu í þeirri röð að Holtshreppur væri fyrstur en Rípur síðastur. Eftir það var gengið til atkvæða og kjósendur kallaðir fram eftir kjörskrá þeim er leiðréttar voru í mars þ.á. – kaus hver kjósandi 2 menn og voru nöfn þeirra af óðalsbónda Þorvaldi Arasyni á Flugumýri rituð út frá nafni hans á hlutaðeigandi kjörskrá. Hinn kjörstjórnarmaðurinn umboðsmaður Ólafur Briem á Álfgveirsvöllum ritaði í sérstaka kjörbók nöfn kjósenda neðan undir nöfnum þeirra þingmannaefna sem atkvæði hlutu. Síðan voru kjörskrárnar bornar saman við atkvæðaskrána og atkvæði talin saman. Kom það þá fram að alls höfðu 165 kjósendur greitt atkvæði og féllu þau þannig:

Umboðsmaður Ólafur Briem, Álfgveirsvöllum hlaut 158 atkv.; Sýslunefndarmaður Jón Jakobsson, Víðimýri hlaut 121 atkv.; Sýslunefndarmaður Friðrik Stefánsson, Skálá hlaut 43 atkv.; hreppstjóri Jósef Björnsson, Ásgeirsbrekku hlaut 8 atkv. = 330.

Oddviti kjörstjórnarinnar lýsti þá yfir fyrir þingheiminum hvernig kosningin hefur farið og að þeir umboðsmaður Ólafur Briem á Álfgveirsvöllum og Jón sýslunefndarmaður Jakobsson á Víðimýri séu rétt kjörnir alþingismenn fyrir Skagafjarðarsýslu.

Er svo kjörfundinum lokið kl. 8 e.m.

Jóhannes Ólafsson, Þorvaldur Arason, Ólafur Briem

Skagafjarðarsýsla 1894

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0046 – MA1/1, 1

Ár 1894, föstudaginn 8. júním. kl. 12 á hádegi var á Sauðárkróki, samkvæmt opnu bréfi 29. septbrm. 1893, alþingiskjörfundur haldinn af sýslumanni Jóhannesi

Ólafssyni sem oddvita kjörstjórnarinnar í Skagafjarðarsýslu með hinum kjörnu aðstoðarmönnum, umboðsmanni Ólafi Briem á Álfgeirsvöllum og óðalsbónda Þorvaldi Arasyni á Flugumýri. Eftir að oddviti kjörstjórnarinnar hafði meðtekið í tæka tíð samrit af kjörskrá allra hreppa í sýslunni sem nú gilda, og sem að hans undirlagi hafa verið leiðréttar, og legið almenningi til sýnis um lögákveðinn tíma, tilkynnti hann það amtmanni; samþykki hans fékkst 16. mars þ.á. til þess að kjörþing þetta mætti halda á Sauðárkróki. Með auglýsingum frá 25. apríl næstl., er birtar hafa verið með lögskipuðum fyrirvara á kirkjufundum í öllum sóknum sýslunnar, hefur almenningi verið gjört það kunnugt að kjörfundur þessi verði haldinn hér í dag til að kjósa til 6 ára 2 alþingisfulltrúa fyrir þetta kjördæmi.

Oddviti lagði fram kgl. bréf um að alþingi sem nú er sé leyst upp frá 29. septbr. f.á., svo og áður nefnt kgl. bréf s.d. og ár um að nýjar kosningar skuli fram fara. Um leið og kjörþingið var sett var lesið upp hið síðanefnda kgl. bréf af oddvita kjörstjórnarinnar er brýndi fyrir þingheimi tilgang kosningalaganna frá 14. septbr. 1877 og hve áriðandi þessi athöfn sé. Síðan nefndi hann þau þingmannaefni er boðið hafa sig fram og svo kjósendur þá er mæla fram með kosningu þeirra, en þeir eru þessir: 1) Jóhannes sýslumaður Ólafsson á Sauðárkróki. Meðmælandi: E.B. Guðmundsson á Hraunum; 2) Jón cand. Jakobsson á Víðimýri. Meðmælandi: E.B. Guðmundsson Hraunum, Árni Eiríksson Nautabúi; 3) Ólafur umboðsmaður Briem á Álfgeirsvöllum. Meðmælandi: Sigmundur Andrésen, Írafelli.

Jafnframt voru lagðar fram og lesnar upp skriflegar yfirlýsingar þingmannaefnanna um að þeir vilji taka kosningu sem alþingismenn Skagafjarðarsýslu. Kjósendur könnuðust við meðmæli sín. Að því búnu voru ræður haldnar af þingmannaefnum í lögskipaðri röð og jafnframt var meðmælendum þeirra gefinn kostur á að taka til máls og kjósendum.

Þá er umræðunum var lokið skoraði oddviti á kjósendur að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt 2 af þingmannaefnum þeim sem gefið hafa kost á sér. Áður atkvæðagreiðsla var byrjuð ákvað kjörstjórnin að hrepparnir kysu í þeirri röð að Holtshreppur væri fyrst en Rípur síðastur. Eftir það var gengið til atkvæða og kjósendur kallaðir fram eftir kjörskrá þeim er nú gilda og hinar nýju hafðar til hliðsjónar. Kaus hver kjósandi 2 menn og voru nöfn þeirra af Þorvaldi óðalsbónda Arasyni á Flugumýri rituð út frá nafni hans á hlutaðeigandi kjörskrá. Hinn kjörstjórnarmaðurinn umboðsmaður Ólafur Briem á Álfgeirsvöllum ritaði á sérstaka

kjörbók nöfn kjósenda neðan undir nöfnum þeirra þingmannaefna sem atkvæði hlutu. Síðan voru kjörskrárnar bornar saman við atkvæðaskrána og atkvæði talin saman. Kom það þá fram að alls höfðu 138 kjósendur greitt atkvæði og féllu þau þannig: Umboðsmaður Ólafur Briem, Álfgeirsvöllum hlaut 130 atkv.; Sýslunefndarm. Jón Jakobsson Víðimýri hlaut 121 atkv.; Sýslumaður Jóhannes Ólafsson hlaut 25 atkv. = 276.

Oddviti kjörstjórnarinnar lýsti þá yfir fyrir þingheiminum hvernig kosningin hefur farið og að þeir umboðsmaður Ólafur Briem á Álfgeirsvöllum og Jón sýslunefndarmaður Jakobsson á Víðimýri séu réttkjörnir alþingismenn fyrir Skagafjarðarsýslu.

Er svo kjörfundinum lokið kl. 4 e.m.

Jóhannes Ólafsson, Ólafur Briem, Þorvaldur Arason.

Skagafjarðarsýsla 1900

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0046 – MA1/1, 1

Ár 1900, laugardaginn hinn 1. dag sepbr. mánaðar kl. 12 á háð. var á Sauðárkróki samkvæmt opnu bréfi, dags. 2. mars þ.á., alþingiskjörfundur haldinn af sýslumanni Eggert Briem sem oddvita kjörstjórnarinnar í Skagafjarðarsýslu með hinum kjörnu aðstoðarmönnum, umboðsmanni Ólafi Briem á Álfgeirsvöllum og póstafréttarmanni Þorvaldi Arasyni á Víðimýri. Til staðar á kjörþinginu liggur samrit af kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar. Með auglýsingu frá 3. ág. þ.á., er birtar hafa verið í öllum sóknum sýslunnar með lögskipuðum fyrirvara, hefur almenningi verið gjört kunnugt að kjörfundur þessi verði haldinn hér í dag til að kjósa til 6 ára 2 alþingismenn fyrir þetta kjördæmi.

Oddviti kjörstjórnarinnar las upp hið konunglega bréf frá 2. mars þ.á. er fyrirskipar að nýjar kosningar til alþingis skuli fram fara, samkvæmt kosningarlögnum 14. septbr. 1877, og brýndi fyrir þingheimi tilgang kosningarinnar og hve áriðandi þessi athöfn sé. Síðan nefndi hann þau þingmannaefni, er boðið hafa sig fram svo og kjósendur þá er mæla fram með kosningu þeirra, en þeir eru þessir:

1. Jón Jónsson hreppstjóri á Hafsteinsstöðum. Meðmælendur: Pétur Stefánsson Reykjarhóli o.fl.
2. Ólafur Briem Álfgeirsvöllum. Meðmælendur: Björn Þorláksson Kolgröf o.fl.

3. Rögnvaldur Björnsson í Réttarholti. Meðmælendur: séra Björn Jónsson Miklabæ o.fl.
4. Stefán kennari Stefánsson á Möðruvöllum. Meðmælendur: veitingamaður Pétur Pétursson o.fl.
5. Zophónías prófastur Halldórsson í Viðvík. Meðmælendur: Björn Pétursson á Hofsstöðum o.fl.

Jafnframt voru lagðar fram og upplesnar skriflegar yfirlýsingar þingmannaefnanna um að þeir taki á móti kosningu sem alþingismenn Skagafjarðarsýslu. Kjósendur könnuðust við meðmæli sín. Að því búnu voru ræður haldnar af þingmannaefnunum í lögskipaðri röð og jafnframt var meðmælendum þeirra og kjósendum gefinn kostur á að taka til máls.

Þá er umræðunum var lokið skoraði oddviti á kjósendur að ganga til kosningar og gefa atkvæði sitt 2 af alþingismannaefnum þeim er gefið hafa kost á sér. Áður en atkvæðagreiðsla byrjaði ákvað kjörstjórnin að hrepparnir kysu í þeirri röð að Holtshreppur væri fyrstur en Rípurhreppur síðastur. Eftir það var gengið til atkvæða og kjósendur kallaðir fram eftir kjörskránum er nú gilda. Kaus hver kjósandi 2 menn og voru nöfn þeirra af Þorvaldi óðalsbónda Arasyni á Víðimýri rituð út frá nafni hans á hlutaðeigandi kjörskrá. Hinn kjörstjórnamaðurinn ritaði í sérstaka kjörbók nöfn kjósenda neðan undir nöfnum þeirra þingmannaefna sem atkvæði hlutu. Síðan voru kjörskrárnar bornar saman við atkvæðaskrána og atkvæði talin saman. Kom það þá fram að alls höfðu 178 kjósendur greitt atkvæði og féllu þau þannig: Umboðsmaður Ólafur Briem á Álfgeirsvöllum hlaut 150 atkv.; Kennari Stefán Stefánsson á Möðruvöllum hlaut 96 atkv.; hreppstjóri Jón Jónsson á Hafsteinsst. hlaut 52 atkv.; prófastur Zophónías í Viðvík hlaut 32 atkv.; Rögnvaldur bóndi Björnsson í Réttarholti hlaut 26 atkv. = 356.

Oddviti kjörstjórnarinnar lýsti þá yfir fyrir þingheiminum hvernig kosningin hefur farið og að þeir umboðsmaður Ólafur Briem á Álfgeirsvöllum og Stefán kennari Stefánsson á Möðruvöllum séu réttkjörnir alþingismenn fyrir Skagafjarðarsýslu.

Er svo kjörfundinum lokið kl. 6 e.m.

Eggert Briem, Ólafur Briem, Þorvaldur Arason

Skagafjarðarsýsla 1902

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0046 – MA1/1, 1

Ár 1902, mánudaginn hinn 2. dag júnímán. kl. 1 e.h. var í Garði í Hegranesi, samkvæmt opnu bréfi 13. sept. f.á., alþingiskjörfundur haldinn af sýslumanni Eggert Briem sem oddvita kjörstjórnarinnar í Skagafjarðarsýslu með hinum kjörnu aðstoðarmönnum, umboðsmanni Ól. Briem á Álfgæirsvöllum og Þorvaldi Arasyni póstafrgreiðslumanni á Víðimýri. Til staðar á kjörþinginu liggur samrit af kjörskráum úr öllum hreppum sýslunnar. Með auglýsingu frá 21. apr. þ.á., er birtar hafa verið í öllum hreppum sýslunnar með lögskipuðum fyrirvara, hefur almenningi verið gjört kunnugt að kjörfundur þessi verði haldinn hér í dag til að kjósa til 6 ára 2 alþingismenn fyrir þetta kjördæmi.

Oddviti kjörstjórnarinnar las upp hið konungl. opna bréf frá 13. sept. f.á. um uppleysingu á alþingi svo og opið bréf dagsett sama dag er fyrirskipar að nýjar kosningar til alþingis skuli fram fara, samkvæmt kosningalögunum 14. sept. 1877, og brýndi fyrir þingheimi tilgang kosningarinnar og hve áriðandi þessi athöfn sé. Síðan nefndi hann þau þingmannsefni er boðið hafa sig fram svo og kjósendur þá er mæla fram með kosningu þeirra, en þeir eru þessir:

1. Candidat Jón Jakobsson í Reykjavík. Meðmælendur: Jón Jónsson hreppstjóri á Hafsteinsstöðum o.fl.
2. Ólafur Briem umboðsmaður á Álfgæirsvöllum. Meðmælendur: Sigm. Andrésson Vindheimum o.fl.
3. Stefán kennari Stefánsson á Möðruvöllum. Meðmælendur: V. Claessen o.fl.

Jafnframt voru lagðar fram og upplestar skriflegar yfirlýsingar þingmannaefnanna um að þeir taki á móti kosningu sem alþingismenn Skagafjarðarsýslu. Kjósendur könnuðust við meðmæli sín. Að því búnu voru ræður haldnar af þingmannaefnum í lögskipaðri röð og jafnframt var meðmælendum þeirra og kjósendum gefinn kostur á að taka til máls. Þá er umræðunum var lokið skoraði oddviti á kjósendur að ganga til atkvæða og kjósa 2 af alþingismannaefnum þeim er gefið hafa kost á sér.

Áður en atkvæðagreiðsla byrjaði ákvað kjörstjórnin að hrepparnir kysu í þeirri röð að Holtshreppur væri fyrstur en Rípurhreppur síðastur. Eftir það var gengið til atkvæða og kjósendur kallaðir fram eftir kjörskránum þeim er nú gilda. Kaus hver kjósandi 2 menn og voru nöfn þeirra af óðalsbónda Þorvaldi Arasyni rituð út frá

nafni hans á kjörskránni. Hinn kjörstjórnarmaðurinn ritaði í sérstaka kjörbók nöfn kjósenda neðan undir nöfnum þeirra þingmannaefna sem atkvæði hlutu.

Síðan voru kjörskrárnar bornar saman við atkvæðaskrána og atkvæði talin saman. Kom það þá fram að alls höfðu 247 kjósendur greitt atkvæði og féllu þau þannig: 1) Umboðsmaður Ólafur Briem á Álfgeirsvöllum hlaut 237 atkv.; 2) Stefán Stefánsson kennari á Möðruvöllum hlaut 134 atkv.; 3) Cand. Jón Jakobsson í Reykjavík hlaut 123 atkv. = 494. Oddviti kjörstjórnarinnar lýsti því þá yfir fyrir þingheimi hvernig kosningin hefur fallið og að þeir umboðsmaður Ólafur Briem á Álfgeirsvöllum og Stefán kennari Stefánsson á Möðruvöllum séu rétt kjörnir alþingismenn fyrir Skagafjarðarsýslu fyrir næsta 6 ára tímabil.

Er svo kjörþinginu lokið kl. 6 e.m.

Eggert Briem, Ólafur Briem, Þorvaldur Arason.

Skagafjarðarsýsla 1903

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0046 – MA1/1, 1

Ár 1903, miðvikudaginn hinn 3. dag júnímánaðar kl. 12 á h. var á Sauðárkróki, samkvæmt opnu bréfi 25. sept. f.á., alþingiskjörfundur haldinn af sýslumanni Eggert Briem sem oddvita kjörstjórnarinnar í Skagafj.sýslu með hinum kjörnu aðstoðarmönnum, umboðsmanni Ólafi Briem á Álfgeirsvöllum og Þorvaldi Arasyni póstafræðslumanni á Víðimýri. Til staðar á kjörstaðnum liggur samrit af kjörskrá úr öllum hreppum sýslunnar. Með auglýsingu frá 16. apr. þ.á., er birtar hafa verið í öllum hreppum sýslunnar með lögskipuðum fyrirvara, hefur almenningi verið gjört kunnugt að kjörfundur þessi verði haldinn hér í dag til að kjósa til 6 ára 2 alþingismenn fyrir þetta kjördæmi.

Oddviti kjörstjórnarinnar las upp hið konunglega opna bréf frá 25. sept. f.á. um uppleysingu á alþingi svo og opið bréf dags. sama dag, er fyrirskipar að nýjar kosningar til alþingis skuli fram fara samkvæmt kosningarlögnum 14. sept. 1877, og brýndi fyrir þingheimi tilgang kosningarinnar og hve áriðandi þessi athöfn sé. Síðan nefndi hann þau þingmannsefni er boðið hafa sig fram svo og kjósendur þá er mæla fram með kosningu þeirra, en þeir eru þessir: 1) Flóvent Jóhannsson búfræðingur á Hólum. Meðmælandi: Jón Sigurðsson; 2) Ólafur Briem umboðsmaður

á Álfgersvöllum. Meðmælendur: Sigm. Andrésón o.fl.; 3) Stefán Stefánsson kennari á Möðruvöllum. Meðmælendur: V. Claessen o.fl.

Jafnframt voru lagðar fram og upplestar skriflegar yfirlýsingar þingmannaefnanna um að þeir taki á móti kosningu sem alþingismenn fyrir Skagafjarðarsýslu. Kjósendur könnuðust við meðmæli sín. Að því búnu voru ræður haldnar af þingmannaefnunum í lögskipaðri röð og jafnframt var meðmælendum þeirra og kjósendum gefinn kostur á að taka til máls. Þá er umræðum var lokið skoraði oddviti á kjósendur að ganga til atkvæða og kjósa 2 af alþingismannaefnum þeim er boðið hafa sig fram.

Áður en atkvæðagreiðsla byrjaði ákvað kjörstjórnin að hrepparnir kysu í þeirri röð að Holtshreppur væri fyrstur en Rípurhreppur síðastur. Eftir það var gengið til atkvæða og kjósendur kallaðir fram eftir þeim kjörskrá er nú gilda. Kaus hver kjósandi 2 menn og voru nöfn þeirra af óðalsbónda Þorvaldi Arasyni rituð út frá nafni hans á kjörskránni. Hinn kjörstjórnarmaðurinn ritaði í sérstaka kjörbók nöfn kjósenda neðan undir nöfnum þeirra þingmannaefna sem atkvæði hlutu.

Síðan voru kjörskrárnar bornar saman við atkvæðaskrána og atkvæði talin saman. Kom það þá fram að alls höfðu 213 kjósendur greitt atkvæði, er féllu þannig: 1) Umboðsmaður Ólafur Briem á Álfgersvöllum hlaut 206 atkv.; 2) Stefán Stefánsson kennari á Möðruvöllum hlaut 157 atkv.; 3) Flóvent Jóhannsson bóndi á Hólum hlaut 63 atkv. = 426. Oddviti kjörstjórnarinnar lýsti því þá yfir fyrir þingheimi hvernig kosningin hefði fallið og að þeir umboðsmaður Ólafur Briem á Álfgersvöllum og Stefán kennari Stefánsson á Möðruvöllum séu rétt kosnir alþingismenn fyrir Skagafjarðarsýslu fyrir næsta 6 ára tímabil.

Er svo kjörþinginu lokið kl. 4½ e.m.

Eggert Briem, Þorvaldur Arason, Ólafur Briem.

Húnavatnssýsla

Húnavatnssýsla 1874 (1875)

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0039 – M/7, 7 [bls. 12–13]

Ár 1875, dag 8. apríl var af sýslumanninum í Húnavatnssýslu sem kjörstjóra, prófasti J. Þórðarsyni á Auðkúlu og presti P. Sigurðssyni á Hjaltabakka, sem tilkvöddum meðlimum kjörstjórnarinnar, kosningarfundur settur að Miðhúsum í Vatnsdal til þess, samkvæmt forimælum hinnar nýju stjórnarskrár 5. jan. 1874, að fyrirtaka kosningu tveggja alþingismanna fyrir Húnavatnssýslu. Nafnaskrár yfir alla þá menn sem kosningarrétt hafa og kjörgengir eru hér framlögð dagsett 3. sept. f.á. og hefur hún um lögskipaðan tíma legið hjá öllum prestum til eftirsjónar, eins og líka öllum prestum var skrifað sama dag hið nauðsynlega hér að lútandi og um að uppörfa hlutaðeigendum að fjölmenna á fund þennan. Um umgetna nafnaskrá hafa engar útásetningar verið gjörðar sem kjörstjórnin þurfi að ráða úr.

Kjörstjórinn skoraði í stuttu máli á kjósendur þá er mættir voru að vanda vel atkvæðagreiðslu sína og gat þess að tveir utanhéraðsmenn hefðu boðið sig fram til að taka á móti kosningu sem alþingismenn fyrir Húnavatns sýslu, þeir sýslumaður Lárus Blöndal í Dalasýslu og prestur séra Arnl. Ólafsson á Bægisá, sem báðir hafa kjörgengi, og var síðan gengið til atkvæða eftir þeim reglum sem kjörstjórnin hafði þar um sett og uppfest til sýnis fyrir hlutaðeigendum. Var síðan gengið til atkvæða og að þeim afloknum og kjörlistunum samanbornum fengu þessir atkvæði: Ásgeir óðalsbóndi Einarsson á Þingeyrum hlaut 95 atkv.; Páll hreppstjóri Pálsson á Dæli hlaut 66 atkv.; Séra Arnl. Ólafsson á Bægisá hlaut 30 atkv.; Jóhannes hreppstj. Guðmundsson á Hólabæ hlaut 29 atkv.; Sýslum. L. Blöndal hlaut 14 atkv.; Séra Sv. Skúlason hlaut 1 atkv. Eftir að búið var að lýsa því yfir að óðalsb. Ásgeir Einarsson á Þingeyrum og hreppstj. Páll Pálsson á Dæli voru réttkjörnir alþingismenn fyrir Húnavatnssýslu, var svo fundi sagt slitið.

Sk. Magnússon, J. Þórðarson, Páll Sigurðsson

Húnavatnssýsla 1880

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0039 – M/7, 6

Ár 1880, hinn 15. dag septembermánaðar setti og hélt sýslumaður Lárus Þ. Blöndal, sem oddviti kjörstjórnarinnar í kjördæmi Húnavatnssýslu, kjörþing að þingstaðnum Sveinsstöðum til þess að láta kjósa 2 menn til alþingis fyrir kjördæmi þetta, samkvæmt fyrirmælum í konunglegu opnu bréfi dags. 2. mars 1880, og var kjörþinghald þetta auglýst á lögboðinn hátt. Hinir kosnu kjörstjórar, prófastur séra Eiríkur Briem í Steinnesi og hreppstjóri Benedikt G. Blöndal í Hvammi, voru persónulega mættir. Oddviti las upp áður nefnt konunglegt opið bréf og leiddi því næst með fáum orðum athygli kjósenda að því hversu mikils varðandi og þýðingarmikill væri tilgangur alþingiskosninga og því næst lagði hann fram kjörskrár hlutaðeigandi hreppsnefnda úr öllum hreppum sýslunnar, sem kjörstjórnin ekki hafði fundið neitt athugavert við nema hvað nöfnum kjósenda var á 5 kjörskrár ekki raðað niður eftir stafaröð.

Þá framlagði oddviti bréf frá Páli bónda Pálssyni í Dæli, dags. 7. þ.m., þar sem hann skýrir frá að hann geti ekki mætt sjálfur persónulega á kjörþinginu, en býður sig fram til kosningar; ennfremur var lagt fram bréf tveggja kjósenda, dags. í gær, sem var meðmæling með nefndum Páli bónda og hafði hvort tveggja skjöl þessi borist oddvita innan lögboðins tíma. Að síðustu framlagði oddviti bréf annarra tveggja kjósenda, dags. í gær, um að þeir vildu mæla fram með kosningu prófasts séra Eiríks Briem og skriflega yfirlýsingu nefnds prófasts, dags. sama dag, um að hann væri fús til að taka móti kosningu; höfðu skjöl þessi verið afhent oddvita í gær dag.

Þá létu nokkrir viðstaddir kjósendur í ljósi að þeir vildu kjósa þá sýslumann Lárus Þ. Blöndal á Kornsa og bændurna, hreppstjóra Benedikt G. Blöndal í Hvammi og Árna Jónsson á Þverá, sem allir voru persónulega mættir á kjörþinginu og lýstu þeir því yfir að þeir gæfu kost á sér. Nefndi oddviti því næst nöfn áður nefndra 5 þingmannaefna, sem eftir áðursögðu höfðu boðið sig fram, og nöfn kjósenda þeirra sem mældu fram með kosningu þeirra og könnuðust þeir eftir áskorun oddvita við meðmælingu sína; bauð þá oddviti þessi 5 þingmannaefni fram til kosningar. Þá beindu viðstaddir 3 kjósendur nokkrum spurningum til hinna framboðnu og viðstöddu þingmannaefna sem þeir, hver um sig, svöruðu í rétttri röð. Sleit oddviti því næst umræðunum og skoraði á kjósendur að ganga til kosningar eftir því sem kjörstjórnin hafði kveðið á þannig að kosning skyldi byrja í Vindhælishreppi.

Eftir að allir þeir kjósendur sem mættir voru á kjörþinginu, að meðtaldri kjörstjórninni, höfðu á lögboðinn hátt greitt atkvæði sín og kjörstjórnin hafði

nákvæmlega borið kjörskrárnar saman við atkvæðaskrárnar, og talið saman atkvæði þau sem greidd voru, kom það fram að af atkvæðum 115 kjósenda sem voru mættir hlutu: sýslumaður Lárus Þ. Blöndal 84 atkvæði; prófastur séra Eiríkur Briem 83 atkvæði; hreppstjóri Benedikt G. Blöndal 29 atkvæði; Árni bóndi Jónsson 28 atkvæði og Páll bóndi Pálsson 6 atkvæði. Skýrði oddviti því næst þingheimi frá kosningu þessari og lýsti því yfir að samkvæmt henni væru þeir sýslumaður Lárus Þ. Blöndal og prófastur séra Eiríkur Briem kjörnir alþingismenn fyrir kjördæmi Húnavatns-sýslu um 6 ára kjörtímann frá 1. september 1880. Var svo kosningargjörð þessari lokið og hún til staðfestu undirskrifuð af kjörstjórninni.

Kjörfundinum slitið. Ut supra

Lárus Þ. Blöndal, Eiríkur Briem, B.G. Blöndal

Húnavatnssýsla 1886

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0039 – M/7, 6

Ár 1886, hinn 10. dag júnímánaðar setti og hélt sýslumaður Lárus Þ. Blöndal, sem oddviti kjörstjórnarinnar í kjördæmi Húnavatnssýslu, kjörþing að þingstaðnum Sveinsstöðum til þess að láta kjósa tvo menn til alþingis fyrir kjördæmi þetta samkvæmt fyrirmælum í konungl. opnu bréfi, dags. 2. nóv. 1885, og var kjörþingshald þetta auglýst á lögboðinn hátt. Hinir kosnu kjörstjórar, prestur Þorvaldur Ásgeirsson í Steinnesi og dannebrogismaður Ben. G. Blöndal í Hvammi, voru persónulega mættir. Oddviti las upp áðurnefnt konungl. opið bréf og leiddi því næst með fáum orðum athygli kjósenda að því hversu mikilsvarðandi og þýðingarmikill að væri tilgangur alþingiskosninga og því næst lagði hann fram kjörskrár hlutaðeigandi hreppsnefnda úr öllum hreppum sýslunnar, sem kjörstjórnin ekki hafði fundið neitt athugavert við nema hvað nöfnum kjósenda í nokkrum kjörskrár ekki var raðað niður eftir stafrófsröð.

Oddviti nefndi því næst nöfn þeirra manna, er gefa vildu kost á sér til kosningar í þetta sinn, og voru þeir þessir: Prestaskólakennari Eiríkur Briem; Cand. phil., ritstjóri Þorleifur Jónsson; Cand. phil. Skapti Jósefsson og Páll bóndi Pálsson í Dælum. Voru því næst nokkrar spurningar lagðar fyrir þingmannaefni þessi (er höfðu boðið sig fram) og svöruðu þeir þeim, hver um sig, í rétttri röð. Eftir alllangan tíma sleit

oddviti umræðunum og skoraði á kjósendur að ganga til kosningar. Var byrjað á Vindhælishreppi og svo haldið áfram í þeirri röð sem kjörstjórnin ákvað.

Eftir að allir þeir kjósendur sem mættir voru á kjörþinginu, 133 að tölu að meðtaldri kjörstjórninni, höfðu á lögboðinn hátt greitt atkvæði sín og kjörstjórnin hafði nákvæmlega borið kjörskrárnar saman við atkvæðaskrárnar og talið saman atkvæði þau sem greidd voru, kom það fram að atkvæði höfðu fallið þannig: Prestaskólakennari Eiríkur Briem hlaut 97 atkv.; Cand. phil, ritstjóri Þorleifur Jónsson hlaut 83 atkv.; Cand. phil. Skafti Jósefsson hlaut 40 atkv.; Páll bóndi Pálsson í Dælum hlaut 46 atkv. Skýrði oddviti því næst þingheimi frá kosningu þessari og lýsti því yfir að samkvæmt henni voru þeir prestaskólakennari Eiríkur Briem og cand.phil., ritstjóri Þorleifur Jónsson rétt kjörnir alþingismenn fyrir kjördæmi Húnavatnssýslu til 6 ára, frá 1. júlí 1886. Var svo kosningargjörð þessari lokið og hún til staðfestu undirskrifuð af kjörstjórninni.

Kjörfundinum slitið. Ut supra.

Lárus Blöndal, B.G. Blöndal, Þorvaldur Ásgeirsson

Húnavatnssýsla 1892

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0039 – M/7, 6

Ár 1892, mánudaginn hinn 12. dag septembermánaðar setti og hélt oddviti kjörstjórnarinnar í Húnavatnssýslu, sýslumaður Lárus Blöndal R. af Dbr., kjörþing að þingstaðnum Sveinsstöðum til þess að láta kjósa tvo menn til alþingis fyrir kjördæmi þetta, um næsta 6 ára tímabil, samkvæmt fyrirmælum í konunglegu opnu bréfi dags. 26. febr. 1892, og var kjörþing þetta auglýst á lögboðinn hátt. Hinir kosnu kjörstjórar, dannebrogismaður B.G. Blöndal í Hvammi og prófastur séra Hjörleifur Einarsson R. af Dbr. á Undirfelli, voru persónulega mættir. –

Oddviti las upp áður nefnt konungl. opið bréf og leiddi því næst með nokkrum orðum athygli kjósenda að því hversu mikilsvarðandi og þýðingarmikill að væri tilgangur alþingiskosninga. – Hann nefndi því næst nöfn þeirra manna er gefa vildu kost á sér til kosningar í þetta sinn og voru þeir þessir: Björn bóndi Sigfússon í Grímstungu, Páll bóndi Pálsson í Dæli og Cand. phil Þorleifur Jónsson í Reykjavík.

Voru því næst nokkrar spurningar viðvíkjandi hinum helstu landsmálum lagðar fyrir þingmannaefni þessi og svöruðu þeir þeim, hver um sig, í rétttri röð. Eftir alllangan tíma sleit oddviti umræðunum og skoraði á kjósendur að ganga til kosninga. Þá lagði oddviti fram kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar og fann kjörstjórnin ekki neitt við þær að athuga.

Eftir að allir þeir kjósendur sem mættir voru á kjörþinginu, 79 að tölu að meðtaldri kjörstjórninni, höfðu á lögboðinn hátt greitt atkvæði sín og kjörstjórnin hafði nákvæmlega borið kjörskrárnar saman við atkvæðaskrána og talið saman atkvæði þau sem greidd voru, kom það fram að atkvæði höfðu fallið þannig: Cand. phil. Þorleifur Jónsson hlaut 74 atkvæði; Björn bóndi Sigfússon hlaut 68 atkvæði; Páll bóndi Pálsson hlaut 16 atkvæði. Skýrði oddviti því næst þingheimi frá kosningu þessari og lýsti því yfir að samkvæmt henni væru þeir cand.phil. Þorleifur Jónsson og Björn bóndi Sigfússon rétt kjörnir alþingismenn fyrir kjördæmi Húnavatnssýslu til 6 ára frá 1. sept 1892.

Þessu til staðfestu er undirskrift kjörstjórnarinnar. Datum ut supra.

Lárus Blöndal, Hjörl. Einarsson, B.G. Blöndal

Húnavatnssýsla 1894

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0039 – M/7, 6

Ár 1894, laugardaginn hinn 9. júnímánaðar kl. 1 e.m. setti og hélt oddviti kjörstjórnarinnar í Húnavatnssýslu, settur sýslumaður Björn Sigfússon í Grímstungu, kjörþing að þingstaðnum Blönduósi til þess að láta kjósa tvo menn til alþingis fyrir kjördæmi þetta um næsta 6 ára tímabil, samkvæmt fyrirmælum í konunglegu opnu bréfi dags. 29. september f.á., og var kjörþing þetta auglýst á lögboðinn hátt. Hinir kosnu kjörstjórar, dannebrogismaður B.G. Blöndal í Hvammi og prófastur séra Hjörleifur Einarsson á Undirfelli R. af. Dbr., voru persónulega mættir.

Oddviti las upp áður nefnt konungl. opið bréf og leiddi því næst með nokkrum orðum athygli kjósenda að því hversu mikilsvarðandi og þýðingarmikill að væri tilgangur alþingiskosninga. Hann nefndi því næst nöfn þeirra manna er gefa vildu kost á sér til kosningar í þetta sinn og voru þeir þessir. Björn bóndi Sigfússon á Grímstungu og Cand.phil. Þorleifur Jónsson í Stóradal. Voru því næst nokkrar

spurningar viðvíkjandi hinum helstu landsmálum lagðar fyrir þingmannaefni þessi og svöruðu þeir þeim, hver um sig, í rétttri röð. Eftir alllangan tíma sleit oddviti umræðunum og skoraði á kjósendur að ganga til kosninga. – Þá lagði oddviti fram kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar og fann kjörstjórnin ekki neitt við þær að athuga.

Eftir að allir þeir kjósendur sem mættir voru á kjörþinginu, 41 að tölu að meðtaldri kjörstjórninni, höfðu á lögboðinn hátt greitt atkvæði sín og kjörstjórnin hafði nákvæmlega borið kjörskránar saman við atkvæðaskrána og talið saman atkvæði þau sem greidd voru, kom það fram að atkvæði höfðu fallið þannig. Cand.phil. Þorleifur Jónsson hlaut 41 atkvæði, Björn bóndi Sigfússon hlaut 41 atkvæði. Skýrði oddviti þvínæst þingheimi frá kosningu þessari og lýsti því yfir að samkvæmt henni væru þeir cand.phil. Þorleifur Jónsson og Björn bóndi Sigfússon rétt kjörnir alþingismenn fyrir kjördæmi Húnavatnssýslu til 6 ára frá 1. júlí 1894. Eftir að fullir 2 klukkutímar voru liðnir frá því er byrjað var að ganga til atkvæðagreiðslunnar var kjörfundinum slitið kl. 6½ e.m.

Þessu til staðfestu er undirskrift kjörstjórnarinnar. D.u.s.

Björn Sigfússon (settur), Hjörleifur Einarsson, B.G. Blöndal

Húnavatnssýsla 1900

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0039 – M/7, 6

Ár 1900, laugardaginn 15. september setti og hélt oddviti kjörstjórnarinnar í Húnavatnssýslu, sýslumaður Gísli Ísleifsson, kjörþing á þingstaðnum Blönduósi til þess að láta kjósa 2 menn til alþingis fyrir kjördæmi þetta um næsta 6 ára tímabil, samkvæmt fyrirmælum í konunglegu opnu bréfi dags. 2. mars 1900, og var kjörþing þetta auglýst á lögboðinn hátt. Hinir kosnu kjörstjórar, prófastur Hjörleifur Einarsson R. af Dbr. á Undirfelli og prestur séra Þorvaldur Bjarnarson á Melstað, voru persónulega mættir.

Oddviti las upp áður nefnt konunglegt opið bréf og leiddi því næst með nokkrum orðum athygli kjósenda að því hve mikilsvarðandi og þýðingarmikill að væri tilgangur alþingiskosninga. Hann nefndi því næst nöfn þeirra er gefa vildu kost á sér til kosningar í þetta sinn og voru þeir þessir: Björn bóndi Sigfússon á Kornská;

Hermann bóndi Jónasson á Þingeyrum; Jósafat bóndi Jónatansson á Holtastöðum; Júlíus læknir Halldórsson á Klömburum; Stefán M. Jónsson prestur á Auðkúlu. Tóku þá þingmannaefni þessi til máls og svöruðu spurningum viðvirkjandi hinum helstu landsmálum er fyrir þá voru lagðar, hver um sig, í rétttri röð. Eftir alllangan tíma sleit oddviti umræðunum og skoraði á kjósendur að ganga til kosninga. Þá lagði oddviti fram kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar og fann kjörstjórnin ekkert við þær að athuga nema hvað nöfnum kjósenda á nokkrum kjörskrár ekki var raðað niður eftir stafrófsröð.

Eftir að allir þeir kjósendur sem mættir voru á kjörþinginu, 180 að tölu að meðtaldri kjörstjórninni, höfðu á lögboðinn hátt greitt atkvæði sín og kjörstjórnin hafði nákvæmlega borið kjörskrárnar saman við atkvæðaskrána og talið saman atkvæði þau sem greidd voru, kom það fram að atkvæði höfðu fallið þannig: Hermann bóndi Jónasson hlaut 135 atkvæði; Jósafat bóndi Jónatansson hlaut 119 atkvæði; Björn bóndi Sigfússon hlaut 51 atkvæði; Stefán prestur Jónsson hlaut 38 atkvæði; Júlíus læknir Halldórsson hlaut 17 atkvæði. Skýrði því næst oddviti þingheimi frá kosningu þessari og lýsti því yfir að samkvæmt henni voru þeir Hermann bóndi Jónasson og Jósafat bóndi Jónatansson rétt kjörnir alþingismenn fyrir kjördæmi Húnavatnssýslu til 6 ára frá 1. sept. 1900.

Þessu til staðfestu er undirskrift kjörstjórnarinnar. D.u.s.

Gísli Ísleifsson, Hjörleifur Einarsson, Þorvaldur Bjarnarson

Húnavatnssýsla 1902

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0039 – M/7, 6

Ár 1902, laugardaginn 7. júní setti og hélt oddviti kjörstjórnarinnar í Húnavatnssýslu, sýslumaður Gísli Ísleifsson, kjörþing að þingstaðnum Sveinstöðum til þess að láta kjósa 2 menn til alþingis fyrir kjördæmi þetta um næsta 6 ára tímabil, samkvæmt fyrirmælum í konunglegu opnu bréfi dags. 13. sept. 1901, og var kjörþing þetta auglýst á lögboðinn hátt. Hinir kosnu kjörstjórar, prófastur Hjörleifur Einarsson á Undirfelli og séra Þorvaldur Bjarnarson á Melstað, voru persónulega mættir.

Oddviti las upp áður nefnt konunglegt opið bréf og leiddi því næst með nokkrum orðum athygli kjósenda að því hve mikilsvarðandi og þýðingarmikill væri tilgangur

alþingiskosninga. Hann nefndi því næst nöfn þeirra er gefa vildu kost á sér til kosninga í þetta sinn og voru það þessir: Björn bóndi Sigfússon á Kornsa; Hermann bóndi Jónasson á Þingeyrum; Jósafat bóndi Jónatansson á Holtastöðum; Páll amtmaður Briem á Akureyri, er allir voru mættir á kjörþinginu. Tóku þá þingmannaefni þessi til máls og svöruðu spurningum viðvirkjandi ýmsum landsmálum er bornar voru upp af kjósendum, hver um sig í réttari röð. Eftir alllangan tíma sleit oddviti umræðunum og skoraði á kjósendur að ganga til kosninga. Þá lagði oddviti fram kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar og fann kjörstjórnin ekkert við þær að athuga nema hvað nöfnum kjósenda á nokkrum kjörskrár ekki var raðað niður eftir stafrófsröð.

Eftir að allir kjósendur sem mættir voru á kjörþinginu, 271 að tölu að meðtaldri kjörstjórninni, höfðu á lögboðinn hátt greitt atkvæði sín og kjörstjórnin hafði nákvæmlega borið kjörskrána saman við atkvæðaskrána og talið saman atkvæði þau sem greidd voru, kom það fram að atkvæði höfðu fallið þannig: Hermann bóndi Jónasson hlaut 192 atkvæði; Jósafat bóndi Jónatansson 146 atkvæði; Páll amtm. Briem 110 atkvæði; Björn bóndi Sigfússon 94 atkvæði. Skýrði því næst oddviti þingheimi frá kosningu þessari og lýsti því yfir að samkvæmt henni væru þeir Hermann bóndi Jónasson og Jósafat bóndi Jónatansson rétt kjörnir alþingismenn fyrir kjördæmi Húnavatnssýslu til 6 ára frá 1. júlí 1902.

Þessu til staðfestu er undirskrift kjörstjórnarinnar. D.u.s.

Gísli Ísleifsson, Hjörleifur Einarsson, Þorvaldur Bjarnarson

Húnavatnssýsla 1903

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0039 – M/7, 6

Ár 1903, miðvikudaginn 3. júní setti og hélt oddviti kjörstjórnarinnar í Húnavatnssýslu, sýslumaður Gísli Ísleifsson, kjörþing að þingstaðnum Sveinsstöðum til þess að láta kjósa 2 menn til alþingis fyrir kjördæmi þetta um næsta 6 ára tímabil, samkvæmt fyrirmælum í konunglegu opnu bréfi dags. 25. sept. 1902, og var kjörþing þetta auglýst á lögboðinn hátt. Hinir kosnu kjörstjórar, prófastur Hjörleifur Einarsson á Undirfelli og séra Þorvaldur Bjarnarson á Melstað, voru persónulega mættir.

Oddviti las upp áðurnefnt konunglegt bréf og leiddi því næst með nokkrum orðum athygli kjósenda að því hve mikilsvarðandi og þýðingarmikill væri tilgangur alþingiskosninga. Hann nefndi því næst nöfn þeirra er gefa vildu kost á sér til kosninga í þetta sinn og voru það þessir: Björn bóndi Sigfússon á Kornsa; Hermann bóndi Jónasson á Þingeyrum; Jón bókaörður Jakobsson í Reykjavík; Júl. héraðs-læknir Halldórsson á Blönduósi; Páll amtmaður Briem á Akureyri, er allir voru mættir á kjörþinginu. Tóku þá þingmannaefni þessi til máls og meðmælendur þeirra og svöruðu spurningum viðvíkjandi ýmsum landsmálum er bornar voru upp af kjósendum, hver um sig í réttari röð. Eftir alllangan tíma sleit oddviti umræðunum og skoraði á kjósendur að ganga til kosningu. Þá lagði oddviti fram kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar og fann kjörstjórnin ekkert við þær að athuga nema hvað nöfnum kjósenda á nokkrum kjörskrár ekki var raðað niður eftir stafrófsröð.

Eftir að allir kjósendur sem mættir voru á kjörþinginu, 282 að tölu að meðtaldri kjörstjórninni, höfðu á lögboðinn hátt greitt atkvæði sín og kjörstjórnin hafði nákvæmlega borið kjörskrárnar saman við atkvæðaskrána og talið saman atkvæði þau sem greidd voru, kom það fram að atkvæði höfðu fallið þannig: Hermann bóndi Jónasson hlaut 161; Jón cand. Jakobsson hlaut 144; Páll amtm. Briem hlaut 132; Björn bóndi Sigfússon hlaut 109; Júl. læknir Halldórsson hlaut 18. Skýrði því næst oddviti þingheimi frá kosningu þessari og lýsti því fyrir að samkvæmt henni væru þeir Hermann Jónasson og Jón Jakobsson rétt kjörnir alþingismenn fyrir kjördæmi Húnavatnssýslu til 6 ára frá 1. júlí 1903.

Til staðfestu er undirskrift kjörstjórnarinnar. D. u. s.

Gísli Ísleifsson, Þorvaldur Bjarnarson, Hjörl. Einarsson

Strandasýsla

Strandasýsla 1874

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna:

Ár 1874, föstudaginn hinn 23. októbermánaðar mætti sýslumaðurinn í Strandasýslu S.E. Sverrisson á Kirkjubólspingstað til þess, eftir boði konungs í opnu bréfi dags. 20. maímánaðar 1874, að stjórna nýrri kosningu til alþingis í Strandasýslu, samkvæmt því sem fyrir er mælt í 1. ákvörðun um stundarsakir í stjórnarskrá Íslands, dags. 5. janúarm. þ.ár. Við kosninguna hafði sýslumaðurinn kjörið sér til aðstoðar prestinn séra Brand Tómasson á Prestsbakka og fyrrum hreppstjóra og núverandi forlíkunarmann Ólaf Gíslason á Kolbeinsá, er báðir mættu á kjörstefnunni.

Kjörskrárnar í lögboðnu formi höfðu verið útgefnar af kjörstjórninni hinn 12. sept. næstl. og sendar af stað til auglýsingar og framkomu alls engar útásetningar á þær. Af þeim 167 kjósendum sem til greindir eru á kjörskránum mættu á kjörfundinn 21 er í rétttri röð voru kvaddir til að gefa atkvæði sín og féllu þau þannig, að Torfi Einarsson á Kleifum hlaut 20 atkvæði sem alþingismaður og varð hann þannig fulltrúi fyrir sýsluna.

S.E. Sverrisson, Br. Tómasson, Ó. Gíslason

Strandasýsla 1878 (aukakosning)

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0047 – MA/2, 5

Ár 1878, þriðjudaginn hinn 1. októbermánaðar að Broddanesþingstað mætti sýslumaðurinn í Strandasýslu S.E. Sverrisson til þess að stjórna aukakosningu á alþingismanni fyrir Strandasýslu, í stað Torfa Einarssonar á Kleifum sem nú er látinn. Við kosninguna hafði sýslumaðurinn kjörið sér til aðstoðar hreppnefndar-oddvita Ólaf Gíslason á Kolbeinsá og kaupmann P. Fr. Eggerz á Borðeyri og mættu þeir báðir á kjörstefnunni. Kjörskrárnar í lögboðnu formi höfðu verið útgefnar af kjörstjórninni 8. ágústm. næstliðinn og sendar af stað til auglýsingar um kjördæmið og framkomu alls engar útásetningar á þær.

Af þeim 159 kjósendum sem tilgreindir eru á kjörskránum mættu á kjörfundinum 34, er í rétttri röð voru kvaddir til að gefa atkvæði sín og féllu þau þannig að Björn Jónsson í Reykjavík, ritstjóri Ísafoldar, hlaut 21 atkvæði, sem alþingismaður fyrir sýsluna, en prófastur Eiríkur Briem í Steinnesi aðeins 13 atkvæði og höfðu báðir þessir skriflega framboðið sig.

S.E. Sverrisson, P.F. Eggerz, Ó. Gíslason

Strandasýsla 1880

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0047 – MA/2, 5

Ár 1880, miðvikudaginn 15. septemberm. að Broddanesi mætti oddviti kjörstjórnarinnar fyrir Strandasýslu, sýslumaður S.E. Sverrisson, ásamt kosnum kjörstjórum, fyrrum oddvita Ólafi Gíslasyni á Kolbeinsá og sýslunefndarmanni Jóni Bjarnasyni á Óspakseyri, til þess, samkvæmt opnu bréfi dags. 2. marsm. þ.á., að stjórna kosningu á einum alþingismanni fyrir Strandasýslu, eftir þeim reglum sem ákveðnar eru í lögum 14. sept. 1877. Eftir að oddviti hafði sett kjörþingið, er hann með nægum fyrirvara hafði uppálagt öllum hreppstjórum sýslunnar að auglýsa almenningi á kirkjufundum og á annan venjulegan hátt að skyldi byrja hér í dag um hádegisbil, las hann upp fyrrgreint opið bréf, dags. 2. marsm. næstl., er fyrirskipar kosningu þessa og leiddi hann síðan athygli kjósenda að tilgangi og þýðingu kosningarinnar.

Því næst framlagði oddviti kjörskrár frá öllum 6 hreppum sýslunnar í lögboðnu formi, og nefndi síðan nöfn þeirri þingmannaefna sem höfðu boðið sig fram, einnig þeirra kjósenda sem mæltu fram með kosningu þeirra, og höfðu þessir framboðið sig til þingmennsku: 1) Óðalsbóndi Ásgeir Einarsson á Þingeyrum; 2) Cand.phil. Björn Jónsson ritstjóri Ísafoldar í Kaupmannahöfn.

Þegar enginn af þeim sem mætt höfðu á kjörþinginu óskuðu fremur að taka til máls fór kosningin því næst fram á lögboðinn hátt og eftir að engir fleiri gáfu sig fram til kosningar þrátt fyrir áskorun oddvita í heyranda hljóði og eftir að 2½ stund var liðin frá byrjun kosningargjörðarinnar færðu kjörstjórnarnir inn nöfn sjálfra sín og var þar með atkvæðagreiðslunni lokið. Eftir að búið var að bera saman kjörskrárnar og atkvæðaskrána og telja saman atkvæði kom fram að kosning hafði fallið þannig að óðalsbóndi Ásgeir Einarsson á Þingeyrum hafði hlotið 30 (þrátíu) atkvæði en cand.phil. ritstjóri Björn Jónsson í Kaupmannahöfn 12 (tólf) atkvæði og lýsti oddviti

Þessu yfir fyrir þingheiminum og afhenti jafnframt hinum kosna alþingismanni Ásgeiri Einarssyni kosningarbréf í lögboðnu formi.

Var því næst kjörþinginu slitið.

S.E. Sverrisson, Ó. Gíslason, Jón Bjarnason

Strandasýsla 1886

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0047 – MA/2, 5

Ár 1886, miðvikudaginn 9. maí [júní] að Broddanesþingstað mætti oddviti kjörstjórnar-innar fyrir Strandasýslu ásamt kosnum kjörstjórum, prófasti Páli Ólafssyni á Prestsbakka og sýslunefndarmanni Guðmundi Bárðarsyni í Kollafjarðarnesi, til þess samkvæmt opnu bréfi, dags. 2. nóvember 1885, að stjórn kosningu á einum alþingismanni fyrir Strandasýslu, samkvæmt þeim reglum sem ákveðnar eru í lögum 14. sept. 1877. Eftir að oddviti hafði sett kjörþingið, er hann með nægum fyrirvara hafði uppálagt öllum hreppstjórum sýslunnar að auglýsa almenningi á kirkjufundum og á annan venjulegan hátt að skyldi byrja hér um hádegisbil, las hann upp fyrrgreint opið bréf, dags. 2. nóvember 1885, er fyrirskipar kosningu þessa og leiddi hann síðan athygli kjósenda að tilgangi og þýðingu kosningarinnar.

Því næst framlagði oddviti kjörskrár frá öllum 6 hreppum sýslunnar í lögboðnu formi og hafði enginn gefið kost á sér að gjörast þingmaður fyrir sýsluna nema prófastur Páll Ólafsson á Prestsbakka. Þegar enginn af þeim sem mætt höfðu á kjörþinginu óskuðu fremur að taka til máls fór kosningin fram á lögboðinn hátt og eftir að engir fleiri gáfu sig fram til kosningar þrátt fyrir áskorun oddvita í heyranda hljóði og eftir að meir en 2 stundir voru liðnar frá byrjun kosningargjörðarinnar færðu kjörstjórnarnir inn nöfn sjálfra sín og var þar með atkvæðagreiðslunni lokið.

Eftir að búið var að bera saman kjörskrárnar og atkvæðaskrána og telja saman atkvæði kom fram að kosning hafði fallið þannig að prófastur Páll Ólafsson á Prestsbakka hafði hlotið 25 atkvæði og var þannig kosinn í einu hljóði alþingismaður fyrir sýsluna af öllum þeim sem á kjörþinginu höfðu greitt atkvæði og lýsti oddviti þessu yfir fyrir þingheiminum og afhenti því næst hinum kosna alþingismanni prófasti Páli Ólafssyni kosningarbréf í lögboðnu formi.

Var því næst kjörþinginu slitið.

S.E. Sverrisson, G. Bárðarson, Páll Ólafsson

Strandasýsla 1892

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0047 – MA/2, 5

Ár 1892, laugardaginn 17. septemberm. að Broddanesþingstað mætti oddviti kjörstjórnar Strandasýslu sýslumaður S.E. Sverrisson ásamt kosnum kjörstjórum, prófasti Páli Ólafssyni á Prestsbakka og presti séra Arnóri Árnasyni á Felli sýslunefndarmanni, til þess samkvæmt opnu bréfi, dags. 26. febrúarm. 1892, að stjórn kosningu á einum alþingismanni fyrir Strandasýslu, samkvæmt þeim reglum sem ákveðnar eru í lögum 14. sept. 1877. Eftir að oddviti hafði sett kjörþingið, er hann með nægum fyrirvara hafði uppálagt öllum hreppstjórum sýslunnar að auglýsa almenningi á kirkjufundum eða annan venjulegan hátt að skyldi byrja hér um hádegi í dag, las hann upp fyrrgreint opið bréf, dags. 26. febrúarm. 1892, er fyrirskipar kosningu þessa og leiddi síðan athygli kjósenda að kosningunni.

Því næst lagði oddviti fram kjörskrár frá öllum 7 hreppum sýslunnar í lögboðnu formi og höfðu þeir presturinn séra Arnór Árnason á Felli og hreppstjóri Guðjón Guðlaugsson á Ljufustöðum gefið kost á sér að gjörast þingmenn fyrir sýsluna. Þegar enginn af þeim sem mætt höfðu á kjörþinginu óskuðu fremur að taka til máls fór kosningin fram á lögboðinn hátt og eftir að engir fleiri gáfu sig fram til kosningar og eftir að kosningargjörðin hafði staðið yfir meir en 2 tíma færðu kjörstjórnarnir inn nöfn sín og var þar með kosningargjörðinni lokið.

Þegar búið að var að bera saman kjörskrárnar og atkvæðaskrána og telja saman atkvæði kom fram að kosning hafði fallið þannig að séra Arnór Árnason hafði hlotið 16 atkvæði og hreppstjóri Guðjón Guðlaugsson 36 atkvæði og lýsti oddviti því yfir að hreppstjóri Guðjón Guðlaugsson væri þannig rétt kjörinn alþingismaður fyrir sýsluna og afhenti kjörstjórnin honum síðan kjörbréf sitt.

Var síðan kjörþinginu slitið.

S. Sverrisson, Páll Ólafsson, Arnór Árnason

Strandasýsla 1894

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0047 – MA/2, 5

Ár 1894, þriðjudaginn 5. júní að Broddanesþingstað mætti oddviti kjörstjórnar Strandasýslu sýslumaður S.E. Sverrisson ásamt kosnum kjörstjórum, prófasti Páli Ólafssyni á Prestsbakka og presti Arnóri Árnasyni á Felli sýslunefndarmanni, til þess samkvæmt opnu bréfi, dags. 29. sept. 1893 að stjórna kosningu á einum alþingismanni fyrir Strandasýslu, samkvæmt þeim reglum sem ákveðnar eru í lögum 14. sept. 1877. Eftir að oddviti hafði sett kjörþingið, sem hann með nógum fyrirvara hafði annast um löglega auglýsingu á í öllum hreppum sýslunnar að haldast skyldi hér í dag, las hann upp fyrrgreint opið bréf er fyrirskipar kosningu þessa og leiddi síðan athygli kjósenda að kosningunni. Því næst lagði oddviti fram kjörskrár frá öllum hreppum sýslunnar í lögboðnu formi og var tala kosningarbærra manna í sýslunni samkvæmt þeim 146.

Til þess að gjörast alþingismaður fyrir sýsluna gaf fyrrverandi alþingismaður Guðjón Guðlaugsson á Ljufustöðum kost á sér og var meðmælandi með kosningu hans hreppstjóri Finnur Jónsson á Kjørseyri, sem lýsti því yfir að hann stæði við meðmælingu sína. Þegar enginn af þeim sem mætt höfðu á kjörþinginu óskuðu fremur að taka til máls fór kosningin fram á lögboðinn hátt. Þegar kosningargjörðin hafði staðið yfir 2 tíma og engir fleiri gáfu sig fram til kosningar færðu kjörstjórnarnir inn atkvæði sín og var þar með kosningargjörðinni lokið.

Þegar búið var að bera saman kjörskrárnar og atkvæðaskrána sýndi sig að kosningin hafði fallið þannig að fyrrverandi alþingismaður Guðjón Guðlaugsson á Ljufustöðum hlaut atkvæði allra þeirra 42 sem mætt höfðu á kjörþinginu og lýsti oddviti því yfir að hann væri réttkjörinn alþingismaður fyrir Strandasýslukjördæmi og afhenti kjörstjórnin honum síðan kjörbréf sitt. Þess skal getið að 10 menn, sem tilgreindir eru á hinum framlögðu kjörskrá hafa andast áður en kjörþingið var haldið.

Fleira gjörðist ekki á kjörþinginu og var því síðan slitið.

S.E. Sverrisson, Páll Ólafsson, Arnór Árnason

Strandasýsla 1900

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0047 – MA/2, 5

Ár 1900, þriðjudaginn 21. maí að þingstaðnum Broddanesi mætti oddviti kjörstjórnar Strandasýslu sýslumaður Marínó Hafstein ásamt kosnum kjörstjórum, prófasti Páli Ólafssyni Prestsbakka og sýslunefndarmanni Guðmundi Bárðarsyni, til þess samkv. landshöfðingjabréfi, dags. 14/11 f.á., að stjórna kosningu á einum alþingismanni í Strandasýslu, sem skipað hafði verið með opnu bréfi 2. mars f.á., er misfarist hafði vegna óveðurs hinn ákveðna dag, samkvæmt reglum þeim er settar eru í lögum 14. sept. 1877. Eftir að oddviti hafði sett kjörþingið, er auglýst hafði verið með nægum fyrirvara og uppleið landshöfðingjabréfið og hið opna bréf, leiddi hann athygli kjósenda að hinni mikilsvarðandi þýðingu kosningarinnar. Því næst lagði hann fram kjörskrár úr öllum hreppum ásamt 2 aukaskrár og er tala kosningarbærra manna eftir þeim 154.

Til þess að gjörast alþingismenn hafa boðið sig fram þeir fyrrv. alþingismaður Guðjón Guðlaugsson og Ingimundur bóndi Magnússon í Snartatungu.

Meðmælendur Guðjóns Guðlaugssonar eru þeir Björn Halldórsson á Smáhömrum og Eymundur Guðbrandsson í Bæ. Meðmælandi Ingimundar er séra Arnór Árnason á Felli. Þegar hvorki þingmannsefni, meðmælendur né kjósendur óskuðu lengur að taka til máls sleit oddviti umræðunum og skoraði á kjósendur að ganga til kosningar. Fór hún síðan fram á lögboðinn hátt. Þegar engir fleiri kjósendur gáfu sig fram þrátt fyrir áskorun oddvita og liðnar voru 2 klukkustundir frá því kosningargjörðin byrjaði færðu kjörstjórar inn atkvæði sjálfra sín og var þar með kosningargjörðinni lokið. Kjörstjórnin skrifar síðan nöfn sín undir kjörskrána og atkvæðaskrána .

Síðan voru bornar saman kjörskrárnar við atkvæðaskrána og varð það þá augljóst að Guðjón Guðlaugsson, af 64 atkvæðum er greidd voru, hlaut 45 atkvæði en Ingimundur Magnússon 19 atkvæði. Oddviti lýsti því þá yfir að Guðjón Guðlaugsson á Ljufustöðum væri réttkjörinn alþingismaður í Strandasýsluumdæmi. – Var honum síðan afhent kjörbréfið.

Frekar var þá ekki fyrirtekið og kjörþinginu síðan slitið.

Marínó Hafstein, G. Bárðarson, Páll Ólafsson

Strandasýsla 1902

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0047 – MA/2, 5

Ár 1902, þ. 2. júní mætti oddviti kjörstjórnar Strandasýslu sýslumaður Marínó Hafstein að þingstaðnum Broddanesi ásamt kosnum kjörstjórum, Jósep bónda Jónssyni á Melum og sýslunefndarmanni Kristjáni Gíslasyni á Borðeyri, til þess samkv. opnu bréfi, dags. 13. sept. f.á., að stjóra kosningu á einum alþingismanni fyrir Strandasýslu eftir þeim reglum sem settar eru í kosningarlögunum frá 14. sept. 1877. Eftir að oddviti hafði sett kjörþingið er auglýst hafði verið með kjörfundarboði, dags. 21. apríl þ.á., og upplesið hið opna bréf, leiddi hann athygli kjósenda að mikilvægi kosningarinnar. Því næst lagði oddviti fram kjörskrár úr öllum hreppum kjördæmisins og er tala atkvæðisbærra manna eftir þeim 159.

Til þess að gjörast þingmenn í kjördæminu hafa boðið sig fram fyrrv. alþingismaður Guðjón Guðlaugsson og Jósep óðalsbóndi Jónsson á Melum. Sem meðmælendur Guðjóns Guðlaugssonar játa sig: Guðmundur héraðslæknir Scheving og Björn Halldórsson bóndi á Smahömrum. Séra Arnór Árnason mælir með Jósep Jónssyni, en áður en kosningargjörðin byrjar tekur þessi frambjóðandi framboð sitt tilbaka. Þegar hvorki þingmannsefnið, meðmælendur né kjósendur óskuðu lengur að taka til máls sleit oddviti umræðunum og skoraði á kjósendur að ganga til kosningar. – Kosningargjörðin fór síðan fram á lögmetan hátt. – Þegar engir fleiri kjósendur gáfu sig fram, þrátt fyrir áskorun oddvita og liðnar voru 2 klukkustundir frá því að kosningargjörðin byrjar, færðu kjörstjórar inn atkvæði sjálfa sín og rituðu nöfn sín undir kjörskrárnar og atkvæðaskrána. Var þar með atkvæðagreiðslunni lokið. Því næst voru kjörskrárnar bornar saman við atkvæðaskrána og kom það þá fram að Guðjón Guðlaugsson hafði hlotið 50 atkv. – Oddviti lýsti þá yfir því að Guðjón Guðlaugsson væri réttkjörinn alþingismaður í Strandasýsluumdæmi fyrir næstu 6 ár, þannig að kjörtíminn teldist frá 1. n.m. Kjörstjórnin afhenti honum síðan kosningarbréfið.

Frekara var ekki fyrirtekið og því kjörþinginu slitið.

Marínó Hafstein, Jósep Jónsson, Kristján Gíslason

Strandasýsla 1903

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0047 – MA/2, 5

Ár 1903, þ. 6. júním. mætti oddviti kjörstjórnar Strandasýslu að hinum ákveðna kjörfundarstað, Heydalsá, ásamt hinum kosnu kjörstjórum, Guðmundi héraðslækni Scheving og séra Arnóri Árnasyni, til þess, samkv. opnu bréfi dags. 25. sept. f.á., að stjórn kosningu á einum alþingismanni fyrir Strandasýslu eftir þeim reglum sem settar eru í kosningarlögum til alþingis frá 14. sept. 1877. Eftir að oddviti hafði sett kjörþingið og lesið upp hið opna bréf leiddi hann athygli kjósenda að mikilvægi kosningarinnar. Kjörþingið var auglýst með kjörfundarboði 4/4 þ.á. Því næst lagði oddviti fram kjörskrár úr öllum hreppum kjördæmisins og er tala kosningarbærra manna eftir þeim 165.

Til þess að gjörast þingmenn fyrir kjördæmið hafa boðið sig fram fyrrv. alþingismaður Guðjón Guðlaugsson, samkv. skriflegu framboði dags. 26. maí þ.á., og Jósep bóndi Jónsson á Melum, sem mættur er á kjörfundinum. Gagnvart framboði Guðjóns Guðlaugssonar, sem ekki er mættur, lýsti kjörstjórinn séra Arnór Árnason því yfir að hann álitir það ekki formlegt né fullnægjandi, en hinir kjörstjórar taka það gilt. Bréf það sem framboðið er í er framlagt á kjörfundinum, merkist nr. 1. og er svohljóðandi, hvað snertir framboðið. Kjörstjórinn heimtar bókað eftirfylgjandi ástæður fyrir mótmælum sínum:

Að framboðið er í privatbréfi til oddvita kjörstjórnarinnar og að ekki hefur að neinu leyti verið fullnægt ákvæðum 22. gr. kosningarlaganna að því er snertir skriflega yfirlýsingu meðmælanda, né frambjóðanda sjálfs.

Sem meðmælendur Guðjóns Guðlaugssonar gáfu sig fram Björn bóndi Halldórsson á Smáhömrum, Gísli bóndi Sigurðsson í Hlíð og Kristján sýslunefndarmaður Gíslason á Borðeyri. Sem meðmælendur frambjóðandans Jóseps Jónssonar játa sig Guðmundur bóndi Pétursson í Ófeigsfirði og Guðmundur bóndi Þorkelsson á Felli í Árneshreppi. Þegar hvorki hið mætta þingmannsefni, meðmælendur né kjósendur óskuðu lengur að taka til máls sleit oddviti umræðunum og skoraði á kjósendur að ganga til kosninga. Fór síðan kosningin fram á lögmaetan hátt. Þegar engir fleiri kjósendur gáfu sig fram, þrátt fyrir áskorun oddvita og liðnar voru fullar 2 klukkustundir frá því kosningargjörðin byrjaði, færðu kjörstjórar inn nöfn sjálfra sín og rituðu síðan nöfn sín undir bæði kjörskrána og atkvæðaskrána. Voru síðan kjörskrárnar bornar saman við atkvæðaskrána og talin saman atkvæði. Kom það þá

fram að frambjóðandinn Guðjón Guðlaugsson, af 49 greiddum atkvæðum, hafði fengið 29 atkvæði, en frambjóðandinn Jósep Jónsson 20 atkvæði. Þannig er Guðjón Guðlaugsson kosinn alþingismaður fyrir Strandasýsluumdæmi fyrir næstu 6 ár þannig að kjörtíminn teljist frá 1. júlí þ.á. Kjörstjórnin undirskrifar síðan kjörbréfið sem afhendist hinum kosna þingmanni af oddvita.

Frekara ekki tekið fyrir og því næst kjörþinginu slitið.

Marínó Hafstein, Arnór Árnason, G.B. Scheving

Ísafjarðarsýsla

Ísafjarðarsýsla 1874 (1875)

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0043 – MA/1, 3

Ár 1875, föstudaginn þann 16^{da} apríl var á Ísafirði settur kjörfundur og haldinn af undirskrifaðri kjörstjórn, samkvæmt opnu bréfi 20. maí 1874 og stjórnarskrá Íslands 5. janúar 1874. Kjörstjórinn hafði kosið og skipað í kjörfundinum með sér prófastana herra St.P. Stephensen í Holti og herra Á. Böðvarsson á Ísafirði. Kjörskrár voru samdar fyrir öll kjördæmi sýslunnar 1. mars 1875 og sendar út um sýsluna til þess að vera til sýnis á kirkjustöðum í hinar lögskipuðu 6 vikur. En þar kjörstjórnin var sannfærð um að engar útásetningar verulegar gætu komið gegn kjörskránni og þá þær kæmu tilbaka einnig sýndi sig að ekki varð tilfellið auglýsti kjörstjórnin fund til kosninga einnig 1. mars 1875 og sendi í öll kjördæmi ásamt kjörskránum.

Eftir að kjörstjórinn hafði áminnt kjósendur um að velja eftir bestu vitund og samvisku var kjörskráin upplestin og framfóru kosningar sem fylgir. Að kosningum afloknum voru atkvæði upplestin og samantalin og höfðu þessir fengið atkvæði nefnl.: Jón Sigurðsson riddari Kaupmannahöfn 57; St.P. Stephensen prófastur Holti 41; Gunnar Halldórsson hreppstjóri Skálavík 16; Ásgeir kaupmaður Ásgeirsson Ísafirði 4; St. Bjarnarson sýslumaður Ísafirði 2; Jón Jónsson prestur Gerðhömrum 1; Guðmundur Brynjólfsson dannebrogsm. Mýrum 1.

Atkvæðagreiðslan var upplestin hátt og í heyranda hljóði og sömuleiðis þessi fundur og var allt viðurkennt rétt bókað. Þingmenn Ísafjarðarsýslu og kaupstaðar eru samkvæmt framangreindu Jón Sigurðsson riddari Kaupmannahöfn, St.P.

Stephensen prófastur Holti

Þar með var fundi slitið sama stað ár og dag sem ofangreininir.

St. Bjarnarson, St.P. Stephensen, Árni Böðvarsson

Ísafjarðarsýsla 1879 (aukakosning)

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0043 – MA/1, 3

Ár 1879 föstudaginn þann 8. ágúst var á Ísafirði settur kjörfundur og haldinn af undirskrifaðri kjörstjórn, samkvæmt bréfi Vesturamtsins dags. 14. júní þ.á. og stjórnarskrá Íslands 5. janúar 1874. Kjörstjórinn hafði kosið og skipað í kjörnefndina prófast Árna Böðvarsson og verslunarfulltrúa Árna Jónsson á Ísafirði. Kjörskrár voru samdar fyrir öll kjördæmi sýslunnar 19. júní 1879 og sendar út um sýsluna til þess að vera til sýnis á kirkjustöðunum í hinar lögskipuðu 6 vikur og voru allar komnar nema frá Hóls-, Ögur-, Snæfjalla-, Nauteyrar-, Reykjarfjarðar- og Súðavíkur-hreppum. Auglýsing um kjörfundinn var löglega auglýst í öllu kjördæminu. Af því engar útásetningar voru komnar er ei voru leiðréttar gat kosningin framfarið á þeim tiltekna degi.

Kjörskráin var upplestin og féllu atkvæði þannig: Gunnar Halldórsson bóndi í Skálavík fékk 7 atkvæði; Th. Thorsteinson bakari á Ísafirði fékk 6 atkvæði; St. Bjarnarson sýslumaður í Árnessýslu fékk 5 atkvæði; Benedikt Oddsson Hjarðardal fékk 2 atkvæði; E. Hálfánarson Hvítanesi fékk 2 atkvæði; Þórður Magnússon Hattardal fékk 2 atkvæði; C. Fensmark sýslumaður fékk 1 atkvæði; E.H. Hálfánarson dósent Reykjavík fékk 1 atkvæði; S. Andrés�on snikkari Ísafirði fékk 1 atkvæði; Þorvaldur Jónsson læknir fékk 1 atkvæði. Þar eð allir þeir sem atkvæði greiddu úr þeim hreppum er kjörskránum voru ókomnar frá voru kjörstjórninni vel þekktir tók hún atkvæði þeirra öll fyrir það gild. Þingmaður Ísafjarðar kjördæmis til alþingis 1879 í stað hr. J. Sigurðssonar er altsvo réttilega kosinn Gunnar Halldórsson í Skálavík með 7 atkvæðum af 25.

Þareftir var fundi slitið.

C. Fensmark, Árni Böðvarsson, Árni Jónsson

Þar eð sá sem hafði flest atkvæði ekki hafði fengið helming atkvæðanna var kosið að nýju og féllu þá atkvæði þannig að: bakari Th. Thorsteinson á Ísafirði fékk 12 atkvæði; bóndi Þórður Magnússon Hattardal fékk 3 atkvæði; bóndi Gunnar Halldórsson Skálavík fékk 2 atkvæði; bóndi Benedikt Oddsson Hjarðardal fékk 1 atkvæði, og er því bakari Th. Thorsteinsson á Ísafirði réttilega kosinn þingmaður í stað Jóns Sigurðssonar fyrir þann kjörtíma sem eftir er.

Upplesið og fundi slitið.

C. Fensmark, Árni Böðvarsson, Árni Jónsson

Ísafjarðarsýsla 1880

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0043 – MA/1, 3

Ár 1880, föstudaginn þ. 17. septbr. um hádegi var settur kjörfundur fyrir Ísafjarðarsýslu og kaupstað, samkvæmt opnu bréfi 2. mars þ.á. Í kjörstjórn voru kosnir á sýslufundi 4. maí þeir verslunarstjóri Árni Jónsson á Ísafirði og sýslunefndarmaður Sumarliði Sumarliðason í Æðey. Oddvitinn framlagði: 1) kjörskrár úr öllum hreppum og kaupstaðnum; 2) opið bréf um að almennar kosningar til alþingis skuli fram fara dags. 2. mars þ.á.; 3) bréf 4. þ.m. þar sem Benedikt Oddsson Hjarðardal býður sig fram sem þingmannsefni; 4) bréf 16. sept þ.á. frá Þ. Jónssyni og E. Jónssyni með meðmælingu beggja að kjósa yfirdómara L. Sveinbjörnsson í Reykjavík; um 1 fylgiskjali í hverju hann yfirlýsir að hann ekki hafi boðið sig fram annarsstaðar.

Kjörstjórnin kom sér saman um að láta hreppana gefa atkvæði eftir stafaröð og að skipta atkvæðaskránni í sérstakar [texta vantar] kjörskránum sjálfum.

Á kjörþinginu buðu sig fram:

1. Bjarni Kristjánsson Núpi. Meðmælendur: séra Stefán, Guðmundur Björnsson.
2. Gunnar Halldórsson Skálavík. Meðmælendur: séra Þórarinn, Gísli í Reykjarf.
3. Hjálmar Jónsson Stað. Meðmælendur: Sigurður Gíslason, séra Einar.
4. Séra Stefán í Holti. Meðmælendur: Gunnar Halldórsson, factor Riis.
5. Th. Thorsteinsson Ísafirði. Meðmælendur: Grímur Jónsson, kaupmaður Falk.
6. Þórður Magnússon Hattardal. Meðmælendur: séra Páll, Hjalti Sveinsson.

Eftir að meðmælingunum og af þingmannaefnunum Th. Thorsteinsson og Þ. Magnússon hafði haft orðið voru greidd atkvæði [ólæsilegt] fengu: Th Thorsteinsson 30 atkvæði; Þ. Magnússon 28 atkvæði; L. Sveinbjörnsson 22 atkvæði; G. Halldórsson 15 atkvæði; B. Oddsson 14 atkvæði; St. Stefánsson 10 atkvæði; Hj. Jónsson 3 atkvæði; Bjarni Kristjánsson 2 atkvæði. Þar eð 62 kjósendur voru mættir hafði enginn náð nógum atkvæðum, samkv. 34.gr. kosningarlaganna, og var því farið að kjósa að nýju óbundnum kosningum.

Þegar nú kjósendur höfði gefið atkvæði lýstu þeir Benedikt Oddsson og próf. St. Stefánsson yfir því að þeir ekki taki lengur við kosning. Við 2. kosning féllu

atkvæðin þessum: Benedikt Oddsson 1 atkvæði; Bjarni Kristjánsson 2 atkvæði; Gunnar Halldórsson 25 atkvæði; Hjálmar Jónsson 3 atkvæði; Lárus Sveinbjörnsson 28 atkvæði; Th. Thorsteinsson 32 atkvæði; Þórður Magnússon 29 atkvæði.

Eftir þessu hefur Th. Thorsteinsson fengið nóg atkvæði þar eð 60 hafa greitt atkvæði en verður að kjósa bundna kosningu milli L. Sveinbjörnsson og Þ. Magnússon. Þær féllu þannig: L. Sveinbjörnsson fékk 18 atkvæði, Þ. Magnússon fékk 31 atkvæði og var því Þórður Magnússon kosinn. Þetta var þar eftir kunnigert fundinum og kjörfundi slitið.

C. Fensmark, Árni Jónsson, S. Sumarliðason

Ísafjarðarsýsla 1886

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0043 – MA/1, 3

Ár 1886, miðvikudaginn 2. júní einni stundu fyrir hádegi var settur kjörfundur fyrir Ísafjarðarsýslu og kaupstað, samkvæmt opnu bréfi frá 2. nóv. 1885. Í kjörstjórn höfðu verið kosnir á sýslufundi 11. mars þ.á. verslunarfulltrúi Árni Jónsson á Ísafirði og sýslunefndarmaður Gunnar Halldórsson í Skálavík. Kjörfundarboð hafði verið sent í alla hreppa sýslunnar 14. apríl þ.á. og auk þess birt í kaupstaðnum á venjulegan hátt.

Oddviti las upp opið bréf um nýjar kosningar til alþingis, dags. 2. nóv. 1885, og kjörskrár úr öllum hreppum og kaupstaðnum voru lagðar fram á fundinum. Oddviti brýndi stuttlega fyrir fundinum þýðingu kosningarinnar. Á kjörþinginu buðu sig fram: 1) Séra Sigurður Stefánsson prestur í Ögurþingum. Meðmælandi: Þórður Magnússon; 2) Gunnar Halldórsson Skálavík. Meðmælandi: Þórður Magnússon; 3) Th. Thorsteinsson Ísafirði.

Eftir að Þórður Magnússon, fyrrverandi alþingismaður, hafði mælt með þeim séra Sigurði Stefánssyni og Gunnari Halldórssyni og öll þrjú þingmannaefnin höfðu haldið allangar ræður og gjört grein fyrir skoðunum sínum var gengið til kosninga og fengu atkvæði þessir: Séra Sigurður Stefánsson í Vigur 68 atkvæði; Gunnar Halldórsson Skálavík 50 atkvæði; Th. Thorsteinsson í Ísaf. 17 atkvæði. 70 kjósendur höfðu greitt atkvæði og eru því þeir séra Sigurður Stefánsson og Gunnar Halldórsson kosnir alþingismenn fyrir Ísafjarðarsýslu og kaupstað. Þetta var því næst tilkynnt kjörfundarmönnum og kjörfundinum því næst slitið.

Skúli Thoroddsen, Árni Jónsson, Gunnar Halldórsson

Ísafjarðarsýsla 1892

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0043 – MA/1, 3

Ár 1892, mánudaginn þ. 5. september kl. 12 á hádegi var settur kjörfundur Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstaðar, samkvæmt opnu bréfi dags. 26. febrúar þ.á. Í kjörstjórn höfðu verið kosnir á sýslufundi 3. mars þ.á. verslunarstjóri Árni Jónsson á Ísafirði og sýslunefndarmaður Guðmundur Oddsson á Hafrafelli. Kjörfundarboð hafði verið sent í alla hreppa sýslunnar 2. júlí þ.á. og auk þess birt í kaupstaðnum á venjulegan hátt.

Oddviti las upp opið bréf, dags. 26. febrúar 1892, um nýjar kosningar til alþingis og kjörskrár úr öllum hreppum voru lagðar fram á fundinum. Oddviti brýndi fyrir þingheimi þýðingu kosninganna. Á kjörfundi buðu sig fram: 1) Matthías Ólafsson. Meðmælendur: Friðrik Bjarnason frá Meirigarði og próf. Janus Jónsson; 2) Árni Sveinsson. Meðmælendur: Friðrik Bjarnason frá Meirigarði og próf. Janus Jónsson; 3) Sigurður Stefánsson. Meðmælandi: Gunnar Halldórsson; 4) Skúli Thoroddsen. Meðmælandi: Gunnar Halldórsson. Með Matthíasi Ólafssyni mælti einnig hreppstjóri Guðmundur Eiríksson á Þorfinnsstöðum.

Eftir að öll þingmannaefnin og meðmælendur þeirra höfðu haldið ræður um ýmis þjóðmál og kjósendur lagt fyrir þingmannaefnin ýmsar spurningar og þingmannaefnin svarað þeim var gengið til kosninga um tvo þingmenn fyrir Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað. Þessir fengu atkvæði: Skúli Thoroddsen 108 atkvæði; Sigurður Stefánsson 83 atkvæði; Matthías Ólafsson 42 atkvæði; og Árni Sveinsson 23 atkvæði. 128 kjósendur höfðu greitt atkvæði. Þeir Skúli Thoroddsen á Ísafirði og Sigurður Stefánsson í Vigur eru því samkvæmt þessu réttkjörnir alþingismenn fyrir Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað. Úrslit kosninganna voru því næst birt þingheimi og var kjörþinginu síðan slitið.

Lárus Bjarnason settur, Árni Jónsson, Guðmundur Oddsson

Ísafjarðarsýsla 1894

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0043 – MA/1, 3

Ár 1894, miðvikudaginn þ. 6. júní kl. 12 á hádegi var kjörþing Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstaðar sett í þinghúsi kaupstaðarins. Þá var tekið fyrir samkvæmt opnu bréfi, dags. 29. septbr. 1893, að kjósa 2 alþingismenn fyrir Ísafjarðarsýslu og kaupstaðar kjördæmi fyrir næsta 6 ára kjörtímabil. Í kjörstjórn til alþingiskosninga þeirra, er nú eiga fram að fara, höfðu á sýslunefndarfundi 29. mars þ.á. verið kosnir úr flokki sýslunefndarmanna séra Kristinn Daníelsson prestur að Söndum í Dýrafirði, en úr flokki kjósenda Árni verslunarstjóri Jónsson á Ísafirði.

Kjörfundarboð hafði verið útgefið 19. mars þ.á. og síðan birt í 9. tölubl. 1. árg. blaðsins „Grettir“, er útkemur hér á Ísafirði, auk þess sem það hafði verið birt hér í kaupstaðnum á venjulegan hátt. Formaður kjörstjórnar las upp: 1) opið bréf, undirskrifað af konungi 29. september f.á. um að alþingi skuli upp leyst; 2) opið bréf, undirskrifað af konungi sama dag um nýjar kosningar til alþingis á tímabilinu frá 1.–10. júní 1894. Kjörskrár úr öllum hreppum sem og kjörskrá kaupstaðarins voru framlagðar á þinginu. Formaður kjörstjórnarinnar leiddi með fáum orðum athygli kjósenda að þýðingu kosningarinnar. Kjörstjórnin ákvað að byrja skyldi atkvæðagreiðsluna með kjörskrá Auðkúluhrepps.

Skúli sýslumaður Thoroddsen og Sigurður prestur Stefánsson gáfu einir á kjörfundinum kost á sér sem þingmannaefni í Ísafjarðarsýslu og kaupstað. Aðrir höfðu ekki gefið kost á sér. Halldór Jónsson frá Rauðamýri og Jón Guðmundsson Grafargili mæltu með kosningu þingmannaefnanna. Eftir að þingmannaefni og meðmælendur þeirra höfðu lýst skoðunum sínum á ýmsum landsmálum, voru nokkrar fyrirspurnir lagðar fyrir þingmannaefnin og er þingmannaefnin höfðu svarað þeim lýsti formaður kjörstjórnarinnar því yfir að úr því að fleiri ekki óskuðu að taka til máls væri umræðum slitið.

Var því næst gengið til kosninga kl. 12³⁸ e.h. og var kosningu lokið eftir að beðið hafði verið ½ tíma, kl. 2²² e.h. Alls eru samkvæmt hinum framlögðu kjörskrá 473 kosningarbærir menn í kjördæminu. 109 kjósendur greiddu atkvæði á fundinum og féllu atkvæði þannig að: Sigurður prestur Stefánsson hlaut 108 atkvæði, en Skúli Thoroddsen sýslumaður 107 atkvæði. Formaður kjörstjórnarinnar lýsti því þessu næst yfir að alþingismenn fyrir Ísafjarðarsýslu og kaupstað væru kosnir Sigurður prestur Stefánsson í Vigur og Skúli sýslumaður Thoroddsen á Ísafirði.

Að svo búnu var kjörþinginu slitið kl. 2³² e.h.

Lárus Bjarnason, Árni Jónsson, Kristinn Daníelsson

Ísafjarðarsýsla 1900

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0043 – MA/1, 3

Ár 1900, laugardaginn þann 1. dag septembermánaðar kl. 12 á h. var kjörþing fyrir Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað sett í þinghúsi kaupstaðarins til þess, samkvæmt o.br. 2. mars þ.á., að kjósa 2 alþingismenn fyrir Ísafjarðarsýslu og kaupstaðar kjördæmi fyrir næsta 6 ára kjörtímabil. Í kjörstjórn til alþingiskosninga þeirra sem nú eiga fram að fara höfðu verið kosnir á sýslunefndarfundum Norður-Ísafjarðarsýslu og Vestur-Ísafjarðarsýslu á síðastliðnu vori: úr flokki sýslunefndarmanna beggja sýslna Guðmundur Eiríksson á Þorfinnsstöðum, en úr flokki kjósenda Árni Jónsson verslunarstjóri. Kjörfundarboð hafði verið útgefið 20. júlí og birt í öllum hreppum og kaupstöðum, ennfremur í blaðinu „Þjóðviljinn ungi.“ Formaður kjörstjórnarinnar las upp opið bréf, undirskrifað af konungi 2. dag marsmán. 1900, um nýjar kosningar til alþingis í septemberm. þ.ár. Kjörskrár úr öllum hreppum sem og kjörskrár kaupstaðarins voru framlagðar á kjörþinginu. Formaður kjörstjórnarinnar leiddi athygli kjósenda að þýðingu kosninganna.

Kjörstjórnin ákvað að byrja skyldi atkvæðagreiðsluna með kjörskrá Auðkúluhrepps. Á kjörfundi buðu sig fram: 1) Sýslumaður og bæjarfógeti H. Hafstein; 2) Séra Sigurður Stefánsson prestur í Vigur; 3) Fyrrv. sýslumaður Skúli Thoroddsen; 4) Próf. Þ. Jónsson Ísafirði. Meðmælandi H. Hafsteins var Matth. Ólafsson í Haukadal. Meðmælendur Sk. Thoroddsen og Sig Stefánssonar voru Jón Jónsson í Súðavík, Guðm. Jónsson í Brekku. Meðmælandi séra Þorv. Jónssonar var séra Janus Jónsson. Könnuðust þeir við meðmæli sín á kjörfundinum. Eftir að þingmannaefnin höfðu lýst skoðunum sínum og meðmælendurnir Matth. Ólafsson og séra Janus Jónsson höfðu tekið til máls og fleiri kvöddu sér eigi hljóðs sleit formaður kjörstjórnar umræðum.

Síðan var gengið til kosningar kl. 2³⁴ og eftir að beðið hafði verið fastsettan tíma, 15 mínútur eftir að ekki fleiri gáfu sig fram til að kjósa, var kosningunni lokið kl. 7¹⁴ e.h. Þá voru atkvæði saman talin og kom þá fram að 314 kjósendur höfðu greitt atkvæði af c. 500 er atkvæðisrétt hafa. Höfðu atkvæði fallið þannig að: Skúli

Thoroddsen hafði hlotið 197 atkvæði; H. Hafstein hafði hlotið 168 atkvæði; Séra Sigurður Stefánsson hafði hlotið 140 atkvæði; Séra Þorvaldur Jónsson hafði hlotið 123 atkvæði [alls] 628 [atkvæði]. Formaður kjörstjórnarinnar lýsti því þá yfir að alþingismenn fyrir Ísafjarðarsýslu og kaupstað um næsta kjörtímabil væru kosnir Skúli Thoroddsen f. sýslumaður og bæjarfógeti á Ísafirði og Hannes Hafstein sýslumaður og bæjarfógeti s.st.

Að því búnu var kjörþinginu slitið kl. 9 e.h.

H. Hafstein, Árni Jónsson, Guðm. Á. Eiríksson

Ísafjarðarsýsla 1902

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0043 – MA/1, 3

Ár 1902, þann 11. dag júnímánaðar kl. 12 á h. var kjörþing fyrir Ísafjarðarsýslu og kaupstaðar kjördæmi sett í þinghúsi kaupstaðarins til þess, samkvæmt o.br. 13. sept. f.á., að kjósa 2 alþingismenn fyrir kjördæmið fyrir næsta 6 ára kjörtímabil. Í kjörstjórn til alþingiskosninga þessara höfðu verið kosnir af sýslunefndum Norður-Ísafjarðarsýslu og Vestur-Ísafjarðarsýslu á síðastliðnum aðalfundum: úr flokki sýslunefndarmanna beggja sýslna Guðmundur Eiríksson á Þorfinnsstöðum og úr flokki kjósenda Bjarni Kristjánsson skipstjóri.

Kjörfundarboð hafði verið útgefið 23. aprílmánaðar og birt í öllum hreppum og kaupstöðum. Ennfremur 2^{var} í blaðinu „Vestri.“ Oddviti kjörstjórnarinnar las upp opið bréf, undirskrifað af konungi 13. sept f.á., um nýjar kosningar til alþingis 2.–11. júní þ.á. að báðum dögum meðtöldum. Kjörskrár úr öllum hreppum sem og kjörskrá kaupstaðarins voru framlagðar á kjörþinginu, gildandi frá 1. júlí 1901–30. júní 1902. Oddviti kjörstjórnarinnar leiddi athygli kjósenda að því hver tilgangurinn væri með kosninguna og hve mikilsverð kosningin væri.

Á kjörþinginu buðu sig fram til kosningar: 1) Halldór Jónsson, búfræðingur á Rauðsmýri. Meðmælandi: Kristján Þorláksson í Múla; 2) Hannes Hafstein. Meðmælandi: Árni Sveinsson, Ísafirði; 3) Matthías Ólafsson. Meðmælandi: Helgi Sveinsson, Ísafirði; 4) séra Sigurður Stefánsson. Meðmælendur: séra Þórður Ólafsson, Pétur Oddsson; 5) Skúli Thoroddsen. Meðmælendur: Sigfús Bjarnason Ísf., Jóakim Jóakimsson Ísf., Pétur Oddsson Ísf. Þingmannsefni tóku síðan til máls eftir

upphafsstöfum nafna þeirra nema H. Hafstein sem vegna fundarstjórnar ekki tók til máls fyrr en eftir að meðmælendur þriggja hinna fyrstnefndu þingmannsefna höfðu höfðu tekið til máls, sleit oddviti umræðunum. Síðan var gengið til kosninga er hófust c. kl. 2½ – 15 mínútum eftir að engir fleiri gáfu sig fram til að kjósa er kosningunni lokið kl. 7. e.h.

Þá voru atkvæði saman talin og kom þá fram að 360 kjósendur hefðu greitt atkvæði af þeim sem á kjörskrár eru. Höfðu atkvæði fallið þannig að: Skúli Thoroddsen hafði fengið 235 atkv.; Séra Sig. Stefánsson hafði fengið 230 atkv.; Hannes Hafstein hafði fengið 137 atkv.; Matthías Ólafsson hafði fengið 118 atkv. Oddviti lýsti því yfir að alþingismenn fyrir Ísafjarðarsýslu og kaupstaðar kjördæmi séu kosnir Skúli Thoroddsen kaupmaður og séra Sigurður Stefánsson í Vigur.

Að því búnu var kjörþinginu slitið kl. 8 e.h.

H. Hafstein, B.H. Kristjánsson, Guðm. Á. Eiríksson

Norður-Ísafjarðarsýsla 1903

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0043 – MA/1, 3

Ár 1903, 2. dag júnímánaðar kl. 11 f.h. var kjörþing fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstaðar-kjördæmi sett í þinghúsi kaupstaðarins til þess, samkvæmt opnu bréfi 25. sept. 1902, að kjósa 1 alþingismann fyrir kjördæmið fyrir næsta 6 ára kjörtímabil. Í kjörstjórn til alþingiskosningar þessarar höfðu á síðasta aðalfundi sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu verið kosnir: úr flokki sýslunefndarinnar, Kolbeinn Jakobsson í Unaðsdal og úr flokki kjósenda, Árni Jónsson verslunarstjóri á Ísafirði. Kjörfundarboð hafði verið útgefið 7. dag apríl mánaðar þ.á. og birt í öllum hreppum kjördæmisins og í kaupstaðnum, sem og í blaðinu „Vestra“ tveim sinnum.

Í stað sýslumanns og bæjarfógeta H. Hafstein, sem er á ferð á Norðurlandi, er mættur sem oddviti kjörstjórnarinnar cand. Grímur Jónsson, samkvæmt skipunarbréfi amtsins dags. 9. mars 1903. Oddviti kjörstjórnarinnar las upp opið bréf, undirritað af konungi 25. september 1902, um að alþingi sem nú er skuli leyst upp og ennfremur opið bréf, undirritað af konungi saman dag, um að nýjar kosningar til alþingis skuli fram fara á tímabilinu frá 2. til 6. júní 1903, að báðum dögum meðtöldum. Kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar og kjörskrá

kaupstaðarins voru framlagðar á kjörfundinum gildandi frá 1. júlí 1902 til 30. júní 1903. Oddviti kjörstjórnarinnar leiddi athygli kjósenda að því hver tilgangurinn væri með kosningunum og hve þýðingarmiklar þær væru.

Á kjörþinginu buðu sig fram til kosningar: 1) Árni Sveinsson kaupmaður á Ísafirði. Meðmælendur: Jón Laxdal verslunarstjóri og Kristján Jónsson prentari; 2) Skúli Thoroddsen kaupmaður Bessastöðum. Meðmælendur: Pétur Oddsson borgari í Bolvík og Sigurður Stefánsson prestur í Vigur. Þingmannaefnin og meðmælendur þeirra tóku síðan til máls eftir fyrirskipaðri röð. Eftir talsverðar umræður var gengið til kosninga þegar klukkuna vantaði 10 mínútur í 1. Þegar kosningarnar höfðu staðir yfir í rúman 2½ tíma eða til kl. 3½ e.h., og engir fleiri gáfu sig fram til að kjósa, var kosningunni lokið.

Þá voru atkvæði talin saman og kom þá fram að 228 kjósendur hafa greitt atkvæði af þeim sem á kjörskránum eru. Höfðu atkvæði fallið þannig: Skúli Thoroddsen hafði fengið 186 atkvæði, Árni Sveinsson hafði fengið 42 atkvæði. Oddviti lýsti því yfir, að alþingismaður fyrir kjördæmi Norður-Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstaðar væri kosinn Skúli Thoroddsen kaupmaður.

Að því búnu var kjörþinginu slitið kl. 4 e.h.

Grímur Jónsson settur, Árni Jónsson, Kolbeinn Jakobsson

Vestur-Ísafjarðarsýsla 1903

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0043 – MA/1, 3

Ár 1903, 3. dag júnímánaðar kl. 1 e.h. var kjörþing fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu kjördæmi sett á Þingeyri í þinghúsi Þingeyrarhrepps til þess, samkvæmt opnu bréfi 25. sept. 1902, að kjósa 1 alþingismann fyrir kjördæmið fyrir næsta 6 ára kjörtímabil. Í kjörstjórn til alþingiskosningar þessarar höfðu á síðasta aðalfundi sýslunefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu verið kosnir: úr flokki sýslunefndarinnar, Kristinn Daníelsson prestur Söndum og úr flokki kjósenda, Friðrik Bjarnason hreppstjóri Mýrum. Kjörfundarboð hafði verið útgefið 7. dag Aprílmánaðar þ.á. og birt í öllum hreppum kjördæmisins og ennfremur tvívegis í blaðinu „Vestri.“

Í stað sýslumanns og bæjarfógeta H. Hafstein, sem er á ferð á Norðurlandi, er mættur sem oddviti kjörstjórnarinnar cand. Grímur Jónsson er amtið með bréfi,

dags. 9. mars þ.á., hefur skipað sýslumann í Ísafjarðarsýslum og bæjarfógeta á Ísafirði í fjarveru H. Hafstein. Oddviti kjörstjórnarinnar las upp opið bréf, undirskrifað af konungi 25. sept. 1902, um að alþingi sem nú er skuli leyst upp og enn fremur opið bréf, undirritað af konungi sama dag, um að nýjar kosningar til alþingis skuli fram fara á tímabilinu frá 2. til 6. júní 1903, að báðum dögum meðtöldum. Fram voru lagðar á fundinum kjörskrár úr öllum hreppum kjördæmisins, gildandi frá 1. júlí 1902 til 30. júní 1903. Oddviti kjörstjórnarinnar leiddi athygli kjósenda að því, hver tilgangurinn væri með kosningunum og hve þýðingarmiklar þær væru.

Á kjörþinginu buðu sig fram til kosningar: 1) Jóhannes hreppstjóri Ólafsson á Þingeyri. Meðmælendur hans voru: Gísli Ásgeirsson á Álftamýri, Guðmundur Eiríksson Þorfinnsstöðum, Kristinn Guðlaugsson á Núpi, Matthías Ólafsson í Haukadal, Sveinn Árnason Kroppstöðum og séra Böðvar Bjarnason Rafnseyri; 2) Sigurður Stefánsson prestur í Vigur. Meðmælendur: séra Þórður Ólafsson á Gerðhömrum og Kristján Albertsson á Suðureyri.

Þingmannaefnin og meðmælendur þeirra tóku síðan til máls eftir fyrirskipaðri röð. Eftir talsverðar umræður var gengið til kosninga og var klukkan þá orðin 10 mínútur yfir hálf þrjú. Séra Sigurður Stefánsson hreyfði mótmælum gegn aukakjörskrá Auðkúluhrepps með því að þeir menn, er á henni stæðu, sumpart ekki væru búsettir í hreppnum þegar kjörskráin var samin eða ekki á þeim tíma í þeirri stöðu að þeim bæri kosningaréttur. Kjörstjórnin úrskurðaði að aukakjörskráin skyldi eigi tekin til greina og ónýtt þegar af þeirri ástæðu að aukakjörskráin er fyrst samin í síðastliðnum marsmánuði.

Þegar kosningarnar höfðu staðið yfir í 2 tíma eða til kl. 10 mínútur yfir hálf fimm e.h. og með því að engir fleiri gáfu sig fram til að kjósa, enda vitanlegt að engir fleiri kjósendur voru mættir á staðnum, var kosningunni lokið. Þá voru atkvæði talin saman og kom þá fram að 122 kjósendur hafa greitt atkvæði af þeim sem á kjörskránum eru. Höfðu atlvæði fallið þannig: Jóhannes Ólafsson hafði fengið 80 atkvæði, Séra Sigurður Stefánsson hafði fengið 42 atkvæði. Oddviti lýsti því þá yfir að alþingismaður fyrir kjördæmi Vestur-Ísafjarðarsýslu væri kosinn Jóhannes Ólafsson hreppstjóri á Þingeyri.

Að því búnu var kjörþinginu slitið kl. 5 e.h.

Grímur Jónsson settur, Kristinn Daníelsson, Fr. Bjarnason

Barðastrandarsýsla

Barðastrandarsýsla 1880

Skjalasafn Alþingis, Ý K2 (1845-1887), 12: N 261–80

Ár 1880, þriðjudaginn 28. september var kjörþing Barðastrandarsýslu sett og haldið að Brjánslæk á Barðaströnd af hinum reglulega kjörstjóra settum sýslumanni Ásmundi Sveinssyni með kjörstjórum, útnefndum af hlutaðeigandi sýslunefnd: Páli cand. Sigfússyni á Bíldudal og séra Ólafi Ólafssyni presti að Brjánslæk. Var þá tekið fyrir, samkvæmt kjörfundarauglýsingu útgefinni 18. f.m. og sem birt hefur verið á venjulegan hátt í öllum hreppum kjördæmisins, að kjósa einn alþingismann fyrir Barðastrandarsýslu kjördæmi til hinna næstu 6 ára. Kjörstjóri leggur fram kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar, sem eru löglega samdar og leiðréttar fyrir yfirstandandi kosningaár, enda hafa engin mótmæli gegn þeim framkomið af hlutaðeigandi hreppsþúa hálfu.

Var svo upplesið á kjörþinginu opið bréf dags. 2. mars þ.ár, þar sem boðið er samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis 14. sept. 1877, 25. gr. að almennar kosningar til Alþingis skuli fram fara í þessum mánuði. – Því næst lagði kjörstjóri fram tilboð frá prófasti séra Eiríki Kúld um að hann taki á móti kosningu til Alþingis í Barðastrandarsýslu fyrir næstu 6 ár. Prófastur séra Steingrímur Jónsson í Otrardal og dbrm. Hafliði Eyjólfsson í Svefneyjum gáfu sig fram sem meðmælendur þingmannsefnisins, sem og sjálfst var viðstatt á kjörþinginu. –

Að því búnu var eftir nokkrar umræður gengið til atkvæða. – Þá greiddi fyrstur atkvæði Magnús Einarsson bóndi á Hallsteinsnesi; þar næst greiddi atkvæði Guðbrandur Sæmundsson hreppstjóri á Firði; þá Samúel Jónsson bóndi á Kirkjubóli; þá Bergsveinn Þorkelsson bóndi í Hergilsey; þá Hafliði Eyjólfsson dbrm. í Svefneyjum; þá Jóhann Eyjólfsson bóndi í Flatey; þá Jón Gíslason bóndi í Hergilsey; þá Jón Gunnarsson bóndi í Bjarnareyjum; þá Jón Matthíasson bóndi í Hergilsey; þá Kristján Jónsson hreppstjóri í Hergilsey; þá Eyjólfur Jóhannsson verslunarmaður í Flatey; þá Ólafur Skagfjörð verslunarmaður sama stað; þá Ólafur Guðmundsson borgari í Flatey; þá Snæbjörn Kristjánsson bóndi í Svefneyjum; þá Ögmundur Ólafsson tómthúsmaður í Flatey; þá Bjarni Pétursson hreppstjóri á Vaðli; Eggert Magnússon bóndi á Hamri á Hjarðarnesi greiddi ekki atkvæði; Guðmundur Arason

bóndi á Krossi greiðir ekki atkvæði; þá greiddi atkvæði Guðmundur Jónsson bóndi í Hvammi; þá Guðmundur Jónsson bóndi á Hamri; þá Jakob Athanasíusarson bóndi í Gerði; þá Jón Erlendsson bóndi í Tungumúla; þá Jón Guðmundsson bóndi í Haga; þá Sigurgeir Sigurðsson bóndi á Grænhól; þá Vigfús Erlendsson bóndi í Haga; þá emerítprestur Þórður Thorgrímson á Brjánslæk, þá Einar Pálsson gullsmiður í Hringsdal; þá Jón Einarsson bóndi á Öskubrekku, þá Markús Þórðarson bóndi á Austmannsdal; þá Sveinn Gíslason bóndi á Klúku; þá séra Steingrímur Jónsson prófastur í Otradal; öll þessi atkvæði voru upplesin fyrir kjósendum og játuðu rétt bókuð. –

Að því búnu skoraði kjörstjóri á fleiri, að gefa sig fram til kosninga en þar eð engir fleiri gáfu sig fram eftir að kjörfundurinn hafði staðið lögakveðinn tíma, greiddu kjörstjórnarnir atkvæði sín og innfærðu þau í kjörskrárnar. – Voru svo atkvæði saman talin og hlaut prófastur séra Eiríkur Kúld í Stykkishólmi samhljóða 32 atkvæði. – Tveir af kjósendum greiddu eigi atkvæði. – Er séra E. Kúld þannig kjörinn til þingmanns Barðastrandarsýslu fyrir næstu 6 ár. –

Var svo kjörfundinum slitið. Ut supra.

Ásmundur Sveinsson kjörstjóri

Páll Sigfússon, Ólafur Ólafsson kjörstjórnarmenn

Rétta útskrift staðfestir

Skrifstofu Barðastrandarsýslu, 5. októbermán. 1880. Ásmundur Sveinsson settur.

Barðastrandarsýsla 1886

Dagbækur Alþingis: N 571–86 [41r–42r]

Ár 1886, þriðjudaginn þann 1. júní var kjörþing Barðastrandarsýslu sett og haldið að Brjánslæk af hinum reglulega oddvita kjörstjórnarinnar sýslumanni A.L.E. Fischer með kjörstjórum: héraðslæknir Davíð Sch. Þorsteinsson á Vatneyri, en í stað séra Lárusar Benediktssonar í Selárdal, sem hefur tilkynnt forföll í bréfi dags. 25 f.m. sem hér með framleggst, skipaði oddviti sýslunefndarmann séra Jón Jónsson á Stað. Var þá tekið fyrir samkvæmt kjörfundarauglýsingu útgefinni 19. janúar síðastl., sem sömuleiðis framleggst og sem birt hefur verið á venjulegan hátt í öllum hreppum kjördæmisins og enn fremur verið upphengd í öllum verslunarbúðum sýslunnar á

Bíldudal, Patreksfirði og í Flatey, að kjósa einn alþingismann fyrir Barðastrandar-sýslukjördæmi til hinna næstu 6 ára.

Oddviti kjörstjórnarinnar leggur fram kjörskrár fyrir ár 1885 úr öllum hreppum sýslunnar, sem eru löglega samdar og leiðréttar fyrir yfirstandandi kosningaár, enda hafa engin mótmæli gegn þeim framkomið af hlutaðeigandi hreppsþúa hálfu. Var svo upplesið á kjörþinginu opið bréf, dags. 2. nóvember 1885, þar sem boðið er samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis 14. september 1877, 25. gr. að almennar kosningar til Alþingis skuli fram fara á tímabilinu frá 1. til 10. júní 1886, eins og oddviti leiddi athygli kjósendanna að því hver tilgangurinn sé með kosninguna og hve mikilsvarðandi hún sé.

Því næst lagði oddviti fram tilboð frá prófasti séra Eiríki Kúld á Stykkishólmi dags. 29. apríl síðastl. um að hann taki á móti kosningu til Alþingis í Barðastrandarsýslu og hefur séra Jón Jónsson á Stað gefið sig fram sem meðmælandi þingmannsefnisins. Ennfremur skýrði oddviti frá því, að prófastur séra Sigurður Jensson í Flatey og Bjarni bóndi Þórðarson á Reykhólum hafa munnlega gefið kost á sér og eru báðir hér til staðar.

Að því búnu var eftir nokkrar umræður gengið til atkvæða. Þá greiddi fyrstur atkvæði Bjarni Bjarnason á Gróustöðum; þar næst greiddi atkvæði Einar Jochumsson á Tindum; þá Daníel Daníelsson á Hlíð; þá Jón Runólfsson á Hamarlandi; þá Jón Guðmundsson á Brandstöðum; þá Jón Jónsson á Skerðingstöðum; þá Jóhann Jónsson á Höllustöðum; þá Jósías Bjarnason á Grund; þá greiddi atkvæði Erlendur Jónsson á Börmum; þá Loftur Hákonarson Laugalandi; þá Magnús Bjarnason á Hofstöðum; þá Stefán Jónsson á Berufirði; þá Sigurður Jónsson á Skerðingstöðum; þá Snæbjörn Jónsson á Skerðingstöðum; þá Brandur Sigmundsson á Miðhúsum; þá Guðbrandur Sæmundsson á Firði; þá Gísli Andrés�on á Hamri; þá Eggert Magnússon á Hamri; þá Guðmundur Jónsson í Haukabergi; þá Guðmundur Jónsson á Hvammi; þá Jakob Athanasíusson á Gerði; þá Hjálmar Friðriksson á Fossá; þá Jóhann Einarsson á Holti; þá Jónas Guðmundsson Arnórsstöðum; þá Jón Þórðarson á Auðshaugi; þá Marteinn Erlendsson á Grænhóli; þá Sigurður Gíslason Miðhlíð; þá Vigfús Erlendsson Hrínesi; þá séra Þorvaldur Jakobsson á Haukabergi; þá Bergsveinn Jónsson á Hvallátrum; þá Eyjólfur Ólafsson Svefneyjum; þá Gísli Einarsson í Skáleyjum; þá Guðmundur Jóhannesson Skáleyjum; þá Hafliði Eyjólfsson Svefneyjum; þá Kristján Jónsson í Hergilsey; þá Ólafur Guðmundsson í Flatey; þá séra Jónas Bjarnason í

Sauðlauksdal; þá séra Finnbogi R. Magnússon Otrardal; þá Karvel Kristjánsson á Vaðli.

Að því búnu skoraði kjörstjóri á fleiri að gefa sig fram til kosninga, en þar eð engir fleiri gáfu sig fram eftir að kjörfundurinn hafði staðið lögakveðinni tíma greiddu kjörstjórnir atkvæði sín og innfærðu þær í kjörskrárnar. Voru svo atkvæði samantalin og hlaut prófastur séra Sigurður Jensson í Flatey 24 atkvæði, en Bjarni bóndi Þórðarson á Reykhólum 17 atkvæði. Alls voru greidd 41 atkvæði. Er prófastur séra Sigurður Jensson í Flatey þannig kjörinn til þingmanns í Barðastrandarsýslu fyrir næstu 6 ár og var þetta auglýst fyrir kjósendum.

Var svo kjörfundinum slitið.

ALE Fischer sýslumaður, D. Sch. Thorsteinsson kjörstjóri, Jón Jónsson

Rétta útskrift staðfestir. ALE Fischer sýslumaður

Barðastrandarsýsla 1892

Dagbækur Alþingis: N 615–92 [54r–55r]

Ár 1892, þann 14. september var kjörþing Barðastrandarsýslu sett og haldið að Brjánslæk í Barðastrandarhreppi af hinum reglulega oddvita kjörstjórnarinnar sýslumanni A.L.E. Fischer með kjörstjórum: séra Lárusi Benediktssyni á Selárdal og héraðslækni Davíð Scheving Thorsteinssyni á Brjánslæk. Var þá tekið fyrir samkvæmt kjörfundarauglýsingu, útgefni 12. júlí síðastl. sem framleggst og sem birt hefur verið á venjulegan hátt í öllum hreppum kjördæmisins á kirkjufundum, að kjósa alþingismann fyrir Barðastrandarsýslu fyrir næstu 6 ár.

Oddviti kjörstjórnarinnar leggur fram kjörskrár fyrir ár 1892 úr öllum hreppum sýslunnar, sem eru löglega samdar og leiðréttar fyrir yfirstandandi kosningaár, enda hafa engin mótmæli gegn þeim fram komið af hlutaðeigandi hreppsþúa hálfu. Var svo upplesið á kjörþinginu opið bréf dags. 26. febrúar 1892, þar sem boðað er samkvæmt lögum um kosningar til alþingis 14. september 1877, 25. gr., að almennar kosningar til alþingis skuli fara fram í septembermánuði þ.á., eins og oddviti leiddi athygli kjósendanna að því hver tilgangurinn sé með kosninguna og hve mikils varðandi hún sé.

Oddviti skýrði frá því, að prófastur séra Sigurður Jensson í Flatey hefur munnlega gefið kost á sér og er hann hér til staðar. Með kosningu hans mæla Dbrm. Hafliði Eyjólfsson í Svefneyjum og séra Þorvaldur Jakobsson á Haga og gengu þeir fram og hafa kannast við meðmælingu sína.

Að því búnu var eftir nokkrar umræður gengið til atkvæða. Þá greiddi fyrstur atkvæði séra Guðmundur Guðmundsson á Gufudal; þar næst greiddi atkvæði Einar Ásgeirsson á Deildará; þá Böðvar Guðmundsson á Firði; þá kaupstjóri Björn Sigurðsson á Flatey; þá kaupstjóri Eyjólfur E. Jóhannsson á Flatey; þá Eyjólfur Ólafsson á Sviðnum; þá Gísli Einarsson á Skáleyjum; þá Guðmundur Jóhannesson á Skáleyjum; þá Gunnlaugur Sveinsson á Flatey; þá Dbrm. Hafliði Eyjólfsson á Svefneyjum, þá faktor Jakob Thorsteinsson á Flatey; þá Jóhann Arason á Flatey; þá Kristján Jónsson á Hergilsey; þá gestgjafi Magnús Magnússon á Flatey; þá Ólafur Aðalsteinn Bergsveinsson á Skáleyjum; þá Sigurður Ólafsson á Flatey; þá hreppstjóri Snæbjörn Kristjánsson á Svefneyjum; þá Guðmundur Jónsson á Hamri; þá hreppstjóri Guðmundur Jónsson á Haukabergi; þá Jóhann Fr. Einarsson á Suður-Hamri; þá Kristófer Sturluson á Brekkuvelli; þá Vigfús Erlendsson á Hrínesi; þá séra Þorvaldur Jakobsson á Haga; þá séra Jónas Bjarnason á Sauðlauksdal; þá séra Jón Árnason á Otrardal.

Að því búnu skoraði oddviti á fleiri að gefa sig fram til kosninga en þar eð engir fleiri gáfu sér [sig] fram eftir að kjörfundurinn hafði staðið lögákveðinn tíma, greiddu kjörstjórnarnir atkvæði sín og innfærðu þau í kjörskrárnar. Voru svo atkvæðin samantalin og hlaut prófastur séra Sigurður á Flatey í einu hljóði 28 atkvæði. Er prófastur séra Sigurður Jensson á Flatey þannig endurkosinn til þingmanns í Barðarstandarsýslu fyrir næstu 6 ár og var þetta auglýst fyrir kjósendum. Að því búnu var kjörbréf útgefið af kjörstjórninni og afhent hinum kjörna alþingismanni.

Var svo kjörfundinum slitið.

ALE Fischer sýslumaður, L. Benediktsson kjörstjóri, D. Sch. Thorsteinsson kjörstjóri
Rétt eftirrit staðfestir. ALE Fischer sýslumaður

Barðastrandarsýsla 1894

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: Lh. 543–94

Ár 1894, 8. júní var kjörfundur Barðastrandarsýslu settur að Brjánslæk í Barðastrandarhreppi og haldinn af sýslumanni Páli Einarssyni með kjörstjórum, séra Þorvaldi Jakobssyni í Haga og Eyjólfvi kaupmanni Jóhannssyni í Flatey. Var þá samkvæmt auglýsingu oddvita kjörstjórnarinnar, er birt hefur verið á kirkjufundum í öllum hreppum sýslunnar, tekið fyrir að kjósa alþingismann til næstu 6 ára fyrir Barðastrandarsýslu.

Oddviti kjörstjórnarinnar lagði fram kjörskrár til alþingiskosninga úr öllum hreppum sýslunnar, er legið höfðu frammi samkvæmt 11. gr. kosningalaganna án þess að þeim hefði verið fundið. – Voru því næst á kjörþinginu lesin upp 2 opin bréf konungs, dags. 29. sept. f.á., um að Alþingi skuli leyst upp og um að nýjar kosningar til Alþingis skuli fara fram á tímabilinu frá 1.–10. júní þ.á. Oddviti kjörstjórnarinnar vakti athygli kjósenda á því hver tilgangur alþingiskosninganna væri og hve mikils varðandi þær væru.

Séra Sigurður Jensson prófastur í Flatey, sem var til staðar á kjörfundinum, bauð sig fram til alþingismanns. Meðmælendur hans voru þeir séra Jónas Bjarnarson í Sauðlauksdal og Guðmundur hreppstjóri Jónsson á Haukabergi og könnuðust þeir báðir við meðmæli sín. Fleiri en séra Sigurður Jensson buðu sig ekki fram.

Eftir nokkrar umræður var gengið til atkvæða þannig: Fyrstur greiddi atkvæði Einar Ásgeirsson Deildará, þá Samúel Jónsson á Kirkjubóli, þá Jakob Þorsteinsson Flatey, þá Kristján Jónsson Hergilsey, þá Magnús Magnússon Flatey, þá Pétur Hafliðason Svefneyjum, þá Sigurður Ólafsson Flatey, þá Guðmundur Jónsson Haukabergi, þá Guðmundur Jónsson Hamri, þá Jakob Aþanasíusson Gerði, þá Jóhann Fr. Einarsson Suður-Hamri, þá Jósías Fr. Bjarnason Haga, þá Vigfús Erlendsson Hrínesi, þá Þórarinn Fjeldsted Tungumúla, þá séra Jónas Bjarnarson Sauðlauksdal, þá Bjarni Pétursson Dufansdal, þá séra Jón Árnason Otrardal, þá Eyjólfur Ólafsson Sviðnum, þá Gísli Einarsson Skáleyjum og loks Ólafur Bergsveinsson Látrum.

Skoraði þá oddviti kjörstjórnarinnar á þá sem eftir kynnu að vera að gefa sig fram og kjósa, en enginn gaf sig fram. Greiddu þá kjörstjórnarnir E.E. Jóhannesson í Flatey og séra Þorvaldur Jakobsson í Haga atkvæði og hafði kjörfundurinn þá varað rúma 2 klukkutíma. Voru síðan atkvæðin talin saman og hlaut prófastur séra Sigurður Jensson í Flatey 22 samhljóða atkvæði. Er þannig séra Sigurður prófastur Jensson í Flatey kosinn alþingismaður fyrir Barðastrandarsýslu til næstu 6 ára. Var það tilkynnt kjósendum og fundi síðan slitið.

Páll Einarsson, Þorvaldur Jakobsson, Eyjólfur E. Jóhannsson

Rétt eftirrit staðfestir. Páll Einarsson.

Barðastrandarsýsla 1900

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: [Ómerkt askja – 223]

Ár 1900, þ. 29. d. septemberm. var kjörfundur Barðastrandarsýslu settur að Brjánslæk í Barðastrandarhreppi og haldinn af sýslumanni Halldóri Bjarnasyni með kjörstjórum, séra Bjarna Símonarsyni á Brjánslæk og séra Þorvaldi Jakobssyni í Sauðlauksdal. Var þá samkvæmt auglýsingu oddvita kjörstjórnarinnar, er birt hefur verið á kirkjufundum í öllum hreppum sýslunnar, tekið fyrir að kjósa alþingismann til næstu 6 ára fyrir Barðastrandarsýslu. Oddviti kjörstjórnarinnar lagði fram kjörskrár til alþingiskosninga úr öllum hreppum sýslunnar; höfðu þær legið frammi samkvæmt 11. gr. kosningalaganna, án þess að þeim hafi verið fundið. Var þá næst á kjörþinginu lesið upp opið bréf konungs, dags. 2. marsm. þ.á., þar sem boðið er að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram í septembermánuði þ.á.; einnig vakti oddviti kjörstjórnarinnar athygli kjósenda á því hver tilgangur kosninganna væri og hve mikils varðandi þær væru.

Sigurður prófastur Jensson í Flatey, sem var staddur úr fundinum, bauð sig fram til alþingismanns og voru meðmælendur hans hreppstjóri Snæbjörn Kristjánsson í Hergilsey og Edilon skipstjóri Grímsson á Geirseyri og könnuðust þeir báðir við meðmæli sín. – Fleiri þingmannsefni en Sigurður prófastur Jensson buðu sig ekki fram.

Eftir nokkrar umræður var gengið til atkvæða. Greiddi fyrstur atkvæði Einar Ásgeirsson Firði, þá Gísli Andrésson Hamri, þá Guðmundur Guðmundsson Svínanesi, þá Helgi Jósepsson Litlanesi, þá Pétur Þorkelsson Selskerjum, þá Samúel Jónsson Kirkjubóli, þá Bjarni Jónsson Flatey, þá Bogi Gunnlaugsson Flatey, þá Eyjólfur Ólafsson Sviðnum, þá Gunnlaugur Sveinsson Flatey, þá Hallbjörn Björnsson Flatey, þá Hermann Jónsson Flatey, þá Jakob Þorsteinsson Flatey, þá Jóhann Arason Flatey, þá Jóhannes Bjarnason Flatey, þá Jóhannes Jónsson Skáleyjum, þá Jón Gísli Árnason Hergilsey, þá Jón Ólafsson Flatey, þá Jón Sigurðsson Flatey, þá Jón Skúlason Bjarneyjum, þá Kristján Jónsson Flatey, þá Magnús Jóhannesson Svefneyjum, þá Magnús Magnússon Flatey, þá Níels Gíslason Breiðfjörð Bjarneyjum,

þá Ólafur Bergsveinsson Hvallátrum, þá Pétur Hafliðason Svefneyjum, þá Sigurður Sigurðsson Flatey, þá Skúli Bergsveinsson Skáleyjum, þá Snæbjörn Kristjánsson Hergilsey, þá Stefán Stefánsson Bjarneyjum, þá Stefán Stefánsson Hvallátrum, þá Davíð Guðmundsson Neðra-Vaðli, þá Einar Guðmundsson Haukabergi, þá Guðmundur Jónsson Hvammi, þá Jón Magnússon Ytri-Múla, þá Jón Árnason Sauðeyjum, þá Jóhannes Ólafsson Innri-Múla, þá Jósías Bjarnason Haga, þá Kristján Guðmundsson Rauðsdal, þá Kristófer Sturluson Brekkuvelli, þá Ólafur Sveinsson Miðhlíð, þá Sæmundur Jóhannesson Krossi, þá Þorgrímur Ólafsson Rauðsdal, þá Þórarinn Fjeldsted Tungumúla, þá Jón Einarsson Arnórsstöðum, þá Edilon Grímsson Geirseyri, þá Erlendur Kristjánsson Hvallátrum, þá Guðbjartur Jónsson Breiðuvík, þá Guðmundur Sigfreðsson Króki, þá Helgi Einarsson Skápadal, þá Jón Kristjánsson Geirseyri, þá Pétur Ólafsson Geirseyri, þá Samúel Eggertsson Stökkum, þá Sigurður Magnússon læknir Geirseyri, þá Torfi Jónsson Kollsvík, þá Guðmundur hreppstjóri Einarsson Hóli, þá Jón Árnason prestur Otrardal.

Skoraði þá oddviti kjörstjórnarinnar á þá sem eftir kynnu að vera að gefa sig fram og kjósa, en enginn gaf sig fram. Greiddu þá kjörstjórnarnir séra Bjarni Símonarson á Brjánslæk og séra Þorvaldur Jakobsson atkvæði og hafði kjörfundur þá varað rúma 2 klukkutíma. Voru síðan atkvæði talin saman og hlaut prófastur Sigurður Jensson í Flatey 59 samhljóða atkvæði. Er þannig Sigurður prófastur Jensson í Flatey kosinn alþingismaður fyrir Barðastrandarsýslu til næstu 6 ára. Var það tilkynnt kjósendum og kjörfundi síðan slitið.

Halldór Bjarnason, Þorvaldur Jakobsson, Bjarni Símonarson

Rétt eftirrit staðfestir. Halldór Bjarnason.

Barðastrandarsýsla 1902

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: [Ómerkt askja – 209]

Ár 1902, þ. 9.d. júnímán. var kjörfundur Barðastrandarsýslu settur að Brjánslæk í Barðastrandarhreppi og haldinn af sýslumanni Halldóri Bjarnasyni með kjörstjórum, séra Bjarna Símonarsyni á Brjánslæk og séra Þorvaldi Jakobssyni í Sauðlauksdal. Var þá samkvæmt auglýsingu oddvita kjörstjórnarinnar, dags. 30.d. aprílmán., er birt hefir verið með því að láta hana ganga boðleið um hreppana og fest upp á verslunarstöðunum, tekið fyrir að kjósa alþingismann til næstu 6 ára fyrir Barða-

strandarsýslu. Oddviti kjörstjórnarinnar lagði fram kjörskrá til alþingiskosninga úr öllum hreppum sýslunnar, höfðu þær legið frammi samkvæmt 11. gr. kosningalaganna án þess að að þeim hafi verið fundið. Voru því næst á kjörþinginu lesin upp 2 opin bréf konungs, bæði dagsett 13. september 1901, annað þar sem Alþingi er leyst upp, en hitt þar sem boðið er að almennar kosningar til Alþingis skuli fram fara á tímabilinu frá 2. til 11. júnímán. þ.á. Einnig vakti oddviti kjörstjórnarinnar athygli kjósenda á því hver tilgangur kosninganna væri og hve mikils varðandi þær væru. Sigurður prófastur Jensson í Flatey, sem var staddur á fundinum, bauð sig fram til alþingismanns og voru meðmælendur hans hreppstjóri Snæbjörn Kristjánsson í Hergilsey og Guðmundur Jónsson bóndi í Hvammi. Einnig bauð sig fram til alþingismanns Guðmundur prestur Guðmundsson í Gufudal og voru meðmælendur hans Ólafur hreppstjóri Eggertsson á Valshamri og Ingólfur Kristjánsson húsmáður á Vatneyri. Allir meðmælendur könnuðust við meðmæli sín. – Fleiri þingmannaefni buðu sig ekki fram.

Eftir nokkrar umræður var gengið til atkvæða. Greiddi þá atkvæði fyrstur Björn Björnsson Garpsdal, þá 2) Guðjón Jónsson Gilsfjarðarmúla, þá 3) Jóhann Jónsson Bakka, þá 4) Jón Sveinbj. Jónsson Gautsdal, þá 5) Jón Torfi Magnússon Gróustöðum, þá 6) Ólafur Eggertsson Valshamri, þá 7) Samson Gunnlaugsson Ingunnarstöðum, þá 8) Björn Björnsson Hólum, þá 9) Björn Björnsson Gufudal, sem allir kusu séra Guðmund Guðmundsson, þá 10) Ingimundur Þórðarson Seljalandi, sem kaus séra Sigurð Jensson, þá 11) Jón Einarsson Skálanesi, þá 12) Tryggvi Pálsson Skálanesi, sem báðir kusu séra Guðmund Guðmundsson, þá 13) Vagn Guðmundsson Fjarðarhorni, þá 14) Þórður Arason Kletti, sem báðir kusu séra Sigurð Jensson, þá 15) Þórður Jónsson Hjöllum, sem kaus séra Guðmund Guðmundsson, þá 16) Sigurður Jónsson Kirkjubóli, þá 17) Gísli Andrússon Hamri, þá 18) Jón Arason Vattarnesi, þá 19) Guðmundur Guðmundsson Svínanesi, þá 20) Jóhann Sigurðsson Kirkjubóli, þá 21) Eyjólfur Ólafsson Sviðnum, þá 22) Jakob Þorsteinsson Flatey, þá 23) Jóhann Jónsson Skáleyjum, þá 24) Jón Gísli Árnason Hergilsey, þá 25) Jón Ólafsson Flatey, þá 26) Jón Sigurðsson Flatey, þá 27) Kristján Jónsson Hergilsey, þá 28) Magnús Jóhannsson Svefneyjum, þá 29) Magnús Magnússon Flatey, þá 30) Ólafur Bergsveinsson Hvallátrum, þá 31) Sigurður Ólafsson Flatey, þá 32) Skúli Bergsveinsson Skáleyjum, þá 33) Snæbjörn Kristjánsson Hergilsey, þá 34) Stefán Stefánsson Hvallátrum, þá 35) Davíð Jónsson Vaðli, þá 36) Guðmundur Jónsson Hvammi, þá 37) Jón Ormsson Sandeyjum, þá 38) Kristján Guðmundsson Rauðsdal,

sem allir kusu séra Sigurð Jensson, þá 39) Pétur Jónsson Auðshaugi, sem kaus séra Guðmund Guðmundsson, þá 40) Sigmundur Katrínus Guðmundsson Fossá, sem kaus sama, þá 41) Þorgrímur Ólafsson Rauðsdal, sem kaus séra Sigurð Jensson, þá 42) Ingólfur Kristjánsson Vatneyri, sem kaus séra Guðmund Guðmundsson, þá 43) Páll Kristjánsson Sauðlauksdal, þá 44) Bjarni Loftsson Bíldudal, þá 45) Guðmundur Einarsson Hóli, þá 46) séra Jón Árnason Otradal, þá 47) Jónas Ásmundsson Reykjarfirði, þá 48) Jón Eiríksson Bíldudal, sem allir kusu séra Sigurð Jensson.

Skoraði þá oddviti kjörstjórnarinnar á þá sem eftir kynnu að vera að gefa sig fram og kjósa, en enginn gaf sig fram. Greiddu þá kjörstjórnarnir séra Bjarni Símonarson og séra Þorvaldur Jakobsson atkvæði og kusu báðir séra Sigurð Jensson í Flatey.

Oddviti kjörstjórnarinnar greiddi ekki atkvæði. Þá hafði kjörfundurinn staðið nál. 3 tíma. Voru síðan atkvæðin talin saman og hlaut prófastur séra Sigurður Jensson í Flatey 35 atkvæði og séra Guðmundur Guðmundsson í Gufudal 15 atkvæði. Er þannig Sigurður prófastur Jensson í Flatey kosinn alþingismaður fyrir Barðastrandarsýslu til næstu 6 ára. Var það tilkynnt kjósendum og kjörfundi síðan slitið.

Halldór Bjarnason, B. Símonarson, Þorvaldur Jakobsson

Rétt eftirrit staðfestir. Halldór Bjarnason.

Barðastrandarsýsla 1903

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: [Ómerkt askja – 209]

Ár 1903, 2. d. júnímánaðar var kjörfundur Barðastrandarsýslu settur að Brjánslæk í Barðastrandarhreppi og haldinn af sýslumanni Halldóri Bjarnasyni með kjörstjórum, séra Bjarna Símonarsyni að Brjánslæk og séra Þorvaldi Jakobssyni í Sauðlauksdal. Var þá samkvæmt auglýsingu sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, dags. 27. d. aprílmánaðar og birtri þannig að hún hefur gengið boðleið um hreppa sýslunnar og verið fest upp í kaupúnum sýslunnar – tekið fyrir að kjósa alþingismann fyrir Barðastrandarsýslu til næstu 6 ára. Oddviti kjörstjórnarinnar setti kjörþingið; lagði hann fram kjörskrá til alþingiskosninga úr öllum hreppum sýslunnar, höfðu þær legið frammi samkv. 11. gr. kosningalaganna án þess að þeim hefði verið fundið. Því næst las hann upp 2 opin bréf konungs, dags. 25. sept 1902, annað þar sem Alþingi er leyst upp en með hinu er stofnað til almennra kosninga til Alþingis og boðið að þær skuli fara fram á tímabilinu 2. júní – 6. s.m. þ.ár. Einnig vakti oddviti

kjörstjórnarinnar athygli kjósenda á því hver tilgangur kosninganna væri og hve mikils varðandi þær væru.

Frambjóðendur til þingmennsku voru: Böðvar prestur Bjarnason á Rafnseyri og præg.hon. Sigurður Jensson í Flatey. Meðmælendur hins fyrrnefnda voru: Finnbogi Jóhannsson húsmáður á Bíldudal, Kristján Kristjánsson smiður s.st. Meðmælendur hins síðarnefnda voru Jakob Þorsteinsson verslunarstjóri í Flatey og Snæbjörn Kristjánsson hreppstjóri í Hergilsey og könnuðust þeir við meðmæli sín.

Þingmannaefnin héldu tölur, en í lok tölu sinnar tók séra Böðvar framboð sitt aftur.

Var síðan gengið til atkvæðagreiðslu og fór hún þannig fram: 1) Vagn

Guðmundsson Fjarðarhorni. 2) Þórður Arason Kletti. 3) Bjartmann Jónsson Firði. 4)

Einar Jósefsson Ingunnarstöðum. 5) Gísli Andrésón Hamri. 6) Guðmundur

Guðmundsson Svínanesi. 7) Guðmundur Jónsson Kvígyndisfirði. 8) Helgi Jósefsson

Illugastöðum. 9) Jóhann Sigurðsson Kirkjubóli. 10) Jón Arason Vattarnesi. 11) Jón

Þórðarson Skálmarnesmúla. 12) Pétur Þorkelsson Selskerjum. 13) Samúel Jónsson

Kirkjubóli. 14) Eyjólfur Ólafsson Sviðnum. 15) Jakob Þorsteinsson Flatey. 16) Jóhann

Jónsson Skáleyjum. 17) Jón Gísli Árnason Hergilsey. 18) Jón Ólafsson Flatey. 19) Jón

Sigurðsson Flatey. 20) Magnús Magnússon Flatey. 21) Ólafur Aðalsteinn

Bergsveinsson Hvallátrum. 22) Páll Nikulásson Flatey. 23) Sigurður Sigurðsson

Flatey (Hólsbúð). 24) Skúli Bergsveinsson Skáleyjum. 25) Snæbjörn Kristjánsson

Hergilsey. 26) Þórður Sigurðsson Flatey. 27) Davíð Guðmundsson Vaðli neðra. 28)

Guðmundur Jónsson Haga. 29) Jón Ólafur Ormsson Sauðeyjum. 30) Niels Árnason

Suður-Hamri. 31) Jón Þorvaldsson Brjánslæg. 32) Bjarni Arngrímsson Trostansfirði.

33) Jón Árnason Otrardal. 34) Jónas Ásmundsson Reykjarfirði. 35) Vigfús Sörensson

Reykjarfirði. Kusu þeir allir præg.hon. Sigurður Jensson í Flatey.

Skoraði þá oddviti kjörstjórnarinnar á þá sem eftir kynnu að vera að gefa sig fram og

kjósa, en enginn gaf sig fram. Greiddi þá kjörstjóri sr. Bjarni Símonarson Brjánslæg

atkvæði og kaus hann sr. Sigurður Jensson, oddviti kjörstjórnarinnar og kjörstjóri

Þorvaldur Jakobsson greiddu ekki atkvæði. Hafði þá kjörfundurinn varað um 3

klukkst. Atkvæði voru þar næst talin saman og voru þau alls 36. – Er þannig

præg.hon. Sigurður Jensson kosinn alþingismaður fyrir Barðastrandarsýslu til næstu

6 ára. Var það tilkynnt kjósendum og kjörfundi síðan slitið.

Halldór Bjarnason, B. Símonarson, Þorvaldur Jakobsson

Rétta útskrift staðfestir. Halldór Bjarnason.

Dalasýsla

Dalasýsla 1880

Skjalasafn Alþingis, Ý K2 (1845-1887), 12: N 564–80

Ár 1880, 15. dag septembermánaðar var kjörstjórnin fyrir Dalasýslu kjördæmi mætt að Hvammi í Hvammssveit til þess, samkvæmt opnu bréfi dags. 2. mars 1880 og bréfi kjörstjórans 19. júlí þ.á., að velja þingmann til næstu þriggja löggjafarþinga alþingis. Kjörstjórinn sýslumaður Skúli Magnússon og þeir af sýslunefndinni útnefndu kjörstjórar, sýslunefndarmaður Jens Jónsson á Hóli og séra Steinn Steinsson í Hvammi, voru til staðar og yfirskoðaðar og leiðréttar kjörskrár úr hverjum hreppi voru framlagðar. Oddviti kjörstjórnarinnar las upp ofanefnt opið bréf 2. mars 1880 og leiddi athygli kjósenda að því hver tilgangurinn væri með kosningunni og hve mikils varðandi hún væri.

Kosningin fór þannig að: prof. hon. séra Guðmundur Einarsson á Breiðabólstað á Skógarströnd hlaut samhljóða öll atkvæði þeirra 25 kjósenda er mættir voru. Hinn kosni var sjálfur mættur á kjörfundinum. Kjörstjórinn afhenti honum kosningarbréf sitt á fundinum og lýsti því yfir hvernig kosningin hefði farið.

Kjörfundinum slitið.

Skúli Magnússon, St. Steinsson, Jens Jónsson

Rétta útskrift vottar. Skúli Magnússon.

Dalasýsla 1883 (aukakosning)

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: Lh. 11–83

Ár 1883, þann 30. dag maímánaðar var kjörstjórnin fyrir Dalasýslu mætt að þingstaðnum Hvammi í Hvammssveit til þess, samkvæmt fyrirskipan Landshöfðingjans yfir Íslandi 28. nóv. 1882 og auglýsingu kjörstjórans 30. mars 1883, að velja fulltrúa fyrir kjördæmið til Alþingis í stað prófasts séra Guðmundar Einarssonar og fyrir þingtíma þann er hann átti eftir þegar hann dó. Hinn setti sýslumaður cand.jur. Guðlaugur Guðmundsson og kjörstjórar: prófastur séra Jón Guttormsson og Jens Jónsson á Hóli, er sýslunefndin hefur kosið, voru til staðar og voru framlagðar leiðréttar kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar.

Oddviti kjörstjórnarinnar las upp fyrrnefnda fyrirskipan landshöfðingjans 28. nóv. 1882 og leiddi athygli kjósenda að þýðingu kosningar þessarar og hve mikilsvarðandi hún væri. Kosningin fór þannig fram: Á fundinum voru greidd 78 fullgild atkvæði og hlutu þar af: 1) Séra Jakob Guðmundsson prestur á Sauðafelli 41 atkvæði; 2) Hjálmur Pétursson bóndi á Hamri í Þverárhlið 26 atkvæði; 3) Jens Jónsson hreppstjóri á Hóli Hvammssveit 10 atkvæði; 4) Indriði Einarsson cand.polit. í Reykjavík 1 atkvæði. Samtals 78 atkvæði.

Kjörstjórnin lýsti því yfir að presturinn séra Jakob Guðmundsson á Sauðafelli væri rétt kjörinn þingmaður fyrir kjördæmið í stað séra Guðmundar Einarssonar og fyrir þingtíma þann er hann átti eftir þegar hann dó. – Hinn kosni var sjálfur mættur á fundinum. Kjörstjórnin afhenti hinum kosna kosningarbréf sitt á fundinum og lýsti yfir hvernig kosningin hefði farið.

Kjörfundi þar eftir slitið.

Guðlaugur Guðmundsson, J. Guttormsson, Jens Jónsson

Rétt eftirrit staðfestir. Guðlaugur Guðmundsson.

Dalasýsla 1886

Dagbækur Alþingis: N 572–86 [38r–38v]

Ár 1886, þ. 2. dag júnímán kl. 12 á hádegi var kjörþing fyrir Dalasýslu kjördæmi sett að þingstaðnum Hvammi í Hvammssveit, samkvæmt kjörfundarboði dags. 29. apr. s.á., og haldið af kjörstjórninni í téðu kjördæmi sýslumanni Halldóri Daníelssyni sem oddvita og Jóni prófasti Guttormssyni í Hjarðarholti og Jens sýslunefndarmanni Jónssyni á Hóli, sem kvaddir voru í kjörstjórnina af sýslunefndinni. Þar var þá samkvæmt opnu bréfi 2. nóv. f.á. tekið fyrir: Að kjósa alþingismann fyrir Dalasýslu-kjördæmi fyrir næstu 6 ár, talin frá 1. júlí þ.á.

Oddviti kjörstjórnarinnar las upp áðurnefnt opið bréf 2. nóv. 1885, sem skipar fyrir almennar kosningar til alþingis á tímabilinu frá 1.–10. júní þ.á., og leiddi athygli kjósendanna að því hver þýðingarmiklar kosningar til alþingis væru, sérstaklega nú með tilliti til breytinga þeirra á stjórnarskránni, sem hið síðasta alþingi hefur samþykkt og hið nýkosna þing nú í sumar á að hafa til meðferðar.

Þá skýrði oddviti kjósendum frá því að aðeins 1 þingmannsefni hefði boðið sig fram til þingmanns fyrir kjördæmið, presturinn séra Jakob Guðmundsson á Sauðafelli, var hann persónulega viðstaddur á kjörþinginu; með kosningu hans mæltu þeir Kristján Tómasson og Ásmundur Þorsteinsson úr kjósenda flokki og gengu þeir fram og könnuðust við meðmæling sína. Kjörstjórnin benti kjósendum á að þeim væri heimilt að leggja spurningar fyrir meðmælendur þingmannsefnis og eins fyrir þingmannsefnið sjálft um stefnu hans og skoðanir í þingmálum. Ýmsir kjósendur lögðu því næst spurningar fyrir þingmannsefnið og svaraði hann þeim.

Eftir það var tekið til kosningar. Kjörstjórnin lagði fram leiðréttar kjörskrár til alþingiskosningar úr öllum hreppum kjördæmisins ásamt aukaskrár yfir þá er fullnægt höfðu skilyrðum fyrir kosningarétti á kosningarárinu frá 1. júlí 1885 til 30. júní 1886. Síðan fór kosningin fram og varð sú niðurstaðan að presturinn séra Jakob Guðmundsson á Sauðafelli hlaut kosningu með öllum þorra atkvæða hinna mættu kjósenda, samtals 85 atkvæðum af 88. Kjörstjórnin tilkynnti kjósendum, hvernig kosningin hefði farið, og sleit því næst kjörþinginu kl. 3½ e. háð.

Halldór Daníelsson, J. Guttormsson, Jens Jónsson

Rétt ritað eftir kjörbók Dalasýslukjördæmis vottar. Halldór Daníelsson

Dalasýsla 1890 (aukakosning)

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: Lh. 263–91

Ár 1890, 15. septemberm. var kjörþing fyrir Dalasýslu-kjördæmi sett að þingstaðnum Hvammi í Hvammssveit samkvæmt fyrirskipun landshöfðingja í auglýsingu, dags. 16. júním. þ.ár og boðun oddvita sýslunefndarinnar dags. 31. júlím. s.ár, til þess að velja fulltrúa til Alþingis fyrir kjördæmið, í stað séra Jakobs Guðmundssonar á Sauðafelli og fyrir þingtíma þann er hann átti eftir þegar hann andaðist. Hinn setti sýslumaður S.E. Sverrisson og hinir kosnu kjörstjórar, prófastur séra Jón Guttormsson á Hjarðarholti og sýslunefndarmaður Jens Jónsson á Hóli, voru mættir og voru framlagðar leiðréttar kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar.

Oddviti kjörstjórnarinnar lagði fram og las upp fyrrgreinda auglýsingu landshöfðingja, dags. 16. júním. síðastliðinn, og leiddi athygli kjósenda að þýðingu kosningarinnar. Oddviti kjörstjórnarinnar lýsti því yfir að þessi þingmannsefni biðu sig fram til þingmennsku fyrir kjördæmið: 1) Presturinn séra Guðmundur

Guðmundsson í Gufudal; 2) Búfræðingur Halldór Jónsson á Rauðamýri; 3) Presturinn séra Jens Pálsson á Útskálum; 4) Cand.polit. Sigurður Briem í Reykjavík, og voru þeir allir viðstaddir á kjörþinginu. Með þingmannsefninu séra Guðmundi Guðmundssyni mæltu þeir Torfi Bjarnason og Bjartmar Kristjánsson úr kjósenda flokki. Með þingmannsefninu Halldóri Jónssyni mælti Ásgeir Jónsson úr kjósenda flokki. Með þingmannsefninu séra Jens Pálssyni mæltu þeir, Eggert Jónsson og Sigtryggur Finnsson úr kjósenda flokki. Með þingmannsefninu Sigurði Briem mæltu þeir Guðni Jónsson, Einar Guðmundsson, Bjarni Jensson, Indriði Gíslason, Jóhannes Einarsson, Þorvarður Bergþórsson, Ólafur Jóhannesson, Magnús Friðriksson og Jósep Jónsson úr kjósenda flokki. Meðmælendur könnuðust við meðmælingu sína hver með sínu þingmannsefni.

Eftir að þingmannsefni þau, sem að ofan eru greind, meðmælendur þeirra og kjósendur höfðu tekið til máls, eftir því sem þeir óskuðu, var tekið til kosninga samkvæmt hinum framlögðu kjörskrá. Kosningin fór þannig fram. Á fundinum voru greidd 68 fullgild atkvæði, og hlutu þar af: 1) Séra Jens Ólafur Páll Pálsson á Útskálum 36 atkvæði; 2) Cand.polit. Sigurður Briem í Reykjavík 28 atkvæði; 3) Séra Guðmundur Guðmundsson í Gufudal 3 atkvæði; 4) Búfræðingur Halldór Jónsson á Rauðamýri 1 atkvæði. Lýsti kjörstjórnin því síðan yfir á fundinum að presturinn séra Jens Pálsson á Útskálum væri réttkjörinn þingmaður fyrir kjördæmið fyrir þann tíma sem séra Jakob sál. Guðmundsson á Sauðafelli átti eftir af þingsetu sinni. Kjörþinginu var því næst slitið að liðnum 5½ klukkustundum frá byrjun þess.

S.E. Sverrisson, J. Guttormsson, Jens Jónsson

Rétt eftirrit staðfestir. S.E. Sverrisson settur.

Dalásýsla 1892

Dagbækur Alþingis: N 615–92 [118r–118v]

Ár 1892, miðvikudaginn 26. september um hádegisbil var kjörfundur Dalasýslu settur á Hvammi, samkvæmt auglýsingum dags. 19. ágúst birtum um alla sýsluna, og haldinn af oddvita kjörstjórnarinnar Birni Bjarnarson og hinum kosnu meðkjörstjórum, prófasti séra Jóni Guttormssyni á Hjarðarholti og hreppstjóra Jens Jónssyni á Hóli. Kgl. auglýsing dags. 26. febr. þ.á. var lesin upp á fundinum og kjörskrár úr öllum hreppum lagðar fram og framboð frá þeim séra Jens Pálssyni á Útskálum og

séra Jóhannesi Jóhannessyni á Kvennabrekku; ennfremur buðu sig fram sýslumaður Björn Bjarnarson á Sauðfelli og Þorlákur Bergsveinsson bóndi á Melum. Tveir hinir fyrrnefndu og hinn síðastnefndi héldu ræður.

Síðan var gengið til kosninga og hlaut séra Jens Pálsson 32 atkvæði, Björn Bjarnarson 27, séra Jóhannes 4 og Þorlákur 3 atkvæði en 66 kjósendur greiddu atkvæði; var síðan aftur kosið óbundinni kosningu og hlaut þá séra Jens 36 atkvæði, Björn Bjarnarson 28 og séra Jóhannes 1 atkvæði. Var því séra Jens Pálsson kosinn alþingismaður fyrir Dalasýslu með 36 atkvæðum til næsta 6 ára tímabils. Síðan var kjörfundi slitið 4 klukkustundum eftir að hann byrjaði.

Björn Bjarnarson, J. Guttormsson, Jens Jónsson

Rétt eftirrit vottar

Skrifstofu Dalasýslu 29. sept. 1892. Björn Bjarnarson.

Dalasýsla 1894

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: Lh. 543–94

Ár 1894, 9. júní var kjörþing fyrir Dalasýslu sett að þingstaðnum Hvammi í Hvammshreppi, samkvæmt opnu bréfi dags. 29. nóv. f.á. og boðun oddvita kjörstjórnarinnar dags. 15. apríl þ.á., til þess að velja fulltrúa fyrir kjördæmið til næstu 6 ára. Kjörstjórinn var mættur sýslumaður B. Bjarnarson og hinir kosnu kjörstjórar, prófastur séra Jón Guttormsson í Hjarðarholti og sýslunefndarmaður Jens Jónsson á Hóli, voru mættir og voru framlagðar leiðréttar kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar. Oddviti kjörstjórnarinnar lagði fram og las upp fyrrgreinda auglýsingu og leiddi athygli kjósendanna að þýðingu kosningarinnar.

Oddviti kjörstjórnarinnar lýsti því yfir að þessi þingmannsefni biðu sig fram til þingmennsku fyrir kjördæmið: Sýslumaður Björn Bjarnarson frá Sauðafelli og presturinn séra Jens Pálsson frá Útskálum. Með hinum fyrrnefnda mælti séra Jóhannes Jóhannsson á Kvennabrekku og læknir Sigurður Sigurðsson á Hrappstöðum, en með hinum síðari skólastjóri Torfi Bjarnason í Ólafsdal og séra Kjartan Helgason í Hvammi.

Eftir að þingmannaefni þau sem að ofan eru greind og meðmælendur þeirra höfðu tekið til máls eftir því sem þeir óskuðu var tekið til kosninga samkvæmt hinum

framlögðu kjörskrá. Kosningin fór þannig fram að á fundinum voru greidd 140 atkvæði af 228 kjósendum á kjörskrá og var séra Jens Pálsson prestur á Útskálum kosinn með 82 atkvæðum en sýslumaður Björn Bjarnarson fékk 58 atkvæði. Lýsti kjörstjórnin því síðan yfir að presturinn séra Jens Pálsson á Útskálum væri kosinn þingmaður fyrir kjördæmið fyrir næstkomandi 6 ára tíma. Kjörþinginu var því næst slitið að liðnum 3 kl.stundum frá því að kjörþingið byrjaði.

Björn Bjarnarson, J. Guttormsson, Jens Jónsson

Rétt eftirrit af kjörfundarbók Dalasýslu vottar.

Skrifstofu Dalasýslu 17. júní 1894. Björn Bjarnarson.

Dalasýsla 1900

Dagbækur Alþingis: N° 223 [9r-9v]

Ár 1900, laugardaginn 15. september kl. 2 e.h. var kjörfundur fyrir Dalasýslu haldinn að Hvammi af kjörstjórninni, Birni Bjarnarson sýslumanni, Torfa skólastjóra Bjarnasyni, sem sýslunefndin hafði kosið úr sínum flokki til þess starfa, og Hallgrími Dbrm. Jónssyni í Staðarfelli. Kjörstjórinn getur þess að hreppstjóri Kristján Tómasson á Þorbergsstöðum, sem sýslunefndin hafði kosið í kjörstjórnina, hafi tjáð sig veikan og að hann gæti því ekki komið og skipaði þá kjörstjórinn með samþykki meðkjörstjórans Hallgrím Jónsson á Staðarfelli í stað Kristjáns. Kjörstjórinn setti kjörfundinn og las upp opið bréf 2. mars 1900 og brýndi fyrir mönnum þýðing kosninganna.

Séra Guðlaugur í Gröfum skoraði fyrir hönd allmargra kjósenda á Björn sýslumann Bjarnarson að gefa kost á sér til þingmennsku. Björn sýslumaður Bjarnarson lýsti því yfir að hann gæfi kost á sér og að hann hefði ekki boðið sig fram annars staðar.

Kjörstjórinn lagði fram tilboð frá séra Jens Pálssyni í Görðum dagsett í gær og yfirlýsing frá 2 meðmælendum hans, prófasti Kjartani Helgasyni og Sigurði lækni Sigurðssyni dagsett í gær. Björn sýslumaður og séra Jens Pálsson héldu síðan ræður og auk þeirra prófastur Kjartan Helgason, læknir Sigurður Sigurðsson og séra Jóhannes L.L. Jóhannsson á Kvennabrekku.

Pegar engir vildu mæla meira var byrjað að kjósa; fóru fram kosningar samkvæmt öllum kjörskrá hreppanna í sýslunni, sem voru framlagðar og voru greidd 149 atkvæði; þaraf fékk Björn sýslumaður 93 atkvæði og séra Jens Pálsson í Görðum 56

atkvæði. 3 greiddu ekki atkvæði. Björn Bjarnarson sýslumaður var því kjörinn með 93 atkvæðum þingmaður fyrir Dalasýslu næsta 6 ára tímabil. Upplesið samþykkt.

Kjörfundinum var slitið kl. 5^{3/4} e.h. 2^{3/4} tíma eftir að kosningar byrjuðu

Björn Bjarnarson, T. Bjarnason, Hallgrímur Jónsson

Rétt eftirrit vottar.

Skrifstofu Dalasýslu 18. september 1900. Björn Bjarnarson.

Dalasýsla 1902

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: [Ómerkt askja – 209]

Ár 1902, laugardaginn 7. júní kl. 4. e.h. var kjörfundur fyrir Dalasýslu haldinn að Hvammi af kjörstjórninni, Birni sýslumanni Bjarnarson, Hallgrími Dbrm. Jónssyni á Staðarfelli og Andrésí varasýslunefndarmanni Grímúlfssyni á Dagverðarnesi.

Kjörstjórinn getur þess að með því að sýslunefndarmaður Torfi Bjarnason, sem sýslunefndin hafði kosið úr sínum flokki í kjörstjórnina, mætti ekki á kjörfundinum þá skipaði kjörstjórinn, með samþykki meðkjörstjórans, Andrés Grímúlfsson í stað Torfa.

Kjörstjórinn setti fundinn og las upp opið bréf, dags. 13. sept. 1901, um nýjar kosningar til Alþingis og brýndi fyrir mönnum þýðingu kosninganna. Séra Jóhannes L.L. Jóhannsson skoraði á Björn sýslumann Bjarnarson að bjóða sig fram til þingmennsku. Björn sýslumaður Bjarnarson lýsti því þá yfir að hann byði sig fram til þingmennsku og að hann hefði ekki boðið sig fram í nokkru öðru kjördæmi. Séra Jens Pálsson frá Görðum lýsti því þá yfir við kjörstjórnina að hann byði sig fram. Kjörstjórinn skýrði þá frá því, að Björn sýslumaður Bjarnarson og séra Jens Pálsson byðu sig fram. Björn Bjarnarson og séra Jens Pálsson héldu síðan ræður og skýrðu frá skoðunum sínum. Séra Jóhannes L.L. Jóhannsson á Kvennabrekku hélt og ræðu og mælti með Birni sýslumanni.

Pegar engir vildu mæla meira var gengið til kosninga; fóru fram kosningar samkvæmt öllum kjörskráum hreppanna í sýslunni sem voru framlagaðar og voru alls greidd 159 atkvæði. Þar af fékk Björn sýslumaður Bjarnarson á Sauðafelli 82 atkvæði og séra Jens Pálsson í Görðum 77. Björn sýslumaður Bjarnarson er því kjörinn þingmaður fyrir Dalasýslu fyrir næsta 6 ára kjörtímabil með 82 atkvæðum.

Upplesið og samþykkt.

Kjörfundinum var slitið kl. 8 og 5m eftir hád. s.d. 2 ½ st. eftir að kosningar byrjuðu.

Björn Bjarnarson, Andrés H. Grímúlfsson, Hallgrímur Jónsson

Réttan útdrátt úr kjörfundarbók Dalasýslu vottar.

Skrifstofu Dalasýslu 9. júní 1902. Björn Bjarnarson.

Dalasýsla 1903

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: [Ómerkt askja – 209]

Ár 1903, þriðjudaginn 2. júní kl. 1 e.h. var kjörfundur fyrir Dalasýslu haldinn að Hvammi af kjörstjórninni, Birni sýslumanni Bjarnarson, Bjarna bónda Jenssyni í Ásgarði og sýslunefndarmanni Torfa skólastjóra Bjarnasyni í Ólafsdal. Kjörstjórinn setti fundinn og las upp opið bréf, dags. 25. sept 1902, um nýjar kosningar til Alþingis og brýndi fyrir mönnum þýðing þeirra.

Björn sýslumaður Bjarnarson lýsti því þá yfir að hann byði sig fram til þingmennsku og að hann hefði ekki boðið sig fram annars staðar. Kjörstjórinn las síðan upp framboð til þingmennsku frá prófasti séra Jens Pálssyni í Görðum og meðmælinga-skjal frá 4 kjósendum í Dalasýslu. Björn Bjarnarson hélt síðan ræðu. Prófastur Kjartan Helgason las upp fyrir fundarmönnum skjal frá séra Jens Pálssyni. Séra Jóhannes L.L. Jóhannsson, prófastur Kjartan Helgason og séra Guðlaugur Guðmundsson héldu ræður.

Pegar engir fleiri vildu tala var gengið til atkvæða og fór fram kosning samkvæmt öllum kjörskrá hreppanna í Dalasýslu sem voru framlagðar og voru greidd alls 159 atkvæði; þar af fékk Björn sýslumaður Bjarnarson á Sauðafelli 82 atkvæði, en séra Jens Pálsson í Görðum 77. Björn Bjarnarson er því rétt kjörinn þingmaður fyrir Dalasýslu fyrir næsta 6 ára kjörtímabil með 82 atkvæðum. Upplesið samþykkt.

Kjörfundinum slitið kl. 5 og 5 mínútur eftir hádegi; 2 klukkustundum eftir að kosningaathöfnin byrjaði.

Björn Bjarnarson, T. Bjarnason, Bjarni Jensson

Rétt eftirrit af kjörfundarbók Dalasýslu vottar.

Skrifstofu Dalasýslu 4. júní 1903. Björn Bjarnarson.

Snæfellsness- og Hnappadalssýsla

Snæfellsness- og Hnappadalssýsla 1880

Skjalasafn Alþingis, Ý K2 (1845-1887), 12: N 564–80

Ár 1880, 13. september var aðalkjörfundur fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu settur að Görðum í Staðarsveit og haldinn af kjörstjórninni í nefndu kjördæmi: sýslumanni Sigurði Jónssyni, ásamt prófasti séra Eiríki Kúld og herra Daníel Á. Thorlacius, er sýslunefndin samkvæmt lögum 14. september 1877, 19. gr. á fundi sínum 21. apríl seinastliðinn hafði þar til kosið.

Var þá fyrirtekið: að kjósa fulltrúa til Alþingis Íslendinga fyrir kjördæmið Snæfellsness- og Hnappadalssýslu til næsta 6 ára tímabils. Kjörstjóri las þá: 1) Hið konunglega opna bréf, dags. 2. mars 1880, er boðar almennar kosningar til Alþingis í september 1880 um allt land; 2) Amtsbréf, dags. 14. júní 1880, er úrskurðar að kjörfundurinn hér í umdæminu skuli haldinn á Görðum í Staðarsveit; 3) Umburðarbréf frá hlutaðeigandi sýslumanni til allra hreppstjóra sýslunnar, dags. 10. ágúst 1880, sem auglýst hafði verið um allt kjördæmið.

Kjörstjóri leiddi síðan athygli kjósenda að því, hver tilgangurinn væri með kosningu þessari og hve mikils varðandi hún væri og framlagði þar næst: 1) Kjörskrárnar frá hinum einstöku hreppum samtals 10 að tölu og; 2) Atkvæðaskrá, er hann hafði samið eftir nefndum skrám.

Þá var framlagt og upplesið: 3) Tilboð frá Holger P. Clausen kaupmanni í Stykkishólmi, dags. 7. þ.m., til Alþingis-fulltrúa með neitandi vottorði um að hafa boðið sig annars staðar fram og fylgdu framboði þessu skrifleg meðmæli lyfsala E. Möllers og S. Hjaltalín verslunarstjóra og annað meðmælingabréf frá Tómasi hreppstjóra Eggertssyni á Ingjaldshóli, Jóni hreppsnefndaroddvita á Brimilsvöllum o.fl.; 4) Skriflegt framboð frá prófasti séra Eiríki Kúld sömuleiðis með neitandi vottorði um framboð annars staðar, dags. 7. þ.m., og fylgdu því meðmæli frá séra Þorkeli presti Eyjólfsyni og séra Þorvaldi presti Jónssyni; 5) Þórður Þórðarson hreppstjóri á Rauðkollstöðum bauð sig síðan munnlega fram og lýsti yfir að hann hefði eigi boðið sig fram annars staðar. Mættir voru öll hin nýnefndu 3 þingmannaefni persónulega er gefið höfðu kost á sér ásamt meðmælendum þeirra

að einum, Tómasi Eggertssyni, fráskildum og stóðu þeir við yfirlýsingar sínar. Á fundinum voru alls yfir 200 manns.

Kjörstjórnin gaf þá eftir því sem kosningalögin gjöra ráð fyrir hinum einstöku þingmannaefnum, meðmælendum þeirra og öðrum kjósendum kost á að taka til máls og stóðu umræður þessar um eða undir 2 klukkutíma en einkanlega millum þingmannaefnanna sjálfra og meðmælandans séra Þorkels Eyjólfssonar; af því þá ekki fleiri æsktu að taka til máls var umræðum þessum slitið og skorað á þingheiminn að ganga til kosninga í hrepparöð og stafrófsröð – og eftir nánari ákvörðun kjörstjórnarinnar – á fulltrúa fyrir kjördæmið. Hún kallaði því næst sérhvern kjósanda fram samkvæmt hinum framlögðu nafnaskrá og atkvæðaskránni og innfærði á báðar skrár þessar atkvæði þeirra, sem og í hinar lögskipuðu gjörðabækur er kjörbókinni hafa fylgt hér í umdæminu. Fyrst að tveimur tímum liðnum frá byrjun atkvæðagreiðslunnar og án þess fleiri, þrátt fyrir áskorun kjörstjórans, gæfu sig fram var atkvæðagreiðslu lokið.

Varð það þá árangur kosningarinnar að Holger P. Clausen kaupmaður í Stykkishólmi varð kosinn alþingismaður fyrir kjördæmið með samtals 133 – eitt hundrað og þrjátíu og þrem atkvæðum. Þórður Þórðarson hreppstjóri hlaut 51 – fimmtíu og eitt – atkvæði en prófastur séra Eiríkur Kúld fékk 10 atkvæði. Hin greiddu atkvæði alls náðu samtals 194 – eitt hundrað og níutíu og fjórum. Þessi málalok voru síðan hátt og snjallt tilkynnt þingheiminum og kjörfundinum að svo búnu slitið, eftir að kjörbækurnar og atkvæðaskrárnar voru á lögboðinn hátt undirskrifaðar af kjörstjórninni. d.u.s.

Sigurður Jónsson, D.Á. Thorlacius, E. Kúld

Rétt eftirrit staðfestir. Sigurður Jónsson.

Snæfellsness- og Hnappadalssýsla 1886

Dagbækur Alþingis: N 570–86 [34v–36r]

Ár 1886, 4. júní, að liðnu hádegi var aðalkjörfundur fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu settur að Görðum í Staðarsveit og haldinn af kjörstjórninni í nefndu kjördæmi: sýslumanni Sigurði Jónssyni, ásamt prófasti séra Eiríki Kúld og hreppstjóra Þórði Þórðarsyni, er sýslunefndin samkvæmt lögum 14. september 1877, 19. gr. á fundi sínum 13.–16. apríl seinastl. hafði þar til kosið.

Var þá fyrir tekið: Að kjósa fulltrúa til Alþingis Íslendinga fyrir kjördæmið Snæfellsness- og Hnappadalssýslu til næsta 6 ára tímabils. Kjörstjóri las þá: 1) Hið opna bréf, dags. 2. nóvember 1885, er boðar almennar kosningar til alþingis 1.–10. júní 1886 um allt land; 2) Amtsbréf, dags. 1. desember 1885, sem ákveður að kjörfundur framfari fyrir 10. júní þ.á., m.m; 3) Auglýsing kjörstjórans, er ákveður að kjörþing framfari í dag hér í Görðum sem var hvívetna í kjördæminu birt með nægum fyrirvara (yfir 4 vikur).

Kjörstjóri leiddi síðan athygli kjósenda að því hver tilgangur væri með kosningunni og hve mikils varðandi hún væri og framlagði síðan: 4) Kjörskrárnar frá hinum einstöku hreppum 10 að tölu og; 5) Atkvæðaskrá og kjörskrá, er samin hafði verið eftir nefndum skráum.

Á fundinum hafði enginn boðið sig fram og ekki heldur lá neitt skriflegt tilboð fyrir kjörstjórninni frá fjarverandi mönnum. En kjörstjóri gat þess að til sín væru komnar nokkrar áskoranir (yfir 170) frá sýslubúum sem kosningarétt hafa til Alþingis hvers vegna hann gæfi nú kost á sér til þingmanns jafnframt og hann gat þess að hann hefði hvergi annars staðar boðið sig fram.

Af því enginn óskaði að taka til máls var skorað á þingheiminn að ganga til atkvæða eftir nánari ákvörðun kjörstjórnarinnar. Hún kallaði því næst sérhvern kjósenda fram samkvæmt hinum framlögðu nafnaskráum og atkvæðaskránni og innfærði á báðar þessar skrár atkvæði þeirra. Fyrst að tveim tímum liðnum frá byrjun atkvæðagreiðslunnar, án þess fleiri þrátt fyrir áskorun kjörstjórans gæfu sig fram, var atkvæðagreiðslu lokið. Á fundinum voru greidd alls 86 atkvæði sem Sigurður sýslumaður Jónsson hlaut öll og var lýst yfir að hann væri rétt kjörinn alþingismaður fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Atkvæðaskrárnar voru á lögboðinn hátt undirskrifaðar af kjörstjórninni.

Þingi slitið.

Sigurður Jónsson, E. Kúld, Þórður Þórðarson

Réttan útdrátt úr kjörbók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu staðfestir.

Sigurður Jónsson

Snæfellsness- og Hnappadalssýsla 1892

Dagbækur Alþingis: N 615–92 [79r–81v]

Ár 1892, þann 10. september á hádegi var aðalkjörfundur fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu settur að Görðum í Staðarsveit og haldinn af kjörstjórninni í nefndu kjördæmi: hlutaðeigandi sýslumanni Sigurði Jónssyni, ásamt prófasti E. Kúld og Sigurði Brandssyni, er sýslunefndin hefur þar til kosið.

Var þá fyrirtekið: að kjósa fulltrúa til Alþingis Íslendinga fyrir kjördæmið Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu um næsta 6 ára tímabil. Kjörstjóri framlagði síðan og upplás: 1) Hið konunglega opna bréf, dags. 26. febrúar þ.á., er boðar almennar kosningar til Alþingis í september 1892 um allt land; 2) Amtsbréf, dags. 25. mars s.á., um framkvæmd á hinu konunglega opna bréfi; 3) Auglýsing kjörstjórans, dags. 29. júlí þ.á., er ákveður að kjörþing framfari í dag hér á Görðum, sem var birt í hverjum hreppi kjördæmisins með löglegum 4 vikna fyrirvara. – Auglýsing þessi er svohljóðandi:

Kosning til Alþingis 1892.

Auglýsing.

Ár 1892, þann 10. september, klukkan 12 á hádegi, verður kjörþing haldið að Görðum í Staðarsveit og kosning þar látin fram fara á fulltrúa til Alþingis fyrir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu kjördæmi um næstkomandi 6 ára tímabil.

Er því hér með skorað á alla þá sem kjörgengi og kosningarétt hafa til Alþingis fyrir kjördæmið að sækja þing þetta rækilega á tilteknum stað og tíma og gæta þar réttar síns um framangreint allsherjarmálefni.

Skrifstofu Snæfellsness- og Hnappadalssýslu

Stykkishólmi þann 29. júlí 1892.

Sigurður Jónsson

Framlagt á kjörþingi að Görðum 10. septbr. 1892 vottar: Sigurður Jónsson

Kjörstjóri leiddi síðan athygli kjósenda að því hver tilgangur væri með kosningunni og hve mikilsvarðandi hún væri og framlagði síðan: 4) Kjörskrárnar frá hinum einstöku hreppum sýslunnar 10 að tölu; 5) Atkvæðaskrá í tvennu lagi, er samin hafði verið eftir nefndum skráum.

Framlagt var síðan skriflegt framboð frá Dr.phil. Jóni Þorkelssyni í Kaupmannahöfn, meðtekið 8. þ.m., ásamt skriflegri meðmælingu frá H. Claussen og Sæmundi

Halldórssyni er meðtekin var s.d., Dr. Jón Þorkelsson var eigi sjálfur mættur á þinginu. Skjöl þessi voru upplesin svohljóðandi:

Undirritaður gefur hér með kost á sér til þingmennsku fyrir Snæfellsnessýslu við kosningar þær, sem eiga að fara fram í september 1892 og skal það tekið fram að ég býðst ekki til þingmanns í neinu öðru kjördæmi og er kominn á lögskipan aldur.

Kaupmannahöfn 10. júlí 1892.

Jón Þorkelsson Dr.phil.

Til kjörstjórnarinnar við alþingiskosningar í Snæfellsnessýslu 1892.

meðtekið 8/9 1892. Sigurður Jónsson

Framlagt á kjörþingi að Görðum í Staðarsveit þann 10. septbr. 1892 vottar:

Sigurður Jónsson

Hér með tilkynnist yður, að Dr.phil. Jón Þorkelsson í Kaupmannahöfn gefur kost á sér til þingmennsku fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu við kosningu þá er á að fara fram þann 10. yfirstandandi mánaðar, samkvæmt meðfylgjandi framboði, og lýsum við því hér með yfir að við viljum mæla fram með honum til þessarar kosningar.

Stykkishólmi 8. september 1892.

Sæm. Halldórsson, Holger Clausen

Til kjörstjórnarinnar við alþingiskosningar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

meðtekið 8/9 1892. Sigurður Jónsson

Framlagt á kjörþingi að Görðum í Staðarsveit þann 10. september 1892 vottar:

Sigurður Jónsson

Mættur var hreppstjóri og sýslunefndarmaður Lárus Skúlason á Sandi og bauð sig fram, munnlega, til kosningar til Alþingis fyrir kjördæmið. Ennfremur var mættur prestur séra Helgi Árnason í Ólafsvík og bauð sig fram, munnlega, til kosningar til Alþingis fyrir kjördæmið.

Eftir nokkrar umræður var gengið til kosningar og var Dr. Jón Þorkelsson kosinn til alþingismanns með 34 – þrjátíu og fjórum – atkvæðum. Lárus Skúlason hlaut 9 atkvæði, prestur séra Helgi Árnason 3 atkvæði. Alls greiddu atkvæði 46 kjósendur. Var þá lýst yfir að Dr. Jón Þorkelsson væri kosinn alþingismaður fyrir kjördæmið og kjörbréf hans undirskrifað. Atkvæðaskrárnar voru síðan undirskrifaðar af kjörstjórninni. Að nægum tíma liðnum samkvæmt lögum 14. september 1877, 30. grein var þinginu síðan sagt slitið.

Sigurður Jónsson, E. Kúld, Sigurður Brandsson

Réttan útdrátt úr löggiltri kjörþingsbók.

Snæfellsness- og Hnappadalssýslu staðfestir.

Sigurður Jónsson ...

Athugasemd.

Að því gleymsst hefur að taka það fram í sjálfri kjörbókinni þá vottast hér með að þeir meðmælendur Dr. Jóns Þorkelssonar: Sæmundur Halldórsson og Holger Clausen voru báðir mættir á kjörþinginu og stóðu þar við téða meðmælingu sína enda greiddu þeir báðir atkvæði í samkvæmni þar við.

Skrifstofu Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 12. september 1892.

Sigurður Jónsson, E. Kúld

Snæfellsness- og Hnappadalssýsla 1894

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: Lh. 543–94

Ár 1894, þann 9. júní kl. 12 á hádegi var aðalkjörfundur fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu settur í þinghúsinu í Stykkishólmi og haldinn af kjörstjórninni í nefndu kjördæmi: settum sýslumanni Sigurði Briem ásamt hreppstjóra Þórði Þórðarsyni og verslunarstjóra Samúel Richter, er sýslunefndin samkvæmt lögum 14. september 1877, 19. gr. á aðalfundi sínum 25. og 26. apríl síðastliðinn hafði þar til kosið.

Var þá fyrirtekið: Að kjósa fulltrúa til Alþingis Íslendinga fyrir kjördæmið Snæfellsness- og Hnappadalssýslu til næsta 6 ára tímabils. Kjörstjóri framlagði því næst og upplás: 1) Hið konunglega opna bréf, dags. 29. sept., f.á. um að nýjar kosningar til Alþingis fyrir næstu 6 ár skuli fram fara á tímabilinu frá 1. til 10. júní

1894; 2) Amtsbréf, dags. 2. nóvember f.á., um framkvæmd á hinu konunglega opna bréfi m.m.; 3) Auglýsing kjörstjórans, dags. 26. apríl þ.á., er ákveður að kjörþing fram fari í dag hér í Stykkishólmi sem hefur verið birt í hverjum hreppi kjördæmisins með löglegum fullum fjögura vikna fyrirvara. Auglýsing þessi er svohljóðandi.

Kosning til Alþingis 1894

Auglýsing

Ár 1894, þann 9. júní klukkan 12 á hádegi, verður kjörþing haldið í Stykkishólmi og kosning þar látin fram fara á fulltrúa til Alþingis fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu kjördæmi um næstkomandi 6 ára tímabil.

Er því hér með skorað á alla þá sem kjörgengi og kosningarétt hafa að sækja þing þetta rækilega á tilteknum stað og tíma og gæta þar réttar síns um framangreint allsherjarmálefni.

Skrifstofu Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Stykkishólmi 26. apríl 1894.

Sigurður Briem settur.

Kjörstjóri leiddi því næst athygli kjósendanna að því hver tilgangur væri með kosningunni og hve mikilsvarðandi hún sé og framlagði síðan: 4) Kjörskrár frá hinum einstöku hreppum sýslunnar, 11 að tölu; 5) Atkvæðaskrá, sem samin hefur verið, eftir nefndum skrám; 6) Skriflegt framboð frá séra Eiríki Gíslasyni ásamt skriflegri meðmælingu frá Jóni Jónssyni á Narfeyri og Stefáni Benediktssyni í Bjarnarhöfn, sem voru auðkenndar a og b og upplesin svohljóðandi:

a.

Undirritaður gefur hér með kost á sér til þingmennsku fyrir Snæfellsnessýslu við kosningar þær, sem eiga að fara fram þann 9. dag. þ.m., og skal það tekið fram að ég býðst eigi til þingmanns í neinu öðru kjördæmi og er kominn á lögskipaðan aldur.

Staddur í Stykkishólmi, 8. júním. 1894.

Eiríkur Gíslason

Til kjörstjórnarinnar við alþingiskosningar í Snæfellsnessýslu 1894.

b.

Hér með lýsum við undirritaðir því yfir að við viljum mæla fram með séra Eiríki Gíslasyni á Staðastað til alþingiskosningar þeirrar sem á að fara fram í dag.

Staddir í Stykkishólmi, 9. júním. 1894.

Jón Jónsson (Narfeyri), Stefán Benediktsson (Bjarnarhöfn).

Til kjörstjórnarinnar við alþingiskosningar í Snæfellsnessýslu 1894.

Jón og Stefán könnuðust báðir við meðmæling sína. Mættur var á kjörþinginu Dr. Jón Þorkelsson og bauð sig fram til þingmanns fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og lýsti yfir því að hann hefði ekki boðið sig fram til þingmanns annars staðar. Meðmælendur sína tilnefndi hann prófast Helga Árnason, Árna prest Þórarinsson og Hall Björnsson í Görðum. Könnuðust þeir Hallur og séra Helgi við meðmæling sína, en séra Árni var eigi mættur.

Því næst var þingmannaefnunum og meðmælendum þeirra gefinn kostur á að taka til máls svo og kjósendum að leggja spurningar fyrir þingmannaefnin og meðmælendur þeirra. Stóðu umræður til kl. 2½ e.m. og var þá gengið til atkvæða. Atkvæðagreiðslunni var lokið kl. 4½ e.m. og hafði enginn kjósandi gefið sig fram eftir kl. 4 e.m.

Atkvæðagreiðslan féll þannig að af 341, sem kosningarétt hafa í kjördæminu, greiddu 100 atkvæði, þar af kusu 57 séra Eirík Gíslason en 43 Dr. Jón Þorkelsson. Lýsti kjörstjóri þá yfir að Eiríkur prestur Gíslason væri kosinn alþingismaður fyrir kjördæmið og kjörbréf hans undirskrifað og honum afhent á kjörþinginu. Atkvæðaskráin og kjörskrárnar voru síðan undirskrifaðar af kjörstjórninni.

Var þinginu því næst slitið.

Sigurður Briem settur, Þórður Þórðarson, S. Richter

Réttan útdrátt staðfestir. Sigurður Briem settur sýslumaður

Snæfellsness- og Hnappadalssýsla 1900

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: [Ómerkt askja – 223]

Ár 1900, laugardaginn hinn 22. dag septembermánaðar á hádegi var kjörfundur Snæfellsness- og Hnappadalssýslu settur í þinghúsi Stykkishólmshrepps og haldinn af kjörstjóra sýslunnar, Lárusi sýslumanni H. Bjarnason, Sæmundi kaupmanni

Halldórssyni og Sigurði prófasti Gunnarssyni, en þeir Sæmundur kaupmaður og séra Sigurður höfðu báðir verið kosnir í kjörstjórnina á seinasta aðalfundi sýslunefndarinnar 6. og 7. apríl þ.á., hinn fyrri úr flokki sýslunefndarmanna en hinn úr flokki almennra kjósenda. Var þá fyrir tekið að kjósa alþingismann fyrir sýsluna til næstu 6 ára.

Kjörstjóri lagði fram opið bréf konungs, dags. 2. dag marsm. þ.á., um að almennar kosningar til Alþingis skuli fram fara um land allt í þessum mánuði. Bréfið auðkennist sem nr. 1 og hljóðar svo: # Jafnframt brýndi kjörstjóri fyrir kjósendum, hver tilgangur kosningarinnar væri og hve miklu hún varðaði land og lýð. Því næst framlagði kjörstjóri eftirfarandi bréf: 1) Amtsbréf, dags. 20. apríl þ.á., um framkvæmd á nýnefndu konungsbréfi. Amtsbréfið auðkennist sem nr. 2, og hljóðar svo: #; 2) Kjörfundarboð kjörstjóra, dags. 4. ágúst, og hefur það verið birt í öllum hreppum sýslunnar með fullum 4 vikna fyrirvara. Fundarboðið auðkennist sem nr. 3 og hljóðar svo: #

Þá framlagði kjörstjóri kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar, 11 að tölu, og útbúnar eftir fyrirmælum kosningalaganna frá 14. september 1877. Skrárnar auðkennast sem 4–14 og fylgja. Og enn lagði kjörstjóri fram sérstaka atkvæðaskrá er samin hefur verið eftir kjörskránum. Skráin auðkennist sem nr. 15 og fylgir. Þá lagði kjörstjóri fram sem nr. 16 skriflegt framboð frá Sigurði prófasti Gunnarssyni, dags. í dag, er hljóðar svo: #, svo og sem nr. 17 framboð Einars ritstjóra Hjörleifssonar, dags. 17. þ.m., og hljóðar það svo: # Loks gaf Lárus sýslumaður H. Bjarnason kost á sér til alþingismanns fyrir sýsluna til næstu 6 ára, og gat hann þess jafnframt að hann hefði hvergi gefið kost á sér annars staðar.

Þingmannaefnin voru viðstödd öll. Einar ritstjóri Hjörleifsson lýsti meðmælendur sína: Hallgrím Jónsson, Helga Árnason prest, Einar umboðsmann Markússon, Benedikt stúdent Gröndal og Lárus Skúlason. Hallgrímur Jónsson og Lárus Skúlason voru ekki mættir. Hinir könnuðust við meðmæli sín. Sigurður prófastur Gunnarsson nefndi sem sína meðmælendur: Vigfús oddvita Hjaltalín og Jón Lárusson á Ósi. Meðmælendur mættu og stóðu við meðmæli sín. Lárus sýslumaður H. Bjarnason tilnefndi sem sína meðmælendur: Halldór Steinsson héraðslækni, séra Árna Þórarinsson, Brand Bjarnason hreppstjóri, Stefán hreppstjóra Guðmundsson, Helga sýslunefndarmann Árnason, Þorstein hreppstjóra Bergmann, Einar húsmann Þorkelsson, Sigurð hreppstjóra Brandsson og Jón hreppstjóra Jónsson á Narfeyri.

Allir mættu og könnuðust við meðmæli sína, nema Sigurður Brandsson, er ekki mætti.

Þá lýsti kjörstjóri yfir því, að þingmannaefnin gætu nú tekið til máls svo og meðmælendur þeirra og gaf jafnframt kjósendum kost á að leggja spurningar fyrir þá er þeir hefðu lokið sér af. Er hingað var komið var kl. 12:50 e.h. Umræður stóðu til 2½ og var þá jafnframt gengið til kosninga. Kl. 4 höfðu allir kosið, er mætt höfðu, og skoraði oddviti þá hátt og snjallt á þá er ættu eftir að kjósa að gefa sig fram, ef nokkrir væru, og veitti til þess 10 mínútna frest. Kl. 4:12 eftir hádegi var atkvæðagreiðslunni lokið og gaf sig aðeins einn kjósandi fram til kosningar á hinum tiltekna fresti.

Í sýslunni eru alls 379 kjósendur, en á fundinum mættu 153 og greiddu 151 atkvæði. Kjörstjóri og Sigurður prófastur Gunnarsson greiddu eigi atkvæði. Voru atkvæðin síðan lögð saman og kom þá í ljós að Lárus sýslumaður H. Bjarnason hafði hlotið 116 atkvæði, Sigurður prófastur Gunnarsson 9 og Einar ritstjóri Hjörleifsson 26 atkvæði. Bæði kjörskrárnar og atkvæðaskrárnar voru því næst undirskrifaðar. Lýsti kjörstjóri þá yfir því að alþingismaður fyrir sýsluna til næstu 6 ára væri kosinn: Lárus sýslumaður H. Bjarnason. Var kjörbréfið síðan undir skrifað af kjörstjórninni og afhent þingmanninum og kjörfundi jafnframt slitið kl. 5 e.h.

Lárus H. Bjarnason, Sigurður Gunnarsson, Sæmundur Halldórsson

Að þetta sé rétt ritað eftir kjörfundarbók sýslunnar vottast hér með af undirskrifuðum kjörstjóra. Lárus H. Bjarnason

Snæfellsness- og Hnappadalssýsla 1902

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: [Ómerkt askja – 209]

Ár 1902, mánudaginn hinn 2. dag júnímánaðar var kjörþing Snæfellsness- og Hnappadalssýslu sett í þinghúsi Stykkishólsmshrepps og haldið af kjörstjórn sýslunnar, Lárusi sýslumanni H. Bjarnason, Sæmundi kaupmanni Halldórssyni og Samúel verslunarstjóra Richter, en þeir Sæmundur kaupmaður og Richter verslunarstjóri höfðu verið kosnir í kjörstjórn á aðalfundi sýslunefndarinnar 10.–11. apríl þ.á., hinn fyrri úr flokki sýslunefndarmanna, en hinn síðari úr flokki almennra kjósenda. Þá var tekið fyrir að kjósa alþingismann fyrir sýsluna til næstu 6 ára.

Kjörstjóri lagði fram eftirfarandi skjöl er auðkennast sem nr. 1–16, og fylgja: 1) opið bréf um að alþingi skuli leyst upp, dags. 13. sept. 1901; 2) opið bréf sama dag um nýjar kosningar til alþingis; 3) bréf amtmannsins yfir Vesturamtinu, dags. 8. október 1901, um framkvæmd nýnefndra konungsbréfa; 4) Kjörþingboð kjörstjóra, dags. 12. apríl þ.á., og hefur það verið birt í öllum hreppum sýslunnar með fullum 4 vikna fyrirvara; 5.-15) kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar, 11 að tölu; 16) atkvæðaskrá, er samín hefur verið eftir kjörskránum.

Síðan brýndi kjörstjóri fyrir kjósendum hver tilgangur kosningarinnar væri og hve miklu hún varðaði land og lýð. Þegar hér var komið gat Lárus sýslumaður H. Bjarnason þess að hann gæfi kost á sér sem þingmanni fyrir kjördæmið og lýsti jafnframt yfir því að hann hefði hvergi gefið kost á sér annars staðar og tilnefndi sem meðmælendur sína Þorstein hreppstjóra Bergmann, Jóhann bónda Jónasson, séra Jónmund Halldórsson og Björn bónda Gottskálksson. Aðrir gáfu ekki kost á sér.

Lárus sýslumaður H. Bjarnason skýrði síðan stuttlega frá skoðunum sínum á helstu landsmálum og gaf að því búnu meðmælendum sínum, er allir voru mættir og stóðu við meðmæli sín, kost á að taka til máls og svo kjósendum kost á að leggja spurningar fyrir þingmannsefnið. Meðmælendurnir mæltu allir einum munni fram með þingmannsefninu. Eftir að 2 kjósendur höfðu lagt spurningar fyrir þingmannsefnið og þingmannsefnið leyst úr þeim var gengið til kosninga og var byrjað á Skógarstrandarhreppi.

Eftir að kjörþingið hafði staðið 3 klukkustundir höfðu allir er sótt höfðu fundinn kosið. Skoraði þá kjörstjóri hátt og snjallt á þá er eiga kynni eftir að kjósa að gefa sig fram til þess og setti jafnframt 6 mínútna frest, en með því að enginn gaf sig fram var atkvæðagreiðslunni lokið. Bættu þá meðkjörstjórarnir atkvæðum sínum við og höfðu að þeim meðtöldum 52 greitt atkvæði. Kjörstjóri greiddi ekki atkvæði. Alls eru í sýslunni 397 kjósendur. Af þeim mættu, að kjörstjórninni meðtaldri, 53 og greiddu 52 atkvæði með Lárusi sýslumanni H. Bjarnason. Kjörstjóri lýsti því að því búnu yfir að Lárus sýslumaður H. Bjarnason væri kosinn alþingismaður fyrir kjördæmið með 52 samhljóða atkvæðum. Var kjörbréfið síðan undirskrifað og afhent þingmanninum og fundi að því búnu slitið eftir að hann hafði staðið 3 stundir og 10 mínútur.

Uppl. staðf. Þingi slitið.

Lárus H. Bjarnason, Sæm. Halldórsson, S. Richter

Rétta úrskrift staðfestir undirskrifaður oddviti kjörstjórnarinnar. Lárus H. Bjarnason

Snæfellsness- og Hnappadalssýsla 1903

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: [Ómerkt askja – 209]

Ár 1903, laugardaginn hinn 6. dag júnímánaðar var kjörþing Snæfellsness- og Hnappadalssýslu sett í þinghúsinu í Stykkishólmi og haldið af kjörstjórninni, Lárusi sýslumanni H. Bjarnason, Sæmundi kaupmanni Halldórssyni og Samúel verslunarstjóra Richter, en þeir Sæmundur kaupmaður Halldórsson og S. Richter verslunarstjóri höfðu verið kosnir í kjörstjórnina á aðalfundi sýslunefndarinnar 23. mars þ.á. Þá var tekið fyrir að kjósa alþingismann fyrir sýsluna til næstu 6 ára.

Kjörstjóri lagði fram eftirfarandi skjöl, er auðkennast sem nr. 1–18 og fylgja: 1) opið bréf, dags. 25. sept. 1902, um að Alþingi skuli leyst upp; 2) opið bréf, dags. sama dag, um nýjar kosningar til Alþingis; 3) bréf amtmanns, dags. 11. okt. 1902, um framkvæmd nýnefndra konungsbréfa; 4) þingboð kjörstjóra, dags. 16. apríl þ.á.; 5.–15) kjörskrár úr öllum hreppum kjördæmisins, 11 að tölu; 16) atkvæðaskrá.

Síðan brýndi kjörstjóri tilgang kosningarinnar og þýðingu fyrir þingheimi. Þegar hér var komið gat Lárus sýslumaður H. Bjarnason þess að hann gæfi kost á sér sem þingmanns fyrir kjördæmið og lýsti jafnframt yfir því að hann hefði hvergi gefið kost á sér annars staðar. Síðan las oddviti kjörstjórnarinnar upp samstundis meðtekið bréf Einars málaflutningsmanns Benediktssonar, dags. í dag, þar sem nefndur málaflutningsmaður býður sig fram sem þingmann sýslunnar, svo og meðmælingarbréf Sigurðar Gunnarssonar, Lárusar Skúlasonar, Hallgr. Jónssonar og St. Daníelssonar, dags. í dag. Skjöl þessi auðkennast sem nr. 17 og 18 og fylgja.

Lárus H. Bjarnason tilnefndi sem sína meðmælendur Ólaf Erlendsson á Jörfa, Þorstein Bergmann í Dældarkoti, Brand Bjarnason á Hallbjarnareyri, Kristján Þórðarson í Miklaholtsseli, Halldór Steinsson lækni, Sigurð Brandsson í Tröð, Kristján Jörundsson Þverá og Sæmund Sigurðsson á Elliða. Síðan skoraði oddviti á meðmælendur þingmannaefnanna að ganga fram og standa við meðmæli sín, er þeir og allir gjörðu.

Síðan var fundurinn fluttur úr þinghúsi hreppsins sökum rúmleysis og í bindindishúsið með samþykki þingmannaefnanna beggja og kjósenda.

Þegar hér var komið veik oddviti úr kjörstjóra sæti og fékk fundarstjórnina Sæmundi kaupmanni Halldórssyni. Að því búnu tóku þingmannaefnin til máls og svo meðmælendur þeirra eftir upphafsstöfum í nöfnum þingmannaefnanna.

Umræðurnar stóðu þangað til kl. var 3 e.h. eða 3 klukkutíma. Og var að þeim loknum gengið til kosninga með því að ekkert varð úr fyrirspurnum til þingmannaefnanna eða meðmælenda þeirra.

kl. 3,57 mín. höfðu allir kosið og skoraði oddviti þá á alla er ekki kynnu að hafa kosið að gefa sig fram innan 10 mínútna, en sá frestur leið svo að enginn gaf sig fram og bættu þá hinir kosnu kjörstjórar sínum atkvæðum við. Voru svo atkvæðin talin saman og kom þá í ljós að fallið höfðu 139 atkvæði. Af þeim hlaut Lárus H.

Bjarnason sýslumaður 108 atkvæði en Einar Benediktsson 31. Alls eru í sýslunni 389 kjósendur. Lýsti oddviti kjörstjórnarinnar því síðan yfir að þingmaður sýslunnar til næstu 6 ára væri kosinn Lárus sýslumaður H. Bjarnason. Var síðan kjörbréf þingmannsins undirskrifað og afhent þingmanninum og þingi slitið kl. 4,35 mín. e.h.

Gjörðabókin var lesin upp og samþykkt.

Lárus H. Bjarnason, Sæmundur Halldórsson, Samúel Richter

Rétta útskrift staðfestir

Skrifstofu Snæfellsness- og Hnappadalssýslu Stykkishólmi 15. júní 1903.

Lárus H. Bjarnason

Mýrasýsla

Mýrasýsla 1880

Skjalasafn Alþingis, Ý K2 (1845-1887), 12: N 564–80

Ár 1880, hinn 18. september var kjörstjórinn í Mýrasýslu, Guðmundur sýslumaður Pálsson, mættur í Eskiholti, og hinir kosnu aðstoðarmenn í kjörstjórninni fyrir sýslu þessa: prestur séra Guðmundur Bjarnason á Borg og prestur séra G.Þ. Stefánsson í Hvammi. Eftir að kjörstjórnin hafði sett kjörfundinn, er boðaður hafði verið á löglega hátt, og lesið upp opið bréf konungs, 2. mars þ.á., er skipar að almennar kosningar til alþingis skuli fram fara um land allt í yfirstandandi septembermánuði, leiddi hann með nokkrum orðum athygli kjósendanna að því hver tilgangurinn væri með kosninguna og hve mikils varðandi hún væri.

Skýrði hann þar næst frá, að þeir Hjálmur hreppstjóri Pétursson á Hamri, Egill bæjarfulltrúi Egilsson í Reykjavík og séra Jakob Guðmundsson á Sauðafelli hefðu boðið sig fram til að takast á hendur þingmannskosningu fyrir kjördæmið og lagði fram bréf þeirra þar um og 3 meðmælingaskjöl svo og gat þess að af kjósendum mæltu þeir Jónas E. Jónsson í Örnúlfssdal og Sigurður bóndi á Hóli með hreppstjóra H. Péturssyni, en þeir Jón kaupmaður Jónsson í Borgarnesi og Gunnar Vigfússon á Hamri með Agli bæjarfulltrúa Egilsson; með séra Jakob mæltu þeir Jón Þórðarson í Norðtungu og Jón bóndi Jónsson í Gröf, og könnuðust meðmælendurnir við meðmælingu sína eftir að kjörstjóri um það efni hafði skorað á þá.

Eftir að þeim 2 þingmannaefnum er mættir voru, Hjálmi hreppstjóra Péturssyni og séra Jakob Guðmundssyni svo og meðmælendunum, í hinni ákveðnu röð, hafði verið gefinn kostur á að taka til máls og eftir að þeir kjósendur er báðu sér hljóðs höfðu tekið til orða sleit kjörstjóri umræðunum og var þá gengið til atkvæða eftir kjörskránum er lagðar voru fram frá öllum 7 hreppum sýslunnar; eftir að atkvæði síðan voru borin saman urðu úrslit atkvæðagreiðslunnar þau að af 56 atkvæðum er greidd voru á kjörfundinum hlaut hreppstjóri Hjálmur Pétursson 26 atkvæði; Egill bæjarfulltrúi Egilsson 28 atkvæði og séra Jakob Guðmundsson 2 atkvæði. Þar eð enginn hafði þannig hlotið hinn lögskipaða atkvæðafjölda eða meira en helming greiddra atkvæða var samkvæmt 34. gr. kosningalaganna aftur kosið óbundnum kosningum og varð þá niðurstaðan sú að af 55 atkvæðum, er greidd voru, hlaut Egill

bæjarfulltrúi Egilsson í Reykjavík 29 atkvæði en Hjálmur hreppstjóri Pétursson 26 atkvæði. Þar eð Egill bæjarfulltrúi Egilsson þannig hafði hlotið meira en helming af atkvæðum þeim er greidd voru var því í heyranda hljóði lýst yfir fyrir þingheiminum að Egill bæjarfulltrúi Egilsson væri réttkjörinn alþingismaður fyrir Mýrasýslu um hinn næsta 6 ára kjörtíma, er nú fer í hönd.

Að því búnu voru atkvæðaskrárnar og kjörbókin undirskrifuð og var svo kjörfundinum slitið. Ut supra

Guðm. Pálsson, G. Þorv. Stefánsson, G. Bjarnason

Rétt eftirrit staðfestir.

Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 21. september 1880. Guðmundur Pálsson.

Mýrasýsla 1886

Dagbækur Alþingis: N 667–86 [31r–31v]

Ár 1886, hinn 9. júnímán. á hádegi var kjörþing Mýrasýslu sett að Eskiholti að undangenginni löglegri fundarboðan af cand.jur. Sigurði Þórðarsyni, í sjúkdómsforföllum oddvita kjörstjórnarinnar sýslumanns Guðmundar Pálssonar, til þess að kosinn yrði alþingismaður fyrir kjördæmið fyrir næstu 6 ár, samkvæmt opnu bréfi konungs 2. nóv. f.á. Viðstaddir voru hinir kjörnu aðstoðarmenn í kjörstjórninni, snikkari Björn Þorláksson í Munaðarnesi og prófastur Magnús Andrésson á Gilsbakka. Eftir að hinn setti oddviti hafði sett þingið og lesið upp hið áðurgreinda opna bréf ásamt konungl. auglýsingu s.d., minnti hann kjósendur stuttlega á þýðingu kosningarinnar.

Þar næst skýrði hann frá að þeir séra Árne Jónsson prestur á Borg á Mýrum og óðalsbóndi Þórður Þorsteinsson á Leirá í Leirársveit hefðu boðið sig fram til þingmannskosningar og las upp skrifleg framboð þeirra. Þá er þingmannaefnin höfðu lýst skoðunum sínum fyrir þingheimi skoraði oddviti á kjósendur að leggja spurningar fyrir þá er boðið höfðu sig fram en enginn varð við því. Var því næst gengið til atkvæða og fór atkvæðagreiðslan svo að af 61 atkvæði er greidd voru (á kjörskrá eru 208 kjósendur) hlaut séra Árne Jónsson prestur á Borg 54 atkvæði, en Þórður Þorsteinsson á Leirá 7 atkvæði. Oddviti lýsti því yfir fyrir þingheimi að séra Árne Jónsson væri rétt kjörinn þingmaður fyrir kjördæmið um næstu 6 ár og eftir að atkvæðaskráin og kjörbókin voru undirskrifaðar var kjörþinginu slitið.

Ut supra

Í forföllum oddvita kjörstjórnarinnar, sýslumanns Guðmundar Pálssonar

Sigurður Þórðarson cand.jur.

Magnús Andrésson, Björn Þorláksson

Rétta útskrift staðfestir.

Skrifstofa Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 21. júlí 1886. Sigurður Þórðarson settur.

Mýrasýsla 1892

Dagbækur Alþingis: N 615–92 [108r–108v]

Ár 1892, þann 16. september var haldinn kjörfundur fyrir Mýrasýslu í Eskiholti til þess að kjósa alþingismann fyrir kjördæmið til næsta kjörtímabils samkvæmt opnu bréfi 26. febr. þ.á. Auk oddvita kjörstjórnarinnar, sýslumanns Sigurðar Þórðarsonar, sátu í henni Björn Þorláksson í Munaðarnesi og Sigurður Sigurðsson á Kárastöðum eftir kosningu sýslunefndarinnar.

Eftir að oddviti hafði lesið upp hið konungl. opna bréf, sem nefnt var, og brýnt með fáum orðum fyrir kjósendum þýðingu kosningarinnar lýsti hann því yfir að boðið hefðu sig fram til kosningar þeir Árni prestur Jónsson á Skútustöðum, Ásgeir bóndi Bjarnason í Knararnesi og Benedikt emeritprestur Kristjánsson í Landakoti og nefndi á nafn meðmælendur þeirra. Eftir að meðmælendurnir og þingmannaefnin höfðu tekið til máls og nokkrir af kjósendum borið upp spurningar fyrir þingmannaefni þau er viðstödd voru, þá Ásgeir Bjarnason og Benedikt Kristjánsson og þeir svarað þeim, var gengið til kosningar og fór atkvæðagreiðsla þannig að séra Benedikt Kristjánsson hlaut 36 atkvæði, Ásgeir Bjarnason 23 og séra Árni 6 atkvæði. Lýsti kjörstjórnin því yfir að séra Benedikt Kristjánsson væri rétt kjörinn þingmaður fyrir kjördæmið til næstu 6 ára. Að því búnu var atkvæðaskráin undirskrifuð og kjörþinginu slitið.

Í kjörstjórn Mýrasýslu 16. september 1892.

Sigurður Þórðarson, Björn Þorláksson, Sigurður Sigurðsson

Rétta útskrift staðfestir. Sigurður Þórðarson.

Mýrasýsla 1894

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: Lh. 543–94

Ár 1894, þann 4. júní var kjörstjórinn í Mýrasýslu, Sigurður sýslumaður Þórðarson, mættur í Galtarholti í Borgarhreppi ásamt hinum kosnu mönnum í kjörstjórninni, Jóni hreppstjóra Hallssyni á Smiðjuhóli og Sigurði hreppstjóra Sigurðssyni í Litlugröf. Eftir að kjörstjóri hafði sett kjörfundinn, sem boðaður hafði verið fyrirfram, og lesið upp hið konunglega opna bréf, frá 29. sept. f.á., sem fyrirskipar að almennar kosningar til Alþingis skuli fram fara um land allt á tímabilinu frá 1. til 10. þ.m., leiddi hann með nokkrum orðum athygli kjósendanna að því hver tilgangurinn væri með kosninguna og hve mikilsvarðandi hún væri.

Skýrði hann þar næst frá að þeir præp.hon. Benedikt Kristjánsson í Landakoti og Halldór Daníelsson hreppstjóri í Langholti hefðu boðið sig fram til þingmennsku fyrir kjördæmið og gat þess að af kjósendum mæltu þeir Einar prófastur Friðgeirsson á Borg og Jóhann prestur Þorsteinsson í Stafholti með séra Benedikt Kristjánssyni, en bændurnir Þorsteinn Davíðsson á Arnbjargarlæk og Þorsteinn Hjálmsson í Örnólfsdal með Halldóri Daníelssyni og könnuðust meðmælendurnir við meðmælingu sína, er oddviti skoraði á þá um það.

Eftir að meðmælendur og þingmannaefni höfðu tekið til máls og nokkrir af kjósendum höfðu lagt spurningar fyrir þingmannaefnin og þeir höfðu svarað þeim, var gengið til kosninga. Lagði kjörstjóri fram kjörskrár úr öllum 7 hreppum sýslunnar og var kosið eftir þeim. Að lokinni kosningu voru atkvæði borin saman og urðu úrslitin þau að Halldór hreppstjóri Daníelsson í Langholti hlaut 37 atkvæði, en séra Benedikt Kristjánsson 35 atkvæði. Með því að Halldór Daníelsson hafði þannig hlotið meira en helming atkvæða þeirra er greidd voru lýsti kjörstjóri því yfir í heyranda hljóði að hann væri rétt kosinn alþingismaður fyrir kjördæmið. Eftir að búið var að undirskrifa atkvæðaskrárnar og kjörbókina var þingi slitið kl. 4 eftir hádegi en sett hafði það verið kl. 12³/₄.

Sigurður Þórðarson, J. Hallsson, Sigurður Sigurðsson

Rétta útskrift staðfestir. Sigurður Þórðarson

Mýrasýsla 1900

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: [Ómerkt askja – 223]

Ár 1900, 3. september var oddviti kjörstjórnarinnar í Mýrasýslu, sýslumaður Sigurður Þórðarson, mættur að Galtarholti í Borgarhreppi ásamt hinum kosnu aðstoðarmönnum í kjörstjórninni, Jóhanni presti Þorsteinssyni í Stafholti og Guðmundi bónda Ólafssyni á Lundum. Eftir að kjörstjóri hafði sett fundinn, sem boðað hafði verið til á lögskipaðan hátt, og lesið upp hið konunglega opna bréf, frá 2. mars þ.á., sem fyrirskipar að almennar kosningar til Alþingis skuli fram fara í yfirstandandi septembermánuði, brýndi hann með fáum orðum fyrir kjósendum þýðingu kosningarinnar.

Þar næst skýrði hann frá að þeir Einar Friðgeirsson prófastur á Borg og Magnús Andrésson præg. hon. á Gilsbakka hefðu boðið sig fram til þingmennsku fyrir kjördæmið og gat þess að af kjósendum mæltu þeir Andrés Fjeldsted á Ferjubakka og Gunnlaugur Einarsson í Einarsnesi með hinum fyrrnefnda, en þeir Þorsteinn Davíðsson á Arnbjargarlæk og Þorsteinn Hjálmsson í Örnólfsdal með hinum síðarnefnda og könnuðust þeir við að svo væri.

Eftir að meðmælendurnir og þingmannefnin höfðu tekið til máls og nokkrir af kjósendum höfðu lagt spurningar fyrir þingmannaefnin og þau höfðu svarað þeim var gengið til kosningar. Lagði kjörstjóri fram kjörskrár úr öllum 7 hreppum sýslunnar og var kosið eftir þeim. Að lokinni kosningu voru atkvæði borin saman og urðu úrslitin þau að séra Magnús Andrésson hafði hlotið 87 atkvæði, en Einar prófastur Friðgeirsson 31 atkvæði. Með því að Magnús prestur Andrésson þannig hafði hlotið meira en helming atkvæða lýsti kjörstjórnin því yfir að hann væri réttkjörinn alþingismaður fyrir kjördæmið. Eftir að búið var að undirskrifa kjörskrárnar og atkvæðaskrána var kjörþinginu sagt slitið kl. 3 og 3 mínútum e.m., en sett hafði það verið kl. 12 á hádegi.

Í kjörstjórn Mýrasýslu 3. sept. 1900.

Sigurður Þórðarson, Jóhann Þorsteinsson, Guðmundur Ólafsson

Rétta útskrift staðfestir

Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 4. sept. 1900. Sigurður Þórðarson.

Mýrasýsla 1902

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: [Ómerkt askja – 209]

Ár 1902, 9. júní var í Galtarholti í Borgarhreppi haldinn kjörfundur fyrir Mýrasýslu til þess að kjósa alþingismann fyrir kjördæmið til næstu 6 ára, samkvæmt kgl. opnu bréfi frá 13. sept. f.á. Eftir að oddviti kjörstjórnarinnar hafði lesið upp hið opna bréf og með fáum orðum brýnt fyrir kjósendum þýðingu kosningarinnar, gat hann þess að þeir Jóhann bóndi Eyjólfsson í Sveinatungu og fyrrum prófastur Magnús Andrésson á Gilsbakka hefðu boðið sig fram til kosningar og nefndi meðmælendur þeirra.

Eftir að meðmælendurnir, Einar prófastur Friðgeirsson meðmælandi Jóhann Eyjólfssonar og þeir Pétur Þórðarson í Hjörsey og Þorsteinn Hjálmsson í Örnólfsdal af hálfu séra Magnúsar Andréssonar svo og þingmannaefnin sjálf höfðu tekið til máls og kjósendum hafði verið gefinn kostur á að bera upp spurningar við þingmannaefnin var gengið til kosningar; voru lagðar fram kjörskrár úr öllum 7 hreppum sýslunnar og var kosið eftir þeim. Greidd voru 113 atkvæði og hlaut séra Magnús Andrésson 67, en Jóhann Eyjólfsson 46 atkvæði. Með því að sér Magnús þannig hafði fengið meira en helming atkvæða lýsti oddviti kjörstjórnarinnar því yfir fyrir þingheimi að hann væri rétt kjörinn þingmaður.

Kjörþingið var sett kl. 12:40 e.m. en slitið var því kl. 4:07 e.m.

Kjörstjórnin í Mýrasýslu 9. júní 1902.

Sigurður Þórðarson, Jóhann Þorsteinsson, Guðm. Ólafsson

Rétta útskrift staðfestir.

Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 25. júní 1902. Sigurður Þórðarson.

Mýrasýsla 1903

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: [Ómerkt askja – 209]

Ár 1903, 2. júní var í Galtarholti í Borgarhreppi haldinn kjörfundur fyrir Mýrasýslu til þess að kjósa alþingismann fyrir kjördæmið til næstu 6 ára, samkvæmt konunglegu opnu bréfi frá 25. sept. f.á. Eftir að oddviti kjörstjórnarinnar hafði lesið upp hið opna bréf og með fáum orðum minnt á þýðingu kosningarinnar gat hann þess að þeir Indriði Einarsson revisor í Reykjavík, Jóhann Eyjólfsson bóndi í Sveinatungu og Magnús Andrésson fyrrum prófastur á Gilsbakka hefðu boðið sig fram til kosningar og nefndi meðmælendur þeirra. Eftir að meðmælendurnir höfðu

tekið til máls, séra Gísli í Hvammi og Jón Samúelsson á Hofsstöðum með Indriða Einarssyni, Einar prófastur Friðgeirsson og Runólfur í Norðtungu með Jóhanni Eyjólfssyni og Þorsteinn í Örnólfsdal með séra Magnúsi Andrésyni og þingmannaefnum sömuleiðis og kjósendum hafði verið gefinn kostur á að leggja spurningar fyrir þingmannaefnin var gengið til kosningar.

Atkvæðagreiðsla fór svo að séra Magnús hlaut 42 atkvæði, Jóhann Eyjólfsson 41, en Indriði Einarsson 26 atkvæði. Var þá kosið í annað sinn og hlaut þá Jóhann 44, séra Magnús 43, en Indriði 21. Var þá kosið í þriðja sinn milli þeirra Jóhanns og séra Magnúsar og hlaut þá Magnús 48 atkvæði en Jóhann 46. – Kjörstjórnin lýsti því þá yfir að Magnús prestur Andrésen væri rétt kjörinn þingmaður.

Kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar og var kosið eftir þeim. Kjörþingið var sett á hádegi, en slitið var því kl. 7. e.m.

Í kjörstjórn Mýrasýslu 2. júní 1903.

Sigurður Þórðarson, Jóhann Þorsteinsson, Guðmundur Ólafsson

Rétta útskrift staðfestir.

Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 13. júní 1903. Sigurður Þórðarson.

Borgarfjarðarsýsla

Borgarfjarðarsýsla 1874

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0052 – MA/1, 2

Ár 1874, h. 12. nóvember var kjörstjórinn í Borgarfjarðarsýslu staddur á Grund í Skorradal ásamt hinum kosnu aðstoðarmönnum, herra lækni Páli Blöndal og séra Bjarna Sigvaldasyni, og fram fór þá kosning á alþingismanni fyrir Borgarfjarðarsýslu kjördæmi. Kjörstjórnin setti fundinn og mælti áður nokkrum orðum til kjósendanna að því búnu fram fóru kosningarnar á löglegan hátt. Báðir meðkjörstjórnarnir hafa áður svarið embættiseið. Kjörskráin var samin h. 3. sept. og hefur síðan verið auglýst á lögboðinn hátt og komu eigi neinar umkvartanir fram um kjörskrána nema um aldur á tveimur mönnum, nl. Helga Þórarinsson á Hvítárvöllum, sem var leiðrétt og hreppstjóra Símonar Jónssonar, er einnig var leiðrétt. Kjörstjóri las upp bréf, dags. 9. nóv. þ.á., frá séra G. Bjarnasyni og Þ. Þorsteinssyni með hverju þeir lýstu því yfir að þeir hefðu umboð frá séra Arnljóti Ólafssyni á Bægisá að bjóða hann fyrir alþingismann fyrir Borgarfjarðarsýslu.

Kjörstjórnin kallaði því næst menn fram til að greiða atkvæði samkv. kosningaskránni og við atkvæðagreiðsluna hlaut Guðm. Ólafsson á Fitjum 39 atkv., séra Arnljótur Ólafsson á Bægisá 9 atkv., P. Blöndal 4 atkv., Þórður Þorsteinsson á Laxá 2, hreppstjóri A. Fjeldsted á Hvítárvöllum 1 atkv. af þeim 55 atkvæðum sem greidd voru og lýsti kjörstjórnin því yfir að Guðmundur Ólafsson á Fitjum væri rétt kjörinn alþingismaður fyrir Borgarfjarðarsýslu

Dat. ut supra.

E.H. Jónasson, P. Blöndal, B. Sigvaldason

Borgarfjarðarsýsla 1880

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0052 – MA/1, 2

Ár 1880, hinn 14. sept. kl. 12 á hádegi var kjörstjórinn í Borgarfjarðarsýslu, Guðm. sýslumaður Pálsson, mættur á Leirá og hinir kosnu aðstoðarmenn í kjörstjórninni fyrir sýslu þessa: héraðslæknir Páll J. Blöndal og Andrés bóndi Fjeldsted á

Hvítárvöllum. Eftir að kjörstjóri hafði sett kjörfundinn, er boðað hafði verið á löglegan hátt, og lesið upp opið bréf konings, 2. mars þ.á., er skipar að almennar kosningar til alþingis skuli fram fara um land allt í yfirstandandi septembermánuði, leiddi hann með nokkrum orðum athygli kjósendanna að því hver tilgangurinn væri með kosninguna og hve mikils varðandi hún væri.

Skýrði hann þar næst frá að Dr. philosophid Grímur Thomsen á Bessastöðum hafði boðið sig fram til að takast á hendur þingmannskosningu fyrir kjördæmið og framlagði tilboð hans, dags. 26. Aug. þ.á., og gat þess að af kjósendum mæltu þeir Hallgrímur hreppstjóri Jónsson í Guðrúnarkoti og Snæbjörn kaupmaður Þorvaldsson fram með honum og könnuðust meðmælendurnir eftir áskorun kjörstjóra við meðmælingu sína.

Eftir að þingmannsefnið og meðmælendunum í hinni ákveðnu röð hafði verið gefinn kostur á að taka til máls og eftir að þeir kjósendur, er báðu sér hljóðs, höfðu tekið til orða sleit kjörstjóri umræðunum og var þá gengið til atkvæða eftir kjörskránum er fram voru lagðar frá öllum 9 hreppum sýslunnar og eftir að atkvæði síðan voru borin saman urðu úrslit atkvæðagreiðslunnar þau að af 232 kjósendum voru mættir 70 er greiddu atkvæði og allir kusu hinn framboðna þingmann Dr. Grím Thomsen á Bessastöðum og þar eð hann þannig hafði hlotið meira en helming af atkvæðum, þeim er greidd voru, var því í heyranda hljóði yfirlýst fyrir þingheiminum að Dr. philos. Grímur Thomsen væri réttkjörinn alþingismaður fyrir Borgarfjarðarsýslu fyrir hinn næsta 6 ára kjörtíma er nú fer í hönd. Að því búnu voru atkvæðaskrárnar og kjörbókin undirskrifuð og var svo kjörþinginu slitið.

Ut supra.

Guðm. Pálsson, P. Blöndal, A. Fjeldsted

Borgarfjarðarsýsla 1886

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0052 – MA/1, 2

Ár 1886, hinn 4. dag júnímán. á hádegi var kjörþing fyrir Borgarfjarðarsýslu sett að Leirá í Leirársveit af cand. jur. Sigurði Þórðarsyni í forföllum oddvita kjörstjórnarinnar, sýslumanns Guðmundar Pálssonar. Voru viðstaddir hinir kosnu aðstoðarmenn í kjörstjórninni fyrir sýslu þessa: hreppstjóri Hallgrímur Jónsson í

Guðrúnarkoti og kaupmaður Snæbjörn Þorvaldsson á Akranesi. Eftir að kjörstjóri hafði sett kjörfundinn, er boðaður hafði verið að löglegan hátt, las hann upp fyrir þingheimi opið bréf, 2. nóv. f.á., er skipar að almennar kosningar til alþingis fyrir næstu 6 ár skuli fram fara um land allt á tímabilinu frá 1. til 10. júní þ.á., leiddi hann með nokkrum orðum athygli kjósenda að því hvaða þýðingu kosningin hefði.

Því næst skýrði hann frá að þeir Dr. phil. Grímur Thomsen á Bessastöðum á Álftanesi og óðalsbóndi Þórður Þorsteinsson á Leirá í Leirársveit hefðu boðið sig fram sem þingmannsefni fyrir kjördæmið og las hann upp framboð hins fyrrnefnda, dags. 24. maí þ.á., ásamt meðmælingabréfi Þorleifs bónda Árnasonar á Hofstöðum. Meðmælandi tók því næst til máls og mælti fram með Dr. Grími Thomsen, hið sama gerði héraðslæknir Páll Blöndal. Því næst talaði óðalsbóndi Þórður Þorsteinsson. Síðan skoraði kjörstjóri á kjósendur að taka til máls og er nokkrir höfðu gert það var umræðunum slitið.

Því næst var gengið til atkvæða og fór atkvæðagreiðslan svo að Dr. Grímur Thomsen var kosinn með 30 atkv. Þórður Þorsteinsson hlaut 14 atkv. Kjósendur eru 257 að tölu eftir kjörskránum. Á fundinum mættu 6 sýslubúar sem kvörtuðu yfir því að þeir voru ekki teknir á kjörskrá en kjörstjórninni þótti ekki fært að láta þá gefa atkvæði, með því þeir voru ekki uppfærðir þar. Þegar atkvæðagreiðslunni var lokið kvað kjörstjóri upp fyrir þingheimi að Dr. Grímur Thomsen væri kjörinn þingmaður fyrir kjördæmið fyrir næstu 6 ár. Að því búnu voru atkvæðaskrárnar og kjörbókin undirskrifuð og kjörþinginu slitið.

Ut supra.

Sigurður Þórðarson cand. jur., Hallgrímur Jónsson, Snæbjörn Þorvaldsson

Borgarfjarðarsýsla 1892

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0052 – MA/1, 2

Ár 1892, þann 12. september var kjörfundur fyrir Borgarfjarðarsýslu haldinn á Leirá til þess að kjósa alþingismann fyrir kjördæmið til næstu 6 ára, samkvæmt opnu bréfi 26. febr. þ.á. Eftir að oddviti kjörstjórnarinnar hafði lesið upp nefnt opna bréf og leitt athygli kjósendanna að þýðingu kosningarinnar lýsti hann því yfir að þeir Björn bóndi Bjarnarson í Reykjakoti í Mosfellssveit, Dr. phil. Grímur Thomsen á

Bessastöðum, Halldór hreppstjóri Daníelsson í Langholti og Þorkell prestur Bjarnason á Reynivöllum hefðu boðið sig fram til kosningar og nefndi hann jafnframt á nafn meðmælendur þeirra.

Eftir að meðmælendurnir og þingmannaefnin höfðu tekið til máls og nokkrir kjósendur höfðu lagt spurningar fyrir þingmannaefnin og þau svarað þeim var gengið til kosningar og fór atkvæðagreiðsla þannig að Björn Bjarnarson hlaut 64 atkvæði, Halldór Daníelsson 33, séra Þorkell Bjarnason 25, en dr. Grímur Thomsen 12 atkv. Þeir séra Þorkell og dr. Grímur lýsti því þá yfir að þeir tækju aftur framboð sín. Var þá kosið milli þeirra Bjarnar og Halldórs og fór atkvæðagreiðsla þannig að Björn hlaut 68 atkv., en Halldór 65. Lýsti kjörstjórnin því yfir að Björn Bjarnarson í Reykjakoti væri réttkjörinn alþingismaður fyrir kjördæmið til næstu 6 ára.

Það skal tekið fram að kjörstjórnin úrskurðaði að þeir Einar Þórðarson á Tyrfingsstöðum í Innra-Akraneshreppi sem enginn aldur stóð á í kjörskránni, en er vitanlega roskinn maður, og þeir Gísli Magnússon á Bakka og Sigurður Jónsson í Leirárgörðum í Leirár- og Melahreppi, sem ekki komu á kjörfund fyrr en byrjað var að kjósa í annað sinn, skyldu allir hafa rétt til þess að greiða atkvæði og neyttu þeir hans.

Í kjörstjórn Borgarfjarðarsýslu 12. sept. 1892:

Sigurður Þórðarson, Guðmundur Helgason, Hallgr. Jónsson

Rétt ritað eftir „alþingiskosningabók“ Borgarfjarðarsýslu vitnar. Sigurður Þórðarson.

Borgarfjarðarsýsla 1894

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0052 – MA/1, 2

Ár 1894, þann 7. júní var kjörfundur fyrir Borgarfjarðarsýslu, til þess að kjósa alþingismann fyrir sýsluna til næstu 6 ára samkvæmt opnu bréfi 29. sept. f.á., haldinn að Leirá af kjörstjóranum, sýslumanni Sigurði Þórðarsyni, með hinum kosnu aðstoðarmönnum í kjörstjórninni, Guðmundi prófasti Helgasyni í Reykholti og Hallgrími hreppstjóra Jónssyni í Guðrúnarkoti. Fundurinn hafði verið boðaður fyrirfram.

Eftir að kjörstjóri hafði lesið upp hið nefnda opna bréf og leitt með fáum orðum athygli kjósenda að tilganginum með kosningunni, skýrði hann frá því að þeir Björn

Bjarnarson bóndi í Reykjakoti, Runólfur Þorsteinn Jónsson bóndi á Grund, og Þórhallur Bjarnarson prestaskólakennari í Reykjavík, hefðu boðið sig fram til þingmennsku fyrir kjördæmið og að af kjósendum mæltu þeir Guðmundur Guðmundsson í Deild og Kristján Guðmundsson á Sólmundarhöfða með Birni Bjarnarsyni, þeir Halldór Daníelsson í Langholti, Snæbjörn kaupmaður Þorvaldsson og Þorsteinn Árnason á Hofsstöðum með séra Þórhalli Bjarnarsyni, en að Runólfur Þorsteinn Jónsson hefði engan meðmælanda tilgreint. Eftir að þar næst meðmælendurnir og þingmannaefnin höfðu tekið til máls, hið síðastnefnda þingmannsefni þó aðeins til þess að lýsa því yfir að hann tæki framboð sitt aftur, og eftir að nokkrir kjósendur höfðu lagt spurningar fyrir þingmannaefnin og þau svarað þeim var gengið til kosningar og fór atkvæðagreiðsla þannig að séra Þórhallur Bjarnarson hlaut 87 atkvæði, en Björn Bjarnarson 75. Með því að Þórhallur Bjarnarson hafði þannig hlotið meira en helming þeirra atkvæða er greidd voru lýsti kjörstjórnin því yfir að hann væri réttkjörinn þingmaður.

Það skal tekið fram að kjörstjórnin lagði í fundarbyrjum fram kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar og var kosið eftir þeim. Þegar búið var að bera saman kjörskrárnar og atkvæðaskrána og undirskrifa kjörbókina og atkvæðaskrána var kjörþinginu slitið kl. 3 e.m., en byrjað hafði það kl 12.

Í kjörstjórn Borgarfjarðarsýslu 7. júní 1894.

Sigurður Þórðarson, Guðmundur Helgason, Hallgr. Jónsson

Borgarfjarðarsýsla 1900

ÞÍ. Skjalasafn Landshöfðingja: [Ómerkt askja – 223]

Ár 1900, 8. september var oddviti kjörstjórnarinnar í Borgarfjarðarsýslu, sýslumaður Sigurður Þórðarson, mættur að Grund í Skorradal ásamt hinum kjörnu aðstoðarmönnum í kjörstjórninni, Guðmundi prófasti Helgasyni í Reykholti og Hallgrími hreppstjóra og dannebrogsmanni Jónssyni á Miðteig. Eftir að oddviti hafði lesið upp hið konunglega opna bréf, frá 2. mars þ.á., er fyrirskipar að almennar kosningar til Alþingis skuli fram fara í yfirstandandi septembermánuði, leiddi hann með fáum orðum athygli kjósenda að þýðingu kosningarinnar.

Þar næst skýrði hann frá að þeir Björn Bjarnarson bóndi í Gröf í Mosfellssveit og lektor theol. Þórhallur Bjarnarson í Reykjavík hefðu boðið sig fram til þingmennsku

og að þeir Bjarni Bjarnason á Geitabergi og Böðvar Sigurðsson í Vogatungu mæltu fram með hinum fyrrnefnda, en þeir R.Þ. Jónsson á Grund, Snæbjörn Þorvaldsson á Skipaskaga og Þorsteinn Magnússon á Húsafelli með hinum síðarnefnda.

Eftir að meðmælendurnir og þingmannaefnin höfðu tekið til máls og nokkrir kjósendur lagt spurningar fyrir þingmannaefnin og þau svarað þeim var gengið til kosningar. Oddviti lagði fram kjörskrár úr öllum (10) hreppum sýslunnar og var kosið eftir þeim. Síðan voru bornar saman kjörskrárnar og atkvæðaskráin og urðu úrslitin þau að Björn Bjarnarson hafði hlotið 86 atkvæði, en lektor Þórhallur Bjarnarson 67 atkvæði. Lýsti kjörstjórnin því yfir að með því að Björn Bjarnarson hefði hlotið meira en helming atkvæða þá væri hann rétt kjörinn þingmaður fyrir kjördæmið. Eftir að búið var að undirskrifa kjörskrárnar og atkvæðaskrána var kjörþinginu sagt slitið kl. 4¼ e.m., en sett hafði það verið kl. 12 á hádegi.

Í kjörstjórn Borgarfjarðarsýslu 8. sept. 1900.

Sigurður Þórðarson, Guðmundur Helgason, Hallgrímur Jónsson

Rétta útskrift staðfestir.

Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 9. sept. 1900. Sigurður Þórðarson.

Borgarfjarðarsýsla 1902

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0052 – MA/1, 2

Ár 1902, 4. júní var kjörfundur fyrir Borgarfjarðarsýslu haldinn að Leirá til þess að kjósa alþingismann fyrir það kjördæmi til næstu 6 ára, samkvæmt kgl. opnu bréfi frá 13. sept. f.á. Fundurinn var settur kl. 12¹⁰e.m. Eftir að oddviti kjörstjórnarinnar hafði lesið upp téð opið bréf og með fáum orðum bent á þýðingu kosningarinnar lýsti hann því yfir að til þingmennsku hefðu boðið sig fram Björn Bjarnarson búfræðingur í Gröf í Mosfellssveit og Þórhallur Bjarnarson forstöðumaður prestaskólans í Reykjavík og tilnefndi meðmælendur þeirra, respective Bjarna Bjarnason á Geitabergi, Böðvar Sigurðsson á Vogatungu og Svein Oddsson á Akri, og Hjört Snorrason á Hvanneyri, Runólf Þorstein Jónsson á Grund og Þorstein Magnússon á Húsafelli.

Eftir að því næst meðmælendurnir og þingmannaefnin höfðu tekið til máls og kjósendum hafði verið gefinn kostur á að leggja spurningar fyrir þingmannaefnin

var gengið til atkvæða; voru lagðar fram kjörskrár út öllum hreppum sýslunnar og kosið eftir þeim. Atkvæðagreiðsla fór svo, að lector Þórhallur Bjarnarson hlaut 104 atkv., en Björn Bjarnarson 76. Með því að lector Þórhallur Bjarnarson hafði þannig hlotið meira en helming atkvæða lýsti oddviti kjörstjórnarinnar því yfir fyrir þingheimi að hann væri réttkjörinn þingmaður og var síðan kjörþinginu sagt slitið kl. 3¹⁰ e.m.

Kjörstjórnin í Borgarfjarðarsýslu 4. júní 1902.

Sigurður Þórðarson, Guðmundur Helgason, Hallgr. Jónsson

Borgarfjarðarsýsla 1903

ÞÍ. Skjalasöfn sýslumanna: 0052 – MA/1, 2

Ár 1903, 6. júní var kjörfundur fyrir Borgarfjarðarsýslu haldinn að Leirá til þess að kjósa alþingismann fyrir kjördæmið til næstu 6 ára, samkvæmt opnu bréfi 25. sept. f.á. Fundurinn var settur á hádegi. Eftir að oddviti kjörstjórnarinnar hafði lesið upp hið kgl. opna bréf og minnt kjósendur með fáum orðum á þýðingu kosningarinnar, gat hann þess að þeir Björn Bjarnarson búfræðingur í Gröf í Mosfellssveit og lector theol. Þórhallur Bjarnarson í Reykjavík hefðu boðið sig fram til þingmennsku fyrir kjördæmið og nefndi meðmælendur hins síðarnefnda.

Þingmannaefnin tóku síðan til máls. Þar eftir var gengið til kosningar, og fór atkvæðagreiðsla svo að lector Þórhallur Bjarnarson hlaut 99 atkv. af 159, er greidd voru, en Björn Bjarnarson hin 60. Oddviti lýsti því síðan yfir að lector Þórhallur Bjarnarson væri réttkjörinn þingmaður.

Kjörþinginu var sagt slitið kl. 2⁴⁰ e.m.

Í kjörstjórn Borgarfjarðarsýslu 6. júní 1903.

Sigurður Þórðarson, Guðm. Helgason, Hallgr. Jónsson